

**SKOÐUN** Árni Stefán Jónsson skrifar um nauðungarflutninga ríkisstarfsmanna. 36



**MENNING** Emil Hjörvar Petersen hefur lokið þríleiknum um eftirlifendur. 58



**LÍFIÐ** Högni Egilsson segir Sjálfstætt fólk fagra og mikla sögu. 92



**SPORT** Stjörnumenn eiga von á tugum milljóna verði Alexander Scholz seldur. 86





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
**18. desember 2014**
297. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



## Sorg í Pakistan

Þjóðarsorg hefur verið lýst yfir í Pakistan í kjölfar þess að talibanar myrtu rúmlega 150 börn. 18

**Þingi frestað** Fundum Alþingis er frestað til 20. janúar. Fyrirspurnir til ráðherra hafa aldrei verið fleiri. 8

**Dýrkeypt mygla** Leki olli myglu í elstu byggingu Landspítalans. Varið hefur verið 160 milljónum í endurbætur. 12

**Framræsing á dagskrá** Helstu möguleikar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda liggja í endurheimt votlendis. 20




| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -2° | | N | 15 |
| Akureyri | -5° | | SA | 2 |
| Egilsstaðir | -6° | | SV | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | -4° | | V | 6 |
| Reykjavík | 0° | | V | 9 |

**VÍÐA DÁLÍTIL ÉL** Í dag verður hæg norðlæg eða breytileg átt en hvöss NA-átt á Vestfjörðum. Víða dálítil él, einkum NV-til. Frost 0-10 stig. 4

**SÉRBLAÐ**

Fólk




# Íslensk fyrirtæki eiga milljarða hjá Rússum

Áætlað er að rússnesk fyrirtæki skuldi íslenskum fiskútflytjendum þrjá til fimm milljarða króna. Nú bíður 51 matvælafyrirtæki leyfis Rússa fyrir innflutningi í landið.

**VIÐSKIPTI** Rússnesk fyrirtæki skulda íslenskum fiskútflytjendum þrjá til fimm milljarða króna fyrir uppsjávarfisk sem þau hafa fengið. Þetta segir Hermann Stefánsson, framkvæmdastjóri sölufyrirtækisins Iceland Pelagic, stærsta útflytjanda landsins á uppsjávartegundum til Rússlands.

„Það er mjög erfitt hjá rússnesku kaupendunum og að auki vita þeir ekki hvert rúbluverðið verður þegar þeir fá fisk sem við myndum hugsanlega selja þeim,“ segir Hermann.

Fiskútflytjendur hér hafa stöðvað útflutning til Rússlands í kjölfar falls rúblunnar. Skoða nokkrir fiskútflytjendur nú að gefa afslátt af skuldum og þá jafnvel allt að því sem nemur gengisfalli rúblunnar frá söludegi. Gengi gjaldmiðilsins gagnvart Bandaríkjadal hefur fallið um helming á árinu en Rússar greiða fyrirtækjum hér í flestum tilvikum með dölum.

Þrátt fyrir þessa stöðu bíður alls 51 íslenskt matvælafyrirtæki nú ákvörðunar rússneskra yfirvalda vegna umsókna um innflutningsleyfi. Mjólkursamsalan, Fjarðalax, Stjörnugrís og Sláturhúsið á Hellu eru á meðal umsækjenda. „Við erum að kanna aðeins möguleika á skyrútflutningi til Rússlands. Það hefur einnig verið töluverður áhugi þar fyrir fituríkum vörum, ostum og öðru slíku,“ segir Einar Sigurðsson, forstjóri MS, sem kveður fyrirtækið líta á Rússland sem framtíðarmarkað.

> **Það er mjög erfitt hjá rússnesku kaupendunum og að auki vita þeir ekki hvert rúbluverðið verður þegar þeir fá fisk sem við myndum hugsanlega selja þeim.**
>
> *Hermann Stefánsson, framkvæmdastjóri sölufyrirtækisins Iceland Pelagic.*

- hg / sjá síður 6 og 32.



**CASTRO TALAR** Skólabörn fylgdust með ávarpi forsetans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama tekur af skarið:

## Bandaríkin og Kúba sættast

**BANDARÍKIN** Bandaríkin og Kúba ætla að taka upp stjórnmálasamband og opna á viðskipti og ferðalög milli landanna. Í meira en hálfa öld hefur bandarískt viðskiptabann á Kúbu haldið efnahagslífi eyjunnar í lamandi fjötrum. „Þessi fimmtíu ár hafa sýnt okkur að einangrunin hefur ekki virkað,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti í ávarpi í gær, þar sem hann kynnti áformin. „Það er kominn tími á nýja nálgun.“

Raúl Castro Kúbuforseti flutti einnig ávarp til þjóðar sinnar, þar sem hann sagði Obama eiga skilið virðingu og viðurkenningu fyrir ákvörðunina.

- gb / sjá síðu 10



**LÖGREGLAN AÐHEFST EKKERT** Starfsmenn Caruso freistuðu þess að komast inn í húsnæði veitingastaðarins í gær eftir að eigandi hússins hafði tekið það yfir með ólögmætum hætti. Starfsmennirnir vildu nálgast persónulegar eigur sínar. Lögreglan sagðist ekkert geta aðhafst að svo stöddu þar sem um einkadeilu væri að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eigandi húsnæðis Caruso:

## Færði milljónir á eigin reikning

**LÖGREGLUMÁL** Eigandi húsnæðis, þar sem veitingastaðurinn Caruso er til húsa, fékk allar debetkortagreiðslur, sem viðskiptavinir veitingastaðarins greiddu, færðar yfir á reikning sinn án nokkurrar heimildar frá eiganda veitingastaðarins.

Samtals fékk eigandinn á reikning sinn tæpar átta milljónir króna greiðslukortaviðskipta.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa aðilarnir átt í deilum um nokkurt skeið sem endaði með því að eigandi og starfsfólk veitingastaðarins voru læst úti af staðnum í fyrradag af húseigandanum sem yfirtók húsið.

Þetta eru ekki einu deilurnar sem þessir aðilar hafa staðið í.

- fbj / sjá síðu 4




Persónulegar og öðruvísi jólahefðir sem blása hinum sanna jólaanda inn:

# Brúðarkjóll og bakaðar baunir

**FÓLK** Innan fjölskyldna og vinahópa verða oft til jólahefðir sem verða jafn sjálfsagður hluti af hátíðarhöldunum og skreytt jólatré. Þær hefðir sem skapast eru oft á tíðum persónulegar og blása fólki hinum eina sanna jólaanda í brjóst.

Kristín Einarsdóttir og eiginmaður hennar klæða sig alltaf upp í brúðkaupsfötin á aðfangadag.

Kristínu þótti leiðinlegt að sjá brúðarkjólinn hanga ónotaðan inni í skáp eftir brúðkaupið og tók upp á því að klæðast honum á aðfangadag. „Ég fer í hann klukkan sex og græja allt í honum, það er mjög mikil pressa að komast í hann og vera í honum um jólin,“ segir Kristín hlæjandi.

> **Þetta er sem sagt hefð á mínu heimili, heimili foreldra minna og hjá ömmu og afa.**

Fjölskylda Vilborgar Þórðardóttur hefur í þrjár kynslóðir borðað bakaðar baunir frá Heinz með hangikjötinu. „Þetta er sem sagt hefð á mínu heimili, heimili foreldra minna og hjá ömmu og afa að hafa alltaf Heinz bakaðar baunir með hangikjöti um jólin,“ segir Vilborg, en það hvarflaði ekki að henni fyrr en í seinni tíð að það væru ekki allir Íslendingar sem hefðu þann háttinn á.

- gló / sjá síðu 72






## SPURNING DAGSINS



Hafþór, verði þið með gervijólatré á listasafninu í ár?

**„Já, sjö.“**

Listasafn Reykjavíkur keypti eftirlíkingar af sjöunni eftir Arne Jakobsen skömmu eftir hrun. Stólunum var fargað eftir að þeir fengu frumhönnun að gjöf. Hafþór Yngvason er safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.

Rétthafi segir ekki koma til greina að gefa fölsuð húsgögn úr Ráðhúsinu til góðra nota annars staðar:

# Tollurinn er vakandi yfir höfundarrétti

**MENNING** Fimmtíu og tvö mál hafa komið upp síðustu þrjú ár þar sem tollurinn hefur haft afskipti af vörum vegna þess að höfundarréttur á varningi hefur verið brotinn.

Þá hafa tvö dómsmál komið upp á þessu ári sem hafa endað með því að húsgögnum var fargað.

Erla Árnadóttir hæstaréttarlögmaður sem hefur sérhæft sig í höfundarrétti segir að slíkum brotum hafi fjölgað þrátt fyrir vitundarvakningu almennings.

„Tollurinn hefur verið mjög virkur í þessu og stoppað sendingar þegar við á,“ segir hún. Að sögn Erlu eru liðin átta ár frá því að fyrstu mál af þessu tagi fóru fyrir dómstóla.

Í Fréttablaðinu í gær sagðist Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hafa fengið fjölda ábendinga um hvar húsgögnin í Ráðhúsinu, sem reyndust eftirlíkingar af Le Corbusier-hönnun, gætu komið að góðum notum.

Sara Nosrati, yfirmaður upplýsingamála hjá Cassina, rétthafa Le Corbusier-hönnunar, segir að ekki komi annað til greina en að húsgögnunum verði eytt.

- ih, jhh



**FÖLSUÐ HÚSGÖGN** Rétthafi segir að erfitt verði að eyða eftirlíkingunum í Ráðhúsinu.



**SKOTGLEÐI MÓTMÆLT** Mótmælendur lögðust á gólfið í dómhúsi í Philadelphiu til að vekja athygli á ofbeldi lögreglunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögreglumaðurinn í Cleveland áður verið látinn hætta:

# Vaxandi gagnrýni á lögregluna

**BANDARÍKIN, AP Lögreglumaðurinn í Cleveland, sem varð tólf ára dreng að bana í síðasta mánuði, hafði áður verið látinn hætta störfum á annarri lögreglustöð.**

**Lögreglan hefur verið gagnrýnd fyrir að ráða til starfa menn án þess að kanna bakgrunn þeirra nægilega vel.**

**Lögreglumaðurinn í Cleveland, Timothy Loehmann, taldi að Tamir Rice, drengurinn sem lést, væri með alvöru byssu, en hann hafði verið að leika sér með leikfangabyssu í almenningsgarði í Cleveland.**

**Víða í Bandaríkjunum hefur verið efnt til mótmæla undanfarið vegna ofbeldis lögreglunnar. Hvert málið á fætur öðru hefur sprottið upp, þar sem hvítir lögreglumenn hafa orðið óvopnuðum þeldökkum mönnum að bana.**

**- gb**

Kauptún fram yfir Korputorg:

# Costco ætlar að opna árið 2015

**VERSLUN** Verslanakeðjan Costco ætlar að opna verslun í Kauptúni 3 í Garðabæ fyrir næstu jól. Þetta staðfestir Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar. Gunnar vonast til að verslunin verði lyftistöng fyrir bæinn og auki samkeppni og lækki vöruverð.

Kauptún 3 er í eigu Fasteignafélagsins Sýslu en eigandi þess er Sigurður Gísli Pálmason.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson, lögmaður Costco hér á landi, vildi í gær ekki staðfesta þessar fregnir er falast var eftir því.

- jóe

Wernerssynir ekki brotlegir:

# Milestone-máli lauk með sýknu

**DÓMSMÁL** Bræðurnir Karl og Steingrímur Wernerssynir voru í gær sýknaðir af ákæru um umboðssvik í Héraðsdómi Reykjavíkur. Auk bræðranna voru þrír endurskoðendur KPMG og Guðmundur Ólason, forstjóri Milestone, sýknaðir.

Þremenningunum var gefið að sök að hafa misnotað aðstöðu sína og að hafa valdið Milestone verulegu tjóni með því að fjármagna efndir á samningum sem voru félaginu óviðkomandi.

Dómari taldi brotin ekki sönnuð og sýknaði ákærðu.

- jóe






**BAULA** Þetta verk eftir Ásgrím Jónsson hefur hangið í Menntaskólanum á Akureyri í 87 ár. Jónas frá Hriflu gaf verkið fyrir hönd íslenska ríkisins.

# Vilja verk sem Jónas frá Hriflu færði MA

Menntaskólinn á Akureyri fékk frægt málverk að gjöf árið 1927. Jónas frá Hriflu gaf verkið sem var þá í eigu Listasafnsins. Safnstjóri Listasafnsins telur verkið hafa verið tekið ófrjálsri hendi á sínum tíma. MA telur gjöfina hafa verið frá ríkinu.

**AKUREYRI** Óvíst er um eignarhald á málverkinu Baulu eftir Ásgrím Jónsson listmálara sem hefur verið til sýnis í Menntaskólanum á Akureyri allt frá árinu 1927. Listasafn Íslands telur sig eiga málverkið en forsvarsmenn MA telja skólann vera réttmætan eiganda.

Málið á rætur að rekja til 29. október árið 1927. Þá var menntaskólanum, sem þá hét Gagnfræðaskólinn á Akureyri, veitt heimild til að útskrifa stúdenta. Við þau tímamót gaf Jónas Jónsson frá Hriflu, og þáverandi kennslumálaráðherra, skólanum málverkið Baulu eftir Ásgrím Jónsson að gjöf.

Málverkið var keypt til Listasafns Íslands þetta sama ár og eru áhöld um það hvort Jónas frá Hriflu hafi haft heimild til að ráðstafa því einn síns liðs. Fyrrverandi safnstjóri Listasafns Íslands, Selma Jónsdóttir, reyndi að fá verkið aftur til safnsins. MA neitaði að afhenda verkið og benti á skjal þess efnis að um gjöf hefði verið að ræða frá Jónasi.

Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands, segir málið hálfgerða sorgarsögu. „Verkið er með réttu keypt inn til Listasafnsins árið 1927. Að mínum dómi tók Jónas verkið norður ófrjálsri hendi. Þarna fór hann með ríkiseigu eins og persónulegt góss. Ég tel samt sem áður ekkert hægt að gera í þessum efnum úr því sem komið er.“

„Þarna mætist kannski nýi og gamli tíminn,“ segir Jón Már Héðinsson, rektor Menntaskólans á Akureyri. „Hér takast á sjónarmið hvernig ráðamenn þess tíma litu á umboð sitt. Með höfðingsskap veitti Jónas þessa gjöf í tilefni þess að skólinn fékk leyfi til að útskrifa stúdenta. Jónas var merkur maður og einn sá mesti framfarasinni á sviði menntunar á Íslandi. Hann útskrifaðist frá skólanum með mjög hátt próf,“ segir Jón Már. Tryggvi Gíslason, fyrrverandi skólameistari, segist tvívegis hafa fengið bréf frá Listasafninu á þeim þremur áratugum sem hann var skólameistari við skólann. Hann þekki vel til sögunnar. „Ég neitaði því að skila málverkinu og fékk tvær beiðnir þess efnis. Benti ég á gjafabréf sem til er í skjalasafni skólans, undirritað af Jónasi Jónassyni.“

sveinn@frettabladid.is



**MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI** Menntaskólinn er sú stofnun utan safna sem á hvað ríkulegasta safn listmuna. Um þrjú hundruð listaverk eru í eigu skólans, þar af um eitt hundrað málverk.



**Að mínum dómi tók Jónas verkið norður ófrjálsri hendi. Þarna fór hann með ríkiseigu eins og persónulegt góss.**

*Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands.*

## Jónas „ögraði embættismannakerfinu“



Guðjón Friðriksson sagnfræðingur hefur skrifað þrjár bækur um **Jónas frá Hriflu**. Hann telur söguna um málverkið skólabókardæmi um embættisfærslur Jónasar. „Hann fór sínu fram og ráðskaðist með mál án þess að tala við nokkurn mann. Hann var ávallt í stríði við embættismenn og gerði oft á tíðum hluti upp á eigin spýtur. Með því að veita gagnfræðaskólanum leyfi til að útskrifa stúdenta var hann að ögra embættismannakerfinu í Reykjavík og takmarkaði í leiðinni fjöldann sem MR mátti útskrifa á ári hverju niður í 25 stúdenta. Þetta var hans leið til að setja ofan í við gamla kerfið,“ segir Guðjón Friðriksson.

18. desember

# JÓLIN KOMA!

## OPIÐ TIL 22

Kláraðu jólainnkaupin í notalegri jólastemningu, við tökum vel á móti þér með ljúfum jólatónum og kátum sveinum.

## DAGSKRÁ

kl. 17 3 raddir og Beatur syngja
kl. 17 Jólasveinar ganga um gólf
kl. 19 Dúettinn Vigga og Sjonni
kl. 20 Ljúfir harmónikutónar




SMÁRALIND
Gleðileg jól

OPIÐ TIL 22 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA ÞORLÁKSMESSA 11–23 AÐFANGADAGUR 10–13 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

## SVONA ERUM VIÐ



**16.438 tjaldvagnar og fellihýsi voru skráð hérlendis í árslok 2013.**

**Það er ríflega sexfalt fleiri en árið 1993 er þeir voru 2.565.**

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Guðmundur Kristjánsson segir Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi mismuna félögum eftir rekstrarformi:

# Útgerðarfyrirtækið Brim klýfur sig frá SFS

**SJÁVARÚTVEGUR** Eigendur útgerðarfyrirtækisins Brims hf. hafa dregið fyrirtækið út úr nýstofnuðum Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Guðmundur Kristjánsson, aðaleigandi Brims, segir það ekki þjóna hagsmunum fyrirtækisins að vera áfram innan vébanda samtakanna, heldur þvert á móti.



**GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON**

„Við teljum, eins og þetta hefur verið rekið, að þetta séu fyrst og síðast samtök fiskverkenda. Brim er bara í útgerð en við eigum að borga margfalt hærri félagsgjöld en fiskverkendur. Við töldum, eins og stefnan hefur verið og er, að það væri betra fyrir Brim að standa utan við þessi samtök," segir Guðmundur og bætir við að eigendur Brims hafi ekki verið sammála málflutningi samtakanna í mörgum veigamiklum málum. „Við gátum eitthvað aðeins fylgst með hvað menn voru að segja en við vorum svo felldir út úr stjórn samtakanna af því að við vorum annarrar skoðunar en meirihlutinn."

Spurður nánar um deiluefnin segir Guðmundur þorskígildisstuðla fyrsta að telja. Þegar stjórnvöld tóku að skattleggja útgerðina hafi það komið sérstaklega illa við frystitogaraútgerðina. Eins sé uppgjörsverð miklu hærra á frystiskipunum en ísfisktogurum. Það valdi því að Brim, og líkar útgerðir, þurfi að greiða mun hærri gjöld en fiskverkendur. „Þetta hafa menn ekki viljað leiðrétta og félagsmönnum hefur því verið mismunað eftir rekstrarformi," segir Guðmundur.

Samkvæmt reglum SFS er heimilt að segja sig úr samtökunum með minnst sex mánaða fyrirvara. Hins vegar nýttu eigendur Brims sér uppstokkun samtakanna í nóvember þar sem mánaðar gluggi var gefinn til úrsagnar. Guðmundur segir Brim því vera sjálfstætt félag frá áramótum að telja.

- shá



**BLÁFJÖLL** Gert er ráð fyrir um 3.000 gestum fyrsta daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stefnt að opnun í Bláfjöllum:

## Skíðasvæðið opnað á morgun

**SKEMMTUN** Skíðasvæðið í Bláfjöllum verður opnað á morgun ef allt gengur samkvæmt áætlun.

Snjótroðarar fara nú um svæðið og færa til snjóinn sem fallið hefur undanfarna daga svo allt verði nú tilbúið á opnunardeginum.

„Það er ávallt mikil tilhlökkun þegar kemur að opnun. Samkvæmt vinnuplani munum við opna klukkan tvö á morgun," segir Einar Bjarnason, rekstrarstjóri skíðasvæðisins, en bætir við að veður og vindar geti haft töluverð áhrif. - jóe

Breyting á virðisaukaskatti:

## Heita vatnið hækkar í verði

**NEYTENDAMÁL** Verðskrá Orkuveitu Reykjavíkur (OR) breytist lítillega um áramótin. Verð á heitu vatni hækkar lítillega en rafmagn lækkar. Breytingarnar koma til vegna breytinga á virðisaukaskatti.

Heitt vatn flokkast í neðra skattþrepið og hækkar því um áramótin þrátt fyrir að OR lækki verðskrá sína í takt við vísitölu neysluverðs. Rafmagn er í efra þrepinu og lækkar því um rúmt prósent á nýju ári. - jóe

# Húseigandinn lét færa milljóna tekjur yfir á sinn eigin reikning

Eigandi húsnæðis, þar sem veitingastaðurinn Caruso er til húsa, fékk allar debetkortagreiðslur, sem viðskiptavinir veitingastaðarins greiddu, færðar yfir á reikning sinn án heimildar frá eiganda veitingastaðarins.

**LÖGREGLUMÁL** Eigandi húsnæðis, þar sem veitingastaðurinn Caruso er til húsa, fékk allar debetkortagreiðslur, sem viðskiptavinir veitingastaðarins greiddu, færðar yfir á reikning sinn án nokkurrar heimildar frá eiganda veitingastaðarins. Samtals fékk eigandinn á reikning sinn tæpar átta milljónir króna greiðslukortaviðskipta.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa aðilarnir átt í deilum um nokkurt skeið sem endaði með því að José Garcia, eigandi Caruso, og starfsfólk hans var læst úti af staðnum í fyrradag af húseigandanum sem yfirtók húsið.

Þetta eru ekki einu deilurnar sem þessir aðilar hafa staðið í. Í júlí í fyrra komst José að því að eigandinn hafði leitað til Borgunar og beðið um að allar greiðslur viðskiptavina Caruso sem framkvæmdar voru með debetkortum yrðu færðar yfir á reikning hans.

Tryggingar húseigandans fyrir leigunni höfðu fram að þessu verið með þeim hætti að kreditkortagreiðslur í lok hvers mánaðar voru færðar á reikning eigandans sem síðan millifærði þær á reikning Josés eftir að hafa dregið leigugreiðslurnar frá. Á þessum grundvelli lét húseigandinn færa debetgreiðslurnar yfir á sig.

Færslurnar fengust ekki bakfærðar frá eigandanum og var José því á endanum nauðbeygður til að skipta út öllu posakerfi sínu.

Með því að skipta um posakerfi svipti José húseigandann aðgangi að bæði kredit- og debetkortainnkomu veitingahússins. Þannig féll niður tryggingin fyrir leigugreiðslunum og í staðinn bauð José nýjar tryggingar í formi bankaábyrgðar. Því tilboði var ekki tekið heldur greip húseigandinn til þess ráðs að líta á þetta sem riftun á leigusamningi og á þeim grundvelli höfðaði hann dómsmál til að krefjast útburðar Josés af veitingastaðnum. Því máli tapaði húseigandinn í Hæstarétti.

Húseigandinn höfðaði annað mál og var það í ferli fyrir dómstólum í fyrradag þegar eigendur hússins, Jón Ragnarsson og sonur hans Valdimar Jónsson, ákváðu að ráðast inn í húsið, skipta um lása og byggja vegg í baksundi til að varna starfsmönnum veitingahússins inngöngu. Lögmaður Josés kærði þennan gjörning til lögreglu.

Lögreglan fór inn í húsnæði Caruso í gær þar sem eigandi hússins hefur komið sér fyrir og ráðið sér þrekinn öryggisvörð til að gæta staðarins.

Þegar lögreglan mætti á svæðið í gær höfðu starfsmenn Caruso safnast saman fyrir framan staðinn þar sem þeir freistuðu þess að fá afhentar persónulegar eigur sínar sem enn þá eru inni á staðnum.

Lögreglan kvaðst ekkert geta að gert fyrr en niðurstaða væri komin í dómsmálið þar sem hún gæti ekki blandað sér í einkadeilur. Það var því niðurlútur hópur fyrrverandi starfsmanna Caruso sem þurfti frá að hverfa og lúta því annan daginn í röð að eigur þeirra væru fastar inni á staðnum. Ekki er útséð með hvort og hvernig þeir munu geta nálgast þær.

Lögmaður eigenda húsnæðisins, Steinbergur Finnbogason, mætti síðan í héraðsdóm í gær og féll frá málshöfðuninni. Ástæðan var sú að þeir hefðu ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að halda áfram, þar sem þeir væru jú komnir með yfirráð fyrir húsinu.



**LÖGREGLAN AÐHEFST EKKI** Yfirtaka á húsnæði veitingastaðarins Caruso í Þingholtsstræti var kærð til lögreglu sem getur þó ekkert aðhafst að svo stöddu í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Leigusali telur sig á einhvern hátt hlunnfarinn í viðskiptum sínum við umbjóðanda minn. Það er ekki rétt og hefur verið staðfest af dómstólum. Nú virðist hann hafa gefist upp á því að leita réttar síns fyrir dómi og þess í stað tekið sér fógetavald og hefst nú við í eigninni í heimildarleysi. Ég hafði því ekki önnur úrræði eins og staðan var en að kæra þetta til lögreglu og er málið komið í ferli þar. Vonandi getur lögreglan tekið málið fyrir sem fyrst og hleypt umbjóðanda mínum og starfsfólkinu inn í eignina," segir Ómar Örn Bjarnþórsson, lögmaður Josés.

fanney@frettabladid.is



**Nú virðist hann hafa gefist upp á því að leita réttar síns fyrir dómi og þess í stað tekið sér fógetavald og hefst nú við í eigninni í heimildarleysi.**

*Ómar Örn Bjarnþórsson, lögmaður José.*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Friedrichshafen | 10° | New York | 6° |
| Aþena | 16° | Gautaborg | 9° | Orlando | 21° |
| Basel | 9° | Kaupmannahöfn | 9° | Ósló | -2° |
| Berlín | 12° | Las Palmas | 22° | París | 13° |
| Billund | 9° | London | 14° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 13° | Mallorca | 19° | Stokkhólmur | 4° |




**Á MORGUN** 15-23 m/S NV-til, en annars víða 8-15.




**LAUGARDAGUR** SA-hvassviðri síðegis með úrkomu.

**NOKKUÐ RÓLEGT** Yfirleitt skaplegt veður á landinu í dag en síst verður veðrið á norðvestanverðu landinu og Vestfjörðum en þar verður ákveðnari norðlæg átt og éljagangur. Annars yfirleitt hægur vindur og dálítil él.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Við elskum jólin

NÝTT KORTA TÍMABIL

# JÓLAVÖRUR 20-50% afsláttur

## ALLT JÓLASKRAUT OG SERÍUR

## JÓLAGJAFIR Á GÓÐU VERÐI



**Jólatúlípanar**
1.490 kr
10 stk.



**Rafhlöðuborvél**
12.995 kr
~~16.995~~
Black&Decker EPC14CAB
2 rafhlöður 14.4 V
5246006



Russell Hobbs



**Matvinnsluvél**
16.425 kr
~~22.990~~
Illumina
1840079

25% afsláttur RUSSELL HOBBS

Russell Hobbs



**Hraðsuðukanna**
7.990 kr
~~10.790~~
Chester, 1,7 ltr
1840058

25% afsláttur RUSSELL HOBBS



BEKA

**Panna Chef**
7.999 kr
~~11.599~~
Non-stick, á allar hellur, 28 cm
2006503

30% afsláttur AF PÖNNUM

## FALLEGRI JÓLATRÉ Á LÆGRA VERÐI

Eigum til úrvals normannsþin sérvalinn af sérfræðingum Blómavals.



**Barnakuldaskór**
4.999 kr
~~6.999~~
5872399-401

**Glasasett**
30 stk
2201165

aida daily design



**Glasasett**
4.999 kr
~~8.999~~



**Leiðisgreinar**
1.990 kr

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

## OPIÐ TIL KL.22:00 Í SKÚTUVOGI TIL JÓLA

Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er heildarvelta íslenskra fyrirtækja í matvælatækni?
**2.** Hver fékk höfuðhögg í Borgarleikhúsinu?
**3.** Um hvað eru algengustu tölvupóstarnir sem borgarstjóra berast þessa dagana?

**SVÖR:**
**1.** Um 250 milljarðar króna. **2.** Herra Níels.
**3.** Um fölsuð húsgögn.

Ríkisendurskoðun gerir úttekt á flutningi ríkisstofnana, sem og útlendinga- og barnaverndarmálum:

# Skoðar sérstaklega hitamál líðandi stundar

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun mun sérstaklega taka fyrir nokkur málefni sem hafa verið hitamál í opinberri umræðu hérlendis á undanförnum mánuðum og vinna stjórnsýsluúttektir er þau varða á næsta ári.

Ríkisendurskoðun birti í gær áætlun um stjórnsýsluúttektir ársins 2015, en þar eru sérstaklega listuð upp 13 fyrirhuguð verkefni.

Við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Sveinn Arason ríkisendurskoðandi að verkefnaval stjórnsýslusviðs sé meðal annars byggt á áhættumati, eða að reynt sé að meta hvar mest hætta er á að starfsemi ríkisins sé ekki eins hagkvæm, skilvirk og árangursrík og hún gæti verið. Þetta mat fari fram þriðja hvert ár. „Jafnframt er lögð áhersla á að taka á þeim málum sem ofarlega eru á baugi í samfélagsumræðunni hverju sinni og tengjast opinberri stefnumótun, hagkvæmni, skilvirkni og árangri í ríkisrekstri. Þessi þáttur í starfseminni flokkast undir svokallað samtímaeftirlit. Dæmi um þetta eru m.a. úttektir á málefnum útlendinga/innflytjenda, stöðu barnaverndarmála og flutningi ríkisstofnana,“ segir Sveinn við spurningunni hvort hitamál líðandi stundar hafi áhrif á verkefnavalið.

Stjórnsýslusvið Ríkisendurskoðunar lauk samtals 30 opinberum skýrslum árið 2014 sem er metfjöldi á einu ári. Í þessum skýrslum eru settar fram fjölmargar ábendingar til stjórnvalda og stofnana um úrbætur. - shá



**SVEINN ARASON** Ríkisendurskoðandi hyggst meðal annars skoða flutning ríkisstofnana sem nú er í deiglunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ný könnun á ferðahögum:

## Færri aka milli staða en áður

**SAMGÖNGUR** Færri Reykvíkingar nota bifreiðar til að koma sér milli staða en fleiri nýta sér vistvænan samgöngumáta nú, miðað við árið 2011. Þá sögðust 74,8 prósent aka milli staða miðað við 70,4% árið 2014.

Fleiri fara ferðir sínar gangandi í Reykjavík eða 18% árið 2014 miðað við 15,9% árið 2011. Þá ferðast 5,5 prósent Reykvíkinga á hjóli nú miðað við 4,7 prósent árið 2011. Hlutur þeirra sem ferðast með strætó hækkar lítillega, úr 4,5 prósentum árið 2011 í 4,8 prósent nú. - ih



**MATARINNKAUP** Aukin neytendavernd felst í nýjum reglum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aukin neytendavernd:

## Hertar reglur um merkingar

**NEYTENDUR** Auknar kröfur um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda verða teknar upp á næstunni. Með nýrri reglugerð er gerð krafa um skýrari, ítarlegri og nákvæmari upplýsingar um innihald matvæla.

Matvælastofnun greinir frá. Nýju reglurnar gera ríkari kröfur um læsileika á umbúðum, framsetningu upplýsinga um ofnæmisvalda í matvælum, næringarupplýsingar á forpökkuðum matvælum, upprunamerkingar á kjöti og merkingar á viðbættu vatni í kjöti og fiski. - shá

# Rússar skulda útflytjendum milljarða fyrir uppsjávarfisk

Framkvæmdastjóri Iceland Pelagic áætlar að rússnesk fyrirtæki skuldi íslenskum fiskútflytjendum þrjá til fimm milljarða króna fyrir vörur sem þau hafa þegar fengið afhentar. Mikil óvissa um hversu mikið fæst upp í skuldirnar.

**SJÁVARÚTVEGUR** Rússnesk fyrirtæki skulda íslenskum fiskútflytjendum á bilinu þrjá til fimm milljarða króna fyrir uppsjávarfisk sem þau hafa þegar fengið afhentan. Þetta segir Hermann Stefánsson, framkvæmdastjóri sölufyrirtækisins Iceland Pelagic, stærsta útflytjanda landsins á uppsjávartegundum til Rússlands.

„Það eru nokkrir milljarðar útistandandi og það er mjög erfitt hjá rússnesku kaupendunum og að auki vita þeir ekki hvert rúbluverðið verður þegar þeir fá fisk sem við myndum hugsanlega selja þeim,“ segir Hermann.

Fréttablaðið greindi í gær frá því að fiskútflytjendur hér hefðu stöðvað útflutning til Rússlands í kjölfar falls rúblunnar. Þá kom einnig fram að óvíst er hvenær fyrirtæki á borð við HB Granda fái greitt fyrir uppsjávarfisk sem hefur þegar verið sendur til rússneskra kaupenda.

Samkvæmt heimildum blaðsins skoða nokkrir fiskútflytjendur nú að gefa afslátt af skuldum og þá jafnvel allt að því sem nemur gengisfalli rúblunnar frá söludegi. Gengi gjaldmiðilsins gagnvart Bandaríkjadal hefur fallið um helming á árinu en Rússar greiða fyrirtækjum hér í flestum tilvikum með dölum.

„Stærsti hlutinn af þessum viðskiptum stóru útflytjendanna hér við Rússana hefur verið í opnum reikningi. En nú halda menn auðvitað að sér höndum eftir að það fór að herða svona hrikalega að þarna,“ segir Hermann.

Rússland er mikilvægasti markaður Iceland Pelagic en fyrirtækið er í eigu útgerðarfélaganna Skinneyjar Þinganess og Ísfélags Vestmannaeyja. „Við héldum áfram að selja til Rússlands í haust eftir að ástandið þar fór að versna því það tekur langan tíma að finna nýja markaði og við höfum engar frystigeymslur hér til að geyma fiskinn og því þurftum við annaðhvort að hætta að framleiða eða selja á Rússland.“

Hermann hélt erindi á Sjávarútvegsráðstefnunni í nóvember síðastliðnum. Þar kom fram að nærri helmingur alls makríls sem veiðist hér við land er seldur til Rússlands, um 20 prósent af allri síld og helmingur frystrar loðnu. „Ef það verður svipuð staða í Rússlandi þegar loðnuvertíðin hefst í janúar þá mun megnið af því leita í fiskimjöl eða lýsi. Það vill þó til að það er mjög hátt verð á mjöli og lýsi núna, það er ekki slæmur kostur. Hins vegar er mikil eftirspurn eftir loðnu í Rússlandi en það er hæpið að verðið verði samkeppnishæft við mjöl og lýsi ef staðan verður svona,“ segir hann.

Hermann telur að lítið sé eftir af makríl- og síldarbirgðum hér á landi. „Það eru engir frystiklefar á Íslandi af viti til að taka við neinni vöru til að geyma og selja þegar ástandið batnar í Rússlandi. Ef þetta heldur áfram svona þá verður ekki til neitt frystipláss fyrir loðnuna og þá verður annaðhvort að skipa henni til Rússlands eða bræða hana.“

haraldur@frettabladid.is



**MEÐ MAKRÍL** Samkvæmt nýlegri skýrslu Íslandsbanka um íslenskan sjávarútveg keyptu Rússar uppsjávarfisk héðan fyrir tæpa sextán milljarða króna á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



> **Við héldum áfram að selja til Rússlands í haust eftir að ástandið þar fór að versna.**
>
> *Hermann Stefánsson, framkvæmdastjóri Iceland Pelagic*





RAFMÖGNUÐ JÓL
7.995KR
Multi trimmer fyrir skegg og nef
vnr. PHS-QG3330
7.995KR
Rakvél með hleðslu
vnr. PHS-HQ6996
19.995KR
Babyliss Curl Secret
vnr. BAB-C1000E
9.995KR
Hárblásari 2200w
vnr. BAB-6614E
Kaupauki* að verðmæti 4.995 fylgir með Curle Secret, Blásara 2200w og Diamond Professional Sléttujárninu.
Kaupauki:
· Taska
· Hárbursti
· Teygjur
· Andlitsmaski
· Ilmvatnsprufur
· Sjampó
· Hárnæring
· Naglaþjöl
4.995KR
Hárblásari Thermo protect 2100w
vnr. PHS-HP8230
8.995KR
Sléttujárn Diamond Professional
vnr. BAB-ST387E
11.995KR
Hársett 3 útfærslur
vnr. REM-CI97M1
5.946KR
verð án afsláttar 6.995
15% afsláttur AF ÖLLUM Tony & Guy raftækjum fram að jólum.
Tony & Guy bylgjujárn
vnr. TON-TGIR1922
6.995KR
Remington Keilujárn
vnr. REM-CI96W1
7.995KR
Remington Slöngulokkajárn
vnr. REM-CI96Z1
2.995KR
Heyrnartól
vnr. PHS-SHP1900
9.995KR
Pizzaofn
vnr. PRI-115000
14.995KR
Senseo kaffivél
Kaupaukir: Tvö glös og tveir kaffipúðar fylgja með á meðan birgðir endast
vnr. PHS-HD7810SV
5.495KR
1000w vöfflujárn - hjartalaga
vnr. PRI-132391
5.995KR
Mini matvinnsluvél
vnr. MEL-16190014
Birt með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjánlegar breytingar. *Gildir á meðan birgðir endast. Allt vöruúrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.
EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA
Skilamiði
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## HAUSTÞINGIÐ Í TÖLUM



125 LAGAFRUMVÖRP
hafa verið lögð fram á haustþingi
**72 stjórnarfrumvörp**
**52 þingmannafrumvörp**

Af **72 stjórnarfrumvörpum** eru **29** orðin að lögum

Af **53 þingmannafrumvörpum** hafa **5** orðið að lögum

**68 þingsályktunartillögur** hafa verið lagðar fram
**6 koma frá stjórn** og ein hefur verið samþykkt
**62 koma frá þingmönnum** og ein hefur verið samþykkt

**4 skýrslubeiðnir** hafa verið lagðar fram og engri hefur enn verið svarað

**274 fyrirspurnir** hafa verið lagðar fram og er það met á einu haustþingi

**57 fyrirspurnir** hafa verið lagðar fram til munnlegs svars ráðherra

**217 fyrirspurnir** hafa verið lagðar fram til skriflegs svars ráðherra

# Skuldaniðurfellingin stóra málið

Handhafar forsetavalds frestuðu þingfundum til 20. janúar á þriðjudaginn. Skuldaniðurfelling ríkisstjórnarinnar og fjárlög fyrir árið 2015 eru að flestra mati stóru atburðir þessa haustþings. Forseti þingsins segir fyrirspurnir til ráðherra aldrei hafa verið fleiri.

**Sveinn Arnarsson**
sveinn@frettabladid.is



**ALÞINGI** Fundum Alþingis var frestað síðastliðið þriðjudagskvöld með bréfi frá handhöfum forsetavalds. Þingfundum verður frestað til 20. janúar. Á síðasta degi þingsins voru fjárlög fyrir árið 2015 samþykkt með 3,5 milljarða króna afgangi.

Samkvæmt starfsáætlun þingsins átti þingstörfum að vera lokið síðastliðinn föstudag. Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, lagði á það áherslu í ræðu sinni við þinglok að alþingismenn ættu að geta treyst í grófum dráttum starfsáætlun þingsins því mikilvægt væri að hægt væri að skipuleggja starf þingmanna vel.

Einar sagði einnig að fjöldi fyrirspurna á haustþingi væri met og aldrei áður hefðu jafn margar fyrirspurnir verið lagðar fyrir ráðherra til skriflegs svars. Þessi þróun væri í takt við þær áherslur að styrkja eftirlitshlutverk Alþingis.

Fjárlög næsta árs voru að venju fyrirferðarmesta frumvarpið á haustþingi auk skuldalækkunarfrumvarps ríkisstjórnarinnar. Fjárlagafrumvarpið var rætt í tugi klukkustunda og sitt sýnist hverjum um frumvarpið; stjórnarliðar óska margir hverjir landsmönnum til hamingju með hallalaus fjárlög sem munu lækka gjöld heimilanna á meðan þingmenn í stjórnarandstöðu vilja meina að verið sé að hækka matarkörfu landsmanna úr hófi og þeir sem lægstar hafa tekjurnar beri auknar byrðar á meðan þeim tekjuhærri sé hlíft.

### Endurreisnarfjárlög

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra segir heilbrigðis- og menntamál vera í forgangi í nýsamþykktum fjárlögum og haustið hafa einkennst af miklum stöðugleika.

„Það er ákaflega gleðilegt að ljúka þessu haustþingi með samþykkt hallalausra fjárlaga, þar sem heilbrigðismál og menntamál njóta forgangs. Þetta eru sannkölluð endurreisnarfjárlög sem munu ýta undir hagvöxt og auka ráðstöfunartekjur fólks. Það er ekki síður mikilvægt að leiðréttingin, þetta stóra réttætismál, er nú komin til framkvæmda og opnað verður fyrir samþykkt á vef RSK eftir helgina. Svo hefur haustið verið tímabil óvenjulegs stöðugleika í efnahagsmálum sem þarf að styrkja og varðveita á næsta ári.“

### Fjárlög til hagsbóta fyrir alla

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra er ánægður með haustþingið og að hafa náð að skila hallalausum fjárlögum annað árið í röð.

„Fjárlögin og öll vinnan kringum þau setur mark sitt á haustið hjá fjármálaráðherra og það er ánægjulegt þegar sú vinna skilar sér í samræmi við væntingar. Hallalaus fjárlög voru afgreidd annað árið í röð og sá litli afgangur sem við stefndum að á þessu ári fertugfaldaðist. Það er einnig auðvitað merkilegur áfangi að ná að breyta virðisaukaskattskerfinu og afnema almenn vörugjöld.“

### Glórulaus fjárlög

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, sér fjárlögin ekki sveipuð jafn miklum dýrðarljóma og forsætisráðherra. Skattur er hækkaður á mat og menningu og auðlegðarskattur og veiðigjöld lækkuð eða felld niður.

„Haustþingið einkenndist af fjárlagafrumvarpi sem þjóðin mótmælti harðlega, enda felur það í sér hækkun virðisaukaskatts á mat og menningu um leið og auðlegðarskattur er felldur niður og veiðigjöld enn lækkuð. Á sama tíma er Ríkisútvarpið fjársvelt, nemendum er úthýst úr framhaldsskólum og hækkun sjúklingagjalda er staðreynd. Ríkisstjórnin hvarf hins vegar frá því að keyra í gegn önnur stór og umdeild mál, á borð við glórulausan náttúrupassa og fjölgun virkjanakosta.“



**Á ALÞINGI** 85 þingfundir voru haldnir á yfirstandandi haustþingi. Fyrirspurnir til ráðherra hafa aldrei verið fleiri.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELMA

### Uppnám á Landspítalanum

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, telur ríkisstjórnina nánast aðeins hafa lagt fram fjárlög og frumvörp tengd fjárlögum. Því hafi lítið annað komist að. Að hans mati hækka fjárlög fyrir næsta ár matarskatt og auka þátttöku sjúklinga í kostnaði.

„Haustþingið snerist alfarið um fjárlögin og tengd mál, því ríkisstjórnin lagði nær engin önnur mál fram. Rétt eins og í fyrra olli fjárlagafrumvarpið miklu uppnámi á Landspítalanum og í velferðarþjónustunni og starf þingsins einkenndist af tilraunum stjórnarflokkanna til að bjarga sér úr þeim vanda. Stjórnarandstaðan sameinaðist í andstöðu við styttingu á bótatímabili atvinnulausra, hækkun matarskatts, aukna kostnaðarþátttöku sjúklinga og lokun framhaldsskólans fyrir eldri nemendum.“

### Óskynsamleg skuldaniðurfelling

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, telur haustþingið hafa einkennst af bið eftir stórum málum ríkisstjórnarinnar sem síðan hafa ekki komið til þingsins. Einnig segir hann skuldaniðurfellingu ríkisstjórnarinnar óskynsamlega.

„Við erum sátt við okkar störf á þessu þingi. Við gagnrýndum þá óskynsamlegu ráðstöfun á opinberu fé sem birtist í skuldaaðgerðunum. Það fé hefði mátt nota til að byggja upp þjóðfélagið og borga niður skuldir ríkissjóðs, í þágu komandi kynslóða. Annars hefur haustþingið einkennst dálítið mikið af því að stór mál hafa verið á leiðinni frá ríkisstjórninni, en ekki komið. Kannski sem betur fer. Það glittir í stór ágreiningsmál við sjóndeildarhringinn,“ segir Guðmundur.

### Alræði meirihlutastjórnar

Birgitta Jónsdóttir, talsmaður Pírata, segir skorta á samvinnu milli meiri- og minnihluta á þingi og sá lærdómur sem ætti að draga af hruninu sé virtur að vettugi. Einnig átelur hún forsætisráðherra fyrir að vera í engu sambandi við þingheim.

„Haustþingið einkenndist af alræði meirihlutastjórnar, sem nýtur lítils trausts meðal þjóðar. Vegið er að grunnstoðum samfélags okkar. Meirihlutinn leitar ekkert eftir samvinnu við minnihlutann. Verið er að rekja upp allan þann lærdóm og tilraunir til umbreytinga sem byggðust á lærdómi af hruninu. Altalað er að við séum ekki bara horfin til 2007 heldur til baka um heila öld með núverandi stjórnarfari. Forsætisráðherrann er í engu sambandi við þingheim og togstreita er á milli stjórnarflokkanna.“

> **Svo hefur haustið verið tímabil óvenjulegs stöðugleika í efnahagsmálum sem þarf að styrkja og varðveita á næsta ári.**
> *Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra.*




BOSCH Hrærivél
MUM 4405
Hrærir, hnoðar og þeytir.
Jólaverð: 18.900 kr.
Fullt verð: 25.900 kr.

SIEMENS Þvottavél
WM 12E267DN
Tekur mest 7 kg, vindur upp í 1200 sn./mín. Orkuflokkur A+++. Hraðkerfi 15 mín. Með íslensku stjórnborði og íslenskum leiðarvísi.
Jólaverð: 96.900 kr.
Fullt verð án vörugjalda: 103.900 kr.

Gigaset Símtæki
A510
Fáanlegt í hvítu og svörtu. Vel upplýstur skjár með stórum stöfum.
Jólaverð: 8.220 kr.
Fullt verð: 9.670 kr.

Eva Borðlampar
Jólaverð: 6.200 kr.
Fullt verð: 8.900 kr.




Jólabæklingurinn er kominn út. Sjá nánar á sminor.is. Fullt af glæsilegum vörum á jólaverði.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




*340 kr. greiðslugjald leggst við hvern mánuð ef greiðslum er dreift á kreditkort. Nánari upplýsingar á siminn.is/vefverslun.

ENNEMM / NM66109

Stuðningur við ríkisstjórnina eykst í könnun:

# Sjálfstæðismenn bæta við 4 prósentustigum

**STJÓRNMÁL** Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn eykst um 4 prósentustig milli kannana hjá MMR.

Sjálfstæðisflokkurinn mældist nú með 29,4 prósenta fylgi en 25,4 prósenta fylgi í síðustu könnun sem lauk þann 25. nóvember. 11,0 prósent svarenda í könnuninni segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn, borið saman við 11,8 prósent í síðustu könnun. Í heild eykst því stuðningur við ríkisstjórnina um 3,2 prósentustig.

Þá segja 16,2 prósent þeirra sem gáfu upp afstöðu í könnuninni að þeir myndu kjósa Bjarta framtíð miðað við 15,5 prósent í síðustu könnun. Fylgi Samfylkingarinnar er 16,1 prósent, borið saman við 16,5 prósent í síðustu könnun. Fylgi Pírata mældist nú 11,4 prósent en var 10,6 prósent í lok nóvember. Vinstri-grænir mældust nú með 10,4 prósenta fylgi en 11,2 prósenta fylgi í síðustu könnun. Fylgi annarra flokka mældist undir 2 prósentum.

Svarhlutfall í könnuninni, sem náði til 1.097 einstaklinga 18 ára og eldri, var 75 prósent. - ih



**BÆTIR VIÐ SIG FYLGI** Sjálfstæðisflokkurinn, undir forystu Bjarna Benediktssonar, bætir við sig 4 prósentustigum milli kannana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**CASTRO Í BEINNI** Fylgst var með ávarpi forsetans í skólastofum á Kúbu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bandaríkin aflétta einangrun af Kúbu

Rúmlega hálfri öld eftir að Bandaríkin lögðu viðskiptabann á Kúbu hafa tekist sögulegar sættir milli ríkjanna. Obama Bandaríkjaforseti segir einangrunarstefnuna úrelta og aldrei hafa virkað. Opnað verður á viðskipti og ferðalög.

**BANDARÍKIN, AP** Bandríkin og Kúba hafa ákveðið að taka upp stjórnmálasamband og opna á viðskipti og ferðalög milli landanna. Í meira en hálfa öld hefur bandarískt viðskiptabann á Kúbu haldið efnahagslífi eyjunnar í lamandi fjötrum.

Bæði Barack Obama Bandaríkjaforseti og Raul Castro Kúbuforseti ávörpuðu þjóðir sínar um hádegisbil í gær af þessu tilefni. Þeir ræddu saman í síma á þriðjudaginn í þrjá stundarfjórðunga. „Þessi fimmtíu ár hafa sýnt okkur að einangrunin hefur ekki virkað,“ sagði Obama í ávarpi sínu. „Það er kominn tími á nýja nálgun.“

Obama hyggst á næstunni opna bandarískt sendiráð í Havana, höfuðborg Kúbu, og skoða hvort taka eigi Kúbu af lista yfir ríki sem styðja hryðjuverkamenn. Bandarískir erindrekar verða sendir til Kúbu til viðræðna um frekari samskipti og útfærslu þeirra. „Þessi ákvörðun Obama forseta á skilið virðingu og viðurkenningu þjóðar okkar,“ sagði Raúl Castro Kúbuforseti í ávarpi sínu. Hann sagði ríkin tvö þurfa að læra að umgangast hvort annað með siðuðum hætti þrátt fyrir ágreining um ýmis mál.

> **Þessi ákvörðun Obama forseta á skilið virðingu og viðurkenningu þjóðar okkar.**
>
> *Raúl Castro, Kúbuforseti*

Tíðindin komu töluvert á óvart, bæði á Kúbu og í Bandaríkjunum. Leynilegar samningaviðræður milli ríkjanna hafa staðið yfir í meira en ár. Þær hafa verið haldnar bæði í Kanada og í Páfagarði. Í ávarpi sínu þakkaði Castro sérstaklega Frans páfa fyrir hlut hans í þeirri lausn, sem nú er fundin. Bandaríkjamenn lögðu meðal annars áherslu á að Kúbustjórn léti Alan Gross lausan, bandarískan ríkisborgara sem hafði verið í fangelsi á Kúbu í fimm ár, sakfelldur fyrir njósnir. Gross kom til Bandaríkjanna í gærmorgun, stuttu áður en Obama flutti ávarp sitt. Bandaríkin leystu fyrir sitt leyti úr haldi þrjá Kúbumenn, sem hafa verið í fangelsi í Bandaríkjunum hálfan annan áratug, einnig sakfelldir fyrir njósnir. Mennirnir eru þjóðhetjur á Kúbu ásamt tveimur öðrum, sem áður höfðu verið látnir lausir. gudsteinn@frettabladid.is



**BARACK OBAMA** Segir einangrunarstefnu síðustu áratuga ekki hafa virkað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






**KAFFI** Verð á jólakaffi hækkar í flestum verslunum. MYND/GETTY

Allur gangur á því hvort verð hækkar eða lækkar:

# ASÍ segir súkkulaði og kaffi hækka mest

**NEYTENDUR** Niðurstöður könnunar verðlagsnefndar Alþýðusambands Íslands fyrir desembermánuð liggja nú fyrir. Verð á jólamat hækkar á milli ára en þó eru dæmi þess að einhverjar verslanir hafi lækkað hjá sér verð.

Verslanir Bónuss, Víðis og Samkaupa-Úrvals hafa heldur lækkað verð á sínum vörum. Reyndin er hins vegar önnur sé litið til Nettó, Iceland og Fjarðarkaupa þar sem verð á flestum vörum könnunarinnar hefur hækkað.

Mest er hækkunin á konfekti og kaffi. Hátíðarkaffi frá Kaffitári hækkar minnst um tíundahluta í öllum verslunum að Bónus undanskildum þar sem verð lækkar um tíu prósent.

Lindu-konfektaskja hefur hækkað í öllum verslunum nema Hagkaupi. Mest er hækkunin um 36 prósent hjá Nettó en aðeins minni hækkun má finna í Fjarðarkaupum.

Svipaða sögu er að segja af konfektkössum frá Nóa Síríusi sem hækka í flestum verslunum. Hálft kíló kostar til að mynda þriðjungi meira í Fjarðarkaupum nú en í fyrra og fjórðungi meira í Nettó.

Í verslunum Víðis hefur verð á kjöt- og fiskvörum lækkað umtalsvert en slíkar vörur hafa hækkað í Nettó. Flestar aðrar verslanir standa nánast í stað milli ára.

Verð á viðbiti, ostum, drykkjarvörum, brauði og kökum er á flestum stöðum áþekkt milli ára. - jóe

# DEBENHAMS

## *Gjafavörur*

# 50%

## AFSLÁTTUR AF:

- ÖLLUM DÖMUTÖSKUM FRÁ JASPER CONRAN
- ÖLLUM BARNAÚLPUM FRÁ JOHN ROCHA
- ÚRVALI AF NÁTTFÖTUM FYRIR DÖMUR
- AF ÖLLUM GJAFAPAPPÍR OG KNÖLLUM



# 30%

## AFSLÁTTUR AF:

- ÖLLUM INNISKÓM FYRIR HERRA OG DÖMUR
- ÖLLUM NÁTTSLOPPUM FYRIR HERRA OG DÖMUR FRÁ JASPER CONRAN
- ÖLLUM LEÐURHÖNSKUM FYRIR HERRA OG DÖMUR
- ÖLLUM SEÐLAVESKUM FYRIR HERRA OG DÖMUR
- ÖLLUM HERRASKÓM







**MÖRG ÖNNUR TILBOÐ Í ÖLLUM DEILDUM!**

**GILDIR TIL JÓLA**

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

Opið til 22 öll kvöld til jóla

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**GRÓÐURSETNING** Víða þarf að taka til hendi í Rangárþingi.

Rotþrær tæmdar án gjalds:

## Seyran nýtt til landgræðslu

**LANDGRÆÐSLA** Sorpstöð Rangárvallasýslu, Landgræðsla ríkisins, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Ásahreppur gerðu í gær samkomulag um notkun á seyru til landgræðslu, með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnanna.

Nýta á þá seyru sem til fellur í Rangárþingi til landgræðslu á svæðum á forræði Landgræðslu ríkisins og er samkomulagið gert til þriggja ára.

Áætlað er að samstarfið muni spara sveitarfélögunum og íbúum þeirra verulegar fjárhæðir, en til stendur að bjóða reglubundna losun á öllum rotþróm á svæðinu í kjölfarið. - shá




# Myglan kostað 160 milljónir

Miklar framkvæmdir hafa verið við elstu byggingu Landspítalans við Hringbraut vegna leka sem olli myglu. Skipt hefur verið um glugga og veggir þéttir til að freista þess að koma í veg fyrir raka og hindra mygluna.

**HEILBRIGÐISMÁL** 160 milljónum hefur verið varið í viðgerðir á byggingu gamla Landspítalans við Hringbraut vegna leka sem var í húsinu.

Skemmdirnar ollu myglu inni í veggjum sem leiddi meðal annars til veikinda meðal starfsmanna.

Heilbrigðisstarfsmenn sem störfuðu í húsinu höfðu fundið fyrir ýmsum einkennum vegna myglunnar. Þegar farið var að rannsaka málið kom í ljós að undir gluggum og í veggjum byggingarinnar var raki sem hafði leitt til myglu inni í veggjum. Meðal annars þurftu þrír læknar að fara í aðgerð vegna þess auk þess sem fleiri heilbrigðisstarfsmenn sem unnið hafa í húsnæðinu hafa haft hin ýmsu einkenni vegna myglunnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Ingólfi Þórissyni, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Landspítalans, hefur verið unnið að því síðustu tvö ár að þétta veggi hússins auk þess sem skipt hefur verið um alla glugga byggingarinnar.

„Það er búið að þétta veggi og skipta um glugga til þess að fyrirbyggja raka,“ segir Ingólfur.

Eftir að komst upp um mygluna var skipaður starfshópur til þess að finna lausn á vandanum. Ástand hússins var kannað og hvað væri hægt að gera til þess að vinna að því að bæta það. Auk þess voru könnuð hugsanleg áhrif myglunnar á bæði starfsmenn og sjúklinga. Sýkingavarnardeild Landspítalans rannsakaði hvort myglan hefði haft einhver áhrif á sýkingar meðal sjúklinga.

„Við gátum ekki merkt að það hefði orðið nein aukning á sýkingum af völdum þessa í þessum hópi,“ segir Ólafur Guðlaugsson ofnæmislæknir sem kom að rannsókninni.

Hins vegar kom í ljós að þeir sem unnið höfðu í byggingunni, læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk sem hafði verið lengi í byggingunni, höfðu ýmis einkenni.

Til þess að reyna að hindra frekari myglu var farið í aðgerðir til að þétta veggi hússins. Myglan er hins vegar enn til staðar inni í veggjunum en búið er að mestu að stöðva lekann.

„Nú er verið að meta ástandið í samráði við helstu sérfræðinga landsins og gaumgæfa hvort frekari aðgerða er þörf,“ segir Ingólfur.

Margir læknar þurftu að yfirgefa skrifstofur sínar vegna myglunnar en auk þess hefur mikið plássleysi háð spítalanum. Til stendur að leysa húsnæðisvandann með því að setja upp gáma við spítalann en sú lausn kostar um 120 milljónir. Gámarnir komu til landsins í gær og farið verður í það á næstu dögum að setja þá upp.

viktoria@frettabladid.is





**AF SKRIFSTOFU** Þessi mynd er tekin á einni skrifstofunni en þar er gat á veggnum svo að myglan sést.

**ENDURBÆTUR** Á undanförnum tveimur árum hafa miklar endurbætur verið gerðar á húsnæði gamla spítalans við Hringbraut vegna myglu sem þar kom upp í kjölfar leka.

### Veiktist vegna myglunnar

Tómas Guðbjartsson, hjarta- og lungnaskurðlæknir, var einn þeirra heilbrigðisstarfsmanna sem veiktust vegna myglunnar. Hann þurfti að fara í aðgerð á ennisholum vegna þessa og hefur ekki getað notað skrifstofu sína síðan upp komst um mygluna. „Það er auðvitað skrítið að Landspítalinn sé heilsuspillandi vinnustaður. Þetta er lýsandi dæmi um úrræðaleysið sem ríkir. Þetta er ekki stjórnunarvandi heldur er svo skert fjármagn til stofnunarinnar að það verður að taka fé úr eðlilegu viðhaldi í grunnþjónustu við sjúklinga. Þetta er látið sitja á hakanum og svo núna þá erum við að fá svona ótrúlega bakreikninga,“ segir hann.

Tómas er einn þeirra lækna sem munu fá skrifstofuaðstöðu í gámunum þegar þeir verða komnir upp. Honum finnst það ekki spennandi kostur. „Það segir sig sjálft að það að vera settur í gám á lóðinni er afar óspennandi. Skárra en að vera í herbergi þar sem maður verður veikur en þetta er engan veginn góð lausn fyrir neinn. Það er svolítið langt að fara á milli skrifstofunnar og spítalans en við læknar viljum vera nálægt sjúklingunum okkar. Ég lít á þetta sem algjöra neyðarlausn og ekki góða lausn.“



**FYRIR UTAN SKRIFSTOFUNA** Tómas fyrir utan skrifstofuna sína sem hann hefur ekki getað notað í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Nú er verið að meta ástandið í samráði við helstu sérfræðinga landsins og gaumgæfa hvort frekari aðgerða er þörf.**
>
> *Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landspítalans.*




Borgarstjórn segir meiri hagsmunum fórnað fyrir minni við hvalveiðar:

# Hvalir fái grið víðar á Faxaflóa

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Borgarstjórn skorar á ríkisstjórnina að stækka griðasvæði hvala á Faxaflóa. Þetta var samþykkt á borgarstjórnarfundi á þriðjudag, með 14 atkvæðum. Einn borgarfulltrúi, Kjartan Magnússon, Sjálfstæðisflokki, sat hjá við atkvæðagreiðsluna.

Borgarstjórn er þeirrar skoðunar að gríðarmiklir hagsmunir íslenskrar ferðaþjónustu séu að veði. Uppbygging hvalaskoðunarfyrirtækja við Gömlu höfnina hafi styrkt og eflt fyrirtæki og mannlíf á svæðinu, þar sem þúsundir ferðamanna leggja leið sína á svæðið og njóta þar afþreyingar og þjónustu. Þar komi við sögu hjólaferðir, lundaskoðun og sjóstangaveiði, ferðir í handverksbúðir, á kaffi- eða veitingahús.

Því sé ljóst að verði griðasvæðið ekki stækkað sé verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni.

Í aðdraganda borgarstjórnarkosninga var framtíð hvalaskoðunar og ferðaþjónustu við Reykjavíkurhöfn sérstaklega tekin fyrir á fundi sem Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) stóðu fyrir með oddvitum flokkanna.

Þar kom fram að hvalaskoðun hefur á rúmum tveimur áratugum vaxið upp í að verða stærsta afþreyingargrein ferðaþjónustunnar í Reykjavík og sú þriðja stærsta á Íslandi. Á hverju ári starfa meira en 200 manns við greinina og skilar hún rúmum fjórum milljörðum króna í gjaldeyristekjur. Á síðasta ári nýttu rúmlega 200 þúsund manns sér þessa afþreyingu, þar af 115 þúsund í ferðum frá Reykjavík. - shá



**Í HVALASKOÐUN** Fjórði hver erlendur ferðamaður fer í hvalaskoðun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> ➜ Árlega starfa yfir 200 manns við hvalaskoðun sem skilar rúmum fjórum milljörðum króna í gjaldeyristekjur.

# SKEMMTILEGAR JÓLAGJAFIR




Gildir til 24. desember á meðan birgðir endast.

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

Skilamiði

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Fáðu þér góð



iMac 21"

Verð frá **199.990.-**

iMac 27"

Verð frá **329.990.-**



## PUNK - þráðlaus hátalari

Flottur þráðlaus hátalari frá SOL Republic. PUNK er smár, sterkur og urrandi hávaðasamur.

Verð **12.990.-**



## Airport Express

Þráðlaus netstöð með innbyggðu AirPlay til að senda tónlist þráðlaust í hátalara.

Verð **21.990.-**



## Apple TV

Varpaðu myndefni og tónlist þráðlaust í sjónvarpið.

Verð **16.990.-**



## iPad mini

Skarpur og fallegur skjár, 10 klst. rafhlöðuending - og hann fer vel í lófa.

Verð frá **46.990.-**



## Wi-Fi ketill

Nú getur þú stillt í símanum hvenær þú vilt sjóða vatn á Smarter Wi-Fi katlinum. Fyrir iPhone.

Verð **19.990.-**



## ZIPP

Hátalari

Léttur og einfaldur hátalari með innbyggðri rafhlöðu.

Verð frá **59.990.-**





## Polar Loop - armband

Lifðu virku lífi með Polar Loop! Hann heldur utan um alla hreyfingu þína 24 klukkustundir á sólarhring alla daga vikunnar. Hann telur einnig skrefin þín, kaloríur og heldur utan um svefninn þinn.

Verð **16.990.-**



## BEATS heyrnatól

Beats heyrnatólin eru án efa þau vinsælustu á markaðnum í dag.

Urbeats se, verð **18.990.-**

Solo2, verð **37.990.-**

Studio, verð frá **59.990.-**





## GoPro - myndavélar

Innbyggður snertiskjár
1080p60, 720p120fps
12Mpix ljósmyndun
Vatnsheld allt að 40m

Verð frá **74.990.-**



## GoPro Aukahlutir

Ýmsir aukahlutir fyrir hina vinsælu GoPro myndavél.

**30% afsláttur**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# epli um þessi jól




**iPad Air 2**

Verð frá **89.990.-**
Silfur - Gull - Dökkgrár

**iPad mini 3**

Verð frá **74.990.-**
Silfur - Gull - Dökkgrár

EPLI

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

ÚRVAL AF NÝLEGUM GÆÐINGUM MEÐ DRIF Á ÖLLUM HJÓLUM




Audi Q3 2.0 TDI S-tronic 177 hö.
Árgerð 2013, dísil
Ekinn 11.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 7.490.000




VW Tiguan Track&Style
Árgerð 2013, dísil
Ekinn 30.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.790.000




VW Passat Alltrack 4motion
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 39.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.690.000




Skoda Octavia Combi
1.6 TDI. Árgerð 2013, dísil
Ekinn 73.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 3.690.000




Skoda Octavia Combi
2.0 TDI. Árg. 2013, dísil
Ekinn 46.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.490.000




Skoda Superb Combi 2.0
TDI. Árgerð 2013, dísil
Ekinn 39.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.190.000




MM Pajero 3.2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 46.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 7.590.000

Kíkið inná:
heklanotadirbilar.is

Komdu og skoðaðu úrvalið!

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

Stefna á að úthýsa jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2050 og kolum árið 2025:

# Danir vilja fyrstir verða sjálfbærir

**LOFTSLAGSMÁL** Danir stefna að því að verða fyrsta þjóð heims sem verði óháð jarðefnaeldsneyti eigi síðar en 2050. Jafnframt að Danir hætti að nota kol fyrir 2025, segir í frétt á vef Upplýsingaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna fyrir Vestur-Evrópu og Heimsljós, veftímarit um þróunarmál, bendir á.

Á vef SÞ segir að líta beri á viðleitni Dana í samhengi við nýjustu skýrslu loftslagsnefndar SÞ. Þar segir að grípa þurfi til róttækra ráðstafana ef koma eigi í veg fyrir að hitastig á jörðinni hækki um meira en tvær gráður á selsíus.

Danmörk hefur verið háð innflutningi á olíu um áratugaskeið en frá því í byrjun níunda áratugarins hefur landið verið í fararbroddi í þróun sjálfbærra lausna og tækni í orkumálum. Á sama tíma hefur danska hagkerfið vaxið um næstum því 80% án þess að auka heildarorkunotkun.

Sem stendur eru 40% af orkunotkun Dana frá endurnýjanlegum orkugjöfum en stefnt er að því að hlutfallið verði fimmtíu prósent árið 2020. - shá



**DANMÖRK** Vindmyllur hafa verið reistar í hundraða vís til að afla grænnar orku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Vilja að ný rannsókn á MS fái flýtimeðferð

Samningur Mjólkursamsölunnar við Kaupfélag Skagfirðinga sem lagður var fram fyrir áfrýjunarnefnd varð til þess að sekt á MS var lögð niður. Kú segir spurningar vakna um hvort fleiri „leyniskjöl“ eigi eftir að koma fram. Vinnubrögðin dragi málið á langinn.

**VIÐSKIPTI** Samkeppniseftirlitið tekur á ný til meðferðar hugsanlega misnotkun Mjólkursamsölunnar (MS) á markaðsráðandi stöðu sinni eftir að áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi úr gildi ákvörðun eftirlitsins um 370 milljóna króna sekt á hendur MS fyrir misnotkun. Sektina fékk félagið fyrir að selja Kú hrámjólk á hærra verði en keppinautar Kú, tengdir MS, þurftu að greiða.

MS lagði fram fyrir áfrýjunarnefndina samning við Kaupfélag Skagfirðinga frá 15. júlí 2008 sem ekki hafði komið fram áður og taldi nefndin því að rannsaka þyrfti málið betur.

„Jafnframt mun Samkeppniseftirlitið taka til rannsóknar hvaða ástæður liggja fyrir því að umræddur samningur var ekki lagður fyrir eftirlitið við rannsókn málsins, en viðurlög geta legið við því að halda upplýsingum frá eftirlitinu við rannsókn máls,“ segir í tilkynningu Samkeppniseftirlitsins.

Félag atvinnurekenda (FA) kallaði í gær eftir því að mál Mjólkurbúsins Kú gegn MS fái flýtimeðferð hjá Samkeppniseftirlitinu.



EINAR SIGURÐSSON

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA, segir orka tvímælis að öflug, markaðsráðandi fyrirtæki komist upp með að tefja málsmeðferðina með því að leyna Samkeppniseftirlitið gögnum sem síðan séu dregin upp við málsmeðferð hjá áfrýjunarnefnd.

„Fyrir smærri keppinauta Mjólkursamsölunnar er lykilatriði að hin nýja rannsókn fari ekki í hefðbundinn margra mánaða farveg hjá Samkeppniseftirlitinu heldur fái málið flýtimeðferð þannig að endanleg niðurstaða liggi fyrir sem fyrst. Það er sömuleiðis brýnt hagsmunamál fyrir neytendur, sérstaklega í ljósi þess að meint brot MS hafa verið á fleiri sviðum. Hjá Samkeppniseftirlitinu er til meðferðar sambærileg kvörtun frá Kú vegna sölu á rjóma og brýnt að niðurstaða í því máli fáist sem fyrst,“ segir Ólafur.

Í tilkynningu sem MS sendi frá sér vegna málsins segir Einar Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölunnar, um áfangasigur að ræða.

„Málið telst ekki rannsakað til þeirrar niðurstöðu sem kynnt var og 370 milljóna króna sektin verður nú endurgreidd félaginu,“ er haft eftir Einari.

Þá lýsa forsvarsmenn Kú í tilkynningu furðu sinni á að MS í Reykjavík skuli hafa „leynt samningi, sem fyrirtækið segist nú hafa gert við Kaupfélag Skagfirðinga“. Vinnubrögðin eru til þess fallin að draga málið á langinn „og vekja spurningar um hvort fleiri leyniskjöl eigi eftir að koma fram“. olikr@frettabladid.is




**BÍLAR MS** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála segir að þótt ekki hafi komið fram haldbærar skýringar á af hverju samningur MS við Kaupfélag Skagfirðinga hafi ekki fyrr verið lagður fram þurfi að upplýsa málin að fullu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



> Hjá Samkeppniseftirlitinu er til meðferðar sambærileg kvörtun frá Kú vegna sölu á rjóma og brýnt að niðurstaða í því máli fáist sem fyrst.
>
> *Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA.*

Ekki liggur fyrir hvað það kostar Orkuveituna að taka við mælasafninu á ný:

# Hundruð milljóna fyrir mæla

**VIÐSKIPTI** Orkuveita Reykjavíkur ætlar að taka á ný við mælum fyrir rafmagn og heitt og kalt vatn hjá viðskiptavinum á þjónustusvæði sínu. Samningur sem gerður hafði verið við Frumherja um slíka þjónustu rennur út 31. maí.

Frumherji á mælana núna og Orkuveitan mun kaupa hluta þeirra af fyrirtækinu. Á þessari stundu liggur kaupverðið ekki fyrir.

„Mælasafnið í heild kostar nokkur hundruð milljónir en hvernig við færum það yfir er bara ekki vitað enn þá,“ segir Bjarni Bjarnason, forstjóri OR. Enn sé verið að semja um það.

Orkuveitan og forverar hennar sáu um mælana til 2001 þegar Frumherji hf. keypti þá í kjölfar útboðs og leigði Orkuveitunni til afnota. Frumherji hefur síðan átt og rekið mælana.

Núgildandi þjónustusamningur Orkuveitunnar og Frumherja er frá 2008. Hann rann út í maí 2014 og var þá framlengdur til eins árs eða út maí 2015. Ekki eru frekari möguleikar á framlengingu í samningnum.

Eignarhald mæla flyst því til Orkuveitunnar, þjónusta verður boðin út að einhverju leyti og eftirlit með mælum verður í höndum óháðs aðila. Verð á rafmagni og vatni á ekki að breytast vegna þessa. - jhh



**BREYTINGAR** Bjarni Bjarnason segir enn eftir að ákveða á hvaða verði mælarnir verða keyptir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun 2014
bókaverslana

# TIL HAMINGJU, HÖFUNDAR!




**BESTA HANDBÓKIN/ FRÆÐIBÓKIN**

2. sæti
Sveitin í sálinni




**BESTA ÆVISAGAN**

3. sæti
Hans Jónatan – maðurinn sem stal sjálfum sér

1. SÆTI




**BESTA LJÓÐABÓKIN**

2. sæti – Drápa




**BESTA ÞÝDDA SKÁLDSAGAN**

3. sæti – Lífið að leysa




**BESTA ÍSLENSKA SKÁLDSAGAN**

2. sæti – Kata

3.–4. sæti – Vonarlandið

*www.forlagid.is* | *Bókabúð Forlagsins* | *Fiskislóð 39*

# Afar þakklátur fyrir björgunina

Kristján fékk hjartaáfall um borð í Örfirisey RE en það tók þyrlu Landhelgisgæslunnar þrjá tíma að koma að skipinu. Skipsfélagar Kristjáns björguðu lífi hans með því að veita honum hjartahnoð og nota á hann hjartastuðtæki.

**BJÖRGUN** „Þeir stóðu sig eins og hetjur. Ég er þeim ótrúlega þakklátur,“ segir Kristján Víðir Kristjánsson, fyrsti stýrimaður á Örfirisey RE, um skipsfélaga sína. Þann 5. desember síðastliðinn fékk hann hjartaáfall um borð sem endaði með hjartastoppi. Líkt og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku tók það þyrlu Landhelgisgæslunnar tæpa þrjá tíma að komast á staðinn þar sem þyrlan var stödd í verkefni fyrir Almannavarnir við eldstöðvarnar í Bárðarbungu. Skipsfélagar Kristjáns björguðu lífi hans en þeir veittu honum hjartahnoð og notuðu á hann hjartastuðtæki sem var um borð í skipinu. Kristján var meðvitundarlaus allan tímann og man síðast eftir sér áður en hann hneig niður. Hann hafði fundið fyrir slappleika og jafnvel haft það á tilfinningunni að þetta gæti tengst hjartanu á einhvern hátt þar sem bróðir hans hafði fengið svipuð einkenni mánuði fyrr og þá endað í bráðahjartaþræðingu.

Hann segir það í raun vera lán í óláni að hann hafi hnigið niður fyrir framan skipsfélaga sinn. Kristján er fyrsti stýrimaður og var nýkominn af vakt í stýrishúsi þar sem hann er einn yfir nóttina og fram á morgun. „Þetta hefði getað gerst hvenær sem er yfir nóttina,“ segir Kristján.

Sjálfur man hann lítið eftir aðdraganda áfallsins, hann minnist þess að hafa verið slappur en vaknaði svo ekki fyrr en tveimur dögum síðar á spítala.

„Ég var að fara að hengja upp fiskspyrður sem ég ætlaði að taka með mér í matinn heim. Ég fer með þær upp og kem svo niður í stakkageymsluna. Þá finn ég að ég er eitthvað slappur við þessa áreynslu og sest niður. Ég sit þar og þá kemur víst vélstjórinn og heilsar mér en ég svara honum ekki. Hann lítur á mig og þá hníg ég víst bara niður og man ekki eftir því.“

Þegar hann hneig niður kallaði vélstjórinn á hina skipsfélagana sem hófust strax handa við að hlúa að Kristjáni. Skipstjórinn hringdi á Landhelgisgæsluna til þess að óska eftir aðstoð þyrlunnar auk þess sem skipinu var stefnt beina leið í land. „Ég hefði ekki getað verið í betri höndum. Mér skilst að annar stýrimaður hafi stýrt þessu. Það má í raun þakka Slysavarnafélagi sjómanna líka fyrir að þetta fór svona. Við höfum allir farið á námskeið hjá þeim og þessi annar stýrimaður var nýbúinn að vera á námskeiði og því allt í fersku minni,“ segir Kristján.

Skipverjarnir náðu að hnoða hann til lífs og þyrla Landhelgisgæslunnar kom svo ekki fyrr en þremur tímum seinna. Trausti Egilsson sagði í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku að þessar klukkustundir hefðu verið ansi lengi að líða en undir venjulegum kringumstæðum hefði það tekið þyrluna klukkutíma að komast á staðinn. Þegar þyrlan loks kom var flogið beint með Kristján á Landspítalann í Fossvogi þar sem hann fór í hjartaþræðingu.

Kristján fékk að fara heim eftir þrjá daga á spítalanum. Hann er enn nokkuð þrekaður og er heima að safna kröftum. „Ég er bara þokkalegur þannig séð. Ég er með verki í brjóstinu en það gæti verið bara eftir hnoðið. Ég er bara að hvíla mig og get ekki farið að vinna fyrr en í fyrsta lagi eftir mánuð.“

Þrátt fyrir atvikið segist hann óhræddur við að fara að vinna á ný en myndi gjarnan vilja sjá breytingar á því hvernig þyrlan er notuð. „Auðvitað eru menn óánægðir með að hún skuli ekki vera til staðar þegar þarf á henni að halda. Mér finnst það líka svolítið hart því þegar ég var í Sjómannaskólanum vorum við að safna fyrir því að kaupa þyrlu og þá var skilyrðið það að við myndum kaupa hana og ríkissjóður reka hana. Það er kannski verið að reyna að spara eitthvað og leigja hana út í svona verkefni til þess að halda þessu gangandi. En auðvitað á hún að vera til staðar ef eitthvað kemur upp á.“ **viktoria@frettabladid.is**



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka — OPIÐ 24 TÍMA — Iceland

SKOÐUN Sif Sigmarsdóttir skrifar um væl í kerlingum, brjóstaskoru og heyskap. 27

MENNING Kristín Steinsdóttir fræðir um kjör þvottakvenna á 19. öld. 36

LÍFIÐ Jón Jónsson syngur í HM-laginu með Alexander Rybak. 62

SPORT Orðin bæði leikja- og stigahæst í úrvalsdeild kvenna frá upphafi. 56

FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur 12. desember 2014 292. tölublað 14. árgangur Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

LÍFIÐ

**Fórnaði æskunni fyrir tónlist** Jóhanna Guðrún Jónsdóttir vann hug og hjarta þjóðarinnar ung að árum. Aðeins tólf ára að aldri var hún búin að senda frá sér þrjár metsöluplötur. Síðan þá hefur hún slegið eftirminnilega í gegn í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, kynnst ástinni og hyggur á plötuútgáfu á nýju ári.

FRÉTTIR

**Deilt um ráðgjafa.** Forstjóri Fangelsismálastofnunar vill að námsráðgjafi sinni öllum fangelsum. 6

**Sauðfénu beitt.** Engar takmarkanir eru á sauðfjárbeit þrátt fyrir jarðvegseyðingu. 8

**Tók þyrluna þrjá tíma að ná í veikan mann á sjó**

Skipverji á sjó fékk hjartaáfall og fór í hjartastopp. Þyrla Landhelgisgæslunnar var stödd við gosstöðvarnar og tók það þrjá tíma að ná í manninn. Skipstjórinn segir óásættanlegt að farið sé í slík verkefni á björgunarþyrlu.

BJÖRGUN Skipverji á frystitogaranum Örfirisey RE fékk hjartaáfall um borð þann 5. desember síðastliðinn. Það tók þyrlu Landhelgisgæslunnar tæpa þrjá tíma að komast á staðinn þar sem þyrlan var stödd í verkefni fyrir Almannavarnir við eldstöðvarnar í Bárðarbungu.

„Það sem við erum ósáttir við er að þetta er björgunarþyrla. Þótt þeir séu í góðum verkefnum verður að vera björgunarþyrla til taks þegar verða slys eða menn veikjast alvarlega. Þetta er svo mikið öryggisleysi,“ segir Trausti Egilsson, skipstjóri á Örfirisey RE.

Hann er ósáttur við hversu langan tíma það tók þyrluna að ná í manninn. Hefði þyrlan verið í Reykjavík hefði það tekið um klukkustund en þar sem hún var við gosstöðvarnar í fyrrnefndu verkefni, þurfti fyrst að fara með farþega þyrlunnar til Akureyrar áður en hægt var að ná í manninn. Það tók því um þrjár klukkustundir. Útkallið kom um klukkan 12.40, þyrlan var komin að skipinu um 15.30 og á Landspítalann í Fossvogi klukkan 17.

„Hann var meðvitundarlaus í hjartastoppi. Hann var hnoðaður og blásinn fyrst, síðan settum við á hann hjartastuðtæki sem skaut honum í gang. Síðan var fylgst með honum, gefið súrefni og annað sem lög gera ráð fyrir,“ segir Trausti.

Skipinu var strax stefnt í land en það var statt 30 sjómílur norðvestur af Ísafjarðardjúpi.

„Við vorum komnir inn í mynni Önundarfjarðar þegar þyrlan kom. Þetta voru ansi langar klukkustundir þangað til maður fór að heyra í þyrlunni,“ segir hann.

Hrafnhildur Brynja Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, segir að verkefnið sem þyrlan var í sé hluti af lögbundinni skyldu gæslunnar.

„Það var farið um morguninn með tækni- og vísindamenn að Bárðarbungu,“ segir Hrafnhildur.

Danska varðskipið Triton sem er með þyrlu um borð hjá sér var á bakvakt. Þegar útkallið barst var niðurstaðan hins vegar sú að þyrla gæslunnar yrði fljótari á staðinn en þyrla Triton. Aðspurð hvort það sé ekki óábyrgt að fara í slík verkefni þegar ekki er önnur þyrluvakt hjá gæslunni segir Hrafnhildur: „Þú veist aldrei hvar útköllin gerast. Landhelgisgæslan fær ákveðið fjármagn. Þennan dag var ekki hægt að vera með tvær áhafnir, samt var danska þyrlan hérna, við vorum því í raun með ágæta stöðu þennan dag,“ segir hún.

Trausti segir það óásættanlegt að þyrlan sé í slíkum verkefnum. „Í svona tilfellum skiptir tíminn svo miklu máli,“ og bætir við að það snúist um lífslíkur fólks að stytta viðbragðstíma gæslunnar.

„Hvaða forgang vilja menn hafa í þessu? Þetta er ekkert ólíkt því að sjúkrabílarnir í Reykjavík væru í leigubílaakstri og svo þegar þyrfti á aðstoð að halda þá skiluðu þeir fólkinu heim og færu svo að athuga með mann,“ segir Trausti að lokum. -vh

**FORSÍÐUFRÉTT FRÉTTABLAÐSINS 12. DESEMBER** Trausti Egilsson sagði í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku að þyrla Landhelgisgæslunnar væri eini sjúkrabíll sjómanna og það ætti ekki að nota hana í að sinna verkefnum sem aðrar þyrlur gætu sinnt.



**ÞAKKLÁTUR** Kristján er þakklátur fyrir að vera á lífi en skipsfélagar hans komu honum aftur til lífs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Harmur í Pakistan

Sorg og reiði í Pakistan vegna fjöldamorðanna á þriðjudag. Talibanar segja árásina hafa verið réttlætanlega hefnd fyrir árásir pakistanska hersins undanfarin misseri.

**PAKISTAN** Bænastundir voru haldnar víða í skólum og öðrum stöðum í Pakistan í gær til að minnast nærri 150 manns, sem myrtir voru í skóla í Peshawar á þriðjudag. Flestir hinna látnu, alls 132, voru á barnsaldri.

Mohammed Khurasani, talsmaður pakistönsku talibanahreyfingarinnar, sagði árásina réttlætanlega vegna þess að pakistanski herinn hefði um langa hríð drepið fjöldann allan af börnum og öðrum ættingjum liðsmanna hreyfingarinnar.

Talibanahreyfingin í Afganistan fordæmir hins vegar árásina og segist hafa sent ættingjum hinna látnu samúðarkveðjur sínar. Haft er eftir Zabihullah Mujahid, talsmanni afganskra talibana, að árásin hafi verið „óíslömsk“.

Árásin hófst á þriðjudagsmorgun með því að sex vopnaðir menn, klæddir í herbúninga, réðust inn í skólann. Einum þeirra, klæddum sprengjuvesti, tókst að komast inn í sal skólans þar sem kennsla stóð yfir. Hann sprengdi sig þar í loft upp innan um fjölda námsmanna. Aðrir árásarmannanna skutu á fólk af handahófi en sumir tóku skólastjórann, um tuttugu kennara og 34 nemendur í gíslingu.

Alls tókst fjórum árásarmannanna að sprengja sig í loft upp. Tveir þeirra, þeir sem héldu fólkinu í gíslingu, féllu í skotbardaga við pakistanska hermenn um átta klukkustundum eftir að árásin hófst. Gíslarnir sluppu allir heilir á húfi.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**ÁRÁSARMENNIRNIR** Talibanahreyfingin í Pakistan hefur birt myndir af mönnunum sem myrtu 132 börn á þriðjudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Pakistanska talibanahreyfingin

Pakistanska talibanahreyfingin á rætur að rekja til andófsbaráttunnar gegn hernámi Sovétríkjanna í Afganistan. Fjöldi ungra manna hélt til nágrannalandsins Afganistans til þess að taka þátt í baráttunni og fékk til þess stuðning meðal annars frá pakistönskum og bandarískum stjórnvöldum.

Margir þeirra gengu síðan til liðs við afgönsku talibanahreyfinguna, en aðrir héldu heim aftur. Eftir innrás Bandaríkjanna og NATO í Afganistan árið 2001 gripu þessir menn aftur til vopna, að þessu sinni til varnar afgönsku talibanahreyfingunni.

Vegna stuðnings Pakistans við Bandaríkin og fjölþjóðalið NATO í Afganistan tóku þeir einnig að beina vopnum sínum gegn pakistanska ríkinu og pakistanska hernum.

Árið 2007 sameinuðust pakistanskar talibanahreyfingar í eina heildarhreyfingu undir heitinu Tahreek-e-Taliban Pakistan. Leiðtogi þeirra nú nefnist Maulana Fazlullah.

Talibanar, bæði afganskir og pakistanskir, koma einkum úr röðum pastúna, ættflokks sem býr beggja vegna landamæranna. Norðausturhluti Pakistans, meðfram landamærum Afganistans, er að mestu byggður pastúnum og þar er staða talibana sterkust.

*Heimild: Al Jazeera*

# Bráðum koma blessuð jólin!



**ALLAR JÓLAKÚLUR = ÞRÍR FYRIR EINN**



**Þú tekur 3 pakka og greiðir fyrir 1**

Jólakúlur 10 cm 6 stk.
**290**
Margir litir

Jólakúlur 7 cm 12 stk.
**395**

Jólakúlur 7 cm 6 stk.
**195**
Margir litir



Jólatré 120 cm
**750**

Jólatré 150 cm
**1.250**



Djús/ávaxtablandari með glerkönnu, mylur ís, 400w 1,3l.
**3.990**

## Jólagjöfin í ár!

### Lavor háþrýstidæla STM 160

Made by Lavor

- 160 bar Max
- 8,5 lítrar/mín.
- 2500W
- Pallabursti
- 8 metra slanga
- Turbo stútur
- Þvottabursti

**28.990**





Cyclon ryksuga Model-LD801
- 2200W
- 3 lítrar
- Sogkraftur > 19KPA
- raf snúra 4,8 metrar

**9.890**



Tactix bita/topp-lyklasett 55 stk.
**3.790**



3 metra raf-magnssnúra
**1.090**

2 metra raf-magnssnúra
**790**



LED Þríhyrningsljós
**990**

ZB2105 LED ljós með hleðslustöð
**4.490**

Fjöltengi 3 innstungur
**625**

10 metra raf-magnssnúra
**2.590**



Rafhlöðuborvél /skrúfvél HDD 3213 18V DIY
**8.990**

ALB10DAS 10,8V Li-Ion Bor/skrúfvél 1,4Ah 30Nm
**11.990**

Drive 12V Li Ion rafhlöðuborvél
**5.990**



Límbyssa í tösku
**1.590**



Flex ljósahundur með hleðslurafhlöðu
**3.995**

Drive útdraganlegt rafmagnskefli 15 metra
**12.990**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# Ódýr aðgerð og skilar fljótt miklu

Ísland sótti það fast á vettvangi Sameinuðu þjóðanna fyrir nokkrum árum að endurheimt votlendis væri tæk aðgerð til að standa við skuldbindingar í loftslagsmálum. Hér heima ríkti þögn um málið þó fjölmörg rök stæðu til annars. Málið virðist loks komið á dagskrá löggjafans.


**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is




Helstu möguleikar Íslendinga til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda liggja í endurheimt votlendis. Tæknilega er sú aðgerð einföld, og ódýrari en flestar aðrar sem lúta að þessu markmiði.

Það vekur því furðu hversu lítill gaumur þessari leið er gefinn hérlendis í ljósi þess að Ísland gerði að tillögu sinni á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, og fékk samþykkt, að endurheimt votlendis væri tæk loftslagsaðgerð.

### Samanburður marklaus

Heildstæð mynd af þeim möguleikum sem Íslendingar hafa til þess að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda fékkst með úttekt sérfræðinganefndar sem skilaði Svandísi Svavarsdóttur, þáverandi umhverfisráðherra, niðurstöðum sínum árið 2009. Þar lá fyrir ítarleg greining á tæknilegum og hagrænum þáttum þessa risavaxna viðfangsefnis hér á landi og á heimsvísu.

Í skýrslunni kemur fram, að gróður- og skógareyðing og framræsla votlendis hér á landi er slík að allur samanburður við önnur lönd í því tilliti er marklaus. Ekkert af okkar nágrannalöndum hefur búið við jarðvegseyðingu sem er eitthvað í líkingu við það sem átt hefur sér stað hér á landi.

Þar segir ennfremur að sú tegund landnotkunar sem orsakar mest útstreymi gróðurhúsalofttegunda séu framræstar mýrar, en eins og Fréttablaðið hefur fjallað um að undanförnu þá var helmingur allra votlendis á Íslandi þurrkaður upp með framræslu til að auka framleiðni í landbúnaði. Allur samanburður á hlutfallslegu útstreymi vegna landnotkunar er því til lítils annars en að undirstrika sérstöðu Íslands.

### Baráttumál Íslands

Þessi sérstaða kemur fram m.a. í því að Ísland er eitt fárra landa sem hafa landgræðslu á lista yfir mótvægisaðgerðir við útstreymi gróðurhúsalofttegunda til að standa við skuldbindingar í loftslagsmálum. En sérstaðan kristallast kannski enn frekar í því að Ísland gerði fyrir margt löngu að tillögu sinni að endurheimt votlendis teldi sem mótvægisaðgerð gegn losun gróðurhúsalofttegunda innan Kyoto-bókunar Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Á loftslagsráðstefnunni í Cancún í Mexíkó árið 2011 fékkst þetta samþykkt og öðlaðist fullt vægi með samkomulagi um framhald Kyótó-bókunarinnar nokkru síðar – en samkomulagið gildir til ársins 2020. Má hafa hugfast að um var að ræða fyrstu breytingu á aðferðafræði Kyoto frá því bókunin tók gildi árið 2005. Málið vakti því athygli á sínum tíma, og ekki síður á því að framræst land víða um heim losar meira á heimsvísu en öll flugumferð í heiminum – sem sýnir mikilvægi þessa máls í samhengi loftslagsmála.

### Miklir möguleikar

Hlynur Óskarsson, dósent og deildarforseti umhverfisdeildar Landbúnaðarháskóla Íslands, segir mikilvægi þess að aðgerðin fékkst samþykkt á alþjóðavettvangi verulegt. „Þetta býður upp á mikla möguleika í framhaldinu. Hingað til hefur ríkið ekki sett fjármagn í endurheimt votlendis, en þessi mikla áhersla á málið á alþjóðavettvangi hlýtur að benda til þess að það standi til bóta, ekki var öllum þessum tíma og kröftum varið í málaflokk sem stjórnvöld ætla sér ekkert með,“ segir Hlynur.

Íslensk stjórnvöld samþykktu aðgerðaáætlun í loftslagsmálum haustið 2010. Áætlunin er hugsuð sem tæki til að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og að standa við alþjóðlegar skuldbindingar. Ein af tíu aðgerðum sem þar eru tilgreindar lýtur að endurheimt votlendis.

Í rökstuðningi segir að ljóst sé að verulegur ávinningur geti orðið af endurheimt votlendis og að auki sé slík endurheimt æskileg af öðrum orsökum, s.s. til að vernda líffræðilega fjölbreytni, enda hafi meirihluti votlendis á láglendi verið ræstur fram.

Hlynur tekur undir það sjónarmið sem kemur fram í áætlun stjórnvalda að vel þurfi að undirbúa slíkar aðgerðir og nauðsynlegt sé að koma á fót góðu yfirliti yfir bæði óraskað og framræst votlendi og hvatakerfi til endurheimtar og gera áætlun um endurheimt. Óvíst sé hversu mikill hluti framræsts votlendis henti til endurheimtar. Í forgangi yrðu svæði þar sem lítil eða engin landbúnaðarnot eru nú og verulegur ávinningur gæti verið af fyrir líffræðilega fjölbreytni.

### Verðum að fara varlega

„Hér er mikilvægt að fara varlega, og gera ekki sömu mistök og þegar svæðin voru ræst fram. En á það hefur þó verið bent af sérfræðingum að endurheimta mætti allt að þúsund ferkílómetra án þess að það komi niður á annarri landnýtingu, s.s. landbúnaði. Svo virðist sem kostnaðurinn við slíka aðgerð sé minni en við margar aðrar til að draga úr losun,“ segir Hlynur.

Hér má hnykkja á því að samkvæmt mati Jóns Guðmundssonar, lektors við Landbúnaðarháskóla Íslands, og fleiri vísindamanna, eru tún og akrar á framræstu landi einungis um 500 ferkílómetrar. Þessi niðurstaða er önnur ef tekið er mið af tölum frá Bændasamtökum Íslands sem gera ráð fyrir að um 1.200 ferkílómetrar af framræstu landi séu tún og annað ræktað land. Bæði vísindamenn og samtök bænda eru hins vegar sammála um að þúsund ferkílómetrar séu hálfgert „einskismannsland“, í þeim skilningi að hagsmunir fárra bindast því landi til beinna nota.

### 900 kall

Kostnaður við að endurheimta land var hins vegar viðfangsefni sérfræðinganefndar Svandísar sem skilaði af sér 2009. Snorri Baldursson þjóðgarðsvörður fjallaði nýlega um þetta atriði í grein í Kjarnanum þar sem hann benti á að hvert tonn bundins kolefnis kostar um 900 krónur í framræsluverkefnum en 1.300–1.500 í landgræðslu og skógrækt. „Séu þessir útreikningar réttir er hagstæðast fyrir ríkið að leggja fé í endurheimt votlendis til að ná markmiðum í loftslagsmálum,“ skrifaði Snorri og bætti við á öðrum stað í greininni að Ísland og Evrópusambandið hefðu í sumar samið um sameiginleg markmið í loftslagsmálum í anda Kyoto-bókunarinnar. Samkvæmt samningnum þarf nettólosun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi að dragast saman sem nemur um 860 þúsundum tonna koltvísýrings til ársins 2020, eða sem nemur um 31% af núverandi losun. Og títtnefndir þúsund ferkílómetrar koma aftur við sögu í grein Snorra.

„[...] áætlað er að um fjórðung ur framræsts lands sé ekki nýttur með beinum hætti til fóðurframleiðslu eða beitar og því sársaukalaust fyrir bændur og aðra landeigendur að endurheimta þann hluta. Sé gert ráð fyrir að þessi fjórðungur framræsts lands verði endurheimtur á allra næstu árum má draga úr losun árið 2020 sem nemur um 400 þúsund kolefnistonnum og þar með næst að uppfylla helming Kyotomarkmiðsins.“

### Dagurinn í dag

Eins og fram kom nýlega hefur Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, ákveðið að hefja vinnu við frumvarp að nýjum lögum um landgræðslu. Sú lagasetning hefur staðið í mörgum ráðherranum enda hafa allar tilraunir til þessa runnið út í sandinn síðustu áratugina. Núgildandi lög voru staðfest í apríl 1965. Það hefur ekki farið eins hátt að Sigurður hefur boðað hagsmuna- og fagaðila til samráðs um mótun aðgerðaáætlunar varðandi endurheimt votlendis, sem tengist væntanlega vinnunni við endurskoðun landgræðslulaganna beint. Markmið starfsins verður að kortleggja nánar hvaða svæði koma til greina til endurheimtar votlendis án þess að skaða hagsmuni annarrar landnotkunar.

Fyrir liggja svo tillögur starfshóps vegna nýrra laga um landgræðslu. Þar er sérstaklega nefnt að endurheimt votlendis er verkefni sem ekki hefur haft lagastoð. Nefndin leggur til að þessu verði breytt og endurheimt votlendis verði sérstakt lögbundið viðfangsefni. Þar verði Landgræðslu ríkisins falið það hlutverk í lögum að hvetja til og bera ábyrgð á verkefnum sem tengjast endurheimt votlendis.



**Á SNÆFELLSNESI** Með endurheimt votlendis er leitast við að færa land í átt til fyrra horfs og skapa fyrri lífsskilyrði fyrir gróður og dýr. Skilyrði þess er að vatnsbúskapur á svæðunum verði í líkingu við það sem áður var. Með tímanum bindur votlendið kolefni í stað þess að losa það út í andrúmsloftið. MYND/ÁSKELL ÞÓRISSON



> **Varðandi þessi framræstu svæði sem ekki eru í beinni nýtingu má spyrja sig: Hvers vegna ættum við að endurheimta svæði sem við höfum þegar kostað fjármunum til við að ræsa fram; er ekki betra að geyma svæðin í þessu ástandi? Málið er að sem aðildarþjóð að Ríó-sáttmálanum ber okkur að nýta auðlindir á sjálfbæran hátt og að „geyma“ svæðin í þessu ástandi er ekki sjálfbært; svæðin losa frá sér mikið magn koltvísýrings, styðja lítt við líffræðilegan fjölbreytileika og þeim hnignar stöðugt hvað varðar frjósemi.**
>
> *Hlynur Óskarsson, dósent við Landbúnaðarháskólann.*




**FRAMRÆSLUSKURÐUR** Skurður sem þessi veldur því að aðeins regnvatns nýtur á stóru svæði – og því rýrnar frjósemi landsins hægt og bítandi. MYND/LANDGRÆÐSLAN

## Mikið og margvíslegt gildi votlendis

Votlendi sem landslagseining hefur mikið og margvíslegt gildi. Þannig getur votlendi haft afgerandi áhrif á hringrásir vatns og næringarefna, jafnframt því að auka verulega við líffræðilega fjölbreytni viðkomandi svæðis. Mikilvægi votlendis er flokkað á eftirfarandi hátt:

- Vatnsfræðilegt gildi: Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn, en miðla vatni frá sér í þurrkatíð. Á þann hátt viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í lækjum og ám, en jafnt rennsli straumvatna er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa, s.s. laxfiska.
- Næringarefnafræðilegt gildi: Við vöxt taka jurtir til sín koltvísýring úr andrúmslofti. Við niðurbrot jurtaleifa skilar koltvísýringurinn sér út í loftið aftur. En vegna hárrar jarðvatnsstöðu mýra er niðurbrot jurtaleifa hægfara og afleiðing þess er sú að með tímanum safnast jurtaleifar fyrir og mynda mólög. Mýrar hafa því að geyma óhemju magn af kolefni og allar breytingar í kolefnisbúskap þessara vistkerfa því mikilvægar á hnattræna vísu.
- Vistfræðilegt gildi: Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Tilvist votlendis eykur því verulega við líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.

*Heimild: Nefnd um endurheimt votlendis*

# SÍÐUSTU JÓLATILBOÐIN

**Sparið allt að 50%** á völdum vörum
**18.-21. desember**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast



-50%
**2.249**
SPARIÐ 2.250

471553
**TRIX-SNJÓHJÓL**
Venjulegt verð 6.499
Listaverð 4.499




089956
**BABY BORN GAGNVIRK DÚKKA**
Venjulegt verð 9.999
Listaverð 7.999

-50%
**3.999**
SPARIÐ 4.000




-40%
**11.999**
SPARIÐ 8.000

155051
**SUMARREIÐSKÓLI**
Venjulegt verð: 19.999



-50%
**2.499**
SPARIÐ 2.500

130315
**STÓRT HAPPY HOUSE MATARSETT**
Venjulegt verð 4.999




-36%
**6.999**
SPARIÐ 4.000

116227
**SJÓRÆNINGJASKIP**
Venjulegt verð 12.999
Listaverð 10.999



-50%
**3.499**
SPARIÐ 3.500

144042
**FLJÚGANDI ÁLFADÍS SEM LÝSIR**
Þarf 6 AA-rafhlöður.
Venjulegt verð 7.999
Listaverð 6.999



-50%
**3.499**
SPARIÐ 3.500

181532
**ATMOSPHERE ÖXULKÚLA**
Venjulegt verð 6.999




-50%
**1.649**
SPARIÐ 1.650

024324
**JAFNVÆGISLEIKUR**
Venjulegt verð 3.299

Tilboðin gilda til og með 21.12.2014. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

ToysRUs
IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!



nuvi 2589LMT
Leiðsögutæki
Bjartur og góður 5" skjár
Evrópukort - lífstíðar uppfærsla
Umferðaviðvörun
Handfrjáls búnaður fyrir síma
GARMINBÚÐIN
Ögurhvarfi 2, Kópavogi
s. 577-6000 | www.garmin.is
Opið mán. til fös. 10-18
Helgina 20. og 21. des 10-18


Miðað við aðsókn í réttindanám nást lögbundin markmið um leikskóla ekki á þessari öld:

# Leita á leiða til að fjölga leikskólakennurum

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Samband íslenskra sveitarfélaga sendi í byrjun mánaðarins framkvæmdastjórum sveitarfélaga bréf þar sem þau eru hvött til að leita leiða svo fjölga megi leikskólakennurum í leikskólum landsins.

Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla fagna þessari áherslu og vonast til þess að sveitarfélög fari í markvissar aðgerðir til að svo megi verða. Þetta kemur fram í ályktun fundar félaganna frá 11. þessa mánaðar.

Í hvatningarbréfinu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er bent á þá staðreynd að einungis þriðjungur starfsfólks á leikskólum hafi leikskólakennaramenntun. „Og miðað við aðsókn í leikskólakennaranám undanfarin ár mun ekki takast að uppfylla lagaskyldur stjórnvalda, um að tveir þriðju hlutar starfsmanna leikskóla séu með leikskólakennaramenntun, á þessari öld,“ segir í upphafsorðum bréfsins.

Bent er á að leikskólastigið sé eina skólastigið á Íslandi sem líði fyrir skort á kennurum. „En úr því má bæta meðal annars með því að nýta fjölbreyttan bakgrunn leiðbeinenda og skapa þeim aukna möguleika til að mennta sig til starfa á leikskólum,“ segir í bréfi Sambandsins. - óká


**Í LEIKSKÓLANUM** Aðalheiður Jensen jógakennari kennir þriggja ára börnum jóga í leikskólanum Öskju. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framsýn krefst leiðréttingar:

## Launin hækki um þriðjung

**KJARAMÁL** Framsýn stéttarfélag telur samræmda launastefnu halda niðri launum í þeim greinum atvinnulífsins sem hafi haft burði til að greiða hærri laun en raun ber vitni.

Framsýn segir láglaunafólk eiga rétt á leiðréttingu í næstu kjarasamningum. Ótrúlegt sé að ráðamenn segi allt fara á hliðina með hækkun lægstu launa en þegi er laun hátekjufólks hækki. Hækki lágmarkslaun ekki úr 201.317 í 261.712 krónur á mánuði sé engin ástæða til að fagna með vöfflukaffi. - jóe


FRÍ HEIMSENDING
AF ÖLLU Á MATSEÐLI
banthai.is/menu_nanathai
na na thai
Skeifan 4, 108 Rvk. • S : 588-1818 • nanathai@yummy.is


# Úthýst af leikskólum ef gjöld eru ógreidd

Fulltrúi Samfylkingar í fræðsluráði Hafnarfjarðarbæjar lagði fram fyrirspurn um hversu algengt það væri að börn misstu leikskólapláss vegna vangoldinna leikskólagjalda. Fræðslustjóri bæjarins segir dæmi um það en það sé afar sjaldgæft.

**SAMFÉLAGSMÁL** Það hefur gerst að börn missi leikskólapláss vegna vangoldinna leikskólagjalda bæði í Hafnarfirði og Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg hafa um það bil sjö börn hætt í leikskóla á árunum 2012-14 í kjölfar verulegra vanskila. Fimm þeirra hófu leikskólavist að nýju þegar samið hafði verið um greiðslu. Innheimtureglur Reykjavíkurborgar kveða á um að leikskólaþjónustu skuli sagt upp þegar um veruleg vanskil er að ræða. Lendi foreldrar í vanskilum með leikskólagjöld er þeim bent á að tala við félagsráðgjafa á þjónustumiðstöðvum borgarinnar og þá frestast uppsögn til þess að hægt sé að vinna í málinu og leita lausna en fresturinn getur að hámarki verið þrír mánuðir. Ef foreldrar geta ekki greitt þá er lögð fram beiðni til afskriftarnefndar um að afskrifa vanskilin. Það er þá yfirleitt gert gegn því að viðkomandi skuldbindi sig til að standa við greiðslur áfallandi gjalda í að minnsta kosti sex mánuði. Hátt í tíu forsjáraðilar leikskólabarna hafa fengið slíka afskrift á þessu ári hjá Reykjavíkurborg.

Fulltrúar minnihlutaflokka í fræðsluráði Hafnarfjarðar lögðu fram fyrirspurn á fundi þess á mánudag þar sem spurt var um hvort einhver dæmi væru um það að börnum væri úthýst úr leikskólum bæjarins vegna vangoldinna leikskólagjalda. Einnig var spurt hvort einhverjum börnum hefði verið vísað af frístundaheimilum af sömu ástæðu.

„Við höfum dæmi um þetta og þess vegna erum við að leggja þetta fram. Þetta er tímaskekkja og við þurfum að taka okkur saman í andlitinu og gera eitthvað í þessu,“ segir Adda María Jóhannsdóttir, fulltrúi Samfylkingar í fræðsluráði Hafnarfjarðarbæjar.


**LEIKSKÓLABÖRN** Fulltrúi Samfylkingar í fræðsluráði Hafnarfjarðar spurði hvort börn hefðu misst pláss á leikskóla eða frístundaheimilum vegna vangoldinna gjalda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**ADDA MARÍA**

Magnús Baldursson, fræðslustjóri Hafnarfjarðarbæjar, staðfestir að upp hafi komið dæmi þar sem barn hafi misst pláss af þessum ástæðum en það sé mjög sjaldgæft. „Þetta hefur gerst en er ekki algengt. Við miðum við þriggja mánaða skuld án þess að það sé samið um greiðslur.“ Hann segir alltaf reynt að semja um greiðslur skuldar áður en barnið missi plássið og dæmin séu ekki mörg. „Þetta er mjög sjaldgæft,“ segir Magnús.

Adda María segist hafa lagt fram fyrirspurnina vegna þess að hún hafi heyrt dæmi um það að leikskólabörn hafi misst pláss sitt á leikskóla vegna vangoldinna leikskólagjalda.

„Ég býst ekki við því að dæmin séu mörg en þetta á ekki að vera svona árið 2014. Þarna hljóta að vera einhverjar skýringar að baki og spurning hvort það sé eitthvert annað kerfi innan bæjarins sem eigi að taka á þessu svo það bitni ekki á börnunum. Nú ímyndar maður sér að þetta séu fjölskyldur sem eigi í fjárhagserfiðleikum og við erum með batterí til aðstoðar slíkum fjölskyldum. Við hljótum að þurfa að endurskoða eitthvað þessa verkferla,“ segir Adda María. viktoria@frettabladid.is


BIRTING LÝSINGAR

Tilkynning um birtingu þriggja lýsinga sem gerðar eru í tengslum við umsókn um töku skuldabréfa til viðskipta

Arion banki hf. birti þrjár lýsingar þann 17. desember 2014, í tengslum við umsókn um töku samningsbundinna sértryggðra skuldabréfa til viðskipta hjá NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingarnar eru dagsettar 17. desember 2014, gefnar út á ensku og birtar á vefsíðu Arion banka, http://www.arionbanki.is/english/about-us/investor-relations/debt-investors/. Umsókn hefur verið send til NASDAQ OMX í Reykjavík og mun NASDAQ OMX tilkynna um töku til viðskipta með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Lýsingarnar eru gefnar út með rafrænum hætti og má nálgast þær hjá Arion banka næstu 12 mánuði. Hægt er að óska eftir afriti af lýsingunum á pappírsformi með því að senda póst til Arion banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Útgefin skuldabréf eru kr. 68.760.853.461 að nafnverði. Skuldabréfin voru upprunalega gefin út af Kaupþingi banka hf. en síðar yfirtekin af Arion banka hf. Skuldabréfin eru verðtryggð með föstum vöxtum. Til tryggingar réttum efndum skuldabréfanna stendur sjóðurinn Arion Bank Mortgages Institutional Investor Fund (ABMIIF) sem rekinn er af Stefni hf. Eignir sjóðsins eru að meginhluta fasteignalán en einnig innlán. Tilgangur sjóðsins ABMIIF er að verja fjármunum sínum til kaupa á íbúðalánum af Arion banka hf. og dótturfélögum, í samræmi við fyrirkomulag um útgáfu samningsbundinna sértryggðra skuldabréfa. Einnig ábyrgist sjóðurinn allar greiðslur vegna útgáfu Arion banka hf. á samningsbundnum sértryggðum skuldabréfum í samræmi við skilmála í fyrirkomulagi um sértryggð skuldabréf sem sjóðurinn er aðili að. Arion banki hf. er skuldbundinn til að halda eignastöðu sjóðsins yfir ákveðnum mörkum á meðan skuldabréfin eru útistandandi.

Frekari upplýsingar um Arion banka hf. og ABMIIF sjóðinn er að finna á heimasíðu Arion banka, www.arionbanki.is og www.arionbanki.is/bankinn/fjarfestatengsl/skuldabrefa-fjarfestar/.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, forstöðumaður samskiptasviðs Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.

Reykjavík, 18. desember 2014

Arion banki


Greiða 75 milljónir í síðdegishressingu á frístundaheimilum borgarinnar:

# Dýrt miðað við leikskólafæðið

**FÉLAGSMÁL** Foreldrar munu greiða 178,5 krónur á dag fyrir síðdegishressingu barna sinna á Frístundaheimilum borgarinnar á meðan 280 krónur fara í fæði leikskólabarna. Foreldrar hafa á árinu greitt 75 milljónir í síðdegishressingu og af þeirri upphæð hafa 62 milljónir farið í matarinnkaup.

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015 hækka gjaldskrár frístundaheimila og frístundaklúbba um 3,4 prósent frá og með 1. janúar 2015. „3,4 prósent er áætluð hækkun neysluvísitölu útreiknuð í júlí 2014 fyrir árið 2015 þegar vinna við fjárhagsáætlun stóð yfir,“ segir Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri Skóla- og frístundasviðs hjá Reykjavíkurborg.

Bæði vistunargjald og gjald fyrir síðdegishressingu hækkar um 3,4 prósent. Vistun 5 daga hækkar í 12.350 úr 11.940 og síðdegishressing í 3.570 úr 3.450 krónum.

Gjald fyrir síðdegishressingu verður því 178,5 krónur á hvert barn.

Töluvert hefur verið rætt um kostnað máltíða í vistun barna á vegum Reykjavíkurborgar. Áðeins eru áætlaðar 280 krónur til fæðis leikskólabarns. - kbg


**LEIKSKÓLABÖRN FÁ MINNA** Hér gæða leikskólabörn á Garðaborg sér á þorramat. Hlutfallslega minna er áætlað á börn á leikskólum en til að mynda á frístundaheimilum borgarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR JÓNASSON






# Úrvalið er í miðborginni!

## LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI YFIR JÓLIN

**Opið til kl. 22:00 alla daga til jóla og til 23:00 á Þorláksmessu.**

Ratleikur jólavættanna fáanlegur endurgjaldslaust í fjölmörgum verslunum miðborgarinnar. Veglegir vinningar. Leikur fyrir alla fjölskylduna!

Jólaalmanak Miðborgarinnar okkar er daglega á:
**facebook.com/midborgin**

Þú finnur jólagjafirnar hjá okkur!

**Næg bílastæði og þægileg bílastæðahús.**

BÍLASTÆÐASJÓÐUR ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

**VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM JÓLAHJARTAÐ SLÆR!**
**MIDBORGIN.IS — FACEBOOK.IS/MIDBORGIN — JOLABORGIN.IS**

MIÐBORGIN OKKAR

# DUTY FREE

## Góðar gjafir fyrir Jólin!



42"

FULLT VERÐ 129.990

DUTY FREE VERÐ 103.992

LG Life's Good

**LG 42LB561V**
42" Full HD sjónvarp með 1920 x 1080p Full HD upplausn. Triple XD Engine. Picture Wizard II. Stafrænn móttakari DVB-T2/C. CI kortarauf. 2x HDMI, USB o.fl.



32"

UNITED

FULLT VERÐ 59.990

DUTY FREE VERÐ 47.992

**UNITED LED32X162**
Einfalt og gott 32" sjónvarp með 1366x768p upplausn. Progressive Scan. Stafrænn DVB-T/T2 móttakari. USB, 3x HDMI, Scart, S-video, Digital Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi. CI kortarauf.



50"

Panasonic

FULLT VERÐ 189.990

DUTY FREE VERÐ 151.992

**Panasonic TX50AS500Y**
42" Smart VIERA LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn og 100 Hz Back Light Blinking. High-Contrast Filter. VIERA Connect - opinn netvafri. Swipe & Share 2.0. Þráðlaus Wi-Fi móttakari. Skype. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Apple eða Android síma- / spjaldtölvuapp. Media spilari / USB. 2x HDMI o.fl.



55"

LG

FULLT VERÐ 279.990

DUTY FREE VERÐ 219.992

**LG 55LB620**
55" Full HD sjónvarp með 1920x1080p upplausn. IPS panel. Triple XD Engine. 100 Hz MCI. Picture Wizard III. Cinema 3D. 2D to 3D. Stafrænn DVB-T2/C móttakari. DVB-S2 gerfihnattamóttakari. 3 x USB. 2 x HDMI. Upptökumöguleiki. Tvenn 3D gleraugu fylgja.

JBL by HARMAN

**SOUNDBAR HEIMABÍÓ**



FULLT VERÐ 79.990

DUTY FREE VERÐ 63.992

**JBL SB350**
320w SoundBar heimabíókerfi með 6,5" þráðlausum bassa. Dolby Digital Decoding. Bluetooth. HARMAN SOUND. Lærir á fjarstýringu sjónvarps. USB. HDMI o.fl.

LG Life's Good

**FLOWBAR HEIMABÍÓ**



FULLT VERÐ 159.990

DUTY FREE VERÐ 127.992

**LG LAS650M**
Þráðlaust 320w Music Flow WIFI Soundbar með 160w bassaboxi. Wifi. Ethernet. Bluetooth. 2 x HDMI. USB. Multi Room mode. Smartphone Remote App og NFC.

**20% DUTY FREE AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SONOS HÁTÖLURUM**



Spotify Google play

SONOS

**FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM**

Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er.

**3D FULL HD SKJÁVARPI**



EPSON

**Epson EHTW5200**
3D Full HD heimabíóskjávarpi með 1920x1080p upplausn og 2000 ANSI Lumen. Bright 3D. 16:9 hlutfall. 15,000:1 skerpa. Myndstærð frá 34" til 328". 2x HDMI o.fl. 3D gleraugu.

FULLT VERÐ 199.990

DUTY FREE VERÐ 149.990

# Sjónvarpsmiðstöðin




RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

*Jafngildir 20% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25% vörugjöld af þessum tækjum. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Sjónvarpsmiðstöðvarinnar. Í einhverjum tilfellum er verðlækkun enn meiri.

# Fangar í námi verða góðborgarar

**Ingis Ingason,** kennslustjóri FSu á Litla-Hrauni, lætur af störfum um áramót eftir áratuga uppbyggingarstarf. Hann hefur horft á eftir hnarreistum mönnum ganga út úr fangelsinu og verða góðborgarar í samfélaginu og trúir því að nám sé besta betrunin.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is





**FARSÆLT STARF** Ingis Ingason, kennslustjóri á Litla-Hrauni, lætur af störfum um áramótin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Mesta gleðin er fólgin í því að horfa á eftir manni ganga héðan út beinni í baki en áður og heyra svo af honum sem góðborgara í samfélaginu. Þeir eru nokkrir og tilhugsunin er verulega góð," segir Ingis Ingason, kennslustjóri FSu á Litla-Hrauni, sem kom fyrst að kennslu á þeim stað árið 1982 og hefur sinnt stöðu kennslustjóra frá árinu 1987.

Ingis lætur af störfum um áramótin eftir áratuga starf. „Mér finnst alltaf ánægjulegt þegar nemendur mínir ná góðum árangri. Maður reynir að hafa þá biblíuhugsun að vera ekkert að gráta þá 99 sauði sem týnast heldur gleðjast yfir þeim eina sem skilar sér aftur. Annars væri þetta dálítið erfitt."

Í desembermánuði hefur verið fjallað um menntamál fanga í Fréttablaðinu. Varpað hefur verið ljósi á skort á heildrænni stefnu og fjárskort sem háir málaflokknum. Staða náms- og starfsráðgjafa við fangelsin í landinu hafi verið skert um 50 prósent vegna niðurskurðar og sagt hefur verið frá mismunandi aðbúnaði fanga til náms eftir því hvar þeir afplána sinn dóm.

### Háskólinn á Litla-Hrauni

Ingis tekur á móti blaðamanni í skólanum á Litla-Hrauni sem samanstendur af fáeinum litlum skólastofum á litlum gangi gegnt fangaálmunum. Á ganginum úr álmunni yfir í skólastofurnar á sér stað hugarfarsbreyting, segir Ingis. „Bara við það að ganga yfir lóðina, þá eru þeir á leiðinni í fangelsinu í skólann. Það finnst þeim gott."

Á pappírsmiða á einni hurðinni stendur: Háskólinn á Litla-Hrauni. Þar er sérstök aðstaða fyrir þá nemendur sem stunda fjarnám við háskóla landsins. „Einstaka sinnum gengur þetta undir nafninu Georgsstofa," segir Ingis. „Við munið eftir Georg Bjarnfreðarsyni, með háskólagráðurnar fimm," segir hann og skellir upp úr.

### Kennt í hænsnakofa

Skólinn á Litla-Hrauni er deild frá Fjölbrautaskóla Suðurlands en samstarf Litla-Hrauns við skólakerfið byrjaði 1978 og þá við Iðnskólann á Selfossi. Kennt var í setustofu vistmanna í fangelsinu.

„Árið 1978 var ráðinn hingað kennari. Þá var gefinn hingað gamall hænsnakofi sem var innréttaður annars vegar sem íbúð fyrir hann og hins vegar sem kennslustofa. Það var stutt fyrir hann að fara í vinnuna," segir hann frá. Það er fyrir löngu búið að rífa hænsnakofann.

### Afleysing varð að ævistarfi

Ingis kom fyrst á Litla-Hraun árið 1981 til þess að aðstoða nemanda sem hafði verið í þýsku í MH en farið villur vegar. Sá hinn sami fékk fyrir góðan vilja kennarans síns að vera áfram innritaður í skólann og Ingis mætti til hans í fangelsið til að leggja fyrir hann próf í þýsku.

„Það var stuttu eftir að FSu varð til, þá gekk gamli Iðnskólinn á Selfossi inn í hann og nám fanga fylgdi með. Forveri minn varð við það starfsmaður Fjölbrautaskólans. Hann var sem slíkur alveg fram í nóvember 1986. Þá kom þáverandi skólameistari og minn fyrrverandi þýskukennari, Þór Vigfússon, og spurði hvort ég gæti leyst þennan mann af til áramóta. Ég taldi að það væri stutt í áramót, en ég held að þau séu loks að koma núna," segir Ingis og hlær enda varð nokkurra vikna afleysing að ævistarfi að hluta til. Lengst af var kennslustjórnunin aðeins 25 prósent starfshlutfall, en er nú komin upp í 50 prósent.

> **Maður reynir að hafa þá biblíuhugsun að vera ekkert að gráta þá 99 sauði sem týnast heldur gleðjast yfir þeim eina sem skilar sér aftur.**

### Fylgst vel með netnotkun fanga

Þeir sem stunda nám á Litla-Hrauni innritast á brautir við Fjölbrautaskólann. Þeir eru í raun við nám í FSu og teljast nemendur skólans og hér er stundað fullgilt nám. „Við erum með staðbundið nám, það koma fimm kennarar hingað reglulega auk mín í viku hverri. Við erum líka með íþróttahús. Íþróttakennarinn kemur einu sinni í viku og kennir verklegar og bóklegar íþróttir. Það er jafnframt æfingasalur þeirra."

Kennslan hefur þróast allmikið þau ár sem Ingis hefur starfað að málaflokknum. Nú gefst föngum kostur á að stunda fjarnám við FSu og ýmsa aðra skóla, jafnvel á háskólastigi. Notast er við rafrænt námsumhverfi, Moodle, og fylgst vandlega með samskiptum fanga innan þess kerfis. „Nemendur sem eru í fjarnámi hafa aðgang að netinu undir eftirliti mínu en með því skilyrði að þeir séu eingöngu að sinna náminu. Menn mega ekki einu sinni vera í póstsamskiptum við sína nánustu. Þetta er eingöngu bundið náminu."

### Þakkar afburðanemendum

Háskólanám á Litla-Hrauni hefur gengið vel vegna frammistöðu nokkurra afburðanemenda í afplánun.

„Við áttum verulega góðan kafla í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Það þakka ég Ágústi Þór Árnasyni. Hann var mikill driffjöður í að koma þessu á koppinn með okkur. Auðvitað skipti þar ekki minnstu máli að við vorum með afburðanemendur sem voru í námi hjá þeim. HA bauð upp á fjarnám, meðal annars í viðskiptafræði. Þessir drengir vildu fara í lögfræði. Þeir tóku reyndar bæði viðskiptafræði og lögfræði. Það varð úr að bjóða eingöngu þeim þetta fjarnám í lögfræði, það hefur haldist síðan einfaldlega vegna þess að þessir nemendur náðu svo frábærum árangri að menn voru tilbúnir að opna fyrir þennan möguleika.

Þetta voru tveir fangar sem lögðu stund á háskólanám í upphafi en nú er það á þriðja tug sem hefur stundað háskólanám frá Litla-Hrauni. Þetta hefur vakið verulega athygli kollega okkar erlendis. Alltaf á tveggja ára fresti eru ráðstefnur á vegum EPEA (www.epea.org), sem ég hef jafnan sótt og menn hafa ekki áttað sig á því hvernig hefur tekist að halda úti fjarnámi. Hvort þetta séu ekki örugglega glæpamenn sem eru hér," segir Ingis og brosir breitt.

> **Við erum ekki lengur fremst í flokki. Yfirvöld í öðrum löndum eru búin að átta sig á hagkvæmni þess að nota nám sem betrun.**

En forskotið sem Íslendingar höfðu um stund er liðið. „Við erum ekki lengur fremst í flokki. Yfirvöld í öðrum löndum eru búin að átta sig á hagkvæmni þess að nota nám sem betrun," segir Ingis og bendir á að nú dragi Íslendingar lappirnar og standist ekki ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar varðandi menntamál fanga.

### Nám er besta betrunin

Miklar viðhorfsbreytingar hafa orðið á þeim tíma sem Ingis hefur starfað með föngum. „Það voru til þau sjónarmið áður að það væri ástæðulaust að vera að púkka upp á þetta og eyða fjármunum í menntun fanga. Nú eru menn sammála um að nám sé besta betrunin. Tölfræðin sýnir að þeir sem ljúka skilgreindu námi koma síður aftur. Mjög margir sem eru í námi hér hafa flosnað upp úr venjulega skólakerfinu. Þegar þeir ná sínu fyrsta prófi hér, þá nær brosið yfir allt andlitið. Sem verður til þess að menn átta sig á því að þeir geta lært ef þeir vilja.

Það eru ýmsar ástæður fyrir því að menn lenda hér í fangelsi, ég held að braut sumra hafi verið mörkuð ansi snemma. Ég tel mig nú ekki forlagatrúar og vil ekki að menn rugli því saman en það kemur upp í hugann það sem Goethe sagði: Man könnte erzogene Kinder gebären, wenn die Eltern erzogen wären. Það mætti snúa á íslensku sem svo; uppalin börn mætti af sér fæða ef uppalda foreldra væri um að ræða. Hins vegar er ekki alltaf við foreldrana að sakast, það er langt í frá."

> **Hér hafa nemendur náð afburða einkunnum og eru stundum hæstir í faginu. En það er ekki svo að það sé vegna þess að þeir hafi meiri frið til að læra.**

### Hugurinn er utan múranna

Heyrst hefur að í skólanum á Litla-Hrauni séu stundum afkastamestu nemendur FSu.

„Einn nemenda okkar lauk 48 einingum á önn og 87 einingum á ári, það met stendur óhaggað. En hér hafa nemendur náð afburða einkunnum og eru stundum hæstir í faginu. En það er ekki svo að það sé vegna þess að þeir hafi meiri frið til að læra. Mesti misskilningur sem ég hef kannski upplifað er sá að hér hafi menn nógan tíma og geti einbeitt sér að námi. Það er nefnilega hægt að gera svo margt annað hérna en að læra. Ég held að það sé ekkert sérstaklega gott að einbeita sér hér. Hugurinn er utan múranna. Eitt er löngu fullreynt, maður reynir ekki að taka nemanda í próf stuttu áður en hann losnar. Má þá einu gilda hversu oft hann hefur losnað áður. Mjög margir sem hérna eru eiga við athyglisbrest að stríða, jafnvel ofvirkni líka og þurfa að hafa mikið fyrir árangri sínum."

Nú eftir áramót taka við önnur verkefni hjá Ingis. Hann ætlar sér að leiða þýskumælandi ferðamenn um landið.

„Ég hef starfað síðan 1985 sem leiðsögumaður með þýskumælandi ferðamenn, það er skemmtilegt starf ef félagsskapurinn er góður."

> **Eigum við ekki að orða það þannig að skólamál í fangelsum hafi ekki verið neitt sérstakt gæluverkefni íslenskra stjórnmálamanna.**

### Ekki gæluverkefni

Mestu vonbrigðin í starfinu segir Ingis tengd stjórnmálum og þeim viðvarandi fjárskorti sem menntamál fanga eru lituð af.

„Stjórnmálamenn eru í raun lítt tilbúnir til að sinna þessum málefnum þótt þeir segi það á tyllidögum. Eigum við ekki að orða það þannig að skólamál í fangelsum hafi ekki verið neitt sérstakt gæluverkefni íslenskra stjórnmálamanna," segir hann.

Að sögn Ingis þarf meiri náms- og starfsráðgjöf. Einnig sé mjög takmarkað framboð af verknámi. Lítið gagn sé í að hafa náms- og starfsráðgjafa, ef of litlu fé er varið til kennslunnar í fangelsunum.

„Það þarf að tryggja að fangar geti tryggt sér réttindi af stuttum námsbrautum. Þessi tregða, að búa til fagmenntað fólk af stuttum brautum, er skammsýni. Slíkt fyrirkomulag myndi hafa úrslitaáhrif. Það, sem hefur gengið vel, er samstarf skólans og fangelsisins. Það hefur ekki borið skugga á þetta samstarf síðan ég byrjaði. Ég fæ seint þakkað hvað ég hef verið lánsamur hvað það varðar," segir Ingis Ingason.

# SAMSUNG „TOPPAR" Í NÝJUNGUM



## Með barnahólfi

*Ný hönnun á íshólfi skápsins gefur meira rými. Gert er ráð fyrir sérstöku barnasvæði. Margar aðrar nýjungar sem koma við sögu, auk þess að uppfylla alla gæðastaðla um orkusparnað, hljóðstyrk og endingu, gera þennan ísskáp að framtíðarísskáp.*



- ***Tvöfallt kælikerfi***
- ***Mjög vel skipulagður.***
- ***Útdraganlegar hillur.***
- ***Tímalaus hönnun.***

*Vnr: RH57H90507F*
*Kælirými: 394 ltr.*
*Frystirými: 176 ltr.*
*Mál HxBxD: 177,4 x 91,2 x 72,1 cm.*

*Verð áður: 629.000,-*
**522.817,-**

# FRAMTÍÐIN ER HÉR



## Með nettengingu

*Þessi glæsilega þvottavél er búin mörgum nýjungum sem hvergi hafa sést áður samankomnar í einu tæki. Auk þess að uppfylla alla gæðastaðla um orkusparnað, hljóðstyrk og endingu, þá getur notandinn stýrt þvottavélinni með símanum sínum. Framtíðarþvottavél.*



- ***Mjög stór hurð.***
- ***EcoBubbles þvottatækni.***
- ***Mjög hljóðlát og sparneytin.***
- ***Ný og endurbætt demantstromla***

*Vnr: WW10H9600EW*
*Tekur 10 kg.*
*Vinduhraði: 1600 snúningar.*
*Mál HxBxD: 85 x 60 x 68 cm.*

*Verð áður: 299.900,-*
**248.917,-**

Verið velkomin í Samsung Setrið, sérverslun með Samsung vörur. Samsung hefur í um 70 ár starfað á ýmsum sviðum m.a. byggt skýjakljúfa, framleitt vinnuvélar, starfrækt hótelkeðjur og margt þeira. Nú er Samsung best þekkt fyrir hátæknivörur fyrir heimilið svo sem sjónvörp, hljómtæki, snjallsíma, myndavélar, fartölvur, prentara, kæliskápa, þvottavélar og margt þeira. Samsung vörur fást í um 20 verslunum um allt land.

**SAMSUNG SETRIÐ**

**SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is**
**Opið til kl. 21 alla daga til jóla.**

Allir aðilar útgerðar á Flateyri með í samningnum:

# Vilja kvótann saman

**SJÁVARÚTVEGUR** Allir sem sinna útgerð á Flateyri ætla að sækja í sameiningu um sértækan byggðakvóta sem í boði er á Flateyri.

Í síðustu viku sendu smábátasjómenn á Flateyri bréf til Byggðastofnunar þar sem þeir óskuðu eftir samstarfi. Guðmundur Björgvinsson, formaður Íbúasamtaka Flateyrar, sagðist vona að samvinna gæti myndast milli allra aðila á svæðinu.

Fyrr í haust sleit Byggðastofnun samstarfi við Arctic Odda um vinnslu á bolfiski á Flateyri þar sem fyrirtækið hugðist hætta vinnslu á svæðinu. **- sa**



**FLATEYRI** Sátt er um veiðar og vinnslu bolfisks á Flateyri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Unnið er að því að auka hlutdeild í sölu á kosti til skemmtiferðaskipa:

# Samstarf skilaði 70% meiri sölu

**VIÐSKIPTI** Samstarf TVG, Ekrunnar, Gáru og fimm innlendra birgja hefur borið þann ávöxt að milli áranna 2013 og 2014 var 70 prósenta aukning í sölu fyrirtækjanna til erlendra skemmtiferðaskipa sem komu hingað til lands. Markhópurinn er smærri skemmtiferðaskip sem bjóða farþegum fyrsta flokks þjónustu, en átakið er undir merkinu Flavour of Iceland.

Fyrirtækin hófu samstarf í fyrra í kjölfar funda hjá Íslenska sjávarklasanum. Samstarfið felst meðal annars í gerð markaðsefnis og þátttöku í vörusýningum fyrir útgerðir skemmtiferðaskipa.

Áætlað er að um 100 skemmtiferðaskip komi til landsins á næsta ári og að farþegar þeirra verði um 100 þúsund talsins. Íslenski sjávarklasinn áætlar að kostnaður við fæði farþeganna meðan á Íslandsdvölinni stendur sé um 3-3,5 milljarðar króna. Á sama tíma hefur sala íslenskra fyrirtækja til skipanna aðeins numið um 300-400 milljónum króna. **- shá**




**Í HEIMSÓKN** Gert er ráð fyrir að 100 skemmtiferðaskip komi á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




MASTER® HITABLÁSARAR

**Þessir einu sönnu gæða hitablásarar.**
Bjóðum úrval alvöru hitablásara bæði fyrir gas og diesel/steinolíu.
Eigum líka hitastilla fyrir MASTER hitablásara.
Viðurkennd viðgerða- og varahlutaþjónusta.

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
Akureyri: Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
Vefsíða: www.thor.is




**Á AKUREYRI** Oddviti VG telur þurfa að fjölga félagslegum íbúðum og setja þá sem séu í mestri neyð í forgang. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Þriggja ára bið eftir félagslegu húsnæði

Akureyrarbær á tæplega þrjú hundruð félagslegar íbúðir til útleigu. 140 fjölskyldur og einstaklingar eru á biðlista eftir slíku húsnæði í bænum. Oddviti Vinstri grænna í bæjarstjórn telur þörf á að fjölga félagslegum íbúðum á vegum bæjarins.

**AKUREYRI** Allt að þriggja ára bið er eftir félagslegu húsnæði á Akureyri þrátt fyrir að bærinn eigi um 300 íbúðir til útleigu á félagslegum forsendum. 140 einstaklingar og fjölskyldur eru á biðlista.

Ekki er gert ráð fyrir fjölgun félagslegra íbúða í fjárhagsáætlun næsta árs hjá bænum en málið er þó til skoðunar að sögn formanns bæjarráðs.

Akureyrarbær býður upp á allar stærðir af íbúðum, frá tveggja herbergja íbúðum til fimm herbergja fyrir stórar fjölskyldur. Bærinn niðurgreiðir leigukostnaðinn að einhverju leyti og er því leigan í slíkum íbúðum lægri en á almennum leigumarkaði.

Lengsta biðin, samkvæmt húsnæðisdeild Akureyrarbæjar, er eftir tveggja herbergja íbúðum. Í þær íbúðir sækja einstaklingar og er biðin um þrjú ár. Um helmingur þeirra sem eru á biðlista á Akureyri eftir félagslegu úrræði eru að leita sér að tveggja herbergja íbúð.

Sóley Björk Stefánsdóttir, oddviti Vinstri grænna í bæjarstjórn Akureyrar, segir ástand félagslega kerfisins á Akureyri óboðlegt og huga þurfi að úrræðum. Hér sé um afar brýnan vanda að ræða og þurfi að fjölga íbúðum hratt til að ganga á biðlistann.

„Vandinn er sá að einstaklingar í mikilli neyð eftir félagslegri íbúð fara í sérstakan forgang. Þeim einstaklingum hefur fjölgað upp á síðkastið og þýðir það að einstaklingar og fjölskyldur sem eru ekki í bráðri neyð eftir félagslegri íbúð haggast ekki á biðlistanum og þurfa því að bíða mjög lengi eftir að komi að þeim," segir Sóley.



**SÓLEY BJÖRK STEFÁNSDÓTTIR** oddviti VG



**GUÐMUNDUR BALDVIN GUÐMUNDSSON** formaður bæjarráðs Akureyrar.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrar, segir þetta vera til skoðunar.

„Þetta er eitt af þeim málum sem við verðum að skoða. Við vitum af vandanum og þurfum að taka á honum með einhverjum hætti. Þessi mál verða rædd innan bæjarkerfisins. Við munum ekki horfa fram hjá þessum málaflokki, síður en svo," segir Guðmundur.

Sóley telur að þessi vandi geti einnig haft mikil áhrif á fólk sem ekki er að sækjast eftir íbúð.

„Við höfum séð dæmi þess að rígfullorðnir foreldrar séu orðnir þreyttir á þessu ástandi. Á heimilinu búa kannski ennþá geðfatlaðir einstaklingar komnir á fertugsaldur og þeir einstaklingar komast ekki í úrræði vegna þess að þeir eru ekki í bráðri neyð. Það er eins og eina ráðið sé að vísa þeim á dyr til að þeir fái úrræði fyrr," segir Sóley.

**sveinn@frettabladid.is**


MÖNDLUGRAUTURINN




Fjarstýrður Bíll 360° Twister.
Verð: 6.499.-

Ludo Frozen
Verð: 3.899.-

Eymundsson



gudsteinn.is



Jólagjöf herrans

Harris Tweed jakki 48.000 kr.

Peysa 9.900 kr.



stofnuð 1918

Laugavegi 34
101 Reykjavík
Sími: 551 4301

VERSLUN Guðsteins Eyjólfssonar sf


Vísindamenn hafa ekki haldbærar skýringar á sveiflukenndri viðkomu ýsu:

# Stór ýsuárgangur kemur á óvart

**HAFRANNSÓKNIR** Haldbærar skýringar á því af hverju stór ýsuárgangur mældist í haustralli Hafrannsóknastofnunar liggja ekki á lausu. Eina sem er í hendi er eðli ýsustofnsins hér og annarra í Norður-Atlantshafi.

Eins og greint hefur verið frá bendir fyrsta mæling á 2014-árgangi ýsu til að nú sé sex ára hrinu af mjög lélegum árgöngum lokið. Mældist 2014-árgangurinn sá næststærsti síðan haustrall hófst árið 1996 og einungis stóri árgangurinn frá 2003 mældist stærri í fyrstu mælingu árgangsins á sínum tíma. Vísbendingar eru því um að 2014-árgangur ýsu geti orðið stór eftir langvarandi lélega nýliðun.

Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar segja í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að eðli allra ýsustofna, sem reyndar finnast bara í Norður-Atlantshafi, sé að viðkoma þeirra er ætíð háð miklum sveiflum og orsökin fyrir því er óljós; umhverfisþættir allra þessara ýsustofna eru ekki málsins samkvæmt næsta ólíkir og þá er einnig ljóst að stærð hrygningarstofns hefur lítið með þessar sveiflur að gera.

Þannig kom stóri árgangurinn frá 2003 upp af hrygningarstofni sem var í meðallagi stór eða jafnvel minni en það eftir því hversu meðaltal er tekið af mörgum árum. **- shá**



**ÝSA** Síðast mældist svo góður ýsuárgangur fyrir rúmum áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

1 BÓKSÖLULISTINN Aðallistinn 8.–14. des. 2014

1 BÓKSÖLULISTINN Íslensk skáldverk 8.–14. des. 2014

1 BÓKSÖLULISTINN Uppsöfnuð sala frá áramótum

# VINSÆLASTA BÓK ÁRSINS!




★★★★

„Það sem er heillandi við skrif hans er hvernig hann fylgir lögreglurannsókn frá upphafi til enda á **mjög trúverðugan hátt** … það er nánast eins og Arnaldur hafi tekið þátt í rannsókninni …“

SÓLRÚN LILJA RAGNARSDÓTTIR / DV

★★★★

„Þetta er ekki aðeins glæpasaga heldur má flokka hana undir **fagurbókmenntir** …“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Það er **enginn íslenskur glæpasagnahöfundur sem gerir betur** en Arnaldur.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Arnaldur er **fantagóður** í þessari nýjustu bók sinni og fléttar saman alla þræði af mikilli list.“

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN



„Glæpamálið er ekki endilega í lykilhlutverki, áherslan er á að fjalla um samfélagið og rýna í ýmsar hliðar þess … Annað einkenni sem nýtur sín sérlega vel hér er hinn **meitlaði stíll** höfundar …“

ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

VAKA-HELGAFELL

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*

Magn eiturefna í eldisfiski hefur minnkað:

# Engum stafar hætta af neyslu fisks



**LAX** Jákvæð áhrif fiskneyslu á heilsufarið eru sögð vega upp á móti óverulegri hættu af neyslunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Neytendur þurfa ekki að hafa áhyggjur af eiturefnum í fiski. Þetta kemur fram í skýrslu norsku vísindanefndarinnar um matvælaöryggi sem kynnt var í vikunni og norskir fjölmiðlar greina frá.

Bent er á að fyrir átta árum hafi verið greint frá því að þeir sem neyttu yfir 400 g af feitum fiski á viku myndu fá í sig meira en hámarksviðmiðunarmagn af eiturefninu PCB og díoxínum. Nú er þess getið að magn eiturefna í eldisfiski hafi minnkað verulega síðustu átta árin, eða milli 50 og 70 prósent. Jafnframt að konur á frjósemisaldri og stúlkur þurfi ekki lengur að takmarka neyslu á feitum fiski eins og áður var ráðlagt.

Jákvæð áhrif fiskneyslu á heilsufarið eru sögð vega upp á móti óverulegri hættu af neyslunni. Niðurstaða vísindamanna er að neysla fisks valdi engum hópum hættu. Ófrískum konum er nú ráðlagt að borða meiri fisk. **- ibs**


BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi

STOFNAÐ 1939

# VINNINGASKRÁ

Hausthappdrætti 2014. Dregið 15. desember 2014

**1. vinningur:**
**Chevrolet Captiva LT, 2,2, L diesel, sjálfskiptur frá Bílabúð Benna. Verðmæti: 6.290.000 kr.**

76227

**2. vinningur:**
**Chervrolet Cruze LT 1,4l. beinskiptur. frá Bílabúð Benna. Verðmæti kr. 3.490.000**

80322

**3. vinningur:**
**Chervrolet Spark LT 1,2l. beinskiptur. frá Bílabúð Benna. Verðmæti kr. 1.990.000**

83506

**4 - 43. vinningur:**
**Ferðavinningar með leiguflugi frá Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 500.000**

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1632 | 15225 | 31264 | 40544 | 56032 | 78044 | 113665 | 130951 |
| 2974 | 16028 | 35835 | 46373 | 60919 | 79242 | 115877 | 133785 |
| 7391 | 16326 | 36460 | 49653 | 68617 | 88931 | 123758 | 137809 |
| 9859 | 16574 | 40044 | 54770 | 70650 | 90071 | 124342 | 150967 |
| 13948 | 29908 | 40468 | 54897 | 73382 | 107534 | 126925 | 152475 |

**44 - 103. vinningur**
**Ferðavinningar með leiguflugi frá Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 300.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2751 | 25196 | 40832 | 53183 | 68646 | 83547 | 98942 | 113034 | 129070 | 147430 |
| 3101 | 29550 | 41340 | 54786 | 70014 | 87446 | 102593 | 117181 | 129103 | 149232 |
| 6363 | 29921 | 43098 | 59196 | 71740 | 88111 | 103214 | 119469 | 130967 | 152689 |
| 12265 | 31413 | 48127 | 65904 | 77930 | 89927 | 103891 | 126387 | 137425 | 152889 |
| 12543 | 34458 | 52065 | 66528 | 79836 | 91707 | 108342 | 128311 | 145840 | 153953 |
| 25187 | 36115 | 52609 | 67876 | 80128 | 95990 | 108576 | 128923 | 146479 | 154362 |

**104 - 183. vinningur:**
**Samsung Galaxy S5, snallsími. Hver að verðæti 119.900 kr**

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2271 | 8773 | 21514 | 31893 | 49289 | 66392 | 79267 | 90392 | 98624 | 110918 | 118990 | 143057 |
| 2373 | 12555 | 23822 | 41374 | 51594 | 66602 | 79571 | 90494 | 103589 | 111998 | 120628 | 153592 |
| 2927 | 12925 | 24270 | 42215 | 51673 | 67403 | 79877 | 91346 | 104204 | 112853 | 122630 | 153726 |
| 3686 | 14299 | 25824 | 43973 | 55709 | 68599 | 79919 | 91614 | 106859 | 114248 | 125639 | |
| 5422 | 14731 | 26982 | 45128 | 56122 | 69083 | 84246 | 94605 | 106954 | 114735 | 131567 | |
| 7044 | 17563 | 27039 | 45191 | 58157 | 78700 | 88161 | 96146 | 109197 | 118415 | 132524 | |
| 7658 | 19315 | 31629 | 48100 | 62120 | 79081 | 89974 | 96375 | 110062 | 118443 | 142259 | |

**184 - 273. vinningur**
**Samsung Galaxy Tab 3, 8" 4G, spjaldtölva. Hver að verðmæti 69.900 kr.**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2032 | 15986 | 32789 | 49219 | 71929 | 91547 | 107956 | 130386 | 142787 |
| 2498 | 18683 | 33111 | 49602 | 72189 | 94171 | 108029 | 131757 | 144893 |
| 4020 | 22647 | 34537 | 50290 | 78415 | 96556 | 112523 | 131815 | 146011 |
| 6530 | 23595 | 36202 | 53986 | 82207 | 97874 | 115919 | 132426 | 149449 |
| 9633 | 23619 | 37494 | 54119 | 82882 | 98741 | 117715 | 133560 | 150089 |
| 12916 | 24157 | 37717 | 55958 | 83409 | 99390 | 118256 | 134021 | 150328 |
| 13133 | 25676 | 38399 | 57515 | 86452 | 102441 | 118427 | 136048 | 153141 |
| 13667 | 26716 | 42757 | 60111 | 86535 | 103132 | 119244 | 137708 | 153177 |
| 13903 | 29157 | 43461 | 67916 | 86562 | 104912 | 119308 | 139118 | 156174 |
| 14742 | 29833 | 44180 | 68983 | 87624 | 107196 | 122143 | 142702 | 156941 |

*Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17. Upplýsingasími 525 0000. Vinsamlega athugið, vegna mistaka við áritun happdrættismiða þá vantaði síðasta tölustafinn í gula reitinn á miðum með númer hærra en 99.999, rétt númer er læsilegt í OCR talnarununni á miðanum. Einnig er rétt happdrættisnúmer tengt við valkröfuna sem birtist í heimabanka. Birt án ábyrgðar.*





**JÓLAUNDIRBÚNINGUR** Mikilvægt er að væntingar til samverustunda um hátíðar séu raunhæfar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fleiri biðja um ráðgjöf eftir hátíðar

Yfir 400 fjölskyldur leituðu til Fjölskyldumiðstöðvarinnar á vegum Reykjavíkurdeildar Rauða krossins síðastliðið ár. Aðsókn eftir fjölskylduráðgjöf fer vaxandi.

Vonbrigði sem fylgja óraunhæfum væntingum geta leitt til aukinnar aðsóknar í fjölskyldumeðferð eftir stórhátíðar, að sögn Ragnheiðar Sigurjónsdóttur, forstöðumanns Fjölskyldumiðstöðvarinnar að Skúlagötu 21 sem Reykjavíkurdeild Rauða krossins rekur með aðkomu borgarinnar og velferðarráðuneytisins.

„Fjölskyldulífið og gleðin verður ekki alltaf í samræmi við væntingarnar og því fylgir þá oft depurð á eftir. Það er oftar haft samband við okkur eftir jól og aðrar stórhátíðir en á öðrum tímum," greinir Ragnheiður frá.

Síðastliðið ár leituðu yfir 400 fjölskyldur til Fjölskyldumiðstöðvarinnar en ráðgjöfin þar er án endurgjalds. „Fólk leitar til okkar með ýmis vandamál. Aðsóknin jókst til dæmis gríðarlega eftir hrunið. Það er meiri fátækt núna í þjóðfélaginu. Þeir sem hafa haft það gott hafa það betra en áður en aðrir eru verr staddir en áður. Fátækt reynir meira á sambandið og allt umhverfið. Fjölskyldan öll þarf meiri stuðning."

Yfirskrift Fjölskyldumiðstöðvarinnar er Betra fjölskyldulíf, að því er Ragnheiður bendir á. Veitt er ráðgjöf vegna samskiptavanda, uppeldis, skilnaðar- og forsjármála, vanlíðanar í skóla, vímuefna- og áfengisneyslu ungmenna, barna sem sýna andfélagslega hegðun og vegna geðrænna erfiðleika. „Við tökum oft alla fjölskylduna í meðferð," tekur Ragnheiður fram.

Á stórhátíðum leysist alls konar vandi úr læðingi, að sögn Ragnheiðar. „Fólk verður þá viðkvæmara og minningar streyma fram. Fjölskyldan á bara að reyna að gleðjast saman og vera með raunhæfar væntingar til annarra í fjölskyldunni og sjálfs sín. Á þessum tíma er fólk meira saman og þá reynir meira á samskiptin. Oft er samskiptavandinn jafnframt meiri í stjúpfjölskyldum um hátíðar."

Á Fjölskyldumiðstöðinni starfa fjölskylduráðgjafar, félagsráðgjafar, sálfræðingar og geðhjúkrunarfræðingar. „Þeim sem hringja sjálfir og panta tíma hjá okkur fjölgar stöðugt en við þjónustum jafnframt alla skóla. Þjónustumiðstöðvar, heilsugæslan og Barnavernd vísa einnig fjölskyldum til okkar. Starfið miðar að því að styrkja fjölskyldur og leggja þeim lið við að leysa vanda sem fyrst svo koma megi í veg fyrir að mál þróist á verri veg," segir Ragnheiður.



> **Á þessum tíma er fólk meira saman og þá reynir meira á samskiptin. Oft er samskiptavandinn jafnframt meiri í stjúpfjölskyldum um hátíðar.**
>
> *Ragnheiður Sigurjónsdóttir*

Fjölskyldum er boðið upp á 4-6 viðtöl hjá ráðgjöfum Fjölskyldumiðstöðvarinnar. Þjónustan er opin öllum fjölskyldum og er þeim að kostnaðarlausu. Foreldrum og börnum stendur til boða að taka þátt í hópastarfi á vegum Fjölskyldumiðstöðvarinnar. Markmiðið er að styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu með umræðum og fræðslu í hóp með öðrum sem eru að fást við svipuð viðfangsefni í uppeldinu. Með hópastarfi unglinga er markmiðið að styrkja heilbrigða og jákvæða sjálfsímynd þeirra. **ibs@frettabladid.is**

Niðurstöður rannsóknar bandarískra vísindamanna á rottum:

# Skert minni af sykurneyslu

Mikil sykurneysla getur skert minnið. Vísindamenn við Háskólann í Kaliforníu í Bandaríkjunum rannsökuðu 76 rottur á mismunandi aldri sem þjálfaðar höfðu verið í að ganga gegnum völundarhús. Síðan var þeim gefin sykurlausn sem var 35 til 40 prósent af heildarkaloríuneyslu þeirra. Sykurneysla bandarísks tánings er um 17 prósent af heildarkaloríuneyslunni. Helmingur rottanna fékk, auk sykursins, mikið magn ómega-3 fitusýra, að því er segir í frétt á vef Sænska dagblaðsins.

Rotturnar sem eingöngu höfðu fengið sykur áttu í miklu meiri erfiðleikum með að rata í völundarhúsinu heldur en hinar sem höfðu bæði fengið sykur og ómega-3 fitusýrur. Vísindamennirnir komust einnig að því að rottunum sem voru á táningsaldri gekk verst á prófinu. Telja vísindamennirnir að það sé vegna bólgu í drekanum (hippocampus), það er að segja þeim hluta heilans sem stýrir minninu. Bent er á að hjá þeim sem eru með Alzheimer og aðra minnissjúkdóma séu oft skemmdir í drekanum.

Haft er eftir einum vísindamanninum að heilinn sé sérstaklega viðkvæmur fyrir innihaldi fæðunnar á mikilvægu skeiði í þroska hans, eins og til dæmis á táningsárunum. **- ibs**



**SÆTINDI** Heilinn er sérstaklega viðkvæmur fyrir innihaldi fæðunnar á mikilvægu þroskaskeiði hans. NORDICPHOTOS/GETTY



nettó
Í JÓLASKAPI
Coca-Cola
5 heppnir vinningshafar
verða dregnir út í hverri Nettó verslun!
Að auki verða 20 heppnir sem vinna jólapakka frá Coke.
Jólaleikur Nettó
Kauptu kippu af 4x2L Coke* og þú getur unnið gjafabréf í Nettó fyrir sömu upphæð og þú verslaðir fyrir.
Þú kaupir kippu af 4x2L Coke*, skrifar nafn, símanúmer og netfang aftan á kassakvittun og setur í Coke kassann í næstu Nettó verslun. Á Þorláksmessu fá 5 heppnir í hverri Nettó verslun gjafabréf í Nettó fyrir sömu upphæð og er á kassakvittun.
DREGIÐ 23. DESEMBER 2014.
*Gildir um 4x2L Coke, Coke light eða Coke Zero á meðan birgðir endast.
Coca-Cola, the Contour Bottle and the Red Disc are registered Trademarks of The Coca-Cola Company.
www.netto.is
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Kortavelta ferðamanna eykst:

## Metaukning í síðasta mánuði

**VIÐSKIPTI** Greiðslukortavelta erlendra ferðamanna var tæpum þriðjungi meiri í nóvember síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra. Þetta kemur fram í tölum frá Rannsóknarsetri verslunarinnar.

Erlendir ferðamenn greiddu með kortum sínum nærri 6,5 milljarða króna en upphæðin í fyrra nam tæpum fimm milljörðum.

Tölurnar ná eingöngu til korta og því er ótalið það sem keypt var með beinhörðum peningum. - jóe

Rúblan féll áfram í verði þrátt fyrir stýrivaxtahækkun og hefur hún veikst um 52% gagnvart dollar í ár:

# Örþrifaráð Rússa virkuðu ekki sem skyldi

**RÚSSLAND** Rúblan, gjaldmiðill Rússa, hélt áfram að hríðfalla í verði og hefur hún fallið um tuttugu prósent í vikunni. Þegar verst lét fengust áttatíu rúblur fyrir dollarann en í upphafi árs fengust tæpar 33 rúblur fyrir dollarann. Þegar markaðir lokuðu fengust tæpar sjötíu rúblur fyrir dollarann. Ástæðan fyrir veikingunni er talin vera lækkun á heimsverði olíu.

Rússneski seðlabankinn greip til þess ráðs í fyrradag að hækka stýrivexti úr 10,5 prósentum upp í sautján prósent. Aðgerðin skilaði ekki tilætluðum árangri. Seðlabankinn hefur einnig varið stórum hluta af gjaldeyrisforða sínum til að stemma stigu við falli rúblunnar.

Erlend fyrirtæki fylgjast með ástandinu. Apple hefur til að mynda hætt netsölu á vörum sínum til landsins. Fyrir þremur vikum hækkaði fyrirtækið verð á iPhone 6 um 25 prósent en eftir að verðið er umreiknað í dollara hefur síminn engu að síður lækkað í verði.

Margir íbúar landsins hafa brugðið á það ráð að hamstra vörur áður en verð á þeim hækkar enn frekar. Þeirra á meðal er Elena, 36 ára stjórnandi fyrirtækis í Moskvu, en í síðustu viku keypti hún ríflega þrjátíu kíló af kjötvöru, tíu kíló af hveiti og mjöli auk fatnaðar og snyrtivara. Óvissan í landinu er gífurleg.

Óvíst er hvert næsta skref Vladimirs Pútín verður en líklegt þykir að Rússar muni grípa til þess ráðs að selja hluta gullforða síns. - jóe



**HÖFUÐVERKUR** Óvissan er gífurleg í Rússlandi og veit fólk ekki hvað skal gera. FRÉTTABLAÐIÐ/AP








**LAMBAKJÖT** Kjötvinnslufyrirtækið Norðlenska er með leyfi til útflutnings á sauðfjárafurðum til Rússlands en vill nú einnig fá að selja þangað svínakjöt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Um 50 fyrirtæki vilja selja Rússum matvæli

Rússnesk yfirvöld fara nú yfir umsóknir 51 íslensks matvælafyrirtækis um innflutningsleyfi til landsins. Mjólkursamsalan og Fjarðalax eru á meðal umsækjenda. Aukin eftirspurn er eftir íslensku svínakjöti í kjölfar innflutningsbanns Rússa.

**VIÐSKIPTI** Alls 51 íslenskt matvælafyrirtæki bíður nú ákvörðunar rússneskra yfirvalda vegna umsókna um innflutningsleyfi til Tollabandalags Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kasakstans. Mjólkursamsalan (MS), Fjarðalax, Stjörnugrís og Sláturhúsið á Hellu eru á meðal umsækjenda.

Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun höfðu 44 fisk-vinnslu- eða fiskeldisfyrirtæki sótt um innflutningsleyfi þegar sendinefnd tollabandalagsins kom hingað til lands um miðjan nóvember til að gera úttekt á fisk-, kjöt- og mjólkurframleiðslu. Tíu starfsmenn Matvælastofnunar Rússlands unnu úttektina, sem tók tvær vikur, en á þeim tíma tókst ekki að heimsækja alla umsækjendur. Matvælastofnun gerir ráð fyrir að umsóknirnar verði afgreiddar á fyrstu mánuðum næsta árs.

Einar Sigurðsson, forstjóri MS, segir fyrirtækið líta á Rússland sem framtíðarmarkað.

„Við erum að kanna aðeins möguleika á skyrútflutningi til Rússlands. Það hefur einnig verið töluverður áhugi þar fyrir fituríkum vörum, ostum og öðru slíku, en vegna söluaukningarinnar á þeim hér heima þá hyggjum við ekki á neinn slíkan útflutning á næstu misserum,“ segir Einar.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær hefur fall rúblunnar leitt til þess að íslenskir fiskútflytjendur ætla að gera hlé á útflutningi sínum til Rússlands. HB Grandi og Iceland Seafood eru þar á meðal en þau eru í hópi 82 íslenskra fyrirtækja sem eru nú þegar með leyfi til útflutnings á sjávarafurðum til Rússlands.

Einar segir ákvörðun MS um að sækja um leyfi ekki tengjast ákvörðun rússneskra yfirvalda um að setja innflutningsbann á flest ríki Evrópu, Noreg og Bandaríkin.

„Þetta var komið af stað áður en það gerðist og við fylgjumst með efnahagsástandinu í Rússlandi. Þetta er hins vegar stór framtíðarmarkaður og við viljum vera tilbúin með viðurkenningar fyrir mjólkurstöðvar fyrirtækisins.“

Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélags Íslands, segir rússneska kaupendur hafa sýnt íslensku svínakjöti aukinn áhuga eftir að innflutningsbannið tók gildi. Því hafi kjötvinnslufyrirtækið Stjörnugrís ákveðið að sækja um innflutningsleyfi.

„En svo vitum við ekkert hvernig þessu viðskiptabanni reiðir af og ef það fer eitthvað að rofa til í viðskiptum Evrópusambandsins og Rússa þá verður allt önnur staða uppi. En það gæti verið áhugavert að láta á þetta reyna og hvaða möguleikar eru þarna í stöðunni. Ég geri ráð fyrir að leyfið fáist afgreitt í byrjun næsta árs,“ segir Hörður. haraldur@frettabladid.is



> Við erum að kanna aðeins möguleika á skyrútflutningi til Rússlands. Það hefur einnig verið töluverður áhugi þar fyrir fituríkum vörum, ostum og öðru slíku.
>
> *Einar Sigurðsson, forstjóri MS*


Sumarblær- íslensk hönnun
ASA HÁLSMEN
19.300 kr.
ASA HRINGUR
13.400 kr.
ASA LOKKAR
7.800 kr.
DAISY HÁLSMEN
18.900 kr.
DAISY LOKKAR
21.900 kr.
DAISY HRINGUR
29.900 kr.
GEORG JENSEN
Glæsilegar jólagjafir
ARMANI
39.900 kr.
ARMANI
61.400 kr.
FOSSIL
26.700 kr.
FOSSIL
21.100 kr.
FOSSIL
29.700 kr.
KENNETH COLE
24.900 kr.
KENNETH COLE
24.900 kr.
MICHAEL KORS
48.900 kr.
MICHAEL KORS
53.200 kr.
MICHAEL KORS
54.100 kr.
SKAGEN
21.000 kr.
SKAGEN
24.800 kr.
TISSOT
45.000 kr.
MOVADO
89.300 kr.
CASIO
5.700 kr.
DANIEL WELLINGTON
24.500 kr.
DANIEL WELLINGTON
29.800 kr.
ROSENDAHL
24.900 kr.
Kíktu á úrvalið í vefverslunninni
okkar á michelsen.is
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is

Ísland sker sig víða úr í alþjóðlegum samanburði:

# Byggðaóskir en ekki byggðastefna

Niðurstaða sérfræðinga Evrópusambandsins í byggðamálum var skýr þegar staða Íslands var metin. Þeir komust að því að hér er engin byggðastefna. Þetta var fyrir þremur árum. Eitthvað hefur þokast fram á við. Búið er að breyta reglugerðum um meingallaðan byggðakvóta, ekki síst Raufarhöfn til hagsbóta. Og er það vel. En er rétt að hér sé ekki rekin byggðastefna?



Sigurjón Magnús Egilsson
sme@frettabladid.is

Þóroddur Bjarnason, félagsfræðiprófessor við Háskólann á Akureyri og stjórnarformaður Byggðastofnunar, sagði í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni í október 2011 að við höfum byggðaóskir, óskum þess að byggðir blómstri um land allt, en engar áætlanir, engin markmið, ekkert um hvaða leiðir við ætlum að fara, aldrei sé tekinn út ávinningurinn af því sem gert hefur verið og svo vonum við einatt að þetta blessist allt saman. Þannig er íslenska byggðastefnan í raun. Stefna sem segja má að sé ekki til.

Fyrri ríkisstjórn var með vísi að byggðastefnu, sóknaráætlun landshlutanna. Núverandi ríkisstjórn henti því plaggi út í hafsauga og boðar þess í stað í tillögum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar: „Við allar breytingar á stofnanakerfi og þjónustu ríkisins verði sérstaklega horft til þess möguleika að flytja opinber störf út á land.“ Hvergi er talað um hver hagræðing á að verða af þessu. Látum það liggja milli hluta. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir: „…auka verðmætasköpun og fjárfestingu og fjölga störfum á landsbyggðinni meðal annars með skattalegum hvötum.“ Og eins þetta: „Ljóst er að ákveðnar byggðir eiga við meiri erfiðleika að etja en aðrar. Gera þarf úttekt á þeim svæðum og móta tillögur um hvernig mæta má aðsteðjandi vanda.“

Þetta er stefna. Ekki skýr, en stefna. Hvernig kjörbúðarstefna norðvesturnefndarinnar samrýmist þessu er annað mál og vandséð. Fálmkenndir frekjutilburðir mega ekki og geta ekki talist stefna í byggðamálum. Þótt fólk sé ósammála aðferðinni sem beitt er í Fiskistofumálinu eða innkaupalista Skagfirðinga í norðvesturnefndinni, segir það ekkert um hug fólks til markvissrar og uppbyggjandi byggðastefnu. Hennar er þörf. Reyndar er merkilegt að fólk skuli tilbúið að beita sér af öllu afli til varnar nýjustu tíðindum af kaupstaðarferð þeirra framsóknarmanna.

Kröfur þeirra og illskiljanleg ákvörðun Sigurðar Inga Jóhannssonar ráðherra um Fiskistofu er ekki byggðaáætlun. Hér að ofan var vitnað í sáttmála ríkisstjórnarflokkanna. Þar stendur hvergi að nefndir héðan og þaðan eigi að fara til Reykjavíkur og taka til sín það sem hugurinn girnist. Sigurður Ingi ráðherra sagði nýverið að við ætluðum öll að byggja allt Ísland. Gott og vel, gerum það, en um leið skulum við gera þá kröfu til ráðafólks að það myndi stefnu í byggðamálum og leggi af byggðaóskir. Skyndireddingar eru einskis virði.

Byggðarlög hafa farið í eyði og svo mun gerast áfram. Hér er engin stefna um það frekar en margt annað. Þóroddur Bjarnason prófessor var nefndur á nafn hér að ofan. Hann og hans sjónarmið skipta máli og það er manna eins og hans að móta stefnuna. Ekki stjórnmálamannanna. Almennt er þeirra sjóndeildarhringur of þröngur. Eins og dæmin sanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Nýr geisladiskur

Halldór Haraldsson
*Píanóhugleiðingar*




POLARFONIA
Fáanlegur í öllum betri verslunum

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Evrópumeistarar í fjárlögum

Forðum var sagt; hverjum finnst sinn fugl fagur, þó hann sé bæði ljótur og magur. Þessi hending kom í hugann við þennan lestur: „Þetta eru sannkölluð endurreisnarfjárlög,“ sagði Sigmundur. Hann bætti við að frumvarpið myndi renna stoðum undir hagvöxt og að það að samþykkja hallalaus fjárlög væri einsdæmi í Evrópu.“ Auðvitað er átt við Sigmund Davíð Gunnlaugsson, sem finnur Íslandi oft stað meðal fremstu þjóða. Frægast er trúlega leiðréttingin, heimsmetið okkar. Og um fjárlögin og Sigmund, hann sagði einnig, að sjaldan hefði verið jafn mikil ástæða til að óska fólki til hamingju með nýsamþykkt fjárlög og nú.



### B-liðið, elítan og RÚV

Það blæs oft á Stórhöfða og ekki er logn þegar Elliði Vignisson tjáir sig. Elliða þykir ekki mikið til samstöðufundar um RÚV koma, sem hann kallar elítumiðil. Hann segir fleiri hafa mætt á bikarleik b-liðs ÍBV en á samstöðufundinn. „Ef til vill bendir það frekar til þess að RÚV sé að einangrast. Ná til minni og minni hluta þjóðarinnar. Sé að verða elítumiðill. Í ljósi þess að allir Íslendingar eru látnir greiða fyrir aðgengi að miðlinum þá þykir mér það slæmt. Jafnvel þótt sjálfur tilheyri ég þeim hópi sem þykir vænt um RÚV og sé dyggur notandi miðilsins.



### Engin endurreisn?

Katrín Jakobsdóttir, þingmaður og formaður Vinstri grænna, er ekki allskostar sátt við fjárlögin, alla vega langt í frá jafn sátt og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, sem talar um endurreisnarfjárlög. „Forsætisráðherra talar nú um „endurreisnarfjárlög“. Ég er hrædd um að venjulegt fólk líti ekki sömu augum á málið enda þarf það að borga meira fyrir mat og menningu, kemst ekki í framhaldsskóla eftir 25 ára aldur, þarf að horfa upp á niðurskurð á almannaútvarpinu og taka aukinn þátt í lyfjakostnaði. Og auðlegðarskattur er afnuminn og veiðigjöldin lækkuð enn meir. Hvílík „endurreisn“.“ Þannig skrifaði Katrín Jakobsdóttir.

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Höldum hagkerfinu gangandi

LANDBÚNAÐUR



**Hörður Harðarson**
formaður Félags svínabænda

Talsmenn verslunarinnar í landinu hafa að undanförnu beitt sér mjög gegn íslenskum landbúnaði í opinberri umræðu. Sætir furðu hversu óvægin sú herferð hefur verið. Þannig kom Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, fram í fjölmiðlum á dögunum og sagði að það eina sem skipti almenning máli þegar kemur að innkaupum væri vöruverð. Gæði, hollusta eða heilnæmi virtust engu máli skipta. Bætti hann svo við að ef innlendir aðilar gætu ekki keppt við verð sem erlendir aðilar bjóða þá væri allt eins gott fyrir þá að hætta sínum rekstri. Hvaða starfsemi yrði eiginlega eftir hér landi ef Ólafi yrði að ósk sinni?

Ekki er langt síðan Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) stóðu fyrir átakinu Það borgar sig að versla á Íslandi. Í kynningarefni þess segir meðal annars: „Þegar þú velur verslun og þjónustu á Íslandi heldurðu hagkerfinu gangandi.“ En það gæti einnig verið freistandi að setjast niður eina kvöldstund við tölvuna og kaupa allar jólagjafirnar í kínverskum netverslunum fyrir brot af því verði sem sambærilegar vörur kosta í verslun á Íslandi. Breytir engu þó þær vörur gætu reynst falsaðar eða óvandaðar ef við hugsum eingöngu út frá verði eins og Ólafur gerir. Fróðlegt er að spyrja: Hvernig tæki verslunin því ef samtök bænda færu í herferð fyrir því að verslað yrði eingöngu við netverslanir sem bjóða lægstu verðin?

Engum samtökum myndi detta í huga að leggjast í svo lágkúrulega herferð. Við svínabændur tökum heilshugar undir þennan málflutning SVÞ um mikilvægi þess að versla við innlenda verslun og það má auðveldlega heimfæra hann upp á okkar búskap. Innlend verslun skapar fjölda starfa og afleidd umsvif sem kemur okkur öllum til góða. Það kæmi ekki almenningi til góða ef verslun flosnaði upp í stórum stíl vegna flóðbylgju af ódýrum varningi að utan. Hið sama á við um landbúnað. Með því að kaupa innlendar landbúnaðarafurðir getur almenningur gengið að því sem vísu að um hágæða vöru sé að ræða enda starfa íslensk svínabú í samræmi við eina framsæknustu löggjöf í heiminum á sviði matvælaframleiðslu og dýravelferðar auk þess sem notkun sýklalyfja við eldið hér á landi er með því minnsta sem gerist. Þá sköpum við bændur mikinn fjölda beinna og afleiddra starfa með starfsemi okkar. Einnig væri nær fyrir Samtök atvinnurekanda að fara í herferð gegn þeim framleiðendum sem blanda erlendu og innlendu hráefni saman en gæta þess að fela vel eða segja ekki frá á umbúðum hvers kyns er.

Öllu máli skiptir að hér á landi þrífist fjölbreytt atvinnustarfsemi, landbúnaður, verslun eða eitthvað annað. Með því að velja íslenskt höldum við hagkerfinu gangandi og tryggjum störf.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hið vonlausa hlutleysi

TRÚMÁL



Bjarni Karlsson
prestur, með MA í siðfræði

Í tilefni umræðunnar sem nú hefur verið endurvakin varðandi stöðu trúarbragða í samfélagi okkar langar mig að nefna þrjú meginsjónarmið sem hafa komið fram og erfitt hefur reynst að samræma; Hugmyndin um að meirihlutavald skuli ráða í trúarefnum, hugmyndin um að trú sé einkamál sem halda skuli utan almannarýmisins og loks hugmyndin um að lífsskoðanir og trú séu æskilegur þáttur í fjölbreyttu þjóðlífi.

Margir hafa orðið til þess að benda á augljósa galla fyrstu hugmyndarinnar og það hvernig andúðarótti gagnvart framandi menningu hefur verið virkjaður til þess að tryggja henni brautargengi. Um óskynsemina sem þar hefur riðið röftum þarf ekki að fjölyrða. Skynsemin segir okkur t.d. að múslimar séu fólk eins og við en við erum samt hrædd. Við vitum líka ofurvel að Tyrkjaránið kemur þessu máli ekkert við, en það býr bara í taugakerfinu á okkur og kallar á viðbrögð. Það er áhyggjuefni og markar þáttaskil í íslenskri pólitík að andúðarótti skuli hafa verið virkjaður með þeim hætti sem raun bar vitni á liðnum vordögum en því þarf að svara með einhverju öðru en andúð og skömmum.

### Almenn sanngirni

Hugmyndin um að trú sé einkamál sem halda skuli utan almannarýmisins er lausnamiðuð við fyrstu sýn. Hún er nokkurs konar Salómonsdómur ættaður frá höfundum hins borgaralega nútíma og byggir á þeirri sannfæringu að fólk muni seint verða sammála um þá vegi sem liggi að hinu góða lífi í tíma og eilífð. Því sé best að sleppa öllu þrasi en einbeita sér að almennri sanngirni, lögum og reglum og eftirláta einkalífinu eilífðarmálin og ástarmálin ásamt öllu hinu sem aldrei mun finna sitt svar.

Umliðna áratugi hafa femínískir fræðimenn hafnað þessari skiptingu veruleikans í hið opinbera svið og einkasviðið. Bent hefur verið á að hin upphaflega hugsun sem bjó að baki aðskilnaðinum milli hins opinbera rýmis og einkalífsins hafi verið leit að jafnvægi og einingu í mannfélaginu. Þar hafi hugmyndin um hlutleysið sem viðmið í allri þekkingarleit ráðið för ásamt einbeittri fegurðarþrá. Að margra áliti er niðurstaðan þó tragísk þar sem hugmyndin um hið hlutlausa sjónarhorn og leitin að jafnvægi og einingu alls með þessari tvískiptingu veruleikans hafi í raun orðið til þess að jaðarsetja þorra almennings og setja fólk í þá stöðu að mikilvægir þættir tilverunnar þyki ekki boðlegir heldur tilefni blygðunar eða skammar.

Flest tilheyrum við minnihlutahópum og engin heildarsýn er svo gjörtæk að hún nái til allra. Um leið og menn skilgreina hið hlutlausa og viðtekna draga þeir línu í mannhafið þar sem einhverjir lenda alltaf öfugu megin. Þannig hefur verið fullyrt að vestrænn almenningur lifi í raun undir oki hins meinta hlutleysis sem jaðarsetji þorra manna; þar eð lífsgildi séu bönnuð í almannarýminu séu hagsmunir einir til umræðu og í stað samtals ríki kappræða þar sem hinn almenni maður fari halloka á meðan ríkjandi valdastétt fari sínu fram án pólitísks aðhalds.

Gagnrýni mín á hugmyndina um trú sem einkamál er runnin af þessum rótum. Ég álít hana vafasama vegna þess að hún jaðarsetur og auðmýkir þau mörgu sem horfa á heiminn með augum trúarinnar um leið og hún gerir veraldlega heimsmynd að sjálfgefnu viðmiði. Þannig endar hin lausnamiðaða hugmynd um trú og lífsskoðanir sem einkamál á því að auka á vandann sem hún hugðist leysa. Andúðin á hinu óþekkta og skömmin yfir því að vera vanmáttug manneskja er færð til en ekki létt af fólki.

### Æskilegur þáttur

Ég hallast að þriðju hugmyndinni sem nefnd var hér að ofan, jafn vel þótt hún sé margfalt flóknari í framkvæmd en hinar tvær fyrri. Ég álít að lífsskoðanir og trú séu æskilegur þáttur í fjölbreyttu þjóðlífi og viðfangsefnið verði hvorki leyst með meirihlutavaldi né meintu hlutleysi veraldlegrar heimsmyndar. Eina færa leiðin er sú erfiðasta; að ræða saman, vera saman og byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning. Við þurfum að þróa með okkur veitula og frjóa menningu þar sem samstaða ríkir um það atlæti sem við búum vaxandi kynslóð þannig að hún verði ekki rænd sögu sinni og samhengi. Trú og hin fjölbreytilega iðkun hennar samhliða meðvitaðri höfnun allrar trúar er hluti af samhengi okkar. Ef börn eiga að verða læs á menningu sína þurfa þau líka að fá að kynnast lifandi fólki sem trúir eða efast og tjáir þeim hug sinn og langar að hafa áhrif á þau. Slíkur uppeldisbakgrunnur með góðu aðhaldi skólanna og foreldrasamfélagsins er auk annars líklegur til þess að varna því að fólk verði síðar á lífsleiðinni leiksoppar andúðarafla sem oft nýta sér trúartákn og kennisetningar sem aðferð til að ná valdi á fólki.

Í stað meirihlutaræðis eða þykjustuhlutleysis legg ég til að við hættum að þagga hvert annað en ræðum saman um lífsgildi okkar og lærum hvert af öðru. Það er margt hættulegra í umhverfi barna en biblíusögur, möntrur og siðmenntarfræði.

**→ Ég álít að lífsskoðanir og trú séu æskilegur þáttur í fjölbreyttu þjóðlífi og viðfangsefnið verði hvorki leyst með meirihlutavaldi né meintu hlutleysi veraldlegrar heimsmyndar. Eina færa leiðin er sú erfiðasta; að ræða saman, vera saman og byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning.**



# Erum við ekki að reyna að koma í veg fyrir andlegt ofbeldi?

Ekki nota jólasveinana til að hegna eða umbuna í desember.

Íslensku jólasveinarnir gætu verið forfeður okkar í dulargervi. Að deyja í fjall er gamall siður/talsmáti. Þeir koma svo í heimsókn um vetrarsólhvörf, jólin. Matargjafir og forfeðradýrkun gætu hafa verið bannaðar á myrku öldunum, svo við sögðum þá hafa stolið bjúgum og skyri og ljósum. Ó ó! En við látum núna alveg ljós á leiði ættingja um jólin. Það er ekki bannað.

SAMFÉLAG



**Guðrún Kristín Magnúsdóttir**
rithöfundur og myndlistamaður

Bes, lítil jólavættur frá Egyptalandi, er síðan um 2000 árum fyrir rómverska núllið. Rauði búningurinn á Santa kemur svo frá kardínálum (húfan þó öðruvísi í laginu). Ég tel að okkar jólasveinar þurfi ekki að vera nein eftiröpun á þessu erlenda.

Okkar jólasveinar eru alls ekki að koma til byggða til að hygla þægum þýlyndum, og hegna þeim sem hafa sjálfstæðan vilja og skoðanir, þetta sem fullorðnir kalla: óþekkur.

Guðveldin nota gulrót og keyri, eða m.ö.o. umbun og hótun, með hlýðnikröfum. Og það eru til grimmar mömmur.

En góðir uppalendur þurfa ekkert á hegningunni að halda. Þeir gefa ást, kærleika og umhyggju. Kenna börnum að bera ábyrgð.

Ég hef séð lítil börn sem fá hráa kartöflu meðan systkinin fá sælgæti. Ég hef séð lítil börn sem fá ekki neitt í skóinn. Tilhlökkun og gleði breytist í vonbrigði, sorg, reiði, uppgjöf, niðurlægingu. Erum við ekki að reyna að koma í veg fyrir andlegt ofbeldi?

Er ekki hrá kartafla í skóinn andlegt kvalræði af hendi mömmunnar? Og í þokkabót að ljúga sig út úr óhæfuverkinu með því að kenna fagurri vætt tilhlökkunar og gleði um ódæðið. Hvernig getur nokkur mamma notað svona lágkúru? Við ættum að vernda börn slíkra mæðra. Ekki básúna hegningartól í fjölmiðlum, né á öðrum stöðum. Nei. Íslenskir jólasveinar séu ekki í kartöflunni.

Falleg er sagan af litlu telpunni

**➜ Ég hef séð lítil börn sem fá hráa kartöflu meðan systkinin fá sælgæti. Ég hef séð lítil börn sem fá ekki neitt í skóinn.**

sem var miklu þroskaðri andlega en mamman. Ljómandi af gleði sagði hún:

– Mamma sjáðu hvað jólasveinninn gaf mér! Viltu sjóða hana og gæta þess að hún ruglist ekki saman við venjulegu kartöflurnar.




# Nauðungarflutningar ríkisstarfsmanna … af því bara

Flestir geta tekið undir þau sjónarmið að æskilegt sé að hið opinbera starfi jafnt út á landsbyggðinni sem á höfuðborgarsvæðinu og í þeim efnum getum við gert mun betur en nú er. Staðsetning stofnunar má þó aldrei ráðast af tilviljunum eða þröngum hagsmunum einstakra landsvæða og jafnvel stjórnmálamanna og ástæðan má heldur ekki vera „af því bara“!

STJÓRNSÝSLA



**Árni Stefán Jónsson**
formaður SFR stéttarfélags í almannaþjónustu

Það er tvennt ólíkt að setja niður starfsemi opinberra fyrirtækja eða stofnana á landsbyggðinni og að taka rótgróna stofnun og flytja hana út á land með manni og mús, eins og nú er reynt með flutningi Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar. Það sem er ólíkt við þessar tvær aðgerðir er í fyrsta lagi það að þegar opinber starfsemi er byggð upp frá grunni á viðkomandi landsvæði vex mannauðurinn með stofnuninni og tekur þátt í að þróa starfsemina. Þegar reynt er hins vegar að flytja stofnun með valdi með öllu sem henni tilheyrir, jafnt innanstokksmunum sem starfsmönnum, þá tapast mikill mannauður og þekking í leiðinni. Síðarnefnda aðferðin er algjörlega ólíðandi gagnvart starfsmönnum stofnunarinnar og brýtur illilega í bága við nútíma mannauðs- og fjölskyldustefnu stofnana og fyrirtækja. Starfsmenn stofnunarinnar eru ekki eyland og ef þess er krafist að þeir flytji með stofnuninni milli landsvæða, neyðast börn þeirra og maki til að flytja líka, algjörlega burtséð frá aðstæðum þeirra, eingungis af því það hentar hagsmunum einhverra stjórnmálamanna.

### Norska leiðin, eða hvað?

Svo er það hin hliðin á málinu. Þykir til dæmis sannað að flutningur stofnunarinnar sé góður fyrir starfsemina? Sjávarútvegsráðherra vill meina að slíkur flutningur hafi jákvæð áhrif og benti m.a. á reynslu Norðmanna: „Ef við horfum bara til reynslu þeirra landa sem við gjarnan horfum til, til að mynda Norðmanna sem hafa staðið í slíkum flutningum á störfum frá höfuðborgarsvæðinu út um land þá hefur reynslan verið sú að starfsemin blómstrar eftir á, en það tekur auðvitað alltaf ákveðinn tíma.“ Nú er hins vegar að koma í ljós að ráðherra á í mesta basli með að finna þessum orðum sínum stað í raunveruleikanum. Því hið andstæða hefur komið fram í skýrslu sem norsk stjórnvöld létu gera árið 2009, um mat á flutningi stofnana út á land.

Í þeirri úttekt kemur fram að afar lítið jákvætt er hægt að segja um þeirra reynslu, en mjög margt neikvætt. Þar kemur til dæmis fram eins og margoft er búið að

**➜ Ef hugrekkið reynist ekki nægjanlegt má vera að hann vilji þá fresta málinu og skoða betur þangað til...**

halda fram í umræðunni um flutning Fiskistofunnar að í raun séu það alltaf afar fáir starfsmenn sem flytja með þegar stofnun er flutt með þessum hætti. Þar af leiðandi tapast bæði reynsla og sérfræðiþekkingin algjörlega og það tekur fleiri fleiri ár að vinna hana upp aftur. Í millitíðinni hefur það auðvitað valdið miklum skaða. Þá kemur einnig fram að kostnaðurinn við flutning stofnunar hleypur alltaf á milljónum og flutningurinn hefur lítil hagræn áhrif á þau svæði sem þær voru fluttar til. Þó skal tekið fram hér að hvergi liggur fyrir kostnaðarmat á flutningi Fiskistofu þó margoft hafi verið kallað eftir því.

### Hugrekki óskast

Nú er spurningin hvort Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur pólitískt hugrekki til að líta aftur hlutlægt yfir málið og meta að nýju þau rök og ábendingar sem hafa komið fram og hætta við þennan gjörning. Ef hugrekkið reynist ekki nægjanlegt má vera að hann vilji þá fresta málinu og skoða betur þangað til einhver haldbær rök liggja fyrir því sem boðað hefur verið.

# Jákvæð umfjöllun um illa meðferð á hestum

Þegar kemur að málefnum dýravelferðar þá hendir stundum að velferð dýranna lúti lægra haldi fyrir sjónarmiðum árangurs eða hagnýtingar. Stundum eru dýr hlutgerð til þess að ná árangri eða markmiði og þau beitt meðferð sem við myndum ekki bjóða dýrum við eðlilegar aðstæður.

DÝRAVERND



**Linda Karen Gunnarsdóttir,**
hestafræðingur og stjórnarmaður í stjórn Dýraverndarsambands Íslands

Aníta Margrét Aradóttir var nýverið valin kona ársins hjá tímaritinu Nýju lífi fyrir að hafa tekið þátt í 1.000 km kappreið á hestum í Mongólíu. Ritstjórn Nýs lífs veitti Anítu þennan titil fyrir að sýna að allt sé hægt ef vilji er fyrir hendi. Þannig var þátttaka í þessari erfiðu keppni sýnd sem skemmtilegur viðburður og persónulegt afrek, en um þátttöku hennar hefur verið fjallað bæði í almennum sem og hestatengdum fréttamiðlum hérlendis. Það sem gleymst hefur í þessari umræðu er hins vegar velferð hestanna sem notaðir voru til keppninnar. Ljóst er að hart er lagt að þessum hestum. Við þetta hefur enginn gert athugasemd, en full ástæða er til.

Í þessari kappreið er kallast Mongol Derby er miðað við að riðnir séu um 120 km dag hvern og fá þátttakendur þrjú hross á dag til að ferðast þá vegalengd. Hverju hrossi er því riðið um 40 km dagleið og er farið hratt yfir misgreiðfæra náttúru Mongólíu, á stökki eða brokki, að jafnaði í um 30 stiga hita. Þessi hross eru svipuð að stærð og íslenski hesturinn.

Til samanburðar við hestaferðir hérlendis þykir 50-60 km dagleið drjúg og tekur sú ferð að jafnaði um 7-10 klukkustundir með eðlilegri áningu. Yfirleitt er því miðað við um 10-15 km dagleið á hvern hest þegar um þjálfaða reiðhesta er að ræða, enda flestir með fleiri en þrjá til reiðar. Þessi hefð hefur myndast vegna reynslu okkar af íslenska hestinum og byggir á að bæði hesti og knapa geti liðið vel.

### Álagið mjög mikið

Augljóst er að vegalengdir eins og tíðkast að fara í Mongol Derby-kappreiðunum eru langtum lengri en tíðkast hér í hestaferðum. Þegar litið er til Mongol Derby með þetta í huga er ljóst að álagið á mongólsku hestana er mjög mikið. Hest-

**➜ Það sem gleymst hefur í þessari umræðu er hins vegar velferð hestanna sem notaðir voru til keppninnar.**

arnir eru að auki lítið sem ekkert tamdir og því ekki eins vanir að bera mann og þjálfaðir reiðhestar. Þegar myndir frá keppninni eru skoðaðar má sjá að hestarnir kunna margir ekki að bera beisli sem er grunnforsenda góðrar reiðmennsku. Ekki er erfitt að ímynda sér það álag að hlaupa 40 km dagleið í miklum hita með framandi byrði sem vegur um 1/3 af líkamsþyngd hestanna, sem hlýtur að leiða til mikils álags á stoðkerfi dýranna.

Mér þykir miður að í umræðu um þessa keppni virðist velferð hestanna ekki hafa skipt eins miklu máli og eðlilegt væri. Jafnframt er áríðandi að fjölmiðlafólk kynni sér málin vel þegar dýr eiga í hlut. Jákvæð umfjöllun um viðburði sem eru andstæðir dýravelferð á aldrei við. Það er ljóst að keppni með fyrirkomulagi eins og stunduð er í Mongólíu yrði aldrei leyfð hér á landi, enda höfum við góða dýravelferðarlöggjöf.

**KitchenAid** HRÆRIVÉL + BÖKUNARSETT **KitchenAid**

LITUÐ
Fjöldi lita

Settið inniheldur 5 vönduð og viðloðunarfrí KitchenAid bökunarform.

FULLT VERÐ ... 107.980
( Hrærivél 87.990 + bökunarsett 19.990 )
TILBOÐSVERÐ .. 87.990

FULLT VERÐ .... 104.980
( Hrærivél 84.990 + bökunarsett 19.990 )
TILBOÐSVERÐ ... 84.990

HVÍT

PHILIPS
**TÖFRASPROTI**
550W

VERÐ ... 9.995

YONANAS
**ÍSGERÐARVÉL**
20%
Góð fyrir frysta ávexti
VERÐ ÁÐUR ... 12.995
JÓLATILBOÐ .... 9.995

# JÓLABÚÐIN ÞÍN

# byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

20%
**GUFUSLÉTTIR**
ALGJÖR SNILLD
ALDREI VERIÐ LÉTTARA AÐ SLÉTTA ÚR FLÍKUM
VERÐ ÁÐUR .... 9.995
JÓLATILBOÐ ... 7.995

KENWOOD
**MATVINNSLUVÉL**
750W
VERÐ ... 12.995

TRISTAR
**SALT- OG PIPARKVÖRN**
2 SAMAN Í PAKKA
20%
VERÐ ÁÐUR .... 5.995
JÓLATILBOÐ ... 4.495

Rosenthal
ROSENTHAL VÖRUR Í MIKLU ÚRVALI

Babyliss Curl Secret
**Krullujárn**
VEGLEGUR KAUPAUKI
VERÐ ... 19.995

KJÚKLINGASTANDUR
WEBER
VERÐ ... 6.995

**GEORGE FOREMAN**
HEILSUGRILLIN
Ný lína með losanlegum plötum
Russell Hobbs
Allt að 42% minni fita

| COMPACT | FAMILY | ENTERTAINMENT |
|---|---|---|
| 38sm² grillflötur | 51sm² grillflötur | 64sm² grillflötur |
| FULLT VERÐ ... 13.995 | FULLT VERÐ ... 16.995 | FULLT VERÐ ... 18.995 |
| TILBOÐ ......... 11.995 | TILBOÐ ......... 13.995 | TILBOÐ ......... 15.995 |

**TRISTAR**
VÖFFLUJÁRN
40%
EKTA BELGÍSKAR
VERÐ ÁÐUR .... 9.995
JÓLATILBOÐ ... 5.995

ÍSLENSKA PÖNNUKÖKU PANNAN
EINS OG AMMA Á
VERÐ ..... 9.995

JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
VERÐ ... 1.870

PHILIPS
**RAKVÉL**
SNÚRU- OG HLEÐSLUVÉL
VERÐ ... 9.995

20%
EMSA
**KAFFIKANNA**
SAMBA
Margir litir
VERÐ ÁÐUR .... 6.495
JÓLATILBOÐ ... 4.955

LE CREUSET®
**FÆST NÚ HJÁ OKKUR!**

WILFA **BLANDARI**
1200W TRYLLITÆKI!
VERÐ .. 18.995

DeLonghi
Dolce Gusto
YFIR 30 GERÐIR AF TE, KAFFI OG KAKÓ!
VERÐ ÁÐUR ... 17.995
JÓLATILBOÐ .... 14.995

NESCAFÉ Dolce Gusto
GREAT COFFEE YOUR WAY
KYNNINGAR ALLA DAGA TIL JÓLA
VERÐ ÁÐUR ... 32.995
JÓLATILBOÐ .... 26.995

# Jólagjafir
## - fyrir heimilin í landinu

**AEG**

Ryksugurnar frá AEG hafa þjónað íslendingum í áratugi.

Góð jólagjöf til heimilisins

**20% afsláttur**





**Góðar jólagjafir til heimilisins í einstöku úrvali**



**NÝ kaffivél**





Emile Henry FRANCE

FLAME



**FLAME LEIRPOTTARNIR frá Emile Henry**

Alltaf glæsilegir og spennandi á matarborðinu.

Frönsk leirvara. Frönsk matarmenning.
Betra bragð og meira næringargildi.

**NÝ SENDING**

OBH NORDICA

Kaffivélin frábæra sem sýður vatnið. Fæst í 3 litum.



**Jólatilboð: 19.990**

**NIVONA**

Þessi hágæða og vel hannaða kaffivél svarar öllum kröfum kaffigæðinga.



**Jólatilboð: 89.900**

ZWILLING



POPPVÉLIN SEM GERIR ÞAÐ ROSALEGA GOTT

OBH NORDICA
6398



**9.990**

Ómissandi græja fyrir alla poppara landsins.

**Allinox**

10, 14 og 19 lítra stálpottar á frábæru verði.





ROMMELSBACHER



Öflugt og vandað mínútugrill

**Jólatilboð: 16.990**

**AEG**

Dásamlegt verkfæri í öll alvöru eldhús

AEG TÖFRASPROTI MEÐ AUKAHLUTUM







***Hágæðavara:***
***Hnífasett með kubb.***
***Hnífasett, kínverskur hnífur, steikarsett, barnahnífaparasett, skurðarbretti, hnífastandur.***





Tefal

EÐAL POTTAR & PÖNNUR

**TEFAL POTTAR OG PÖNNUR HAFA VERIÐ Í SÉRSTÖKU UPPÁHALDI HJÁ ÞJÓÐINNI SL. 25 ÁR**

# SteamOne

## Ný og auðveld leið til að strauja

- 150° heit og jöfn gufa
- Mjög auðvelt og þægilegt
- Fer einstaklega vel með öll efni



**Verð: 39.900**



Heimilið: Sófar, Föt, Gluggatjöld, Dúkar, Teppi, Rúmföt

Fyrirtækin: Fataverslanir, Veitingastaðir, Hótel, Leikhús, Fatahreinsanir, Kjólaleigur

brabantia®

solid company

*get together*



bodum®

# Nytjalist í hæsta gæðaflokki *-sjón er sögu ríkari*



# Gott jólatilboð fyrir heimilið



**AEG**

**ÞVOTTAVÉL**

Lavamat 60260FL

Tekur 6 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

**99.900**

Verð áður 135.900



**AEG**

**ÞURRKARI - BARKALAUS**

T61270AC

Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

**105.900**

Verð áður 139.900



**AEG**

**UPPÞVOTTAVÉL**

F56302MO

Topplaus undir borðplötu. Vatnsskynjari, hljóðlát með 5 þvottakerfi.

HVÍT **99.900**

Verð áður 129.900

STÁL **109.900**

Verð áður 139.900

*Velkomin í Lágmúlann*

**OPIÐ TIL KL. 21 TIL JÓLA**

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR - BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333

# RÚV og menningin

RÚV



Haukur Logi Karlsson
áhugamaður um vandað ljósvakaefni

➜ **Kaup ríkisins á annars og þriðja flokks afþreyingarefni erlendis frá er tímaskekkja. Einkaaðilar og jafnvel bloggsíður sinna íþróttaefni betur …**

Í veröldinni sem var hafði Ríkisútvarpið mikilvægu hlutverki að gegna bæði í miðlun og framleiðslu útvarps- og sjónvarpsefnis. Árið 1986, fyrir 28 árum, hafði tækninni fleygt nægilega fram til þess að aðkoma ríkisins var ekki lengur forsenda fyrir íslenskum ljósvakamiðlum. Síðan er liðinn hálfur mannsaldur þar sem framfarir í tækni hafa séð til þess að hægt en örugglega hefur fjarað undan rökum fyrir ljósvakamiðlun á vegum ríkisins. Í gegnum ljósleiðara og önnur nýtísku fjarskiptakerfi reiðir Ríkisútvarpið sig núorðið á innviði í eigu annarra til þess að miðla efni sem að nokkrum hluta er framleitt af einkaaðilum. Það er því von að spurt sé hvort rekstur ríkismiðils sé tímaskekkja ef hann hefur það eina hlutverk að vera einn af mörgum milliliðum á milli fjarskiptakerfa og efnisframleiðanda.

Þrátt fyrir að rökin skorti fyrir ríkismiðlun kunna enn að vera menningarleg rök fyrir aðkomu ríkisins að framleiðslu efnis. Í því samhengi er Ríkisútvarp augljóslega ekki forsenda. Ef skipuleggja ætti slíka aðkomu í dag væri það ekki gert með því að stofna Ríkisútvarp. Eðlilegast væri að þeim fjármunum sem ríkið kýs að verja í framleiðslu sjónvarps og útvarpsefnis væri úthlutað í gegnum samkeppnissjóð þar sem öllum landsmönnum gæfist kostur á að koma sínum hugmyndum að á jafnræðisgrunni. Birting gæti svo farið fram hvar sem er og jafnvel með áskilnaði um opinn aðgang. Eins og staðan er í dag er starfsmönnum Ríkisútvarpsins treyst fyrir mörg þúsund milljónum árlega til þess að framleiða og kaupa efni án þess að raunverulegt gagnsæi sé í hvernig þeim fjármunum er varið.

### Tímaskekkja

Menningarrökin ná ekki til stórs hluta þess sem Ríkisútvarpið sinnir í dag. Kaup ríkisins á annars og þriðja flokks afþreyingarefni erlendis frá er tímaskekkja. Einkaaðilar og jafnvel bloggsíður sinna íþróttaefni betur en Ríkisútvarpið. Fréttastofan er stundum ágæt og stundum ekki. Gæðalega stendur hún öðrum miðlum ekki framar og hún er að auki alveg jafn berskjölduð fyrir pólitískum hráskinnaleik og aðrar fréttastofur. Sérstök rök fyrir aðkomu ríkisins að fréttaflutningi skortir í umhverfi þar sem fjöldi einkaaðila gerir nákvæmlega það sama með svipuðum árangri.

Þegar nostalgíunni eftir því sem var á gullöld almannasjónvarpsins sleppir er fátt sem mælir á móti því að Ríkisútvarpið verði skrúfað í sundur og þeir hlutar seldir sem einhver vill kaupa. Fjármuni sem mundu losna árlega á fjárlögum við þá ráðstöfun mætti nota til að fjármagna samkeppnissjóð til styrktar framleiðslu á íslensku efni sem miðlað væri í gegnum einhvern af þeim fjölmörgu miðlum sem nútímatækni býður upp á.

# Einu sinni ákvað ég að verða læknir þegar ég yrði stór

KJARAMÁL



Sigrún Benediktsdóttir
læknakandídat

➜ **Ísland er ekki samkeppnishæft. Læknar hérlendis hafa dregist aftur úr. Aftur úr kollegum sínum erlendis. Aftur úr öðrum háskólamenntuðum stéttum hérlendis.**

Einu sinni ákvað ég að verða læknir þegar ég yrði stór. Ég man ekki nákvæmlega hvenær það gerðist, ég veit ekki af hverju það gerðist eða hvernig það gerðist, það bara gerðist.

Ég þreytti inntökupróf í Læknadeild HÍ, meira að segja tvisvar, svo mikill var áhuginn. Ég var síðan himinsæl þegar ég komst inn. Ég fékk að vera með. Í deildinni átti ég dásamlegan tíma. Fyrstu þrjú árin voru aðallega bókleg en við fengum að stíga með litlu tána inn á spítalana svona endrum og sinnum. Þvílíkur heimur!

Á fjórða ári í Læknadeild byrjar lífið. Viðvera inni á deildum spítalans, undir handleiðslu þessara frábæru lækna sem starfa hér á landi. Mikil viðvera, daglega, stundum fram á nótt, stundum um helgar – sem nemi. Mér varð fljótt ljóst að lífið innan spítalans var ekki alveg eins og annars staðar. Kandídatar og unglæknar unnu kannski frá 8 að morgni til miðnættis og voru samt mættir daginn eftir kl. 8 í vinnu. Sérfræðingar voru heima á bakvakt, kallaðir í hús seint að kvöldi eða um miðjar nætur og engu að síður komnir kl. 8 morguninn eftir til að sinna dagvinnu. Þessir læknar virtust flestir eiga fjölskyldu, sumir voru jafnvel með ung börn. Eðlilega var ég hugsi. Ætli þau sjái nokkurn tíma fólkið sitt?

Í þrjú ár sem klínískur nemi sá ég líka hvernig ástandið fór versnandi. Alltaf virtist fækka í hópi lækna. Fleiri unglæknar drifu sig út í sérnám fyrr af því það er það sem unglæknar þurfa að gera. Þeir þurfa að fara af landi brott til að klára nám sitt. Þeir ætla að verða sérfræðingar þegar þeir verða stórir. Þeir sem eru orðnir stórir sérfræðingar koma síðan ekki heim. Þeir sem voru komnir heim fóru jafnvel aftur utan. Þannig voru færri eftir hérna heima. Færri til að skipta með sér vöktum. Færri til að vinna jafn mikla vinnu – nei, meiri vinnu.

En af hverju vill enginn koma heim? Það er ekki bara af því að húsnæðið er úr sér gengið. Það er ekki bara af því að nauðsynleg tæki eru biluð, ónýt eða jafnvel ekki til á landinu. Það er ekki bara af því að veðrið er betra í útlöndum. Það er líka út af kjörunum. Ísland er ekki samkeppnishæft. Læknar hérlendis hafa dregist aftur úr. Aftur úr kollegum sínum erlendis. Aftur úr öðrum háskólamenntuðum stéttum hérlendis.

### Eigum betra skilið

Ég útskrifaðist frá Læknadeild Háskóla Íslands í sumar. Ég er núna læknakandídat. Grunnlaun mín eru á mánuði 340.734 kr. fyrir skatt. Þetta fæ ég að loknum 6 árum í háskóla. Byrjunarlaun sérfræðings sem er nýkominn heim úr sérnámi, sem er í það minnsta 5 ár ofan á 6 ár í læknadeild og kandídatsár, eru 530.556 kr. Launatafla okkar er einföld og hana er auðvelt að nálgast (http://www.lis.is/Kjaramal/Kjarasamningar).

Laun eru ekki það sama og tekjur. Suma mánuði tek ég margar vaktir og fæ þá þolanlega summu á launaseðilinn að mér finnst. Mér finnst það allavega alveg þar til að ég átta mig hversu mikil vinna liggur að baki upphæðinni. Þá verð ég sár.

Mér sárnar um hver mánaðamót.

Mér finnst ég eiga betra skilið.

Mér finnst við öll eiga betra skilið.

Við sem þjóð eigum skilið öflugt og gott heilbrigðiskerfi sem allir hafa aðgang að. Við eigum skilið að stjórnvöld grípi í taumana, semji við lækna og bjargi því sem bjargað verður. Það er að verða of seint.

Ég hef skrifað undir yfirlýsingu læknakandídata þess efnis að ég hyggist ekki ráða mig sem almennan lækni við heilbrigðisstofnanir hér á landi þegar kandídatsári mínu líkur. Ekki fyrr en viðunandi kjarasamningar við lækna hafa verið undirritaðir.

Ég ætla enn að verða læknir þegar ég verð stór. Eins og staðan er núna langar mig ekki að vera læknir á Íslandi. Vonandi breytist það sem fyrst.



ANÍTA MARGRÉT ARADÓTTIR

## MONGOL DERBY

# HÆTTULEGASTA KAPPREIÐ Í HEIMI

## 1000 KÍLÓMETRAR Á 10 DÖGUM




MYNDADAGBÓKIN HENNAR ANÍTU FRÁ MONGÓLÍUKAPPREIÐINNI, HRÍFUR ALLA SEM HAFA GAMAN AF DIRFSKUFULLUM ÆVINTÝRUM

**NÚ Á BETRA VERÐI Í NÆSTU BÓKSÖLU**

Hestakonan Aníta Margrét Aradóttir vann mikið afrek þegar hún tók þátt í Mongólsku kappreiðinni. Hún kláraði 1000 km á 10 dögum við hrikalegar aðstæður í hrjóstrugri náttúru Mongólíu. Keppnin fór fram á hálftömdum villihestum.

Mongólíu kappreiðin þykir sú erfiðasta í heimi og aðeins á hendi frábærra knapa og hörkutóla að ljúka þessari 1000 km þrekraun. Aníta Aradóttir var útnefnd kona ársins 2014 af Nýju Lífi fyrir þetta afrek sitt.

Mongol Derby kappreiðinni eru hér gerð skemmtileg skil í lifandi myndmáli og þessi bók er fyrir alla sem láta sig dreyma og hafa gaman af ævintýrum og hetjum sem þora að láta drauma sína rætast.



NÝTT LÍF
KONA ÁRSINS 2014





**SKEMMTILEG VIÐBÓT Í JÓLAPAKKANN**





# Hættumerki í heilbrigðiskerfinu

KJARAMÁL



Ingunn Bjarnadóttir Solberg
læknanemi í Noregi

Óánægja lækna með laun og starfskjör fer hátt þessa dagana og þeir hafa gripið til aðgerða sem hafa mikil áhrif. Að mínu mati hefur þessi óánægja kraumað undir yfirborðinu í fjölda ára og kemur ekki á óvart að nú hafi soðið upp úr. Vorið 2010 var gerð rannsókn meðal allra starfandi lækna á Íslandi, þar sem 61 prósent svaraði. Sama ár var gerð rannsókn meðal 1.500 norskra lækna þar sem 67 prósent svöruðu. Strax þá sáust ýmis hættumerki um slæmt ástand heilbrigðiskerfisins á Íslandi, slæmar vinnuaðstæður, slæm launakjör og óánægju í starfi miðað við starfsbræður í Noregi.

Rannsóknir hafa sýnt að líkur á að upplifa kulnun, að hætta að vinna sem læknar og að flytja af landi brott er meiri hjá læknum sem eru óánægðir í starfi en hinum. Einnig eru tengsl milli starfsánægju lækna og ánægju sjúklinga og gæða heilbrigðisþjónustu.

Flestir læknar á Íslandi (77 prósent) upplifðu að sparnaðarráðstafanir í kjölfar kreppunnar hefðu áhrif á vinnu þeirra. Þetta hafði neikvæð áhrif á starfsánægju þeirra. Margir sérfræðilæknar (63 prósent) svöruðu að áhyggjur af eigin fjárhag væru streituvaldandi að litlu, einhverju eða miklu leyti. Því meiri sem streituvaldandi áhyggjur voru af eigin fjárhag því meiri líkur voru á því að sérfræðilæknar hefðu hugleitt að flytja og starfa erlendis. 63 prósent sérfræðilækna höfðu hugleitt að flytja og starfa erlendis og 4 prósent sögðust flytja utan á næstu tveimur árum. Þeir sérfræðilæknar sem störfuðu erlendis í fríum voru fimm sinnum líklegri til að hafa hugleitt að flytja og starfa erlendis. Læknar sem voru óánægðir í starfi voru líka líklegri til að hafa hugleitt þetta.

**Tími til að forgangsraða**

Hvað varðar starfsánægju íslensku læknanna voru þeir óánægðari en norskir læknar. Stærsti munurinn var varðandi launin, íslensku læknarnir voru miklu óánægðari með launin. Einnig var verulegur munur á ánægju með möguleika eða tækifæri til að nota eigin hæfileika í vinnunni og vinnutíma. Íslensku læknarnir voru líka óánægðari með vinnuaðstæður og viðurkenningu fyrir góða vinnu. Yngri læknar á Íslandi voru óánægðari í starfi en eldri. Streita tengd því að ná jafnvægi milli heimilis og vinnu var há meðal íslensku læknanna og þetta hafði áhrif á starfsánægju þeirra.

Þetta var árið 2010, öllum má vera ljóst að ekki er staðan betri í dag fjórum árum síðar. Því er ljóst að kominn er tími til að forgangsraða læknum og heilbrigðiskerfinu í hag – annars tapa allir.

**➜ Því er ljóst að kominn er tími til að forgangsraða …**

*(Greinar úr rannsókninni: Solberg IB, Tómasson K, Aasland O, Tyssen R. The impact of economic factors on migration considerations among Icelandic specialist doctors: a cross-sectional study. BMC Health Serv Res 2013; 13: 524.*
*Solberg IB, Tómasson K, Aasland O, Tyssen R. Cross-national comparison of job satisfaction in doctors during economic recession. Occup Med (Lond) 2014. doi:10.1093/occmed/kqu114.)*

# Sorgin, vonin og Sánkti Jó

HEILBRIGÐISMÁL



Gunnar Rafn Jónsson
læknir

Sorg ríkti í brjóstum margra, þegar St. Jósepsspítalanum í Hafnarfirði var lokað. Hins vegar er það svo, að erfiðleikar hafa oft í för með sér aukin tækifæri, tækifæri til þróunar og nýsköpunar. Þess vegna sjáum við nú von, von til þess að einstaklingar, félagasamtök, bæjarfélög og fyrirtæki sjái sér hag í að kaupa húsnæðið og hefja starfsemi að nýju. Frestur er senn á enda til þess að gera tilboð í húseignirnar. Hvað vilt þú, lesandi góður? Hvernig starfsemi vilt þú sjá á St. Jósepsspítala? Á meðan þú ert að velta spurningunum og væntanlegum svörum fyrir þér, langar mig að segja þér þetta.

Tími jóla og áramóta er á næstu grösum, þessi tími fagnaðar, gleði, árnaðaróska og áramótaheita. Flest okkar geymum við í hjörtum okkar einlægar óskir um lífið, hvað okkur langar til að verða, gera, upplifa, hvernig persónur við viljum vera. Einhvern veginn er það nú samt svo að okkur tekst ekki alltaf vel upp. Mögulega getum við mætt ótta, efasemdum, áhyggjum, vanmáttarkennd, fordómum, ístöðuleysi, agaleysi og vanþekkingu. Við getum leitað svara hjá vinum og vandamönnum, hlustað á fjölmiðla, trúarstofnanir, stjórnmálamenn, vísindamenn og fræðsluyfirvöld. Margir verða ráðvilltir og kasta ábyrgðinni yfir á þessa einstaklinga og stofnanir sem stundum fá samheitið kennivald. Menn láta einfaldlega berast með straumnum. Þá er svo auðvelt að gagnrýna og kenna öðrum um ef illa gengur.

Öll viljum við vera glöð og ástunda kærleika. Við sýnum samferðarmönnum okkar virðingu, alúð, tillitssemi og ást. Við leitum stuðnings hjá vinum, ættingjum, lesum uppbyggjandi bækur, sjálfshjálparbækur um hamingjuna og mannræktina. Við förum í leikhús, sjáum góðar myndir, stundum íþróttir, erum meðlimir í félagasamtökum og klúbbum. Höndlun lífshamingjunnar krefst ástar, krefst þess að viðkomandi sé sáttur við sjálfan sig, elski sjálfan sig. En hvað þarf til þess að rækta ástina? Ástin krefst umhyggju, ábyrgðarkenndar, virðingar og þekkingar. Þar sem ástin er list, þarf hún æfingu, aga, þolinmæði og einbeitingu. Einstaklingurinn þarf að þekkja sjálfan sig, vera hlutlægur, auðmjúkur, skynsamur og öðlast hæfni í að sjá einstaklinga og hluti, eins og þeir eru.

Því spyr ég þig, lesandi góður, hvað þráir hjarta þitt? Láttu ekki hefðir, öryggi, innrætingu, dulin viðhorf eða ótta hindra þig í að ná markmiði þínu. Þú skapar þína eigin framtíð og þú berð ábyrgð á eigin lífi. Sú ábyrgð felur í sér skuldbindingu gagnvart hvers konar áskorun, hættum og vandamálum.

**Hagur sem flestra**

En þá gætir þú spurt, lesandi góður: „Hvernig tengist titill greinarinnar þessari hugleiðingu? Svar mitt er þetta: Rannsóknarniðurstöður hafa undanfarin ár sannað óvefengjanlega mátt andans, vitundarinnar, til þess að hafa áhrif á líðan, halda heilbrigði og koma í veg fyrir sjúkdóma. Nútímarannsóknir í heilbrigðisfræðum sýna, að tilfinningar, streita, umhverfisþættir, matur, trú okkar, bænir og annað þess háttar kemur boðum yfir til erfðaefnisins. Með þetta í huga verður ábyrgð okkar enn meiri, hvað snertir eigin sjúkdóma. Einnig getum við beitt áhrifum okkar til góðs á fjölskyldu okkar, samfélag og alla framtíð. Þannig virðist líkaminn lesa úr hugsunum okkar og tilfinningum. Nokkrar rannsóknir sýna að, hvað einstaklingi finnst um heilsu sína ráði mestu um, hve lengi viðkomandi lifir.

**➜ Ég kalla eftir víðtækri samstöðu, hugmyndum og útfærslum um farsæla lausn fyrir St. Jósefsspítala!**

Ímyndið ykkur nú, hvílíkan sparnað heilbrigðiskerfið gæti sýnt fram á með að virkja þessa þætti til fullnustu. Með því móti mætti draga stórkostlega úr sjúkdómum. Nýjustu rannsóknir í heilbrigðisvísindum, utangena-erfðafræðin, heilbrigð skynsemi og samdráttur í framlagi hins opinbera til heilbrigðismála kallar á breytingar. Vellíðan, kærleikur og ást yrði þannig ríkjandi, ekki bara í samskiptum manna heldur einnig í umgengni mannsins við náttúruna, við jörðina alla.

Ég kalla eftir víðtækri samstöðu, hugmyndum og útfærslum um farsæla lausn fyrir St. Jósepsspítala! Fjárfestum til framtíðar með hag sem flestra að leiðarljósi.

**Hugmyndir, markmið og árangur:**

- alhliða, heildræn miðstöð heilbrigðisfræða á St. Jósepsspítala
- þar verða landssamtök um bætta lýðheilsu til húsa
- þar vinnur fagfólk saman, jafnt með vestræn og austræn viðhorf að leiðarljósi
- höfuðáhersla á forvarnir og ábyrgð einstaklinga á heilsu sinni
- allir skynji að allt hefur áhrif
- áhersla á kærleika og jákvæða hugsun sem leiðir til samkenndar, friðar og gleði
- þar verður aðstoð við einstaklinga og fjölskyldur við sjálfsskoðun, þjálfun vitundarinnar til heilbrigðis og eflingu tilfinningaþroskans
- á St. Jósepsspítala mun samhugur, samkennd og samvinna ríkja
- þannig aukum við hamingju, kærleika, gleði og frið í samfélaginu

*Viltu verða samferða?*

# Hver vill vera veikur?

HEILBRIGÐISMÁL



Eymundur L. Eymundsson
ráðgjafi og notandi í bata

Hvað getur maður sagt í blaði um geðraskanir. Jú, ég hef langa reynslu af kvíða, félagsfælni og þunglyndi. Að kvíða hverjum degi og fara á hnefanum gegnum lífið er mikið myrkur sem mótaði mitt líf. Ég vissi ekki hvað þetta var og því þorði ég ekki að tala um hvernig mér leið út af skömm á sjálfum mér þar sem ég hélt að allir myndu dæma mig, segja mér að hætta þessari vitleysu og rífa mig bara upp og hætta þessu væli. Ef það væri nú bara svo auðvelt þá væri þetta ekkert mál. Ég hélt að fólk sem væri geðveikt væri eins og maður sér í bandarískum bíómyndum, lokað inni og helst í spennitreyju. Það voru eiginlega einu skiptin sem ég sá fólk með geðraskanir.

Það var hins vegar gæfa mín að fara í mína aðra mjaðmaliðaskiptingu á sex árum sömu megin eftir að vera kominn með slitgigt og vera verkjasjúklingur sem ég er í dag. Það var nefnilega árið 2005 þegar ég var í verkjaskóla á Kristnesi í Eyjafirði að þar var fræðsla um kvíða, félagsfælni og þunglyndi. Það var í fyrsta skipti á minni ævi sem ég sá hvað ég hafði verið að glíma við allt mitt líf og sá líka að hægt var að fá hjálp og það var von um betra líf.

Ég fékk hjálp og hef nýtt mér hjálpina með að viðurkenna mínar geðraskanir og maður þarf ekki að skammast sín fyrir að vera með sjúkdóm. Hef lagt gríðarlega mikla vinnu á mig og nýtt mér hjálpina enda vildi ég eignast líf en til þess þurfti ég að vinna fyrir því. Þetta var árið 2005 og núna, eftir að hafa nýtt mér hjálpina, á ég mér líf sem ég vil lifa að vera þáttakandi í og miðla meðal annars af minni reynslu til að hjálpa öðrum. Eins og að skrifa mína sögu sem gefur vonandi öðrum von. http://www.akv.is/akvbl/umraedan/2013/10/09/saga-afbata/ http://grofin.wordpress.com/

**Tími til að opna umræðuna**

Um þessa hluti var ekki fjallað hér áður fyrr en sem betur fer er þetta að opnast. Það vill enginn vera veikur, sama hvaða veiki það er. Lítið sjálfstraust og sjálfsvirðing, taugakerfið brothætt, sjálfsvígshugsanir, sjálfshatur og að vera uppstökkur. Allt eru þetta algengir fylgikvillar geðraskana. En af hverju eru svona miklir fordómar gagnvart fólki með geðraskanir? Er það umfjöllun fjölmiðla sem hefur svona mikil áhrif? Eru það bandarískar bíómyndir sem sýna óraunverulegt ástands fólks með geðraskanir? Ef fólk væri með krabbamein væri fólk með fordóma gagnvart því? Nei, það vill enginn vera veikur og það gildir jafnt yfir fólk með geðræn veikindi og önnur veikindi! Því eigum við að standa saman og hjálpa hverju öðru til öðlast betra líf.

Vanþekking er enn mikil í þjóðfélaginu, stimplun og fordómar verða oft til þess að fólk leitar sér ekki aðstoðar. Með því að opna þessa umræðu og nýta sér sameiginlega reynslu fagmanna og notenda í bata af geðröskunum væri hægt að bjarga mörgum mannslífum. Meðal annars með því að leggja almennilegan pening í forvarnir og fræðslu um geðraskanir. Í félög sem eru að vinna í þessum geira svo þau geti sinnt þessum málum.

Opinberar stofnanir sem vinna í þessum geira ættu að sjá hag sinn í að ráða notendur í bata til starfa. Það er mikill fjársjóður í notendum í bata sem er oft vanmetinn því miður. Það þarf nýja nálgun og hvernig væri þá að nýta sér reynslu notenda sem fæst ekki í bókum heldur af persónulegri reynslu. Að fagmenn og notendur í bata vinni saman á jafningjagrunni gæti hjálpað mörgum og bjargað mörgum mannslífum til að öðlast betra líf. En til þess þarf aðeins vilja til að breyta en ekki hanga í sama farinu. Það eru 2-3 sem svipta sig lífi á mánuði sem eru að glíma við geðraskanir og ég hefði getað orðið einn af þeim.

**➜ Ég fékk hjálp og hef nýtt mér hjálpina með að viðurkenna mínar geðraskanir …**




Tilkynning frá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma

**Þjónusta á Þorláksmessu og aðfangadag**

Á Þorláksmessu og aðfangadag, milli kl. 9:00 og 15:00 munu starfsmenn í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Kópavogskirkjugarði og Hólavallagarði leiðbeina eftir bestu getu.

Hægt er að nálgast upplýsingar um staðsetningu leiða á vefnum **www.gardur.is**

**Þjónustusímar:**
Skrifstofan í Fossvogi, sími **585 2700** og skrifstofan í Gufunesi, sími **585 2770**, eru opnar á Þorláksmessu og aðfangadag frá kl. 9:00 til 15:00

Ratkort er hægt að fá afhent á skrifstofunum eða prenta út á **www. kirkjugardar.is**

Upplýsingar eru veittar í síma allan desembermánuð á skrifstofutíma. Fossvogskirkja verður opin á aðfangadag frá kl. 9:00 til 12:00

**Á aðfangadag frá kl. 9:00 til 15:00 er allur akstur um kirkjugarðinn í Fossvogi óheimill, nema fyrir hreyfihamlaða.**

Gleðilega jólahátíð

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
www.kirkjugardar.is


## AF NETINU



„Vertu þægur."

Ofangreind orð sagði einn af ráðamönnum þjóðarinnar við mig eftir að ég hafði tekið við hann eitt af nokkrum viðtölum mínum við þennan ráðamann um málefni, sem undir hann heyrðu.

Hann var með þessu að láta mig vita af óánægju þáverandi ráðamanna með það að ég væri ekki nógu leiðitamur heldur dirfðist til dæmis að sýna þau svæði, þar sem komandi virkjanir ættu að rísa.

Söngurinn um vonda og óþæga fjölmiðla hefur verið kunnuglegur undanfarin misseri. Sáran var kvartað yfir því að upplýst væri um „lekamálið" svonefnda og talað um að þar væri „leikinn ljótur pólitískur leikur" og að málið væri allt „blásið upp" af vinstri sinnuðu fjölmiðlafólki.

Beitt var þrýstingi til að láta reka blaðamennina sem fyrst fjölluðu fyrst. Eðlilegar fyrirspurnir fjölmiðlamanna varðandi byssumálið svonefnda voru túlkaðar sem ofsóknir á hendur ráðamönnum. Áberandi var að greið svör fengust strax hjá upplýsingafulltrúa norska hersins á sama tíma og það tók hálfan mánuð að toga endanleg svör upp úr íslenskum ráðamönnum.

http://omarragnarsson.blog.is

*Ómar Ragnarsson*




## Aldrei meira úrval af rúmfötum frá Nordicform – Verð frá 6.900 kr.



**Hlý og vönduð dúnsæng og dúnkoddi**

Fullt verð: 23.800.
**ÞÚ SPARAR 4.900 kr.**







QUILTS OF DENMARK®

**QOD dúnsæng**
Þykk og hlý dúnsæng. Stærð: 140x200 cm.
Fylling: 60% Moskusdúnn. 40% smáfiður.
Áklæði: 100% bómull. Þyngd: 600 gr.

## Shape heilsukoddar veita frábæran stuðning!



Shape Comfort kr. 4.900,-

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



Shape Classic kr. 5.900,-

## NATURES REST – heilsurúm




Nature's Bedding

Stærð: 120x200 cm
Dýna, botn og lappir. Fullt verð 79.900
**ÞÚ SPARAR 10.000 kr.**

## C&J stillanlegt rúm með Shape heilsudýnu

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Til í öllum stærðum
á jólatilboði




Charlotte & Julien

Stærð: 2x80x200 cm. Fullt verð 442.300
**ÞÚ SPARAR 66.345 KR.**

# DORMA

– býður góða nótt

**DORMA Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800**
Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði © 456 4566

# Af innflytjendum og jarðarberjum

SAMFÉLAG



**Davor Purusic**
lögmaður

Sæll, Pawel.

Ég get ekki orða bundist eftir að hafa lesið grein þína „Leyfið lögmanninum að skúra“ í Fréttablaðinu þann 13. desember 2014.

Í hreinskilni sagt er ég alveg gáttaður á því hvers konar staðhæfingar þú leyfir þér að setja fram í greininni. Að halda því fram að manneskja eigi sér þann draum eftir sex til tíu ára háskólanám að vinna láglaunastarf á Íslandi er hrein móðgun við fjölmennan hóp fyrstu kynslóðar innflytjenda á Íslandi. Að halda því fram að sama manneskja vilji fá frið til að njóta starfa sinna langt fyrir neðan faglegan og fræðilegan metnað hennar er með sama hætti fullkomin fásinna.

Innflytjendur rífa sig upp með rótum frá fjölskyldu sinni, vinum, ættingjum og ættlandi til þess að leita að betra lífi í öðrum löndum. Eins og nærri má geta er markmið þeirra ekki að lifa sama eða erfiðara lífi í nýja landinu. Satt best að segja hélt ég að ég þyrfti ekki að útskýra þessa staðreynd fyrir þér, Pawel. Foreldrar þínir hefðu útskýrt hana fyrir þér fyrir mörgum árum. Ég var með öðrum orðum viss um að þú værir meðvitaður um að í sumum samfélögum neyddist fólk til að flytja til annarra landa til að sjá fjölskyldum sínum farborða og freista þess að skapa börnum sínum bjarta framtíð.

Að sjálfsögðu þroskast fólk, menntast á nýjum sviðum og flestir skipta um vinnu oftar en einu sinni á starfsævinni. Íslendingar eru svo heppnir að geta skipt um starfsvettvang án þess að stefna fjárhagslegri framtíð fjölskyldna sinna í voða. Þú segist hafa menntað þig í stærðfræði en starfir við skriftir í dag. Ef þú hefur skipt um starfsvettvang vegna þess að áhugi þinn hefur beinst í nýja átt er ég ánægður fyrir þína hönd. Ef þú hefur ekki fengið vinnu við stærðfræði af því að umsókn þinni var ýtt til hliðar vegna þess að nafnið Pawel gæfi til kynna að þú talaðir ekki nægilega góða íslensku (sem er mjög mikilvæg undirstaða stærðfræði) býð ég þig velkominn í hópinn þó ég efist ekki um að þú verðir fljótur að „stimpla“ þig út.

### Stoltur Íslendingur

Greinin þín í Fréttablaðinu minnir um margt á söguþráð barnaleikritsins Ávaxtakörfunnar. Ávextirnir í körfunni koma upphaflega fram við Mæju jarðarber með lítillækkandi hætti og láta hana vinna öll verstu verkin. Þegar sögunni vindur fram villist Gedda gulrót inn í körfuna og tekur í framhaldi af því við hlutverki Mæju í körfunni. Ef mig misminnir ekki segir Immi Ananas (konungur) orðrétt við Mæju: „Núna þarftu að sjá til þess að hún vinni öll verkin því að þú ert orðin ein af okkur!“ Ekki þarf að orðlengja að Mæja var fljót að tileinka sér sömu hegðun gagnvart Geddu og hinir ávextirnir sýndu henni áður.

**➜ Í hreinskilni sagt er ég alveg gáttaður á því hvers konar staðhæfingar þú leyfir þér að setja fram í greininni.**

Þar sem ég hef oft sagt að mér leiðist að skilgreina mig og aðra í „við“ og „þeir“ ætla ég ekki að gera það í þessu tilfelli EN, elsku Pawel, ekki gera mikið úr sjálfum þér á kostnað annarra. Það klæðir þig einfaldlega ekki.

Kær kveðja,

Maður sem fæddist í Bosníu en er stoltur Íslendingur í dag.*

*Vinsamlegast lesist Davor Purusic, lögmaður.




# Hugleiðing um lánasamninga

FJÁRMÁL



**Helgi Tómasson**
prófessor í hagrannsóknum og tölfræði við HÍ

Geturðu lánað mér einn pakka af kaffi til 10 ára? Ég borga örugglega aftur. Síðan er pakkinn sem var keyptur í kjörbúð afhentur. Pakkarnir í kjörbúðinni eru allir af svipaðri stærð og pakkinn til vinstri á mynd 1. Síðan líða 10 ár og komið að því að borga skuldina. Miðað er við um það bil 3,4% raunvexti og þá þarf að borga 8 pakka til að gera upp lánið. Nú fást nefnilega einungis pakkar eins og sýndir eru til hægri á mynd 1.

Upprunalegi pakkinn innihélt 400 grömm af kaffi en nýju pakkarnir innihalda einungis 70 grömm. Heildarþyngd skuldarinnar er því komin í 560 grömm. Sumum finnst þetta nú vera frekar ósvífið að lána einn pakka af kaffi og heimta 8 pakka til baka. Er ekki einhver forsendubrestur hér? Forsendan sem brást var að stærð pakkanna breyttist. Það var enginn vegur fyrir samningsaðila að sjá það fyrir að eftir 10 ár yrðu kaffipakkarnir miklu minni. Einungis var hægt að skilgreina upphaflega lánið í þeirri pakkastærð sem fáanleg var í kjörbúðinni á lántökudegi.

Átti einhver að spá fyrir um þróun á kaffipakkastærð í búðum? Ýmsir höfðu fylgst með þróuninni undanfarin ár og séð að pakkarnir urðu sífellt minni. Sögulega hefur hugsanlega verið rykkjótt minnkun þannig að það er ekki alveg auðvelt að spá hvernig pakkarnir yrðu í framtíðinni. En á lánveitandinn samt að spá og skrifa spána í lánasamninginn? Þannig vilja sumir túlka ráðgefandi álit EFTA-dómstóls á lánasamningum í verðtryggðum krónum, jafnvel beita því ákvæði afturvirkt og sekta lánveitandann.

### Vilja raunmagnið endurgreitt

Þegar horft er á kaffipakkana er ekki alveg auðvelt að sjá hve mikið innihaldið í þeim hefur minnkað. Margir gjaldmiðlar, eins og t.d. íslenska krónan, hafa minnkað í rykkjum í tímans rás. Í tilfelli kaffisins er til stöðluð mælieining, gramm, sem mælir raunmagn kaffisins. Þannig má mæla raunmagnið í kaffipökkunum. Í verðtryggðum lánum er oft notast við vísitölu neysluverðs til að mæla raunvirði gjaldmiðils. Hagstofan reiknar neysluvísitölu sem notuð er til að mæla raunmagnið í gjaldmiðlinum. Þeir sem lána vilja fá raunmagn sitt endurgreitt og þóknun fyrir tíma og áhættu. Hugsanlega þarf að bæta við áhættuþóknun fyrir rykkjótta þróun í stærð kaffipakkanna.

**➜ Þeir sem lána vilja fá raunmagn sitt endurgreitt og þóknun fyrir tíma og áhættu.**

Verðtryggð lán eru samningur um sjálfvirkan framtíðarlánsrétt á hluta vaxtanna. Endurlánað er fyrir þeim þætti er svarar til rýrnunar raunmagnsins í gjaldmiðlinum. Þessi endurfjármögnun er sjálfvirk og sparar því málsaðilum ferðir í bankann til að semja um ný lán. Upp úr 1980 voru algengir óverðtryggðir skuldabréfavextir í dönskum krónum rúmlega 20%. Það voru of háir vextir fyrir flesta og því nauðsynlegt að fá lán fyrir hluta þeirra vaxta og semja um nýtt lán og hækka þannig höfuðstólinn.

Raunvirði höfuðstólsins breytist oftast lítið. Það er aðalega gjaldmiðilinn sem minnkar. Danir settu því lög um verðtryggingu 1982. Sjálfvirknin sparar mikla vinnu og fyrirhöfn. Samningar, t.d. lánasamningar, verða að hafa viðmiðun á því augnabliki sem samningur er gerður. Eins og ágætur maður sagði: Fortíðin er dauð, framtíðin er óviss, við verðum að lifa í núinu. Ef samningar eru í kaffipökkum, þá eru þeir kaffipakkar sem fást núna eina nothæfa viðmiðunin. Væri óheiðarlegt að tiltaka hve mörg grömm væru í kaffipakkanum?

# Janúar kemur fyrr en varir

UMHVERFISMÁL



**Rakel Garðarsdóttir**
f.h. Vakandi

Íslendingar eru upp til hópa mikil jólabörn sem halda í heiðri gamla íslenska siði og venjur. Með fjölbreyttara mannlífi berast hingað til lands í auknum mæli jólasiðir annarra þjóða. Jólin eru hátíð sem flest okkar bera miklar væntingar til. Undirbúningur og stemningin eru alls ráðandi, það þarf að huga að mörgu svo eftirvænting breytist ekki í vonbrigði. Jólaljós eru hengd upp strax í byrjun desember og jólalögin fara að óma. Jólin eru líka mikil matarhátíð þar sem keppst er við að belgja sig út af alls kyns kræsingum. Tímabil áts og sukks er alltaf að lengjast í kringum jólahátíðina.

Í byrjun aðventu snýst veruleiki fólks á haus og margir eiga í erfiðleikum með að finna tíma fyrir öll jólahlaðborðin og jólaskemmtanirnar sem eru á dagskrá desembermánaðar.

Myrkrið hverfur þar sem allt er uppljómað af kertum og jólaseríum. Kirkjuklukkur eru notaðar til að minna okkur á upphaf jóla og fæðingu frelsarans. En þessari miklu hátíð ljóss og friðar fylgir einnig of mikið óhóf.

Ánægjulegt er þegar fólk kemur saman á jólahlaðborði. Jólin snúast einmitt um það að hittast, vera saman og gleðjast. Maður er manns gaman. Flestöll veitingahús og veislusalir bjóða upp á jólahlaðborð. Borð svigna undan mat og drykk – því meira sem er á boðstólunum þeim mun betra – finnst mörgum. Jólahlaðborð eru hins vegar ekki endilega mjög sniðug því margt af matnum sem þar er á boðstólum fer til spillis. Stemningin er að borða mikið. Oft bjóða fyrirtæki starfsmönnum sínum í jólahlaðborð. Fólk ber því hugsanlega ekki sömu virðingu fyrir matnum og ef það þyrfti að borga sjálft fyrir hann. Nú er um að gera að belgja sig út eins og enginn sé morgundagurinn. Það eru jú að koma jól – og þá er allt leyfilegt.

Fólk kann sér ekki hóf – diskar á jólahlaðborðum eru kúfaðir og öllu blandað saman. Um að gera að spara ferðirnar að jólahlaðborðinu. Síldin eða hryggurinn gætu verið búin þegar þú ferð næstu ferð. Graflaxsósa lekur yfir hangikjötið. Maturinn á disknum lítur út eins og hann sé að koma úr hrærivél. Í eldhúsinu standa matreiðslumennirnir sem hafa lagt mikið á sig til að gera jólahlaðborðið sem girnilegast. Fátt gleður augað eftir að gesturinn er búinn að smyrja fiski og kjöti saman á diskinn og hrúga 3-4 sósutegundum yfir krásirnar. Bragðið virðist ekki skipta máli lengur – nú hefur græðgin náð yfirhöndinni.

### Getum haft áhrif

Hvernig væri nú að setja minna á diskinn á næsta jólahlaðborði og fara jafnvel fleiri ferðir? Taka bara einn rétt í einu og njóta þess sem á diskinum er. Með því að setja minni skammta á diskinn minnka líkur á að matur endi í ruslinu. Færri ferðir og minna magn á diskinum getur meira að segja dregið úr skaðsemi loftslagsbreytinga. Því miður er matarsóun staðreynd. Hættuleg staðreynd. Ofneysla leiðir af sér falska eftirspurn eftir mat sem síðar á þátt í að draga úr lífsgæðum hér á jörð og veldur margs konar náttúruspjöllum. Að ekki sé talað um fjármuni og tíma sem sóað er um leið.

Mitt ráð til þín er að huga aðeins betur að því sem þú setur á diskinn. Að kitla bragðlaukana og njóta matarins – líka sjónrænt, vitandi að þú getur lagt þitt af mörkum til að gera jörðina lífvænlegri. Það þarf ekki að vera neitt leiðinlegra og er í ofanálag mun hátíðlegra. Að njóta betur og að koma í veg fyrir óþarfa sóun.



**➜ Ofneysla leiðir af sér falska eftirspurn eftir mat sem síðar á þátt í að draga úr lífsgæðum hér á jörð og veldur margs konar náttúruspjöllum. Að ekki sé talað um fjármuni og tíma sem sóað er um leið.**

Magn og gæði fara ekki alltaf saman.

Sagt er að janúar sé mánudagur mánaðanna. Hann birtist fyrr en varir og þá hefst sami vítahringurinn hjá fjölmörgum – það er að reyna að ná af sér jólasukkinu og borga kreditkortareikninginn. Hlýnun jarðar og gróðurhúsaáhrif er eitthvað sem kemur þér við, og mér líka. Ofsafengin veður, þurrkar, flóð – er það sem græðgi og virðingarleysi gagnvart náttúrunni færir okkur. Og þetta byrjar allt og endar á diskinum þínum.

Við getum haft áhrif, en til þess þurfum við að vera meðvituð og upplýst. Leyfum komandi kynslóðum einnig að njóta jóla í framtíðinni.

# Borgin standi við stóru orðin

SKIPULAG



**Kristinn Steinn Traustason**
formaður íbúasamtaka Úlfarsárdals

Nú hefur fengist glæsileg niðurstaða í hönnunarsamkeppni um samþættan leik- og grunnskóla með aðstöðu fyrir frístunda- og félagsstarf, menningarmiðstöð, bókasafn, sundlaug og íþróttaaðstöðu Fram í Úlfarsárdal. Næstu skref eru að ljúka hönnun mannvirkjanna og hefja framkvæmdir.

Húsnæði Dalskóla er mest aðkallandi í augum íbúa Úlfarsárdals, enda liðin sjö ár frá því fyrstu íbúarnir fluttu í hverfið. Búið er að selja allar fjölbýlishúsalóðir í hverfinu og eru nú eftir um 111 sérbýlishúsalóðir. Gera má ráð fyrir að nemendum Dalskóla muni fjölga verulega á næstu árum. Nemendur Dalskóla eru í dag um 200 og má áætla að þeir verði um 400 eftir tvö ár.

Borgin hefur nú auglýst lóðirnar í hverfinu til sölu á föstu verði og til þess að vel takist til með sölu lóða verður borgin að sýna fram á raunhæfa og metnaðarfulla áætlun um hraða uppbyggingu á þessum nauðsynlega þjónustukjarna. Ekki er ásættanlegt að Reykjavíkurborg ætli sér næsta áratuginn eða tvo til uppbyggingar þegar borgin hefur nú þegar dregið lappirnar í um 15 ár tengt uppbyggingu íþróttamannvirkja fyrir íbúa Grafarholts og Úlfarsárdals.

**➜ Ekki er ásættanlegt að Reykjavíkurborg ætli sér næsta áratuginn eða tvo til uppbyggingar þegar borgin hefur nú þegar dregið lappirnar í um 15 ár tengt uppbyggingu íþróttamannvirkja.**

Nú er komið að Reykjavíkurborg að standa við stóru orðin um myndarlega og hraða uppbyggingu í hverfinu eins og lofað var þegar lóðirnar í hverfinu voru boðnar út og seldar á mjög háu verði. Íbúar Úlfarsárdals og Grafarholts fagna niðurstöðu úr hönnunarsamkeppni og bíða spenntir eftir að sjá þessa glæsilegu hönnun verða að veruleika.


Matar-
sendingar
til útlanda
DHL
Láttu okkur sjá
um alla fyrirhöfnina
– útvega vottorð, pakka og senda.
Síðasti pöntunardagur fyrir jól er á
morgun 19. desember!
Íslenskur
jólamatur
NÓATÚN
DHL
Veislumatur
NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig
Hátíðarlambalæri Nóatúns
fyllt með villisveppum,
trönuberjum og camembert
2799 kr./kg
3398 kr./kg
Ísfugl,
fersk kalkúnabringa
2899 kr./kg
3498 kr./kg
Grísalæri
998 kr./kg
Grísahryggur
m/pöru
1099 kr./kg
1298 kr./kg
Bestir
í kjöti
Úr kjötborði
Opið til
miðnættis
alla daga
8-24
NÓATÚN
Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

## AF NETINU

### Að velja sér landfesti, kæri ráðherra



Margir læknar sögðu fyrir nokkrum árum að þeir færu aldrei í verkfall vegna launa sinna, það væri ekki samboðið læknastéttinni. Læknar eiga engan verkfallssjóð enda ætluðu þeir sér aldrei í verkfall. Þrátt fyrir þessa fortíð eru allir þessir læknar í dag í verkfalli og samstaðan er algjör. Réttlæting læknanna er ekki sjálf launin, réttlætingin er hvort læknar verði þátttakendur í heilbrigðiskerfinu til framtíðar eða ekki. Þeir vita að án þeirra verður ekki neitt heilbrigðiskerfi. Þess vegna berjast menn. Kæri Kristján og Co, ekki stóla á að læknar segi ekki upp. Læknar eru komnir út á ystu nöf, þeir geta ekki lengur tekið þátt í þessu leikriti um að allt sé í lagi. Það er ekki hægt að reka heilbrigðiskerfið á fornri frægð, það sekkur núna og íslenskir læknar eru menn að meiri að standa upp og viðurkenna hið augljósa.

Ég ráðlegg þér því eindregið að tryggja landfestar, það er skylda þín.

http://blog.pressan.is

*Gunnar Skúli Ármannsson*




# Sameiginleg forsjá – öryggisventill fremur en forræði

SAMFÉLAG



**Heimir Hilmarsson**
varaformaður Félags um foreldrajafnrétti

Lögheimilisforeldri hefur nánast allt vald eða forræði um hagi barns þrátt fyrir sameiginlega forsjá. Aðeins þrjár undantekningar eru frá þessari reglu en það er þegar barn er flutt úr landi, barn er skráð í eða úr trúfélagi og ef barn er sent í fóstur frá lögheimilisforeldrinu.

Þegar talað er um heimild dómara til þess að dæma sameiginlega forsjá þá er iðulega fjallað um sameiginlegar ákvarðanir foreldra og hæfni þeirra til þess að taka slíkar ákvarðanir saman. Í því sambandi er rétt að fara yfir hvaða ákvarðanir foreldrar þurfa að taka í sameiningu. Þegar lögin eru greind kemur í ljós undarleg staðreynd og í engu samræmi við þá umræðu sem hefur verið í gangi.

Foreldrar skulu taka sameiginlega allar meiri háttar ákvarðanir sem varða barn nema þegar um svokallaðar afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins er að ræða, segir í lögum. Þá er í greinargerð með lögunum útskýrt hvað felst í meiri háttar ákvörðunum sem varða barn og hvað felst í afgerandi ákvörðun um daglegt líf barns.

Lögheimilisforeldri hefur heimild til að taka sjálft afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins án samráðs við hitt foreldrið. Afgerandi ákvarðanir eru meðal annars hvar barnið skuli eiga lögheimili innanlands, hvar barnið skuli vera í leikskóla, grunnskóla og daggæslu, um heilbrigðisþjónustu, tannlæknaþjónustu, ungbarnaeftirlit, hvers konar rannsóknir, greiningu, meðferð, lyfjagjöf og aðgerðir, reglubundið tómstundastarf s.s. tónlistarskóla, íþróttastarf og félagsstarf.

**Öryggisventill**

Umgengnisforeldri, óháð forsjá, hefur heimild til þess að taka nauðsynlegar ákvarðanir um daglegt líf barns sem fylgja umgengninni á þeim tíma sem umgengni fer fram. Þessar nauðsynlegu ákvarðanir varða klæðaburð, mataræði, svefntíma, samskipti barns við aðra, afþreyingu og tómstundir barns á meðan umgengni varir.

Ekki er skilgreint í barnalögum hvaða ákvarðanir foreldrar með sameiginlega forsjá taki sameiginlega að öðru leyti en þegar fara á með barn úr landi. Þar getur þá sýslumaður úrskurðað ef um ómálefnalega synjun er að ræða. Um aðrar sameiginlegar ákvarðanir foreldra er vísað til annarra laga og þannig eru sameiginlegar ákvarðanir skilgreindar í lögum um skráð trúfélög og barnaverndarlögum. Foreldrar taka þá saman ákvörðun um skráningu barns í eða úrsögn úr trúfélagi og samþykki beggja foreldra þarf þegar barnavernd leitar eftir samþykki foreldra fyrir vistun barns yngra en 15 ára hjá þriðja aðila í barnaverndarmáli. Barnavernd hefur þó heimild til þess að ráðstafa barni án samþykkis beggja foreldra ef með þarf.

Foreldri sem ekki deilir lögheimili með barni er samt ákveðinn öryggisventill í lífi barns, fari það með sameiginlega forsjá. Það er svona eins og leikmaður sem situr á varamannabekk. Þegar foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns þá er öðru foreldri heimilt að taka nauðsynlegar ákvarðanir ef hitt foreldrið er hindrað í að sinna forsjárskyldum sínum. Þetta getur t.d. átt við ef foreldri er horfið eða mjög sjúkt, en ætti einnig við ef foreldri er langdvölum fjarri heimili.

> **➔ Umgengnisforeldri, óháð forsjá, hefur heimild til þess að taka nauðsynlegar ákvarðanir um daglegt líf barns sem fylgja umgengninni á þeim tíma sem umgengni fer fram.**

# Hlúðu að því sem þér þykir vænt um

## GEÐORÐIN 10

**Grein 2**

Greinin er önnur greinin af tíu í greinaröð jafnmargra úrræða og/eða félaga á geðheilbrigðissviðinu á höfuðborgarsvæðinu um Geðorðin 10.

GEÐHEILBRIGÐI



**Eyjólfur Magnússon Scheving**
f.h. Handarinnar



**Helga Hallbjörnsdóttir**

Það er viðurkennt að fyrstu vikurnar í lífi sérhvers barns skipta sköpum fyrir þroska heilans og á því tímabili skiptir líkamleg snerting sköpum fyrir manninn út lífið, sem og ástúð og hlýja. Einlæg vinátta byggist á hlýju og skiptir þá engu hver maðurinn er. Menn eru félagsverur.

Nútímaaðstæður krefjast meiri víðsýni en áður og jafnvel ósérplægni því að lífveran og viðhorfin breytast í sífellu. Þegar við tölum og hugsum um annað fólk getum við ekki látið sem það skipti okkur ekki lengur máli. Hugsi maður aðeins um sjálfan sig og skeyti engu um réttindi og velferð annarra, eða það sem verra er, reynir að græða á þeim, leiðir það fyrr eða síðar til tjóns fyrir viðkomandi. Hann glatar vinum og elsku sem létu sér annt um velferð hans.

Þegar maður vinnur fyrir aðra er maður í raun og veru að vinna fyrir sjálfan sig. Maður er að koma sér upp hinum dýra sjóði sem mölur og ryð fá ekki eytt. Sjálfsmynd manns er forsenda þess að höndla hamingjuna. Þess vegna þurfum við að móta samfélag sem stuðlar að sterkari sjálfsmynd. Hún liggur í þeirri gæsku frumbernskuáranna, er við erum mótuð frá til lífstíðar.

Einlæg vinátta byggist á hlýju og skiptir þá engu hver staða manns er. Velferð og réttindi annarra skiptir höfuðmáli. Því sannari vinir sem við erum, því meira berum við úr býtum. Um einstigi skyldunnar liggur þroskaleiðin í lífi sérhvers manns. Maðurinn hefur fyrst og fremst skyldur við sjálfan sig. Og með því að gera sjálfan sig að betri manni, bætir hann heiminn.

Það er dýrmætt að eignast sálarfrið. Allir menn leita að slíkum friði. Hugurinn er einn hinn sanni orrustuvöllur mannsins. Þetta líf og þessi heimur, er heimur átaka og baráttu. Menn verða að rata hinn gullna meðalveg milli tvenns; deyfðar og sljóleika annars vegar og hins vegar að rasa ekki um ráð fram.

> **➔ Sjálfsmynd manns er forsenda þess að höndla hamingjuna. Þess vegna þurfum við að móta samfélag sem stuðlar að sterkari sjálfsmynd. Hún liggur í þeirri gæsku frumbernskuáranna, er við erum mótuð frá til lífstíðar.**

Lífið hefur ekki nauðsynlegan tilgang. Lífið er tilgangur. Tilgangur hverrar lífsveru birtist sem löngun. Löngun til þess að gera skyldu sína. Þess vegna er leið skyldunnar vegur sem liggur upp og fram og það slást allar langanir mannsins í för með henni. Maðurinn á sér frjálsan vilja. Vilji okkar breytist í verk. Við ráðum hugsunum okkar.

Hugsun, orð, verk verða alltaf orsök sem hefur í för með sér ákveðnar afleiðingar sem mæta okkur sjálfum fyrr eða síðar. Menn móta sitt eigið geð, hugsun og búa til sitt eigið eðli. Vald heimsins er valdið yfir sjálfum sér fyrst og fremst, lífi sínu, verkefnum og nánasta umhverfi.

Valdalaus er sá einn sem missir vald yfir sjálfum sér. Þess vegna verður hver og einn að hlúa að því er okkur er dýrmætast í þessu lífi.

Maður er manns gaman.




OPIÐ 10-19
TIL JÓLA
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA FRÁ 10-19
SENDUM FRÍTT ALLAR VÖRUR TIL JÓLA
NÝTT USB GLINGUR
Stórsniðugt USB glingur frá Satzuma í miklu úrvali á frábæru verði. Algjör snilld:)
FRÁ 990
EITTHVAÐ FYRIR ALLA!
ENGIN VÖRUGJÖLD
FELLUM NIÐUR VÖRUGJÖLD Á ÖLLUM VÖRUM TIL ÁRAMÓTA
SNJALLAR JÓLAGJAFIR
ENGIN VÖRUGJÖLD OG EKKERT VESEN
VIÐ FELLUM NIÐUR ÖLL VÖRUGJÖLD
ENGIN VÖRUGJÖLD 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEYRNARTÓLUM
5 LITIR
SHOCK
Öflug lokuð leikjaheyrnartól frá Tt eSports sérstaklega hönnuð fyrir hámarks afköst í leikjaspilun.
7.992
VERÐ ÁÐUR 9.990
ALLT AÐ 40 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ Á APPLE
iPadAir2 9.7" RETINA WiFi 16GB
iPadAir2
18% þynnri og mun léttari með 40% öflugri örgjörva, UHD Retina skjá og Touch ID fingrafaraskanna.
79.900
ALGENGT VERÐ 89.900
8BLS NÝR BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SPENNANDI JÓLAGRÆJUM
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Alla daga til jóla
10:00 - 19:00
Aðfangadag
Lokað
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

✝



**RAGNHEIÐUR SIGURÐARDÓTTIR**
**frá Kolstöðum**

andaðist mánudaginn 15. desember á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Jarðarförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd ættingja og vina,**
**Ásgeir Sigurðsson**

✝



Bróðir okkar, mágur og frændi,

**VILHJÁLMUR BJÖRNSSON**
**Víkurhóli, Dalvík,**

verður jarðsunginn frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 20. desember nk. kl. 13.30.

**Auður Björnsdóttir** / **Magnús Stefánsson**
**Helgi Björnsson** / **Sigrún Friðriksdóttir**
**Ingibjörg Björnsdóttir** / **Árni Óskarsson**
**Svavar Björnsson** / **Ann Björnsson**
**systkinabörn og fjölskyldur.**

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginkonu minnar og móður,

**KRISTÍNAR S. R. GUÐMUNDSDÓTTUR**
**Öldusölum 1, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans fyrir frábæra umönnun.

**Jón Ögmundsson**
**Guðmundur Þór Kristjánsson**
**Kristján Örn Kristjánsson**

✝



Okkar ástkæra móðir, amma, langamma og tengdamóðir,

**BIRNA MULLER**
**Dalbraut 18,**
**Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 15. desember.

**Stefanía Muller** / **Stefán Guðmundsson**
**Marie Muller** / **Friðrik Ólafsson**
**Björg I. Muller** / **Johnny Arne Hansen**
**Leifur H. Muller** / **Linda Ekløff Muller**
**Sveinn Muller** / **Alda Hjartardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EINAR GUÐMUNDSSON**
**pípulagningameistari,**
**Laufbrekku 20, Kópavogi,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans 2. desember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 19. desember kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, þeim sem vilja minnast hans er bent á krabbameinsdeild Landspítalans.

**Elín Einarsdóttir**
**Guðmundur Einarsson** / **Anna Karlsdóttir**
**Kjartan Einarsson** / **Claudia Spagnol**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**ÞORSTEINS GÍSLASONAR**
**skipstjóra,**
**Naustahlein 1, Garðabæ,**

sem lést á Landspítalanum þann 12. ágúst síðastliðinn.

**Vilborg Vilmundardóttir**
**Vilmundur Þorsteinsson** / **Bjarney Jóhanna Sigurleifsdóttir**
**Gísli Þorsteinsson** / **Jolanta Salminaite**
**Hrefna Björg Þorsteinsdóttir** / **Guðmundur Löve**
**Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir** / **Aðalbjörn Þórólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**ÞETTA GERÐIST:** 18. DESEMBER ÁRIÐ 1982

## Kvikmyndin Með allt á hreinu er frumsýnd

Kvikmyndin Með allt á hreinu var frumsýnd á þessum degi árið 1982. Leikstjórn myndarinnar var í höndum Ágústs Guðmundssonar en handritið skrifuðu hljómsveitin Stuðmenn og leikarinn Eggert Þorleifsson ásamt fyrrnefndum Ágústi.

Grín og tónlist er alls ráðandi í myndinni sem fjallar um tvær hljómsveitir; Stuðmenn og Gærurnar. Þær ferðast um Ísland og lenda í ýmsum spaugilegum uppákomum á leið sinni.

Það má með sanni segja að Með allt á hreinu sé ein vinsælasta, íslenska bíómyndin fyrr og síðar og þó rúmir þrír áratugir séu síðan hún var fyrst sýnd vitna landsmenn oft í hana á förnum vegi. Svo ekki sé minnst á tónlistina sem lifir góðu lífi enn í dag.

### ➜ Fleygar setningar úr myndinni

„Lásinn er inn út, inn inn út.“

„Það verður sko engin helvítis rúta, það verður langferðabíll!“

„Hvernig á ég að geta sungið lagið, þetta er ómöguleg tóntegund. Ég syng lengst upp í rassgati.“

„Ég tvista til að gleyma.“



# Hugsa út fyrir boxið

**Mengi á Óðinsgötu fagnar eins árs afmæli um þessar mundir. Bjarni Gaukur Sigurðsson, eigandi Mengis, segir árið hafa verið lærdómsríkt og stefnir á að gera betur á því næsta.**



**BJARTSÝNN FYRIR NÆSTA ÁR** „Við ætlum að halda áfram og reyna að bæta okkur,“ segir Bjarni um framtíðarhorfur Mengis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Mengi er fyrst og fremst skapað sem vettvangur til að hugsa út fyrir boxið, prófa sig áfram á ýmsum sviðum og vinna með öðru fólki. Það þarf ekki endilega að vera bundið við listir eins og það hefur verið hingað til. Ég myndi vilja sjá aðra hluti í Mengi, eins og pælingar úr öðrum hliðum samfélagsins, til dæmis fræðimanna eða úr viðskiptalífinu,“ segir Bjarni Gaukur Sigurðsson, eigandi Mengis á Óðinsgötu. Mengi fagnar eins árs afmæli sínu um þessar mundir.

„Þetta er búið að vera mjög merkilegt ár. Þetta er þannig lagað einstök hugmynd og einstakur staður, hálfgerður listaklúbbur ef svo má segja. Það er búið að vera hellingur af frábærum viðburðum hjá okkur með frábærum listamönnum sem hafa ekki haft vettvang til að flytja sitt efni en eru reyndir og þekktir í bransanum. Þetta ár er líka búið að vera skemmtilegt og lærdómsríkt,“ segir Bjarni.

Dagskráin í þessari viku er óvenju glæsileg vegna afmælisins. Í kvöld sér Úlfur Hansson um að skemmta gestum en hann vinnur nú að hljómsveitarverki fyrir L'Orchestre Philharmonique de Radio France og Sinfóníuhljómsveit Íslands meðan hann klárar mastersnám í tónsmíðum við Mills College í Kaliforníu. Á föstudaginn verður síðan afmælisfögnuður í Mengi og á laugardaginn kemur tvíeykið Lazyblood, eða Valdimar Jóhannsson og Erna Ómarsdóttir, fram í Mengi í fyrsta sinn. Á sunnudaginn flytja síðan söngkonan Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og spænski gítarleikarinn Francisco Javier Jáuregui lög af geisladiskunum sínum Mitt er þitt – íslensk og spænsk sönglög, English and Scottish Romantic Songs for Voice and Guitar og Secretos quiero descubrir – Spanish Music for Voice, Violin and Guitar. Allri dagskrá er stillt upp af Skúla Sverrissyni, sem er listrænn stjórnandi Mengis og sér hann um að velja atriðin sem koma fram.

„Upprunalega hugmyndin, sem er enn við lýði, er að í Mengi séu helst þrír viðburðir í viku. Það hefur verið ýmiss konar list, til dæmis tónlist, dans, leikhús, vídeóverk, myndlist, gjörningar og fleira. Rauði þráðurinn hjá okkur er að vera alltaf með reglulega dagskrá sem er yfirleitt á sama tíma og kostar yfirleitt það sama inn,“ segir Bjarni en Mengi er rekið alfarið án utanaðkomandi styrkja. Það sem er enn fremur einstakt við hugmyndina á bak við Mengi er að listamenn fá ávallt greitt fyrir list sína.

„Það kostar ekkert að fá að koma fram hjá okkur. Listamenn fá greitt hlutfall af seldum miðum þannig að þeir fá alltaf greitt. Það er gert til að viðhalda metnaði, bæði hjá okkur og öðrum, að menn fái umbun fyrir listina og það er ekki ætlast til þess að listamenn fái ekki borgað eins og viðgengst,“ segir Bjarni.

> **Þetta er þannig lagað einstök hugmynd og einstakur staður, hálfgerður listaklúbbur ef svo má segja.**

En hvernig lítur næsta ár út á þessum listræna vettvangi?

„Við ætlum að halda áfram og reyna að bæta okkur.“

liljakatrin@frettabladid.is

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**KOLBRÚN SIGURÐARDÓTTIR**
**Háabergi 17,**
**Hafnarfirði,**

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 16. desember. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 22. desember kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ljósið eða líknardeild Landspítalans.

**Benedikt R. Steingrímsson**
**Margrét Benediktsdóttir** / **Pétur Hafliðason**
**Jenný Ýrr Benediktsdóttir** / **Ágúst Þórhallsson**
**Hlín Benediktsdóttir** / **Gísli Þór Jónsson**
**Guðrún Benediktsdóttir** / **Steinn Sigurðsson**
**Selma Benediktsdóttir** / **Eiríkur Ástvald Magnússon**
**og barnabörn.**

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**BALDVIN STEINDÓRSSON**
**rafvirkjameistari,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 13. desember, verður jarðsunginn föstudaginn 19. desember frá Háteigskirkju kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Kristniboðssambandið.

**Lilja Magnúsdóttir**
**Lilja Baldvinsdóttir** / **Þorbjörn Viggósson**
**Kristján Baldvinsson** / **Bryndís Ottósdóttir**
**Magnús Baldvinsson** / **Bettina Wilhelmi**
**Halldór Baldvinsson** / **Katrín Garðarsdóttir**
**Guðbjörn Baldvinsson** / **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, föstudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í föstudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## LISTRÆNN STJÓRNANDI

**Söngkonan Rihanna hefur verið útnefnd listrænn stjórnandi Puma og mun hafa umsjón með hönnun kvennalínu fyrirtækisins. Hún er komin í hóp þekktra íþróttamanna á borð við Usain Bolt og Mario Balotelli sem starfa með fyrirtækinu.**






# BETRI MELTING UM HÁTÍÐARNAR

**GENGUR VEL KYNNIR** *Færðu oft illt í magann af reyktu kjöti eða verður að leggja þig eftir að hafa borðað stóra máltíð? Taktu málið í þínar hendur og prófaðu Prógastró DDS+3. Það getur létt verulega á meltingunni.*

„Það kannast flestir við einkenni þess að hafa borðað mikið um jólin, vera útblásinn, illt í maganum og finna fyrir vanlíðan. Uppþemba og meltingarónot eru algeng vandamál í kringum hátíðir og fátt er betra til að líða vel í maganum eftir máltíðir en Prógastró DDS+3," segir Ásta Kjartansdóttir, vörustjóri hjá Gengur vel ehf. „Tvö hylki af Prógastró fyrir stóra máltíð geta létt verulega á meltingunni og þá sérstaklega ef á boðstólum er reykt kjöt, feitar sósur og því um líkt. Prógastró DD+3 er einn öflugasti asídófílusinn á markaðnum í dag. Hann inniheldur fjórar tegundir af góðgerlum sem eru bæði gall- og sýruþolnir, margfalda sig í smáþörmunum og koma þeim í frábært jafnvægi. Maginn verður glaður og við með!"



Ásta Kjartansdóttir

### SÝRU- OG GALLÞOLNIR GERLAR

Mikilvægt er að gerlarnir sem teknir eru séu sýru- og gallþolnir því maginn inniheldur mikla sýru og próbíótísku gerlarnir eiga mjög erfitt með að lifa af í því háa sýrustigi sem fyrirfinnst í maganum. Þörfin fyrir góðgerlana er í smáþörmunum og því þurfa þeir að lifa af ferðina í gegnum súran magann. Dr. S.K. Dash, höfundur Prógastró DDS+3, hefur þróað tækni sem gerir alla hans gerla sýruþolna. Prógastró DDS+3 þarf ekki nauðsynlega að geyma í kæli og því finnst hann í hillum á sumum sölustöðum en samt er ráðlagt að geyma hann í kæli eftir opnun.






### LÉTTIR VERULEGA Á MELTINGUNNI

„Tvö hylki af Prógastró fyrir stóra máltíð geta létt verulega á meltingunni og þá sérstaklega ef á boðstólum er reykt kjöt, feitar sósur og því um líkt."

### ÚTSÖLUSTAÐIR

Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.










# BÍÐ EINN DAG ÁÐUR EN ÉG KAUPI

**TÍSKA** *Kristjana Kristjánsson hefur miklar skoðanir á tísku enda hefur hún tekið að sér verkefni sem stílisti en í grunninn er hún fjármálahagfræðingur. Hún segist hálfgerður merkjasnobbari en hafi sérstakan hæfileika þegar kemur að því að gera góð kaup.*

**Menntun?** BS í fjármálafræði og BA í stjórnmálafræði frá háskólanum í Flórída, og meistaragráða í fjármálahagfræði frá Háskóla Íslands.

**Störf?** Ég hef unnið hjá Secret Solstice Productions og Selected í Smáralind meðfram. Svo er ég að leita mér að vinnu! Og ef þú, sem ert að lesa þetta, ert með fjármála- eða markaðsstarf fyrir ótrúlega duglega stelpu, þá hafðu samband.

**Ertu tískumeðvituð?** Já, ég verð að segja það …

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Í gallabuxur/skinny jeans, svarta ökklaskó eða stígvél, flotta skyrtu og leðurjakka – og svo er ég alltaf með skartið mitt.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Í klassískan svartan kjól eða „wrap-dress" með svörtum sokkabuxum, pels og hælaskó – og rauðan varalit.

**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?** Ég er oftast klassísk og fín – svona „sophisticated look". Mér finnst mjög gaman að klæða mig fínt en er líka mikið í rokk-leðurlúkkinu. En ég myndi aldrei fara í íþróttafötin nema á æfingu.

**Hvar kaupir þú fötin þín?** Oftast erlendis. Ég panta mikið erlendis frá – en hérna heima, þá er það í Selected í Smáralind, Kolaportinu og fatamörkuðum.

**Eyðir þú miklu í föt?** Já, örugglega meira en aðrir. En ég er svo góð í að gera góð kaup! Ég get yfirleitt fundið það sem mig langar í á netinu og sparað heilmikið. Ég er líka með reglu – að bíða í allavega sólarhring áður en ég kaupi mér föt úti í búð.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Burberry-leðurjakkinn minn og Jör-kápan mín.

**Uppáhaldshönnuðir?** Elizabeth & James, Alexander Wang & McQueen, Diane Von Furstenberg, JBrand Jeans og Kenzo.

**Bestu kaupin?** Jör-kápa, Schumacher-kápa frá Sævari Karli, en báðar fékk ég á ruglafslætti. Svo svarti Ella-kjóllinn og DVF-wrap-kjóllinn minn – og Romygold-leðurtaskan mín sem ég er ALLTAF með.

**Verstu kaupin?** Allt sem ég hef keypt í Kolaportinu sem er mega hipster.

**Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir jólin?** Svörtum pels sem ég pantaði frá Urban Outfitters og svörtum jólakjól frá YAS í Vero-Moda.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Ég er svolítill merkjasnobbari – ég fíla designer-föt á góðu verði. Annars er það líka leður og gull.

**Hvers konar fylgihluti notar þú?** Ég er alltaf með stórt flott úr, gullskart og stóra leðurtösku – og svo er ég líka oft með stór hálsmen.

**Hvaða förðunarvörur notar þú daglega?** Ég mála mig daglega og nota MAC eða Chanel foundation, MAC og Smashbox BB concealer, BareMinerals Powder, Benefit Benetint blush, Estée Lauder Bronzer, Benefit Highlighter, Lancôme maskara, Shu Uemura EyeLash curler, Stila eyeshadow, Benefit EyeBright inner eyeliner, Stila liquid eyeliner, Rosebud Perfume Co. gloss. Svo er ég alltaf með ilmvatn, til dæmis Marc Jacobs classic, Chanel Chance Eau Tendre eða Atelier Cologne Cédrat Enivrant.

**Áttu þér tískufyrirmynd?** Victoriu Beckham – hún er ALLTAF fín. Svo bara vinkonur mínar í kringum mig – þær eru með svo ólíkan og fjölbreyttan stíl að ég fæ alltaf hugmyndir frá þeim.



**GLÆSILEG** Kristjana er í leður harem-buxum frá Selected, jakka frá Bebe, silkiklút frá KronKron, hvítum toppi frá American-Eagle. Hún er með Michael Kors úr, Marc Jakobs wishbone-hálsmen, þríkross og sítt gullhálsmenn frá BananaRepublic og eyrnalokka frá Bulgari. MYND/STEFÁN

## KLASSÍSK

„Ég er oftast klassísk og fín - svona „sophisticated look". Mér finnst mjög gaman að klæða mig fínt en er líka mikið í rokk-leðurlúkkinu. En ég myndi aldrei fara í íþróttafötin nema á æfingu."

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447






# *JS Watch co.*

REYKJAVIK






## Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úranna.

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

GILBERT

ÚRSMIÐUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100

www.gilbert.is


















**HÖNNUÐUR** Helga Ragnhildur Mogensen er ein fjögurra íslenskra skartgripahönnuða sem boðin var þátttaka í farandsýningunni From the Coolest Corner. Sænskt hönnunarsafn keypti verk Helgu þegar sýningin staldraði við þar. Forvitnast má um hönnun Helgu á www.helgamogensen.com. MYND/GVA

# RÖHSSKA KEYPTI RAUÐA ÞRÁÐINN

**ÍSLENSK HÖNNUN** *Helga Ragnhildur Mogensen skartgripahönnuður tekur þátt í farandsýningunni From the Coolest Corner sem flakkar nú um Skandinavíu. Röhsska Museet keypti verk Helgu þegar sýningin kom við þar.*

Ég hef ekki selt verk áður á safn, þetta er ótrúlega skemmtilegt,“ segir Helga Ragnhildur Mogensen skartgripahönnuður en sænska hönnunarsafnið Röhsska Museet keypti verk eftir hana á dögunum, Rauða þráðinn.

Rauði þráðurinn er hluti af farandsýningunni From the Coolest Corner sem flakkar nú um Skandinavíu og staldraði meðal annars við í Röhsska. Alls var 61 hönnuði frá Norðurlöndunum og Eistlandi boðin þátttaka og frá Íslandi eiga auk Helgu Hulda B. Ágústsdóttir, Ástþór & Kjartan hjá Orr og Hildur Ýr Jónsdóttir verk á sýningunni.

Verk Helgu er hálsmen sem samanstendur af litlum bútum úr rekaviði sem tengjast allir með rauðum þræði.

„Á hvern bút hef ég skrifað nafn með blýanti. Þetta eru nöfnin á fjölskyldu minni og hálsmenið er tákn um fólkið sem fer með mér norður á Strandir. Þangað hefur fjölskyldan farið frá því ég var lítil stelpa og þeim stað fylgir mikil nostalgía,“ segir Helga. „Ég nota mikið efni úr fjörunni í mín verk svo sem rekavið og einnig roð til að fá lit. Verkið er tenging við fjölskyldu mína og tenging við þennan stað en það er unnið úr rekaviði úr fjörunni á Ströndum. Margir hafa nefnt að verkið líti út eins og ættartré.“

Síðasta eina og hálfa árið hefur Helga eingöngu unnið að eigin hönnun undir nafninu Helga Mogensen. Þá er hún hluti af hópi hönnuða og listamanna Kirsuberjatrésins þar sem hún selur vörur sínar. Hún segir nokkur spennandi verkefni fram undan sem ekki megi ljóstra upp um strax en verði kynnt þegar nær dregur HönnunarMars. Sýningunni From the Coolest Corner mun ljúka í München í Þýskalandi snemma á næsta ári.

**heida@365.is**



**RAUÐI ÞRÁÐURINN** Hálsmen Helgu úr rekavið og rauðu bandi er nú hluti af safneign Röhsska Museet í Gautaborg. MYND/HELGA MOGENSEN



**REKAVIÐUR** Helga sækir efnivið sinn mikið í fjöruna á Ströndum og vinnur einnig með roð. MYND/HELGA MOGENSEN



**FUGLAR** Eyrnalokkar í formi smáfugla eftir Helgu. MYND/HELGA MOGENSEN


TRI
Suðurlandsbraut 32
ParkTool
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
CUBE
COMPRESSPORT
VEINO-MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY
CRAFT
GARNEAU
BROOKS
Mighty afturljós 7.990kr
★★★★
GARNEAU
LG hjálmar frá 8.990kr
CUBE
BORGUN
TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum
í allt að 36 mánuði í samstarfi við Borgun
CUBE bakpokar frá 9.990kr
GARNEAU
LG vetrarskór 33.990kr
GARNEAU
LG hanskar 8.990kr
GARNEAU
LG buxur 19.990kr
SCHWALBE
Nagladekk frá 8.990kr
CUBE
RFR ljós 3.990kr
BROOKS
Brooks skór frá 23.990kr
CRAFT
CRAFT jakkar frá 18.990kr
Glæsileg gjafabréf fást hjá TRI VERSLUN!
WWW.TRI.IS
Louis Garneau
hjólataska
með
ljósi
5.990Kr
20.desember & 21.desember - 11:00 til 18:00
22.desember & 23.desember - 11:00 til 20:00
24.desember - 10:00 til 12:00
CRAFT
vettlingar
4.490kr




# KJÓSA AÐ SOFA EKKI Í NÁTTFÖTUM

**KÓSÍ** *Náttföt eru vinsæl jólagjöf. Svo virðist sem karlmenn noti náttföt öðruvísi í dag en þeir gerðu áður fyrr. Margir nota náttbuxur sem kósíföt heima við en fara síðan úr þeim áður en gengið er til náða. Breskir karlmenn kjósa helst að sofa naktir, samkvæmt evrópskri könnun.*

Um 25% breskra karlmanna sofa ekki í náttfötum og eiga engin slík. Þetta kemur fram í nýlegri könnun. Um 1970 sváfu allir í náttfötum samkvæmt könnunum á þeim tíma en nú er öldin önnur. Það var fyrirtækið Cotton USA sem lét framkvæma könnunina en fyrirtækið vinnur með bómull og selur í meira en 50 löndum. Fyrirtækið er með sautján skrifstofur víða um heim.

Könnunin sýndi að breskir karlmenn kjósa helst að sofa naktir, mun fleiri en bræður þeirra á meginlandinu. 5.000 manns voru spurðir í könnuninni um kaupvenjur. Konur reyndust fimm sinnum líklegri til að eiga náttföt en karlar. Þeir sögðust margir eiga óþægilegar minningar frá barnæsku sinni varðandi náttföt.



**HEIMA** Körlum finnst þægilegt að vera á náttbuxunum heima, meira að segja forsætisráðherra Bretlands segist vinna á náttbuxunum heima.

### HAFA ÞAÐ KÓSÍ

Allt önnur staða birtist þegar ítalskir karlar voru spurðir. Annar hver þeirra sefur alltaf í náttfötum. Í Þýskalandi hefur þeim karlmönnum fækkað sem vilja sofa í náttfötum frá fyrri könnunum nema í Berlín, þar kjósa enn flestir að sofa í þeim.

Þótt færri karlar sofi í náttfötum eru enn margir sem líta til Playboy-kóngsins Hughs Hefner í silkislopp með aðdáun. Dýrar og fínar verslanir í Bretlandi selja silkináttföt og -sloppa í anda hans. Samkvæmt því sem talsmenn Debenhams tjáðu breska netmiðlinum The Telegraph jókst sala á náttfötum um 10% á síðasta ári. Skýringin var: „Margir vilja fara í þægilegar náttbuxur þegar heim er komið til að hafa það kósí.“



**NÁTTFÖT** Jólanáttföt eru kannski ekkert sérstaklega smart. Náttföt eru engu að síður vinsæl jólagjöf.

### CAMERON Á NÁTTBUXUM

Það vakti mikla athygli þegar David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, viðurkenndi að hann klæddist gjarnan náttbuxum heimavið. Hann sagðist vinna verkefni snemma á morgnana klæddur náttbuxum. Heimili hans er í sama húsi og vinnustaðurinn í Downing-stræti 10. Frægt er að Winston Churchill, einn frægast stjórnmálamaður Breta, sat oft mikilvæga fundi á stríðstímum klæddur náttfötum.

Frægir tískuhönnuðir eins og Jean-Paul Gaultier og Dolce & Gabbana hafa framleitt vinsæl röndótt silkináttföt sem hafa vakið athygli. Ítalski tískuframleiðandinn Marni hefur sömuleiðis markaðssett gamaldags röndótt silkináttföt sem seljast vel. Þá er Calvin Klein öflugur náttfatahönnuður.

### VARÚÐ

Sumir telja að náttfatasala hafi aukist eftir efnahagshrunið. Fólk sé meira heima en áður og vilji hafa það notalegt á náttfötum. Svo algengt er það orðið að fólk sé á náttbuxum heima að sumir gleyma sér og fara út í búð án þess að skipta um föt. Talsmenn Tesco-verslunarkeðjunnar í Bretlandi hafa bannað fólki að versla í náttfötum en það var orðin algeng sjón. Nokkrir skólar í Middlesbrough hafa þurft að biðja foreldra að gæta þess að börnin sýni velsæmi og komi ekki í náttbuxum í skólann.

Í könnuninni kom einnig fram að Bretar eiga minna af fötum, nærfötum og sokkum en aðrir Evrópubúar. Fullorðinn breskur karlmaður á að meðaltali ein jakkaföt. Ítalskur karlmaður á að minnsta kosti þrenn jakkaföt en Þjóðverjar eiga þó mest af fötum.

■ elin@365.is

### BRETAR SOFA NAKTIR

Könnunin sýndi að breskir karlmenn kjósa helst að sofa naktir, mun fleiri en bræður þeirra á meginlandinu. 5.000 manns voru spurðir í könnuninni um kaupvenjur. Konur reyndust fimm sinnum líklegri til að eiga náttföt en karlar.















www.Facebook.com/zikzakkringlan    1. hæð Kringlunnar    Hægt er að panta í síma: 551-1314

# ÍSLENSK SAMTÍMAHÖNNUN

**POPPAR ALLTAF UPP FYRIR JÓLIN** *Jólamarkaður PopUp verzlunar verður haldinn í porti Hafnarhússins um helgina. Sams konar markaður var haldinn í byrjun mánaðar og vakti stormandi lukku. Að þessu sinni verða átta nýir hönnuðir með sölubása en auk þess verður Reykjavík Fashion Festival með kynningarbás í fyrsta skipti. Þá verður Reykjavík Roasters með kaffihús.*

Tuttugu og átta hönnuðir koma saman á jólamarkaði PopUp verzlunar í porti Hafnarhússins um helgin. Þar af eru átta hönnuðir sem ekki hafa tekið þátt í PopUp áður. Á boðstólum verður fatnaður, fylgihlutir, húsbúnaður og ýmiss konar gjafavara.

Fatahönnuðurinn Þórey Björk Halldórsdóttir stendur að markaðinum en hún er ein af stofnendum PopUp-markaðanna sem hafa skotið upp kollinum hér og þar síðastliðin ár.

„Við vorum fjórar sem hófum þetta í upphafi en ég er ein eftir. Í dag vinn ég með grafískum hönnuðum, rýmishönnuðum og fleirum,“ segir Þórey sem jafnframt er viðburðastjóri viðburðadeildar Höfuðborgarstofu. Markaðurinn poppar upp eftir þörfum og er ávallt haldinn fyrir jól. „Við vorum með markað helgina 6.–7. desember og gekk hrikalega vel. Þar skapaðist mikil og góð stemning.“

Að þessu sinni verður Reykjavík Fashion Festival með kynningarbás fyrir árlega hátíð sína í mars. „Við höfum aldrei leyft kynningarbása áður, heldur eingöngu sölubása. Við höfum hins vegar verið í samstarfi við RFF áður og ákváðum að þetta yrði góð viðbót við markaðinn. Þá verður Reykjavík Roasters með kaffihús, Blóma Náttúra með blómaskreytingar og Jólavættir Reykjavíkur á staðnum í bland við ljúfa tóna.“

Þórey segir hönnuði sérvalda á markaðinn. „Við mörkuðum okkur ákveðna stefnu í upphafi og höfum haldið okkur við hana. Við erum ekki með handverksfólk. Aðeins hönnuði. Þeir þurfa að vera komnir með vörumerki og heildstæða línu. Við reynum að taka inn framsækna hönnun og hönnun sem er í takt við samtímann.“ Markaðurinn verður opinn á laugardag og sunnudag á milli 11 og 17. Hér má sjá brot af úrvalinu frá hönnuðum sem ekki hafa tekið þátt áður.


RIMMBAMM


PASTELPAPER


ILDEM


MARKRÚN


MARKRÚN


INGASÓL





MARC JACOBS


SACAI

# EINKENNISBÚNINGAR Á VORI KOMANDI

Tískustefnurnar fyrir næstkomandi vor eru af ýmsum toga. Ein af þeim er af hernaðarlegum toga og var nokkuð áberandi á helstu tískusýningum haustsins þar sem sýnd var tíska vorsins og sumarsins 2015. Hermannaföt og einkennisbúningar virðast hafa orðið tískuhönnuðum töluverður innblástur en útfærslurnar voru af ýmsum toga. Þar mátti sjá allt frá litríkum búningum, flottum útfærslum á búningum kínverska kommúnistaflokksins og svo kjóla og kápur með hermannlegu ívafi.


TOMMY HILFIGER


CANADA GOOSE ARCTIC PROGRAM
CANADA GOOSE®
LODGE
kr.99.990.-
MONTEBELLO
kr.104.990.-
CITADEL
kr.129.990.-
KENSINGTON
kr.129.990.-
VICTORIA
kr.114.990.-
TRILLIUM
kr.114.990.-
CHATEAU
kr.114.990.-
HYBRIDGE
kr.89.990.-
GRÍPTU GÆSINA
SETTU ALVÖRU GÆÐI Í JÓLAPAKKANN!
SPORTÍS
MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

# NÝTT LÍF GAMLA LEÐURSINS

**GAMALT VERÐUR NÝTT** *Guðrún Jóhannesdóttir, fyrrverandi framhaldsskólakennari á Akranesi, saumar kjóla, stakka og pils úr gömlum leðurflíkum. Hún byrjaði á því að sauma leðurkjól á sjálfa sig og fann bestu aðferðina við verkið á netinu.*



**GUÐRÚN JÓHANNESDÓTTIR** hannar kjóla, pils og stakka úr gömlum leðurflíkum og gervipelsum.

Flíkurnar kaupi ég helst af góðgerðarstofnunum svo peningurinn fari í gott málefni. Mest kaupi ég í búð hér á Akranesi þar sem ég bý sem heitir Búkolla,“ segir Guðrún Jóhannesdóttir, fyrrverandi framhaldsskólakennari og eigandi Betrumbótar. „Ég kaupi leðurflíkur og gervipelsa, spretti flíkunum upp, þvæ þær og þurrka, set þær saman og sauma upp á nýtt.“

Sagan á bak við Betrumbót Guðrúnar er á þá leið að hún saumaði sér kjól úr gervileðri sem hún var ekki alls kostar ánægð með. „Ég saumaði mér mjög flottan kjól sem töluverð vinna fór í, fór í hann tvisvar og þá flagnaði allt plast af honum. Þá varð ég svo fúl að ég ákvað að prófa að gera mér kjól úr alvöru leðri. Ég tímdi samt ekki að kaupa dýrt leður einungis til að gera tilraunir með þannig að ég keypti gamlan jakka og prófaði mig áfram. Á netinu fann ég aðferðir við saumaskapinn sem mér líkaði. Leðurflíkurnar gömlu þvæ ég í þvottavél og nudda þær með hárnæringu og þá verður leðrið eins og nýtt. Fyrsti kjóllinn heppnaðist vel og svo fór boltinn að rúlla, ég saumaði fyrst bara fyrir sjálfa mig og svo fyrir aðra. Þetta var fyrir um það bil einu og hálfu ári og nú hefur Betrumbót meðal annars verið tvisvar sinnum á sýningunni Handverk og hönnun,“ segir Guðrún.

Í leðurflíkunum sem Guðrún saumar eru bútarnir flestir litlir og segir hún það vera skemmtilegt að sjá hve miklu efni er hægt að ná úr einni flík. „Það er sjaldan sem ein flík dugar í einn kjól. Það væri þá helst stór „eitís“-leðurjakki með risastórum axlapúðum sem væri hægt að nota til að ná í einn nýjan kjól. Annars er ég nokkuð gróf í því að nota leðrið eins og það er þó það sé snjáð en það kemur samt ágætlega út.“

Guðrún segir vinnuna á bak við hverja flík sem hún saumar vera mikla. „Þetta er mjög tímafrekt, það tekur langan tíma að gera leðrið tilbúið og ég er alveg viku með hverja flík þannig að þetta er ekki mikil framleiðsla hjá mér,“ segir hún og hlær.

Nánari upplýsingar um Betrumbót má finna á Facebook.





**ENDURUNNIÐ** Kjólarnir eru allir úr leðri úr notuðum flíkum.



**ÁKVEÐIN HUGMYNDAFRÆÐI** Betrumbót eða „upcycling“ er að skapa verðmæti úr gömlu dóti, eða einhverju, sem hefur glatað gildi sínu, til dæmis dottið úr tísku.


Vertu flott um jólin



Mussur
Stærðir 38-48
Verð aðeins
7.990 kr.



Peysur
Stærðir 38-48
Verð aðeins
7.990 kr.

COSMO
Kringlunni




Nýjar vörur frá Olsen komnar í Sigurbogann

# Jólagjöfin í ár...

## fyrir alla sem stunda hreyfingu

**Fyrirbyggjandi gegn vöðvabólgu, minnkar þreytu og hjálpar til við liðlosun í baki.**



Guðjón Valur mælir með TRIGGER POINT PERFORMANCE

„Nuddrúllan mín er ómissandi þáttur í æfingunni og líkamsræktinni"
Guðjón Valur Sigurðsson
*atvinnumaður í handbolta*

Trigger Point 33 cm GRID nuddrúlla

**Kr 8.995.-**



## og svo allar hinar gjafirnar...

KORTER.IS

**SLENDERTONE™**

Stinnari og sterkari á aðeins 4 vikum. 20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum.



Slendertone
Abs herra/dömu
**Verð kr. 29.995.-**



**TRX Suspension Training®**

Eitt öflugasta æfingakerfi sem völ er á og hefur farið sigurför um heiminn.

**TRX Pro pakki - Verð kr. 29.995.-**
**TRX Home pakki - Verð kr. 35.995.-**
**TRX Force pakki - Verð kr. 44.995.-**



**KulaeYogapakki**
Dýna og Yogahandklæði
**Verð kr. 16.995.-**
**Natural Fitness Yogapakki**
Dýna og handklæði
**Verð kr. 9.995.-**

**JumpSport® FITNESS TRAMPOLINE**



**Trampolín JumpSport 220**
**Verð kr. 44.995.-**
**Trampolín JumpSport 250**
**Verð kr. 49.995.-**



**IRONGYM** dyraslá, ótrúlega margir æfingamöguleikar, einfalt og öruggt.
**Verð kr. 7.995.-**
**IRON GYM EXTREME**
**Verð kr. 11.995.-**



YORK 20 kg handlóðasett
**Verð kr. 14.995.-**
YORK 50 kg. lóðasett
**Verð kr. 34.995.-**



**HUMANX X2** Sippuband **kr. 3.995.-**
**HUMANX X4** Sippuband **kr. 6.995.-**



**POLAR púlsmælar á betra verði...**

**POLAR FT4**
**Verð kr. 13.995.-**

**POLAR FT7**
**Verð kr. 16.995,-**

**POLAR 400 GPS**
**Verð kr. 33.995.-**

**POLAR LOOP**
**Verð kr. 15.995.-**



**ROPE YOGA** Frábært æfingatæki sem styrkir allan líkamann auðvelt í notkun

Rope Yoga ferðasett + dýna **Verð kr. 19.995.-**
Rope Yoga bekkur **Verð kr. 59.995.-**

**Komdu og fáðu ráðleggingar hjá fagfólki**

allt fyrir kroppinn

**HREYSTI**

**Skeifunni 19 - S. 568 1717**

NETVERSLUN: WWW.HREYSTI.IS
Sendum um land allt.
Kíktu á www.tptherapy.com

# RÍSANDI STJARNA LAVERNE COX

**FÖGUR KONA** *Leikkonan Laverne Cox hefur vakið verðskuldaða athygli á árinu. Hún var tilnefnd til Emmy-verðlauna fyrir leik sinn í Orange Is the New Black og er ötul baráttukona LGBT-fólks enda er hún sjálf transkona.*

Cox leikur transkonuna Sophiu Burset í Netflix-þáttaröðinni Orange Is the New Black sem snýst um lífið í kvennafangelsi í Bandaríkjunum. Cox fæddist í Mobile í Alabama árið 1984 og á tvíburabróður sem túlkaði hlutverk Sophiu Burset í OITNB áður en hún leiðrétti kyn sitt.

Cox hefur verið ötul talskona transfólks í heiminum og hefur nýtt sér frægð sína til þess.

Hún er bæði baráttukona og frumkvöðull og hefur tekið fyrstu skrefin inn á ýmis svið sem áður voru transfólki lokuð. Þannig varð hún fyrsta transmanneskjan til að hljóta tilnefningu til Emmy-verðlauna fyrir leik. Hún er einnig fyrsta transkonan sem prýðir forsíðu tímaritsins Time en það gerði hún í júní á þessu ári.

Líf Cox hefur þó ekki verið dans á rósum. Hún reyndi sjálfsmorð ellefu ára gömul þegar hún uppgötvaði að hún væri hrifin af strák í bekknum sínum. Þá hafði hún einnig verið lögð í einelti í mörg ár fyrir að haga sér ekki eins og strákar „eiga“ að gera.

Hún komst þó í gegnum unglingsárin og útskrifaðist frá listaskóla þar sem hún lagði áherslu fyrst á dans og síðar leiklist. Hún hefur tekið að sér ýmis hlutverk og verið stjórnandi og framleiðandi raunveruleikaþáttarins TRANSform Me sem hlaut tilnefningu til GLAAD-verðlauna. Hún hefur einnig komið fram í ýmsum aukahlutverkum í þáttum, t.d. Law and Order: SVU og Bored to Death.

Meðfram starfi sínu sem skemmtikraftur kemur Cox reglulega fram og skrifar greinar um réttindi transfólks og önnur málefni líðandi stundar. Hún hefur vakið athygli á að transfólk verði oft fyrir ofbeldi og mismunun. Atvinnuleysi sé hærra meðal þess og enn meira hjá þeldökku transfólki. Cox segir hlutverk sitt í OITNB hjálpa sér mikið við að koma málstaðnum á framfæri. Cox lýsir Sophiu sem margslunginni persónu sem fólk eigi auðvelt með að finna til með og þannig fái fólk jákvæða sýn á heim transfólks.











# HROSSA-
# HLÁTUR

**Til hamingju hestamenn og aðrir landsmenn!**
**Hrossahlátur gamansögur af hestum og**
**mönnum er bók sem lýsir upp skammdegið.**








## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**HVOLPUR TIL SÖLU!**
HRFÍ rottweiler rakki leitar að framtíðarheimili hjá yndislegri fjölskyldu. Nánari upplýsingar moaevensen@gmail.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Skrifstofuherbergi til leigu að Langholtsvegi 111. Sanngjarnt verð. Upplýsingar í síma 866 6444

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu verslunarhúsnæði 70-80fm í kjallara á góðum stað við Ingólfstorg. Nánari uppl. í s. 893 1443

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.






# ATVINNA

## Atvinna í boði

SÓMI

**SÓMI**
Óskum eftir að ráða bílstjóra til starfa, viðkomandi þarf að geta byrjað strax, vera yfir 20 ára, frískur, stundvís og reglusamur.
Vinnutími er frá ca 05.00-12.00.
**Tekið er á móti umsóknum á staðnum og á somi@somi.is**

**VINNA VIÐ SANDBLÁSTUR**
Traust fyrirtæki á Reykjavíkursvæðinu óskar eftir starfsmanni í sandblástur. (Innivinna) Um framtíðarstarf gæti verið að ræða. Upplýsingar um aldur og fyrri störf sendist með tölvupósti til: vel@simnet.is

Vantar bílstjóra í 100% vinnu frá 8-18! Dugnaður, sjálfstæð vinnubrögð og góð íslenskukunnátta eru skilyrði. Umsóknir og nánari upplýsingsr á vinnaibodi@gmail.com merkt „Bílstjóri"






# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


ART & TEXT
Sandblásturfilmur
Vegglímmiðar
Merkjum púða (ljósmynd/texti)
Prentun - Merkingar
og ýmislegt fleira fyrir þitt heimili.
www.artogtext.is
Básbryggju 15 • 110 RVK • S. 862 5564 • artogtext@artogtext.is

VHF talstöð með innbyggðu
Verð kr. 33.118
Stafrænir DVB-T2
HD móttakarar.
tilboðsv. Kr. 11.900
Fyrir húsbílinn
kr. 11.500 Hólmatún 37
Hugna

Tökum að okkur snjómokstur á höfuðborgarsvæðinu allan sólarhringinn.
LÍNUBORUN EHF
820 0070 577 5177

XPRENT - hönnun og merkingar
PRENTUN | HÖNNUN | MERKINGAR | SKILTAGERÐ | XPRENT.IS
...og margt fleira
Sundaborg 1 - 104 Reyjavík - Sími: 777 2700 - xprent@xprent.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

· Hjólbarðaviðgerðir
· Smurþjónusta
· Bremsur
· Demparar
· Rafgeymar
· o.fl.
HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

• Jarðvegsvinna
• Steypusögun
• Kjarnaborun
• Múrbrot
• Húsarif
• Öll almenn verktakavinna
BROTAFL
STEINSÖGUN • BORUN • BROT
Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
brotafl@simnet.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

Sendu jólakveðju.
Jólakveðjurnar 24.12.2014
Pantið tímanlega.
Sími 512 5407
Þjónustuauglýsingar
Fréttablaðsins

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Skaftárhreppur
Fulltrúi skipulags –og byggingarmála

### Auglýsing um skipulagsmál í Skaftárhreppi

***Í samræmi við 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi skipulagstillögu.***

### Deiliskipulag – Orustustaða í Skaftárhreppi

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir hótel rúmlega 20 km austan við Kirkjubæjarklaustur, á jörðinni Orustustöðum í Skaftárhreppi. Deiliskipulagssvæðið er rúmlega 40 ha að stærð. Deiliskipulagið tekur einnig til aðkomuvegar sem liggur að hluta til í landi Hraunbóls/Sléttabóls.

Tillaga þessi liggur frammi hjá fulltrúa skipulags- og byggingarmála í Skaftárhreppi, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri og á heimasíðu Skaftárhrepps www.klaustur.is. Frá 18. desember 2015 til og með 9. febrúar 2015. Athugasemdafrestur við tillögu þessa er til og með mánudeginum 9. febrúar 2015. Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega til fulltrúa skipulags –og byggingarmála á skrifstofu Skaftárhrepps, Klaustursvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri.

**Virðingarfyllst**
**Vigfús Þór Hróbjartsson**
**Fulltrúi á sviði skipulags-og byggingarmála**
**Skaftár- og Mýrdalshreppi.**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Sveitarfélagið ÁRBORG

### Um tillögu að deiliskipulagi Grænumarkar 1-5 og Austurvegar 51-59 Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi Grænumarkar 1-5 og Austurvegar 51- 59 Selfossi.

Lóðirnar Austurvegur 51-59 verða sameinaðar í tvær lóðir annars vegar Austurvegur 51-53 og Austurvegur 55-59. Spilda milli lóðanna og Austurvegar verður sameinuð lóðunum.

Á nýju sameinuðu lóðunum, er gert ráð fyrir tveimur stakstæðum nýjum íbúðabyggingum sem hugsanlega verða tengdar saman með tengibrú á 2. hæð. Byggingarnar verða 3 hæðir, auk kjallara. Ef þurfa þykir verður bílakjallari sunnan við vestara húsið og lóð þess ofan á honum. Aðkoma að lóðinni Austurvegur 51-53 verður frá Austurvegi ,en frá Heiðmörk að lóðinni Austurvegur 55-59 og hugsanlegum bílakjallara.

Gert er ráð fyrir því að nýtingarhlutfall lóðanna verði 0,9.Hluti vestari nýbyggingar þ.e. jarðhæð og kjallari verður nýtt sem þjónusta fyrir aldraða, samtengd þjónustumiðstöð aldraðra við Grænumörk 5 með einnar hæðar tengibyggingu.

Teikning ásamt greinagerð og skilmálum, vegna tillögunnar munu liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá og með fimmtudeginum 18. desember 2014 til og með fimmtudeginum 29.janúar 2015.
Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 29.janúar 2015, og skal þeim skilað skriflega til skipulags – og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning, greinagerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangið bardur@arborg.is.

*Virðingarfyllst*
Bárður Guðmundsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Árborgar.

## Krókháls – Til leigu
350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði










- Leiguhúsnæði Krókhálsi 6, 3. hæð.
- 350 til 400 fermetra skrifstofuhúsnæði.
- Laust til leigu strax.
- Nýuppgert.
- Töluvert til af skrifborðum sem geta fylgt með.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma: 696-9420.

Vissir þú að...

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hætti

# Skrifstofuhúsnæði til leigu








Um 680 fermetra skrifstofuhúsnæði í Grímsbæ til leigu í lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma 696-9420.











# Hágæða bakpokar frá Osprey

Við stillum alla bakpoka svo þeir passi fullkomlega. Á öllum stærri pokunum sérmótum við mjaðmabeltin.

Eitt mesta úrval landsins!

Komdu og mátaðu, þú finnur muninn.

- Klifurbakpokar
- Leiðsögumannabakpokar
- Fjallgöngubakpokar
- Fjallaskíðabakpokar
- Hjólabakpokar



OSPREY

Spennandi jólagjafir fyrir áhugafólk um útivist

GG·sport

Mjög sterkir keðjubroddar á frábæru verði

- 13 punkta broddar
- Hágæða frostþolið gúmmí
- Keðja soðin á samskeytum
- Taska fylgir með

5.900 kr.



## Ótrúleg útvörp sem virka alltaf!

Snilld og öryggi í alla útivist og ferðalög.

- Hlaða síma
- Ganga fyrir sólarorku
- Handhlaðanleg
- Hægt að tengja heyrnatól
- Glóa í myrkri
- LED vasaljós
- AM/FM



SOULRA FRX3
21.490 kr.

SOULRA FRX2
13.980 kr.

SOULRA FRX1
9.900 kr.

Enginn venjulegur hitabrúsi!

Heldur vökvanum heitum mun lengur en venjulegir hitabrúsar.
Óbrjótanlegt innra hylki.

0,51L 7.400 kr.
0,75L 8.600 kr.



TERNUA

## Göngufatnaður frá Ternua

Skel, flís og undirlag

- það er hagstæðara að versla hjá okkur en að panta á netinu!



Loksins á Íslandi!

AKU trekking & outdoor footwear



AKU Superalp
Aukinn stuðningur fyrir lengri ferðir
45.900 kr.



AKU Terrealp
Fyrir krefjandi aðstæður
48.900 kr.



AKU Conero
Alhliða gönguskór
37.900 kr.

## Gönguskór frá AKU

- Nuubuck leður
- Léttir
- Vibram sóli
- Vatnsheldir, Gore-Tex filma
- Costom fit kerfi

Gerið verð- og gæðasamanburð!



**LumexPro höfuðljósið** hefur sannað ágæti sitt meðal fjölmargra björgunarsveita hér á Íslandi.

- Ljósið er mjög sterkt, 185 lumen og hefur 16 tíma endingu
- 5 mismunandi stillingar á aðalljósi og zoom á linsu
- 2 stillingar á ljósi að aftan, rautt blikk og stöðugt
- 3AAA rafhlöður sem fylgja með
- Vatnsþéttivörn

14.900 kr.

SealSkinz

Vertu klár í bleytuna

SealSkinz hanskar, sokkar og húfur halda þér algjörlega þurrum



Frábært í alla útivist

## Fjallaþrennan

Öxi, broddar og belti



Ísöxi m/fetli 13.890 kr.

Mannbroddar 19.900 kr.

Göngubelti 7.990 kr.

Hvergi hagstæðara verð!



Ferrino Zermatt legghlífar

Framrenndar og vatnsheldar legghlífar eins og þær gerast bestar!
7.800 kr.

Vaðskór

Góðir neoprene vaðskór fyrir þá sem ætla að þvera árnar í sumar
2.390 kr.





Ferrino HASHI
ítalskir göngustafir

- Stillikerfi *Fast adjust*
- Extra langt handfang
- Léttir og sterkir

15.900 kr.

Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is

GG·sport

-við erum sérfræðingar í útivist

Smiðjuvegur 8 (Græn gata), 200 Kópavogi sími: 571 1020


markhönnun ehf
nettó
Í JÓLASKAPI
STJÖRNU GRÍS
Sænsk Skinka
Framleitt úr 1. flokks íslensku grísakjöti
Ofnsteikt skinka:
Látið skinkuna í kalt vatn. Reiknið með að hún liggi í vatni í ca. 1 klst.pr.kg.
Látið síðan skinkuna á risti í ofninum með ofnskúffu undir (2-3 dl af vatni í skúffu). 177°C í 45 mín.pr.kg, kjarnhiti skal verða 65°C.
Pensluð jólaskinka
(Glassering)
1 stk. köld, soðin eða ofnsteikt, léttsöltuð skinka, 1 dl. dökkur púðursykur, 3 msk. hunang, safi úr 1-2 appelsínum.
Snyrtið skinkuna og Leggið í ofnskúffu eða eldfast fat, og skerið ysta fitulagið í tígla, ca. ½ cm djúpt.
Setjið negulnagla í hvern kross.
Sjóðið hunang, púðursykur og appelsínusafa í nokkrar mínútur og hellið 1/3 af því yfir skinkuna.
Setjið steikina í heitan (200-225°C) ofninn og eftir ca. 10 mínútur hellið þá aftur 1/3 af leginum yfir kjötið.
Eftir 5-10 mínútur til viðbótar hellist restin af leginum yfir.
Skinkan er tilbúin þegar hún er orðin gulbrún og glansandi.
www.svinvirkar.is
KONFEKTIÐ
Kalkúnn franskur
1.298 kr| 23%
999 kr/kg
HÁTÍÐA FUGLINN
Önd heil
1.738 kr| 23%
1.391 kr/kg
TÖFRAR JÓLANNA BYRJA Í NETTÓ
Vertu viss um að það standi YOUNG á rjúpunni þinni. Það tryggir þér yngri fugl!
Rjúpa skosk 350-400g
1.398 kr/stk
GÆSABRINGUR
2.998 kr/kg
VILLIBRÁÐIN
2
ANNAÐ SÆTI | Bragðkönnun DV
Andaleggur m/læri
1.989 kr | 25%
1.492 kr/kg
35% afsláttur
Kjötsel Úrbeinað hangilæri
3.995 kr| 35%
2.597 kr/kg
Kjötsel Hamborgarhryggur m/beini
1.998 kr| 40%
1.199 kr/kg
40% afsláttur
HANGIKJÖT & HAMBORGARHRYGGUR
www.netto.is
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



**40% afsláttur**

Sænsk skinka
1.898 kr| 40%
**1.139**
kr/kg

# JÓLAOPNUN

| | 18.-22. *desember* | 23. *Þorláksmessa* | 24. *Aðfangadag* | 25. *jóladag* | 26. *annan* | 30. *desember* | 31. *gamlárs* | 1. *janúar* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akureyri, Borgarnes, Egilsstaðir, Grindavík, Hveragerði, Höfn, Kópavogur, Reykjanesbær, Selfoss | 10-22 | 10-23 | 10-13 | lokað | lokað | 10-22 | 10-15 | lokað |
| Grandi, Mjódd | opið 24t | opið 24t | opið til 13 | lokað | opið frá 10 | opið 24t | opið til 15 | lokað |

*aðra daga gildir venjuleg opnun | nánar á netto.is*



Roses/
Heroes dós
**1.998**
kr/pk



Bob's Sweet
jólabrjóstsykur
**1.999**
kr/askjan

Purely the Purple One
áður 1.399 kr
**999**
kr/stk



Mackintosh 1,3 kg
**2.498**
kr/stk

## BÓKAKYNNINGAR

Laugardagur 20.des | Nettó - Akureyri kl 15-17
**Guðrún Veiga – Nenni ekki að elda**

Sunnudagur 21. des | Nettó - Mjódd kl 14-16
**Úlfar – Stóra alifuglabókin**

Mánudagur 22. des | Nettó - Egilsstaðir kl 16-18
**Guðrún Veiga – Nenni ekki að elda**




Latabæjarspilið
**4.998**
kr/stk



**30% afsláttur**

Dádýralundir
6.989 kr| 30%
**4.892**
kr/kg

## FYRIR JÓLASVEINA



## BÆKUR





**KL. 18:10**

### Jóladagatal Skoppu og Skrítlu

Bestu vinir barnanna, þær Skoppa og Skrítla, opna nýjan glugga á nýju jóladagatali á hverjum degi fram að jólum á Stöð 2. Lúsí og Bakari Svakari láta sig ekki vanta í fjörið ásamt Snæfinni snjókarli sem tekur lagið. Endursýnt á Krakkastöðinni alla daga klukkan 19.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

**KL. 20:20**

### Eldhúsið hans Eyþórs

Girnilegir matreiðsluþættir þar sem Eyþór Rúnarsson, listakokkur, eldar jólamatinn eins og hann vill hafa hann, allt frá forréttum til eftirrétta.



**KL. 20:50**

### NCIS

Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**KL. 21:40**

### ICE

Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar sem gerist í náinni framtíð og ísöld blasir við nema gripið verði til róttækra aðgerða.



**KL. 22:00**

### Trespass

Spennumynd frá 2011 með Nicolas Cage og Nicole Kidman í aðalhlutverkum.



**KL. 22:35**

### The Untold Mistery Of The United States

Stórbrotin heimildaþáttaröð frá Oliver Stone þar sem varpað er nýju ljósi á stórviðburði í sögu Bandaríkjanna.



Krakka stöðin | **KL. 18:47**

### Töfrahetjurnar

Töfrahetjurnar eru frábærir fjölskylduþættir með þeim Einari Mikael töframanni og Viktoríu töfrakonu.



Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | 1 | 4 | | 7 | 2 |
| 5 | | 2 | | | | | | 4 |
| 8 | 1 | | 9 | 2 | | 3 | | |
| 9 | 8 | | | | 2 | | | |
| 2 | 3 | 7 | | | | 6 | | |
| 1 | | | 8 | | | | 9 | |
| | 5 | | 3 | | | 1 | | |
| 6 | | | 7 | 5 | | | | |
| 7 | | | | | | | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 6 | 8 | | 9 | |
| 2 | | 9 | | | | | 4 | |
| 4 | | 6 | | 2 | | | | 8 |
| | 3 | | | | | 4 | 5 | 9 |
| | | 8 | | 9 | | 6 | | |
| | | | | | | 8 | | |
| 6 | | | 2 | | 5 | 7 | | 4 |
| | | 5 | 3 | 8 | | | | 2 |
| | | 1 | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 6 | | 3 | | | 5 |
| 5 | 7 | 2 | | | | | | |
| 3 | | | | | 2 | 1 | 7 | |
| | | | 2 | | | | | |
| | | | | 9 | 5 | | | |
| | | | 3 | 4 | | 7 | 2 | 8 |
| | | | | 8 | | 4 | | |
| | | 8 | | | | | 9 | 7 |
| | 6 | | 5 | | 7 | | | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 5 | 7 | 6 | 3 | 9 | 4 | 1 |
| 7 | 6 | 1 | 4 | 9 | 8 | 3 | 5 | 2 |
| 9 | 3 | 4 | 1 | 5 | 2 | 8 | 6 | 7 |
| 2 | 8 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 | 9 | 6 |
| 1 | 4 | 7 | 6 | 3 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 6 | 5 | 9 | 8 | 2 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 3 | 9 | 6 | 2 | 8 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 4 | 1 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 | 2 | 9 |
| 5 | 7 | 2 | 9 | 4 | 6 | 1 | 3 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 3 | 7 | 6 | 4 | 1 | 8 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 8 | 2 | 9 | 7 |
| 7 | 4 | 8 | 9 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 8 | 7 | 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 3 | 1 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 1 | 8 | 2 | 4 |
| 6 | 1 | 2 | 8 | 3 | 4 | 5 | 7 | 9 |
| 9 | 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 4 | 8 | 7 | 2 | 9 | 5 | 1 | 6 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 | 9 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 2 | 9 | 1 | 5 | 4 | 8 | 6 |
| 1 | 6 | 4 | 2 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 6 | 3 | 7 | 1 | 2 |
| 4 | 9 | 7 | 5 | 8 | 1 | 6 | 2 | 3 |
| 6 | 5 | 3 | 7 | 9 | 2 | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 2 | 1 | 3 | 4 | 6 | 5 | 7 | 9 |
| 2 | 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 8 | 9 | 4 |
| 7 | 4 | 6 | 8 | 2 | 9 | 3 | 5 | 1 |
| 9 | 3 | 8 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Ég á pabba mínum líf mitt að þakka. Ég man að fyrsta jólagjöfin mín var bolti. Í hverfinu þar sem ég bjó áttu ekki margir krakkar bolta.“**

*Sergio Aguero.*

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Þorvarður F. Ólafsson (2.237), Taflfélagi Reykjavíkur, hafði svart gegn Jóni Kristni Þorgeirssyni (2.059), Skákfélagi Akureyrar, á Íslandsmóti skákfélaga.**

**Svartur á leik**



**37. … Hxa2!** Hvítur gafst upp. Framhaldið hefði getað orðið. 38. Dxa2 Dg3+ 39. Kf1 Bc4+40. He2 Dxh3+ 41. Kg1 Bxb3 með yfirburðartafli enda öll hvítu peðin að falla.

**www.skak.is** Gunnar Freyr vann Hraðskákmót Garðabæjar.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** spil, **6.** þys, **8.** væl, **9.** duft, **11.** í röð, **12.** hroki, **14.** íláta, **16.** átt, **17.** hylur, **18.** trjátegund, **20.** fyrirtæki, **21.** innyfla.

**LÓÐRÉTT**
**1.** vesaldómur, **3.** einnig, **4.** blóm, **5.** angan, **7.** sérgrein, **10.** yfirbreiðsla, **13.** tal, **15.** svari, **16.** andmæli, **19.** íþróttafélag.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gosi, **6.** ys, **8.** gól, **9.** mél, **11.** lm, **12.** dramb, **14.** skála, **16.** nv, **17.** lón, **18.** eik, **20.** ms, **21.** iðra.
**LÓÐRÉTT: 1.** eymd, **3.** og, **4.** sólblóm, **5.** ilm, **7.** sérsvið, **10.** lak, **13.** mál, **15.** ansi, **16.** nei, **19.** kr.

## Hugsar þú um heilsuna?

# Langar þig að hætta að reykja?

Nicorette nikótínlyf draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda þér að hætta að reykja.




Það eru ekki allir reykingamenn eins.
Þess vegna býður Nicorette upp á breitt úrval nikótínlyfja svo þú getir valið það lyfaform sem hentar þér best sem aðstoð við að hætta að reykja.





**nicorette** auðveldar þér að hætta að reykja

nicorette nicotin

Nicorette nikótínlyf (innihalda nikótín) eru notuð við tóbaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðvelda reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. **Skammtar** eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf 12 tappar, nefúði 80 úðar, forðaplástur 1 stk., tungurótartöflur 40 stk., munnsogstöflur 15 stk., munnholsúði 64 úðar. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár og nefúða og munnholsúða ekki lengur en í 6 mánuði og munnsogstöflur ekki lengur en í 9 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnholsúðinn og munnsogstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára. Munnsogstöflurnar má aðeins nota handa 12-17 ára skv. ráðleggingum læknis. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem hafa aldrei reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir, hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, virkt skeifugarnar- eða magasár, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgur, exems- eða ofnæmishúðbólgu (forðaplástur) eða sjúkdóma í koki eða berkju (innsogslyf). Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Lyfjatyggigúmmí inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, sem getur valdið ertingu í slímhúð, xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif og Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með frúktósaóþol ekki nota það. Nefúði inniheldur metýlparahýdroxýbensóat og própýlparahýdroxýbensóat, sem geta valdið ofnæmi og mjög sjaldan öndunarerfiðleikum. Ekki er mælt með nefúða handa einstaklingi með næman öndunarveg. Forðaplásturinn getur valdið ertingu í húð og snertiofnæmi. Forðast skal snertingu við augu og nef. Nicorette Microtab Lemon inniheldur aspartam sem breytist í fenýlalanín og getur haft skaðleg áhrif á einstaklinga með fenýlketónmigu. Gæta skal að munnholsúði fari ekki í augu. Hann inniheldur lítið magn af etanóli (alkóhól). Aðgát í návist barna: Nikótínskammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir litlum börnum. Geymið/fargið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC-G/201412/5



**FASTUR LIÐUR** Eivör og amma hennar, Valborg Jakobsen, njóta gestrisni þeirra Jóns organista og Ólafar Kolbrúnar meðan þær eru á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Smá jól með ömmu á Íslandi

Jólasöngvar Kórs Langholtskirkju munu hljóma nú um helgina á þrennum tónleikum. Meðal einsöngvara er Eivör Pálsdóttir sem kemur þar fram eftir nokkurra ára hlé og tekur meðal annars tvö lög eftir sig, annað samdi hún fyrir áeggjan Jóns Stefánssonar organista.

Hin færeyska Eivör Pálsdóttir er komin til landsins til að gleðja okkur landsmenn með söng sínum. Hún er þegar búin að lenda í nokkrum hríðarbyljum á þeim dögum sem liðnir eru frá því hún lenti og einn slíkur er í algleymingi þegar ég hringi í hana um miðjan dag á þriðjudag. „Það er alltaf spennandi að vita hvort maður kemst á milli húsa,“ segir hún hlæjandi. „Svo skiptir veðrið hér svo oft um ham en ég er svo sem ekki óvön því frá Færeyjum að allar árstíðir birtist á einum degi.“

*Býrðu í Færeyjum núna?* „Nei, ég bý í Kaupmannahöfn en er mikið á ferðinni og nýti öll tækifæri sem ég get til að komast til Færeyja og Íslands. En ég hef líka mikið verið að túra um Evrópu og því finnst mér fínt að búa svona miðsvæðis eins og í Kaupmannahöfn, þaðan liggja leiðir til allra átta.“

Eivör ætlar að koma fram á Jólasöngvum Kórs Langholtskirkju sem fara fram þrjú kvöld í röð um helgina. Eivör kveðst hafa verið fastur gestur á þeim tónleikum á tímabili en nú séu nokkur ár liðin frá því hún hafi tekið lagið þar. „Þegar Jón Stefánsson organisti spurði hvort ég vildi vera með þetta árið fannst mér algerlega kominn tími á það svo ég sagði auðvitað já. Mér finnst jólin vera komin þegar ég er að syngja á jólatónleikum á Íslandi. Það er svo sterk hefð fyrir því. Ég bjó á landinu í næstum fimm ár og hef verið hér með annan fótinn síðan enda finnst mér sérlega heimilislegt á Íslandi. Er líka svo heppin að eiga góða vini hér.“

Meðal þess sem Eivör ætlar að flytja í Langholtskirkju eru tvö lög eftir hana sjálfa. Annað þeirra kveðst hún hafa samið fyrir um það bil tíu árum. „Þá var ég að undirbúa mig fyrir Jólasöngva í Langholtskirkju og Jón organisti bað mig að semja jólalag. Mér fannst það mikil áskorun og þá varð til lag sem heitir Jólanótt og það hef ég oft sungið síðan. Fyrir nokkrum árum bætti ég svo öðru jólalagi í bankann. Auk þess syng ég auðvitað lög eftir ýmsa höfunda, ásamt kórnum og fleirum. Þetta verður mjög hátíðlegt. Í mörg ár hef ég tekið ömmu mína með á þessa tónleika. Það er fastur liður. Þá eigum við smá jól saman. Það er líka svo jólalegt í Reykjavík núna.“

Aðfangadagskvöldi ætlar Eivör að verja heima í Götu í Færeyjum, ásamt eiginmanninum sem er líka færeyskur. „Við maðurinn minn skiptumst á um að vera hjá hans fjölskyldu og minni og nú verðum við hjá mömmu,“ segir hún.

Að sjálfsögðu er líka hefð fyrir jólatónleikum í Færeyjum og Eivör kveðst hafa verið þar í byrjun mánaðarins að syngja. En man hún eftir fyrstu tónleikunum sínum? „Já, fyrstu alvöru tónleikarnir sem ég kom fram á voru með karlakór í Færeyjum. Þá var ég ellefu ára. Fæturnir á mér skulfu svo mikið að ég hélt ég mundi detta. Þá prófaði ég að syngja berfætt og hef haldið þeirri venju síðan. Mér finnst svo ágætt að hafa góða jarðtengingu. Kalt? Nei, aldrei. Ekki á meðan ég er á sviði.“

Spurð í lokin hvort hún sé eitthvað að gefa út um þessar mundir svarar Eivör: „Já, ég hef verið að vinna að nýrri plötu og hún kemur út í lok febrúar. Ég var að ljúka við hana og nú þarf hún bara aðeins að hvíla sig áður en ég sleppi henni út í heiminn. Ég þarf að fylgja henni eftir á næsta ári og fara með hana í ferðalag. Þá kíki ég til Íslands og held tónleika, alveg pottþétt.“

Hefð er fyrir að fyrstu Jólasöngvar í Langholtskirkju hefjist klukkan 23 síðasta föstudagskvöld fyrir jól en þeir verða endurteknir klukkan 20 á laugardags- og sunnudagskvöld. gun@frettabladid.is

## Þrítugustu og sjöundu Jólasöngvarnir

Jólasöngvar Kórs Langholtskirkju í ár eru þeir 37. í röðinni. Kór Langholtskirkju og Gradualekór Langholtskirkju syngja þar undir stjórn Jóns Stefánssonar og auk Eivarar Pálsdóttur koma fram Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Kolbrún Völkudóttir, einsöngvari á táknmáli. Einnig koma fram einsöngvarar úr báðum kórunum. Sungið er við kertaljós í kirkjunni og að vanda er boðið upp á rjúkandi súkkulaði og piparkökur í hléi.

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM



**Mike**
Þægilegur og flottur tungusófi.
Nokkrir litir til á lager.



**Demetra svefnsófi**
Glæsilegur og virkilega vandaður svefnsófi frá Ítalíu.



**Henson Design**
Margir litir í boði. Margar tegundir af rúmgöflum.
Fáanleg sem rafmagnsrúm.



**Ezzy**
Nettur og góður hvíldarstóll með háu baki og stillanlegum hnakkapúða.



**Diva**
Vinsæll hvíldarsófi.
Til með og án tungu.
Margir litir í boði.

Komdu í heimsókn
– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD

# Yuasa rafgeymar

## Stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum




## Við bjóðum fría prófun á rafgeymum

**Nesdekk-Grandi**
Fiskislóð 30 · 101 Reykjavík
Sími 561 4110

**Múlaradio ehf.**
Fellsmúla 28 · 108 Reykjavík
Sími 554 1540

**Smurstöðin Klöpp**
Vegmúli 4 · 108 Reykjavík
Sími 553 0440

**Bifreiðaverkstæði Svans ehf.**
Eirhöfða 11 · 110 Reykjavík
Sími 616 2333

**Bílson**
Kletthåls 9 · 110 Reykjavík
Sími 568 1090

**Málningarverk**
Hyrjarhöfða 2 · 110 Reykjavík
Sími 554 4550

**Smur og Viðgerðarþjónustan**
Hyrjarhöfða 8 · 110 Reykjavík
Sími 567 9555

**Bifreiðaverkstæði Grafarvogs**
Gylfaflöt 24-30 · 112 Reykjavík
Sími 577 4477

**Bílaverkstæði Einars Þórs**
Bæjarflöt 8 · 112 Reykjavík
Sími 567 0080

**Hjólbarðaverktæði Grafarvogs ehf.**
Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík
Sími 567 4468

**Bifreiðaverkstæði Toppur**
Skemmuvegur 34 · 200 Kópavogur
Sími 557 9711

**Bílaverkstæði Kjartan og Þorgeirs**
Smiðjuvegur 48 · 200 Kópavogur
Sími 567 0060

**Bílaverkstæði Stimpill ehf.**
Akralind 9 · 200 Kópavogur
Sími 564 1095

**Bílvík ehf.**
Smiðjuvegur 4e · 200 Kópavogur
Sími 661 7062

**Knastás**
Skemmuvegur 4 · 200 Kópavogur
Sími 557 7840

**Samlind-Bílstál**
Askalind 3 · 200 Kópavogur
Sími 564 4632

**Bílaverkstæði Jóa**
Dalvegi 16a · 201 Kópavogur
Sími 564 5520

**Smurstöðin Garðabæ**
Litlatorgi 1 · 210 Garðabæ
Sími 565 6200

**Pústþjónusta BJB**
Flatahraun 7 · 220 Hafnarfjörður
Sími 565 1090

**Smur 54**
Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnarfjörður
Sími 555 0330

**Laghentir ehf.**
Bolafótur 1 · 230 Keflavík
Sími 456 7600

**Skipting**
Grófinni 19 · 230 Keflavík
Sími 421 3773

**Vélsmiðja Grindavíkur**
Seljabót 3 · 240 Grindavík
Sími 426 8540

**Bílaverkstæði Þóris**
Hafnarbraut 12 · 260 Njarðvík
Sími 421 4620

**Bílaverkstæði Orra**
Háholt 23 · 270 Mosfellsbær
Sími 650 9700

**Réttingaverkstæði Jóns B. ehf.**
Flugumýri 2 · 270 Mosfellsbær
Sími 566 7660

**Bílaverkstæði Hjalta**
Ægisbraut 28 · 300 Akranesi
Sími 431 1376

**Bílver**
Innnesvegi 1 · 300 Akranesi
Sími 431 1985

**Bifreiðaþjónusta Harðar**
Borgarbraut 55 · 310 Borgarnes
Sími 437 1192

**Bílabær**
Brákarbraut 5 · 310 Borgarnes
Sími 437 1300

**Kristinn Reynisson**
Nýjibær Bæjarsveit · 311 Borgarnesi
Sími 435 1232

**Vélabær**
Bæ · 311 Andarkílshreppur
Sími 435 1252

**KVH**
Strandgata 1 · 530 Hvammstangi
Sími 455 2300

**Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar**
Búlandi 1 · 530 Hvammstangi
Sími 451 2514

**Bifreiðaverkstæði Blönduós**
Efstubraut 2 · 540 Blönduós
Sími 452 2600

**Bílaverkstæði Óla**
Norðurlandsvegi 4 · 540 Blönduós
Sími 848 0030

**N1 Píparinn**
Efstubraut 2 · 540 Blönduós
Sími 868 6066

**Ásgeir Arnljótsson**
Hóli · 560 Varmahlið
Sími 453 8370

**Pardus**
Suðurbraut · 565 Hofsós
Sími 453 7380

**Bás**
Ránargata 14 · 580 Siglufjörður
Sími 467 1860

**Bílatorgið Akureyri**
Dalsbraut 1 · 600 Akureyri
Sími 464 2121

**Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins**
Fjölnisgötu 2a · 603 Akureyri
Sími 462 2499

**Kraftbílar**
Draupnisgata 6 · 603 Akureyri
Sími 464 0000

**Múlatindur**
Múlavegur 13 · 625 Ólafsfjörður
Sími 466 2194

**Bílaleiga Húsavíkur**
Garðarsbraut 66 · 640 Húsavík
Sími 464 1888

**Bílaþjónustan**
Garðarsbraut 52 · 640 Húsavík
Sími 464 1122

**Bifreiðaverkstæði Klettur**
Hrísmýri 3 · 800 Selfoss
Sími 482 2050

**Bílaþjónusta Péturs**
Vallholti 17 · 800 Selfoss
Sími 482 2050

**Bíltak**
Hrísmýri 2a · 800 Selfoss
Sími 482 3066




YUASA

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is

# Hádegisdjass á Kexi hosteli



Hádegisdjassinn á Kexi hosteli heldur áfram á föstudögum í desember. Á morgun koma fram saxófónleikarinn Eyjólfur Þorleifsson og gítarleikarinn Andrés Þór Gunnlaugsson. Þeir munu leika djass með jólaívafi.

Tónlistin hefst klukkan 12.15 og stendur í klukkutíma án hlés. Aðgangur ókeypis. Kex hostel er á Skúlagötu 28.

# Ískaldir fingur djasspíanistans

TÓNLIST ★★★☆☆

**Hold**
Árni Karlsson tríó
MOLD MUSIC

Árni Karlsson er framúrskarandi djasspíanóleikari. Hann spilar hér ásamt Þorgrími Jónssyni á kontrabassa og Scott McLemore á trommur. Píanóleikurinn er tær, glitrandi og öruggur. Tímasetningar eru hárnákvæmar, tónahlaupin eru jöfn og óheft, áslátturinn mjúkur og þægilegur áheyrnar. Sömu sögu er að segja um kontrabassaleikinn, sem er skemmtilega líflegur. Trommuleikurinn er líka akkúrat, hóflega afslappaður og svalur.

Öll tónlistin er eftir Árna og hún er einnig útsett af honum. Stemningin er ljúf, samspil hljóðfæraraddanna er fínlega ofið. Þar er hvergi neinu ofaukið, samhljómurinn samsvarar sér prýðilega.

Laglínurnar sjálfar eru þó ekki beint grípandi. Fátt í tónlistinni er virkilega heillandi. Tónlistin er alltaf armslengd í burtu. Lögin virka fyrst og fremst sem bakgrunnstónlist þegar maður vill hafa það huggulegt. Hún er ekkert að trana sér fram, æpir ekki á athygli. Það er því ekki hægt að segja að hún risti djúpt. En stundum er svoleiðis músík engu að síður alveg bráðnauðsynleg. **Jónas Sen**

> **Öll tónlistin er eftir Árna og hún er einnig útsett af honum. Stemningin er ljúf, samspil hljóðfæraraddanna er fínlega ofið.**

**NIÐURSTAÐA:** Áheyrileg, nokkuð kuldaleg djasstónlist, en góð til síns brúks.



**HOLD** „Lögin virka fyrst og fremst sem bakgrunnstónlist þegar maður vill hafa það huggulegt," segir Jónas Sen.

# Þrjár kynslóðir kvenna

BÆKUR ★★★☆☆

**Saga þeirra, sagan mín**
Helga Guðrún Johnson
JPV

Í þessari bók segir Helga Guðrún Johnson sögu þriggja kvenna, Katrínar Stellu Briem, móður hennar og ömmu. Lífshlaup þeirra er ólíkt, allar eru þær fæddar inn í íslenska yfirstétt en forréttindin sem þær tvær eldri fá í vöggugjöf verða þeim ekki til sérstakrar gæfu. Sú yngsta, sem kölluð er Kanda og er aðalpersóna og aðalheimildamaður bókarinnar, þarf sjálf að móta líf sitt, hún vinnur fyrir sér frá unga aldri og byggir upp farsælt fyrirtæki og fjölskyldulíf með eiginmanni sínum. Sögur þeirra Katrínar, Stellu og Köndu eru merkilegar hver fyrir sig og saman eru þær eins og spegill á tuttugustu öldina.

Fyrir lesanda sem þekkir sögutímann úr skrifum og minningum annarra er hér margt forvitnilegt. Heimur sögukvennanna er, sérstaklega framan af, stærri en flestra Íslendinga, Kanda elst upp við fjölmörg tungumál og ferðalög fjölskyldunnar og misjafnt gengi gerir það að verkum að við fáum innsýn inn í ólíka kima samfélaga bæði í Evrópu og Bandaríkjunum.

Á forsíðu bókarinnar er talað um þrjár kynslóðir sjálfstæðra kvenna, en lesandinn kemst kannski að þeirri niðurstöðu að það sé aðeins sú yngsta sem er í raun og veru sjálfstæð og fær að njóta sín. Hinar tvær eru óvenjulegar konur en þær ná aldrei tökum á lífi sínu, sögur þeirra eru harmsögur fyrst og fremst, sú fyrri stutt, sú seinni langvarandi og átakanleg bæði fyrir konuna sjálfa og aðstandendur.




Lífshlaup þessara kvenna er forvitnilegt, og þá kemur til kasta höfundarins sem skráir sögu þeirra. Aðferð Helgu Guðrúnar við að segja söguna er að mörgu leyti óvenjuleg. Frásögnin skiptist í tvennt, annars vegar eru frásagnarkaflar þar sem sagt er frá atburðum í lífi aðalpersónanna þriggja en einnig tilfinningum þeirra og sálarlífi. Þessi meginfrásögn er svo fleyguð skáletruðum köflum sem er erfiðara að henda reiður á. Þar eru atburðir sviðsettir, fjallað um hugsanir persónanna og tilfinningar. Það getur verið svolítið erfitt fyrir lesandann að henda reiður á þessum ólíku köflum. Það er ekki alltaf ljóst hve stór þáttur Köndu sjálfrar er í bókinni eða hvert samband hennar og sögumannsins og höfundarins er. **Jón Yngvi Jóhannsson**

**NIÐURSTAÐA:** Fróðleg örlagasaga þriggja íslenskra nútímakvenna sögð á óvenjulegan hátt sem gengur ekki alltaf upp.

# Bóksalaverðlaunin 2014 veitt í gær

Tilkynnt var í sjónvarpsþættinum Kiljunni í gærkvöldi hvaða bækur bóksalar landsins hafa valið sem bestu bækur ársins. Bóksalaverðlaunin eru veitt í níu flokkum og hlýtur sigurvegarinn í hverjum flokki rétt til að bera verðlaunamiðann Bóksalaverðlaunin 2014. Verðlaunin eru nú veitt í fimmtánda sinn en þau voru fyrst veitt árið 2000. Alls tóku 55 bóksalar víðs vegar að af landinu þátt í valinu.

## BÓKSALAVERÐLAUNIN 2014



### Þýddar ungmennabækur
1 Eleanor og Park
Rainbow Rowell
*Björt bókaútgáfa*

2 Skrifað í stjörnurnar
John Grenn – *Draumsýn*

3/4 Arfleifð
Veronica Roth
*Björt bókaútgáfa*

3/4 Rauð sem blóð
Salla Simukka
*Forlagið Vaka Helgafell*



### Íslenskar barnabækur
1 Þín eigin þjóðsaga
Ævar Þór Benediktsson
*Forlagið Mál og menning*

2 Fuglaþrugl og naflakrafl
Sigrún Eldjárn og Þórarinn Eldjárn
*Forlagið Vaka Helgafell*

3/4 Síðasti galdrameistarinn
Ármann Jakobsson
Forlagið JPV útgáfa

3/4 Skrímslakisi
Áslaug Jónsdóttir o.fl.
*Forlagið Mál og menning*



### Besta íslenska skáldsagan
1 Öræfi
Ófeigur Sigurðsson
*Forlagið Mál og menning*

2 Kata
Steinar Bragi
*Forlagið Mál og menning*

3/4 Koparakur
Gyrðir Elíasson
*Dimma*

3/4 Vonarlandið
Kristín Steinsdóttir
*Forlagið Vaka Helgafell*

### Þýddar barnabækur
1 Rottuborgari
David Walliams
*Bókafélagið*

2 Hvað gerðist þá?
Tove Jansson
*Forlagið Mál og menning*

3 Þegar litirnir fengu nóg
Drew Daywalt
*Töfraland*

### Handbækur / fræðibækur
1 Lífríki Íslands
Snorri Baldursson
*Forlagið / Opna*

2 Sveitin í sálinni
Eggert Þór Bernharðsson
*Forlagið JPV útgáfa*

3 Reykjavík sem ekki varð
Anna Dröfn Ágústsdóttir og Guðni Valberg
*Crymogea*

### Besta þýdda skáldsagan
1 Náðarstund
Hannah Kent
*Forlagið JPV útgáfa*

2 Lolita
Vladimir Nabokov
*Dimma*

3 Lífið að leysa
Alice Munro
*Forlagið Mál og menning*







### Íslenskar ungmennabækur
1 Hafnfirðingabrandarinn
Bryndís Björgvinsdóttir
*Forlagið Vaka Helgafell*

2 Maðurinn sem hataði börn
Þórarinn Leifsson
*Forlagið Vaka Helgafell*

3 Freyjusaga 2, Djásn
Sif Sigmarsdóttir
*Forlagið Mál og menning*

### Besta ævisagan
1/2 Saga þeirra, sagan mín
Helga Guðrún Johnsson
*Forlagið JPV*

1/2 Svarthvítir dagar
Jóhanna Kristjónsdóttir
*Sögur útgáfa*

3 Hans Jónatan
Gísli Pálsson
*Forlagið Mál og menning*

### Besta ljóðabókin
1 Kok
Kristín Eiríksdóttir
*Forlagið JPV útgáfa*

2 Drápa
Gerður Kristný
*Forlagið Mál og menning*

3 Velúr
Þórdís Gísladóttir
*Bjartur*




Nýjar vörur frá
júniform
Opið
til 22 í dag og
alla daga til jóla
KLAPPARSTÍGUR
– Nº 40 –
ÖXNEY
– 101 –
REYKJAVÍK
Klapparstígur 40 • 101 Rvk • 571 4010

# Hvert lag öðru fegurra

TÓNLIST ★★★★★

**Í ást sólar**
Íslensk sönglög flutt af Hallveigu Rúnarsdóttur og Árna Heimi Ingólfssyni
SMEKKLEYSA



Íslensku sönglögin eru gríðarlega mörg, og sum eru snilld. Um það bera vitni óteljandi tónleikar og geisladiskar. Ég held samt að þau hafi sjaldan hljómað eins fallega og á geisladiskinum Í ást sólar með Hallveigu Rúnarsdóttur sópran og Árna Heimi Ingólfssyni píanóleikara.

Tónlistin er óvanalega vel valin. Hvert lag er öðru fallegra. Þarna eru perlur eftir Jón Leifs, m.a. Vögguvísa og Vertu Guð faðir, faðir minn. Einnig eru á diskinum einstaklega skemmtileg lög úr Sjálfstæðu fólki eftir Atla Heimi Sveinsson. Svo er þarna mögnuð tónlist eftir Hjálmar H. Ragnarsson, Huga Guðmundsson, Hildigunni Rúnarsdóttur og Pál Ísólfsson.

Hallveig syngur af fáheyrðri alúð, næmri tilfinningu fyrir skáldskapnum og af tæknilegum yfirburðum. Söngurinn er bjartur og hreinn, næstum barnslegur. Það er hreinlega unaður að hlusta á hana syngja. Ekki síðri er píanóleikur Árna Heimis. Hann er fagurlega mótaður, mjúkur og dreymandi, en þróttmikill og snarpur þegar við á. Þetta er himneskur geisladiskur.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Lögin eru valin af smekkvísi og flutningurinn er í hæstu hæðum.



**HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR** „Það er hreinlega unaður að hlusta á hana syngja," að mati Jónasar Sen. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




**Sölustaðir**
Gullsmiðja Hjálmars Torfasonar – Laugavegur 71, sími 552 1550
Gullsmiðir Sigtryggur og Pétur – Brekkugata 5 – Akureyri – sími 462 3524
Dýrfinna Skart – Stillholt 16-18 – Akranes – sími 464 3460
Hilton Reykjavík Nordica – sími 444 5000
Saga Shop


# Leikur sér að því að fella feðraveldið

Níðhöggur er lokabindið í þríleik Emils Hjörvars Petersen Saga eftirlifenda. Fyrsta bókin Höður og Baldur kom út 2010 en hugmyndin kviknaði fjórum árum fyrr.

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Sagan er í rauninni búin að lifa með mér í átta ár," segir Emil Hjörvar Petersen um þríleik sinn Sögu eftirlifenda. „Það var einmitt í desember 2006 sem ég fékk þá hugmynd að segja sögu eftirlifendanna úr Ragnarökum. Ég hef haft áhuga á norrænu goðafræðinni síðan ég var krakki og unglingur og spurningin um það hvers vegna það voru þessar persónur sem lifðu af blundaði í mér lengi. Kvöld eitt þegar ég var að vinna að fyrstu ljóðabókinni minni var ég, einu sinni sem oftar, að spekúlera í goðsögum og þá fór ég að spyrja mig hvers vegna enginn hefði sagt sögu eftirlifendanna. Ég hef alltaf haft áhuga á smáatriðum og útúrdúrum í goðsögum og Höður hefur alltaf verið spurningarmerki í mínum huga þannig að mig langaði til að segja sögu hans. Þegar ég fór að þróa hina karakterana stækkaði sagan og varð að því sem hún varð, en það tók alveg tvö ár að leggja drögin að henni. "



**EMIL HJÖRVAR PETERSEN** „Í gegnum persónuskoðun Alföðurins koma tengingar við til dæmis samískan sjamanisma, hindúisma, kínverska goðafræði, gríska og norræna." FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Brautryðjendaverk

Emil segir Sögu eftirlifenda vera blöndu af fantasíu og vísindaskáldskap, enda væri ekki hægt að segja þessa sögu öðruvísi. „Hún byrjar á Íslandi til þess að draga hinn íslenska lesanda inn í atburðarás sem hann býst ekki við og síðan fer furðan alltaf að taka stærra og stærra pláss í sögunni. Vættirnir koma inn og allt í einu er komin af stað atburðarás sem greinilega leiðir að einhverju miklu stærra."

Það lá ljóst fyrir í huga Emils að um þríleik yrði að ræða, það er meira að segja tekið fram á kápu fyrstu bókarinnar. „Síðan urðu viðtökurnar mun betri en ég þorði að vona og var jafnvel talað um að þetta væri brautryðjendaverk sem furðusaga fyrir fullorðna. Sagan umbyltist reyndar dálítið við aðra bókina þar sem ég var að byggja upp heila heimsmynd á rústum þess veruleika sem við þekkjum."

### Kynjajöfnun

Það er allur heimurinn undir í sögunni og í annarri bókinni, Heljarþröm, gerist sagan til að mynda í Kína, Englandi og Norður-Ameríku. Hvernig barst leikurinn með norræna goðafræði til Kína? „Ég vinn mikið með hliðstæður í öðrum goðsögum og þjóðsögum og reyni að nýta það sem ég hef einlægan áhuga á, það hefur reynst mér best að leyfa því að flæða í gegn. Þegar sagan byrjar hefur Höður, þessi blindi bardagamaður, verið í útlegð í þúsundir ára og er búinn að sérhæfa sig í öllum heimsins bardagalistum, meðal annars kung fu í Kína. Þar mun hann síðar í sögunni ásamt öðrum persónum reyna að vekja upp Terrakotta-herinn en það hefur ekki tekist. Ég læt kínverskar þjóðsögur og goðsögur kallast svolítið á við norrænu goðafræðina og leita að tengingum þar á milli. Þær reyndust vera nokkrar og ég nýti það töluvert í þriðju bókinni, Níðhöggi, þar sem þessi svið sem hafa verið í gangi í sögunni allri eru að tengjast. Það gerist dálítið í gegnum hinn nýja Alföður sem er að taka við og í þriðju bókinni eru eftirlifendurnir að átta sig á því að þeir þurfa að slíta öll tengsl við arfleifð æðri ásanna."

Ein af þeim tengslum sem þarf að slíta er tengingin við feðraveldi ásanna. „Ég leik mér mikið með að fella feðraveldið og jafna kynjahlutverkin og í gegnum persónuskoðun Alföðurins koma tengingar við til dæmis samískan sjamanisma, hindúisma, kínverska goðafræði, gríska og norræna. Ég er dálítið mikið með þrenndarpælingar, skapanornirnar til dæmis, enda er ein af forsendum framfara í þessum heimi að slíta þessa örlagahringrás sem veldur því að heimurinn fer í rúst þegar eitthvað fer úrskeiðis. Svo má nefna að ný völva kemur til sögunnar í síðustu bókinni og leikur hún veigamikið hlutverk."

### Aukabónus

Þetta hljómar alveg óskaplega yfirgripsmikið og djúpt efni, skilur almennur lesandi sem ekki þekkir goðsögurnar nokkuð í þessu? „Já, já, já. Ég hef lagt mig fram við að skrifa söguna þannig að hún sé bæði til afþreyingar og til þess að fólk geti staldrað við og pælt aðeins í því hvað er verið að vinna með. Margir lesa söguna án þess að þæla neitt í því en þeir sem hafa einhverja fyrirfram þekkingu á efninu sjá ýmiss konar táknkerfi og vísanir, það er svona aukabónus. Svo er ég líka að endurspegla samtímann, velta fyrir mér fortíð, nútíð og framtíð mismunandi menningarheima, það hljóta allir að geta tengt við það."

Nú ertu búinn að hrærast í þessum heimi í átta ár, er ekki erfitt að vera búinn að yfirgefa hann? „Nei, nei, ég er búinn að vera að sinna alls konar verkefnum, en auðvitað er svolítið skrýtið að vera búinn með söguna. Ég held samt bara áfram, er byrjaður á nýrri sögu, og rétt búinn að skrifa undir umboðssamning um þríleikinn fyrir Austur-Evrópu sem vonandi leiðir til þess að hann komi út á þeim markaði. Þannig að ég mun væntanlega halda áfram að vera í tengslum við söguheiminn."

> Ég vinn mikið með hliðstæður í öðrum goðsögum og þjóðsögum og reyni að nýta það sem ég hef einlægan áhuga á, það hefur reynst mér best að leyfa því að flæða í gegn.


Tvöfalt prjón
engin ranga bara rétta . . .
Peysur • sokkar • vettlingar
treflar húfur hólkar • sjöl
teppi • og fleira



Fyrsta prentun uppseld
Önnur prentun komin í verslanir

HÖFUNDAR KYNNA
Guðrún María Guðmundsdóttir
og Rannveig Hafsteinsdóttir kynna bækur sínar
fimmtudaginn 18. des. • Eymundsson, Smáralind, kl. 16-18
föstudaginn 19. des. • Eymundsson, Mjódd, kl. 16-18

Slaufa er ekki bara slaufa ...
47 fjölbreyttar uppskriftir
að fallegum slaufum



salka.is • Skipholti 50c • 105 Reykjavík


HARPA 6. MARS 2015
BUBBI OG DIMMA
MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 12
EINSTÖK STUND Í ROKKSÖGUNNI ÞAR SEM FLUTT VERÐA LÖGIN AF PLÖTUNUM
GEISLAVIRKIR / UTANGARÐSMENN OG LILY MARLENE / DAS KAPITAL
prime
midi.is
EITTLAGENN
HARPA
MIÐASALA Á WWW.HARPA.IS OG WWW.MIDI.IS



**ÆFT FYRIR ÚTFÖRINA** María Heba, Elma Lísa, Katla Margrét og Tinna eru að undirbúa atriði að ósk hins látna. MYNDIR/GVA

# Það var sól þegar ég hitti Hákon fyrst

Nýtt leikverk eftir Auði Övu Ólafsdóttur verður frumsýnt um miðjan janúar. Það nefnist Ekki hætta að anda. Á sviðinu eru fjórar konur með flóknar tilfinningar.

„Það var sól þegar ég hitti Hákon fyrst.“ Einhvern veginn þannig er setning sem leggur í eyra mitt þegar ég opna dyrnar að litla sviði Borgarleikhússins. Þar er æfing í gangi á leikriti Auðar Övu Ólafsdóttur, Ekki hætta að anda, og ég hef fengið leyfi til að fylgjast með. Fjórar konur eru á sviðinu. Þær virðast allar hafa deilt lífi sínu með sama manninum á mismunandi tímum og vera að undirbúa útför hans.

„Hver á að lesa?“

„Ætluðum við ekki að syngja?“

„Jú, hann vildi bara söng.“

Allar reyna að finna eitthvað til að byggja á en ýmislegt er í þoku. „Hvað höfum við í höndunum ef við hugsum lausnamiðað?“ spyr ein.

„Getum við ekki verið sammála um að Hákon hafi verið með ljósar krullur og meðalmaður á hæð?“

„Jú, hann þurfti stól þegar hann skipti um peru?“

„Var hann kominn í viðhaldið hjá þér? Festi hann einhvern tíma hurð á eldhússkáp?“

„Nei, hann var bara í rafmagninu.“

Þegar smá hlé er gert á æfingunni fæ ég nokkrar mínútur með leikstjóranum, Stefáni Jónssyni. „Ekki hætta að anda er blanda af raunsæi og fantasíu sem fléttast saman við eigin drauma og óra kvennanna fjögurra um eigin sögu og sína réttu mynd af manninum Hákoni. Þær teljast eiga það sameiginlegt að eiga allar með honum börn,“ byrjar hann þegar hann er beðinn að útskýra verkið. Hann segir leikið á mörgum plönum. „Hákon getur líka staðið fyrir guð eða sannleikann,“ segir hann. „Þessar konur eru allar á einhverjum flótta. Um leið og þær vilja fá fullvissu og festu eru þær ekki tilbúnar til að takast á við vissar staðreyndir.“

*Er Auður Ava búin að koma á æfingu.*

„Nei, en hún fær það í jólagjöf að koma á eina æfingu fyrir jól. Hún er mjög spennt.“

*Ertu búinn að breyta leikritinu mikið?*

„Nei, ég vann í handritinu með höfundinum. Það er alltaf þannig með ný íslensk verk að þeim er kastað á milli höfundar og leikstjóra. Þetta er fjórða eða fimmta uppkast sem við lásum á fyrsta samlestri.“

*Dansinn sem ég sá, hvað á hann að túlka?* „Síðasta konan sem Hákon átti í sambandi við heitir Agnes. Hún setti sig í samband við hinar konurnar og bað þær að hitta sig því hann væri dáinn. Að ósk hins látna eigi þær að koma saman við jarðarförina hans og flytja atriði er byggist á dægurlagi sem heitir Ekki hætta að anda.“

Leikkonurnar eru Elma Lísa Gunnarsdóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, María Heba Þorkelsdóttir og Tinna Hrafnsdóttir. Á leiðinni út rekst ég á þær Tinnu og Maríu Hebu og þakka þeim fyrir ánægjulega stund. Þær minna á að mánuður sé eftir af æfingatímanum.



**LEIKSTJÓRINN** „Ekki hætta að anda er blanda af raunsæi og fantasíu,“ segir Stefán Jónsson.

gun@frettabladid.is

## Höfundurinn

Auður Ava Ólafsdóttir hefur áður skrifað þrjú leikrit, Svartur hundur prestsins (2011) og Svanir skilja ekki (2014) sem Þjóðleikhúsið setti upp. Einnig útvarpsleikritið Lán til góðverka (2014).

Þar að auki er hún höfundur fjögurra skáldsagna og einnar ljóðabókar. Skáldsaga Auðar Övu, Afleggjarinn, hefur verið þýdd á tuttugu og tvö tungumál.

# Yrsa og Gunnar í Gunnarshúsi

Síðasta höfundakvöld vertíðarinnar verður haldið í Gunnarshúsi í kvöld.

Tíunda og jafnframt síðasta höfundakvöldið í Gunnarshúsi á þessu hausti verður haldið í kvöld. Þar mæta höfundarnir Yrsa Sigurðardóttir, sem les upp úr bók sinni DNA, og Gunnar Helgason, sem les úr lokabindi fótboltaflokks síns Gula spjaldið í Gautaborg. Að vanda svara höfundarnir jafnframt spurningum stjórnanda samkomunnar sem að þessu sinni verður Katrín Jakobsdóttir, formaður VG og fyrrverandi menntamálaráðherra.

Dagskráin hefst stundvíslega klukkan 20 og eru allir velkomnir á meðan stólar leyfa.



**DNA** Yrsa Sigurðardóttir les úr bók sinni DNA. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**GULA SPJALDIÐ** Gunnar Helgason les úr bók sinni Gula spjaldið í Gautaborg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON







ESHY PEYSA
2990



WHITNEY LOOSE SKYRTA
4590



OLIVIA COATED BUXUR
8990



NEW WHITTY JAKKI
11900

VERO MODA®
KRINGLUNNI OG SMÁRALIND | VEROMODAICELAND

markhönnun ehf




ÍSLENSK KNATTSPYRNA
VÍÐIR SIGURÐSSON
**3.952 KR**




ARFLEIÐ
VERONICA ROTH
**3.249 KR**

# SPENNANDI BÓKAJÓL




HROSSAHLÁTUR
JÚLÍUS BRJÁNSSON
**2.999 KR**




VINUR MINN VINDURINN
BERGRÚN ÍRIS SÆVARSDÓTTIR
**2.309 KR**




DAGBÓK KIDDA KLAUFA
JEFF KINNEY
**2.960 KR**




FROZEN HÁRBÓKIN
DISNEY
**2.339 KR**

KOMNAR AFTUR




AFMÆLISVEISLUBÓKIN &
FROZEN KÖKUR
**2.799 KR**




JÓGA FYRIR ALLA
SÓLVEIG ÞÓRARINSDÓTTIR
**2.759 KR**




TARFURINN FRÁ SKALPAFLÓA
MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON
**4.402 KR**




HREINDÝRASKYTTUR
GUÐNI EINARSSON
**3.698 KR**




SIGURÐUR DÝRALÆKNIR
SIGURÐUR SIGURÐARSSON
**4.752 KR**

netto bækur
Kræsingar & kostakjör

**Tilboðin gilda 18. - 21. des. 2014**

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Höfn · Grindavík
Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Akureyri

# JÓLAÚTSKRIFTIR!

## eða bara jólagjafir...



**CROSS minnisbók og penni, 3 stærðir og 3 litir.**
Verð frá: 4.199.-



**IT ferðataska, 56cm, 4 hjól**
Verð: 18.999.-

**IT ferðataska, 71cm, 4 hjól**
Verð: 24.999.-

**IT ferðataska, 81cm, 4 hjól**
Verð: 27.999.-



**Hnattlíkan 30 cm. með ljósi**
Verð: 9.999.-



**Hnattlíkan 26 cm. með ljósi**
Verð: 8.999.-



**Landakort stórt/lítið PINWORLD**
Verð: 8.999.- / 5.999.-




**New Larousse Gastronomique**
Verð: 14.999.-




**Lonely Planet The World**
Verð: 5.999.-




**1001 Ideas That Changed the World**
Verð: 4.999.-




**Lean In: For Graduates**
Verð: 3.499.-



VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG
OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!





MUNDU EFTIR GJAFAKORTI
PENNANS EYMUNDSSON!






**Lucid -**
**Hrafnkell Sigurðsson**
**Vildarverð: 6.999.-**

**Dancing Horizon -**
**Sigurður Guðmundsson**
**Vildarverð: 7.499.-**










**Eddukvæði**
**Vildarverð: 5.999.-**

**Íslenskir málshættir**
**og snjallyrði**
**Vildarverð: 2.249.-**

**Orðbragð**
**Vildarverð: 4.799.-**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda 18. desember, til og með 21. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Ég gerði ekkert rangt

BÆKUR ★★★☆☆

**Mörður**
Bjarni Harðarson
**SÆMUNDUR**

Bjarni Harðarson ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur í skáldsögunni Merði. Þar er sögumaður ein hataðasta persóna Íslendingasagnanna, Mörður Valgarðsson, sá hinn sami og hlaut þann vafasama heiður að fá nafni sínu skeytt við lygi svo úr varð Lyga-Mörður. Hér er hann sjálfur sögumaður og endursegir atburðarás Njálu út frá eigin sjónarmiðum, sem eins og gefur að skilja eru töluvert ólík þeim sem höfundur Njálu setur fram.

Mörður hefur nefnilega að eigin mati ekki gert neitt rangt, hann gerði einfaldlega það sem þurfti til að hin rétta ordnung hlutanna viðhéldist. Það náði auðvitað engri átt að papahyski eins og Njáll á Bergþórshvoli og afkomendur hans kæmist til áhrifa í samfélaginu. Slíkt varð að stoppa með öllum ráðum.

Bjarni er óhemjugóður sögumaður og fer hjá á kostum í drýgindarausi Marðar, sem minnir á ýmsar persónur í samtímanum og réttlætingar þeirra á gjörðum sínum. Mörður verður meira að segja ansi viðkunnanlegur karl í hans meðförum þrátt fyrir drýgindin. Hann elskaði konu sína, Kötlu, og sinnir barnabarni sínu af durtslegri alúð, eftir fremsta megni. Hrifning hans á Skarphéðni, einum hinna svörnu óvina, hrærir streng í brjósti Njáluaðdáenda og gerir hann enn mannlegri en ella. Réttlætingar hans á eigin gerðum eru líka fullkomlega sannfærandi, þótt lesandinn sé ekki endilega sammála hans viðhorfi til annarra sögupersóna og þess sem þær taka sér fyrir hendur. Það er þó erfitt að sjá hvernig lesendur sem ekki þekkja til söguþráðar Njálu eiga að henda reiður á því sem karlinn rifjar upp, sú þekking er greinilega fyrirframgefin stærð í huga höfundarins, sem er töluverður galli.

Það sem þó fyrst og fremst gerir skáldsöguna, eða nóvelluna öllu heldur, um Mörð að eins ánægjulegri lesningu og raun ber vitni er stíll Bjarna og dásamleg notkun hans á tungumálinu. Maður smjattar á orðum og setningum og dæsir af hamingju yfir




því að enn skuli vera skrifað á svo kjarngóðri íslensku árið 2014. Málfarið eitt og sér gerir þessa bók nánast að skyldulesningu, hvað sem fólki finnst um nálgun á söguefnið, og auk þess er sagan ískrandi skemmtileg aflestrar.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Bráðskemmtileg nóvella um efni sem flestir þekkja, skrifuð á aldeilis dásamlegri íslensku.






# Magnaðar tónahugleiðslur

TÓNLIST ★★★★★

**525**
Gunnar Gunnarsson ásamt Ásgeiri Ásgeirssyni og Þorgrími Jónssyni
**DIMMA**




525 er ekki sérlega krassandi titill á geisladiski. 666 myndi vekja miklu meiri athygli. En 525 hefur líka merkingu, mun háleitari. Sálmur nr. 525 í sálmabók kirkjunnar er friðarbæn Páls Kolka, Til þín, Drottinn hnatta og heima. Við hana samdi Þorkell Sigurbjörnsson undurfagurt lag. Það er að finna á geisladiski Gunnars Gunnarssonar, sem er m.a. organisti Fríkirkjunnar. Þetta er samt ekki sálmadiskur í venjulegum skilningi. Gunnar hefur áður vakið athygli fyrir óhefðbundnar djassútsetningar á íslenskum sálmum og diskurinn nú er einmitt í þeim anda.

Þarna eru tvö lög úr Hallgrímspassíu Sigurðar Sævarssonar. Ég hef ekki heyrt passíuna sjálfa, en lögin hér hljóma ákaflega fallega. Þau eru þýð og yfir þeim er heillandi ferskleiki. Hið magnaða lag Gunnars Þórðarsonar úr óperunni Ragnheiði, Allt eins og blómstrið eina, kemur líka prýðilega út í útsetningu Gunnars. Lagið er grípandi og útsetningin er látlaus og innhverf. Hún er nánast eins og hugleiðsla í stofunni heima eftir að hafa séð óperuna á sviði. Það er mögnuð upplifun.

Aðdáunarvert er hversu Gunnari tekst að gera lögin að sínum, án þess að stela þeim. Lögin eru allskonar, hinn fyrrnefndi sálmur nr. 525, einnig Haustvísur til Maríu eftir Atla Heimi Sveinsson, Hinsta kveðja eftir Sigurð Flosason og fleira. En persónuleiki Gunnars er í þeim öllum. Maður fær nýja sýn á lögin, akkúrat eins og góð útsetning á að framkalla.

Hljóðfæraleikurinn á geisladiskinum er flottur. Gunnar spilar af unaðslegri litfegurð á píanóið, Ásgeir Ásgeirsson er innblásinn á gítarinn og kontrabassaleikur Þorgríms Jónssonar er kvikur og áleitinn. Það gerist varla betra.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Einstaklega heillandi djassútsetningar og flutningur á nokkrum perlum íslenskra sálmatónbókmennta.





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í BÓNUS
Gjafakort Bónus
er gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla
SPARAÐU TÍMA OG FYRIRHÖFN. GEFÐU GJAFAKORT BÓNUS
Bónusgjafakortið fæst nú til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus
Skrifstofa Bónus: Opin alla virka daga kl. 9-17 Skútuvogi 13 Sími: 527 9000
BÓNUSKORT
Íslenskt grísakjöt af nýslátruðu
1298 kr. kg.
Bónus ferskt úrb. Grísahnakkafilet
1698 kr. kg.
Bónus ferskar Grísalundir
1298 kr. kg.
Bónus ferskur úrb. Grísahryggur
998 kr kg
Bónus ferskt úrbeinað Grísalæri
598 kr kg
Bónus ferskur Grísabógur
Úrbeinað hangilæri Nr. 2-3 að mati dómnefndar DV
Úrbeinað hangilæri Nr. 1 að mati dómnefndar DV
1598 kr. kg.
Ali Hamborgarhryggur með beini
1798 kr. 1 kg.
Bónus Konfektkassinn 1 kg.
2498 kr. kg.
Fjalla Hangilæri úrbeinað
3098 kr. kg.
KEA Hangilæri úrbeinað
1798 kr. kg.
Ali Hamborgarhryggur úrbeinaður
2998 kr. 940g.
Nóa Gjafakassinn 940g
119 KR.
138 KR.
119 KR.
EGILS APPELSÍN 275ML
OPNUNARTÍMI Í BÓNUS UM HELGINA
20.des. Laugardagur 10:00-20:00
21.des. Sunnudagur 10:00-20:00
ÓMISSANDI ÞRENNA YFIR JÓLIN !
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Verðtilboðin í þessari augl. Gilda til 21.des. 2014
Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •



**MIKILL FÖGNUÐUR** Hljómsveitin AmabAdamA fagnar útgáfu plötunnar sinnar í Gamla bíói. MYND/SPESSI

# AmabAdamA bannað að aka til Akureyrar

## Hljómsveitin AmabAdamA þarf að yfirgefa höfuðborgina snemma að morgni föstudags.

„Við ætluðum að keyra norður en svo þegar við hittumst á æfingu um daginn kom í ljós að foreldrar allra hljómsveitarmeðlimanna voru búnir að banna okkur að keyra út af veðrinu og færð,“ segir Steinunn Jónsdóttir, ein af söngvurum í hljómsveitinni AmabAdamA. Hljómsveitin kemur fram á útgáfutónleikum í Gamla bíói í kvöld í Reykjavík en fer í flug til Akureyrar klukkan 07.15 í fyrramálið. „Það tekur því varla að fara að sofa. Við þurfum allavega að stilla allar vekjaraklukkur,“ segir Steinunn og hlær.

AmabAdamA hefur átt mjög gott ár og fagnar því með útgáfutónleikum í kvöld. „Við ætlum að flytja plötuna í heild sinni og ef stemningin er góð, þá er aldrei að vita hvort við teljum í fleiri lög,“ bætir Steinunn við.

Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 en hljómsveitin The Bangoura Band mun sjá um að hita mannskapinn upp með hressandi afrobeat-tónlist. **- glp**

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**18. DESEMBER 2014**

### Tónleikar

**19.30** London Philharmonic Orchestra kemur fram í Hörpu. Fantasían um Thomas Tallis eftir Williams, Sinfónía nr. 1 í g-moll op. 13 eftir Tchaikovsky og hinn vinsælasti píanókonsert nr. 5 í Es-dúr op. 73, eða Keisarakonsertinn eftir Beethoven. Stjórnandi verður Osmo Vänskä, sem hefur unnið til Grammy-verðlauna og var um árabil aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einleikari verður norski píanósnillingurinn Leif Ove Andsnes. Miðar frá 7.900 krónum.

**20.00** Kvennakórinn Katla og Bartónar, karlakór Kaffibarsins, blása til jólastórtónleika í Austurbæ undir dyggri stjórn Hildigunnar Einarsdóttur, Jóns Svavars Jósefssonar og Lilju Daggar Gunnarsdóttur. Tónleikarnir eru til styrktar Hugarafli. 1.990 krónur inn.

**20.00** Ókeypis tónleikar í Guðríðarkirkju í Grafarholti. Lesið upp úr gömlum jólasögum, gömul jólaljóð flutt í tali og tónum og kakó og piparkökur á eftir í boði.

**20.30** Hinir árlegu jólatónleikar Estherar Jökulsdóttur í Laugarneskirkju þar sem hún syngur inn jólin í stíl Mahaliu Jackson með einvalaliði söngvara og tónlistarmanna. Með Esther syngja Gísli Magna tenór, Skarphéðinn Hjartarson tenór og Örn Arnarson tenór. 3.500 krónur inn.

**21.00** ÍRiS treður upp á Hlemmi Square. Hún tvinnar saman raftónlist við lifandi hljóðfæraleik á borð við hörpu, píanó, selló og aðra óhefðbundnari hljóðgjafa. Meðspilarar eru Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir á selló og Frank Aarnink á slagverk. Frítt inn.

**21.00** Borgardætur halda sína árlegu jólatónleika á Rósenberg. 5.300 krónur inn.

**21.00** Hrund Ósk og Sveskjupeyjarnir troða upp á Forréttabarnum. Gamalkunnir standardar og hugljúf jólalög. 2.000 krónur inn.

**21.00** Heiðursveitin Stóns halda jólaafmælistónleika tileinkaðir 71 ára afmæli Keith Richards. Stóns til halds og trausts verða vel valdir einstaklingar úr íslensku tónlistarlífi. 2.500 krónur inn.

**21.00** Úlfur leikur af fingrum fram í Mengi. Notast hann við ýmiskonar vítahringskerfi til að leika á yfirtóna rýmisins, skinnhimnu og barítóngítar. 2.000 krónur inn.

**22.00** AmabAdamA heldur útgáfutónleika í Gamla bíói. Miðaverð er 2.500 krónur. Húsið er opnað klukkan 21.00.

**22.00** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da.

### Bókmenntir

**20.00** Síðasta höfundakvöldið í Gunnarshúsi. Gunnar Helgason og Yrsa Sigurðardóttir lesa upp og svara spurningum Katrínar Jakobsdóttur um nýútkomnar bækur sínar. 500 krónur inn.

### Pub Quiz

**20.00** Þriðja kvikmyndakviss vetrarins í Bíó Paradís og er jólaþema að þessu sinni. Mest þrír í liði og efstu þrjú liðin fá bjór og bíómiða í verðlaun. Þá verða veitt verðlaun fyrir besta liðsnafnið og fyrir rétt svar við bjórspurningu.

### Uppistand

**21.00** Jólauppistand GOmobile í Stúdentakjallaranum. Þórhallur Þórhallsson kynnir sex uppistandara.

### Tónlist

**20.00** Robot Disco jólakvöld á Paloma. Xylic, 90210, Jammin Jack og O.D. Wilson þeyta skífum.

**20.00** Lagaffe Tales í Lucky Records. Intro Beats, Brilliantinus og Viktor Birgisson þeyta skífum.

**21.00** Sakana þeytir skífum á Stofunni.

**21.00 DJ Smutty Smiff** spilar á Lebowski Bar.

**21.00** Trúbadorarnir Magnús & Ívar troða upp á English Pub.

**22.00** DJ Kári á Kaffibarnum.

**22.00** DJ Styrmir Dansson á Bar Ananas.

### Fyrirlestrar

**17.00** Streitustúdíó í Hörpu. Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir félagsráðgjafi flytur fyrirlesturinn Að missa ekki tökin á tilverunni.

### Samkoma

**21.00** Prófflokadjamm Listaháskólans á Dolly. Frír bjór til þeirra fyrstu þyrstu.

### Söngur

**21.00** Jólakaraoke Hits & Tits á Húrra.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*




Full verslun af nýjum og spennandi vörum á jólatilboði!



Tvennutilboð

Dúnsæng og dúnkoddi
~~23.800 kr.~~
18.900 kr.



BREYTT OG STÓRGLÆSILEG
DORMA







Rúmföt verð frá 6.990

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum, Reykjavík og Dalsbraut 1 á Akureyri

# ÞÚ FINNUR BÓKINA Á FISKISLÓÐ

**AFGREIÐSLUTÍMAR Í DESEMBER**

| | | |
|---|---|---|
| Föstudagur | 5. des. | 10–18 |
| Laugardagur | 6. des. | 11–17 |
| Sunnudagur | 7. des. | 11–17 |
| Mánudagur | 8. des. | 10–18 |
| Þriðjudagur | 9. des. | 10–18 |
| Miðvikudagur | 10. des. | 10–18 |
| Fimmtudagur | 11. des. | 10–18 |
| Föstudagur | 12. des. | 10–18 |
| Laugardagur | 13. des. | 11–17 |
| Sunnudagur | 14. des. | 11–17 |
| Mánudagur | 15. des. | 10–18 |
| Þriðjudagur | 16. des. | 10–18 |
| Miðvikudagur | 17. des. | 10–19 |
| Fimmtudagur | 18. des. | 10–19 |
| Föstudagur | 19. des. | 10–19 |
| Laugardagur | 20. des. | 11–19 |
| Sunnudagur | 21. des. | 11–19 |
| Mánudagur | 22. des. | 10–19 |
| Þriðjudagur | 23. des. | 10–19 |

## JÓLADAGATAL:
EINN HEPPINN VIÐSKIPTAVINUR Á DAG FÆR GJÖF

LEIKHORN FYRIR BÖRNIN

NÆG BÍLASTÆÐI OG HEITT Á KÖNNUNNI

ÓKEYPIS MERKIMIÐI FYLGIR HVERRI BÓK

INNPÖKKUNARBORÐ




Allar nýjustu bækurnar

## ÞÚSUNDIR TITLA FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS – Á FORLAGSVERÐI

FORLAGIÐ Bókabúð

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575-5636

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**51 árs Brad Pitt, leikari**

**Þekktastur fyrir:** Fight Club

## BÍÓFRÉTTIR

### Í viðræðum um X-Men

Ástralski leikarinn Hugh Jackman er í viðræðum um að leika í X-Men: Apocalypse. Hinn 46 ára leikari hefur farið með hlutverk Wolverine í X-Men-myndunum við góðar undirtektir. „Ég hef talað við fólkið og ég má ekki segja nákvæmlega hvað er bígerð en það er margt mjög spennandi að krauma undir í heimi X-Men, þar á meðal Wolverine-myndin. Það er hellingur af svölum pælingum í gangi," sagði Jackman. X-Men: Apocalypse er væntanleg 2016 en The Wolverine í mars 2017.



### Skaut úr byssu

Katie Holmes þurfti að læra að skjóta úr byssu fyrir tökur á sinni nýjustu mynd, Miss Meadows. Leikkonan, sem er 35 ára, hafði mjög gaman af því að leika í myndinni, sem fjallar um kennara sem bregður sér í hlutverk sjálfskipaðs löggæslumanns á kvöldin. „Miss Meadows er öðruvísi persóna en ég hef áður leikið vegna þess að hún er frekar fyndin. Kennari sem tekur lögin í eigin hendur þegar hún sér barn verða fyrir ofbeldi. Það var gaman að leika hana og svo lærði ég líka að skjóta úr byssu," sagði hún.



## FRUMSÝNINGAR



**Night at the Museum: Secret of the Tomb**

**Ævintýramynd**

**Helstu hlutverk:** Ben Stiller, Owen Wilson og Robin Williams.

IMDb 7,8/10 Rotten Tomatoes 45%



**Horrible Bosses 2**

**Gamanmynd**

**Helstu hlutverk:** Jason Bateman, Jason Sudeikis og Charlie Day.

IMDb 6,8/10 Rotten Tomatoes 34%






**ÞÓRÐUR FRÁ DAGVERÐARÁ** Lífskúnstner með meiru.

# Taóið holdi klætt

Jöklarinn er frábær heimildarmynd um merkilegan mann sem veitir innblástur.

BÍÓ ★★★★☆

**Jöklarinn, brot úr sögu Þórðar Halldórssonar mesta lygara allra tíma – eða hvað?**

Heimildarmynd

**LEIKSTJÓRN:** KÁRI G. SCHRAM

Jöklarinn, brot úr sögu Þórðar Halldórssonar mesta lygara allra tíma – eða hvað? er stórmerkileg heimildarmynd Kára G. Schram um alþýðuhetjuna Þórð Halldórsson. Fólk af yngri kynslóðinni kannast ekkert við manninn en foreldrar okkar gerðu það – þetta var nefnilega þjóðþekktur lífskúnstner að vestan sem var allt í senn refaskytta, sægarpur og náttúruverndarsinni. Þetta var maður sem átti ekkert smá ævintýralegt líf en myndin gerir því skil á einfaldan og skemmtilegan hátt. Myndin er byggð upp úr viðtölum í hljóði og mynd ásamt gömlum upptökum af Þórði sem glæða myndina miklu lífi. Fjallað er um skipbrotið sem hann lenti í ungur að aldri og hvernig hann varð aldrei samur eftir að hafa náð að svindla á dauðanum.

Þórður var skáld og sagnaþulur allt sitt líf og náði að stuða íslenskt myndlistarlíf með málverkum sínum, sem er einn göfugasti hlutur sem hægt er að gera í myndlistarheiminum. Þá eru sagðar stórskemmtilegar sögur af kynnum Þórðar við merka og mæta einstaklinga svo sem Dieter Roth, Gunnar Dal og Halldór Laxness. Jöklarinn er gerð ódýrt en rétt. Myndin heldur manni alveg við efnið, sem er af einstaklega áhugaverðu tagi.

Saga Þórðar veitir mikinn innblástur og viðhorf hans til náttúrunnar og lífsins sjálf er gríðarlega fallegt, enda segir einn viðmælandinn að Þórður hafi eiginlega verið „taóið" holdi klætt án þess að gera sér einu sinni grein fyrir því. Viðhorf hans til íslensku náttúrunnar gerði það að verkum að leikstjórinn lýsti honum „eins og Björk síns tíma" en á þessum tíma stóriðju og jarðhlýnunar á vísa Þórðar enn betur við en hún gerði á sínum tíma: „Eitrað haf og eins til heiða/eitrið sígur niðrí svörð/þeir sem stjórna, þeir eru að eyða/öllu lífi hér á jörð."

Þórður Ingi Jónsson

**NIÐURSTAÐA:** Einföld, hugljúf og falleg mynd sem ætti að veita bóhemum og náttúrubörnum mikinn innblástur.



**ROMAN POLANSKI** Hefur haldið til í Evrópu undanfarin ár. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill ljúka Polanski-máli

Lögfræðingurinn Alan Dershowitz reynir nú að ljúka Roman Polanski-málinu, meira en 35 árum eftir að leikstjórinn var ásakaður um nauðgun. Dershowitz hefur óskað eftir nýjum réttarhöldum en hann ásakar saksóknara um að hafa gefið rangar upplýsingar þegar reynt var að gera leikstjórann útlægan úr heimalandi sínu Póllandi. Þá segir hann að hæstaréttardómari hafi ákveðið árið 2009 að halda Polanski í fangelsi með því að fresta stöðugt úrskurði sínum. - þij

# Ofbeldi í barnamyndum

Ný rannsókn ber barnamyndir saman við fullorðins.

„Í staðinn fyrir að vera skaðlausari og ljúfari valkostir en dæmigerðar hryllings- og dramamyndir eru teiknimyndir barna í raun gróðrarstíur morða og ofbeldis," rita vísindamennirnir Dr. Ian Colman og Dr. James Kirkbride í vísindaritið British Medical Journal. Samkvæmt rannsókn þeirra fyrirfinnst ekkert minna af dauða og eyðileggingu í kvikmyndum sem ætlaðar eru fyrir börn heldur en í kvikmyndum ætluðum fullorðnum.

Rannsakendur horfðu á þær 45 barna- og teiknimyndir sem voru hvað vinsælastar á milli 1937 og 2013. Þeir komust að því að í tveimur þriðju barnamyndanna lést mikilvæg sögupersóna en aðeins helmingur þeirra lést í „fullorðins"-myndum. Aðalpersónur í teiknimyndum voru meira en tvöfalt líklegri til að deyja og næstum þrisvar sinnum líklegri til að vera myrtar en í mynd fyrir fullorðna.

Foreldrar aðalpersóna voru meira en fimm sinnum líklegri til að deyja í teiknimyndum, eins og í Disney-myndinni vinsælu Frozen. Þá komust rannsakendur að því að foreldrar, óvinir og börn voru oft fyrstu persónurnar til að deyja í teiknimyndum.



**FROZEN** Ein af myndunum sem rannsakendur skoðuðu.

Barnamyndirnar voru bornar saman við tvær vinsælustu myndirnar fyrir fullorðna sem komu út á sama ári og barnamyndirnar, svo sem spennutryllarnir Black Swan og What Lies Beneath. Í rannsókninni kemur fram að ofbeldismagnið í teiknimyndum hafi ekki breyst síðan Mjallhvít var gefin út árið 1937. - þij

markhönnun ehf






„hvílíkur fjársjóður af uppskriftum“
★★★★½
Árni Matthíasson, *Morgunblaðið*

STÓRA ALIFUGLABÓKIN
ÚLFAR FINNBJÖRNSSON
**4.999** KR

# SPENNANDI BÓKAJÓL




HANDAN MINNINGA
SALLY MAGNUSSON
**2.799** KR




LEITIN AÐ GEISLASTEININUM
IÐUNN STEINSDÓTTIR
**1.749** KR




NÁLA –
RIDDARASAGA
**2.449** KR




NENNI EKKI AÐ ELDA
GUÐRÚN VEIGA GUÐMUNDARDÓTTIR
**3.499** KR




NIKKÝ OG BARÁTTAN
UM BERGMÁLSTRÉÐ
JÚLÍUS BRJÁNSSON
**2.589** KR




PADDINGTON
BÍÓSAGA
**1.979** KR




SLAUFUR
RANNVEIG HAFSTEINSDÓTTIR
**2.999** KR




TVÖFALT PRJÓN
GUÐRÚN MARÍA GUÐMUNDSD.
**3.899** KR




VAKANDI VERÖLD
MARGRÉT M. & RAKEL G.
**3.899** KR

netto bækur
Kræsingar & kostakjör

**Tilboðin gilda 18. - 21. des. 2014**

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Höfn · Grindavík
Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Akureyri

# LÍFIÐ

## Bill Withers gæti sungið við innvígsluna

Hinn 76 ára Bill Withers mun hugsanlega stíga á svið og syngja þegar hann verður vígður inn í Frægðarhöll rokksins á næsta ári. „Ég veit ekki hvort ég get það. Það verður bara að koma í ljós," sagði hann við tímaritið Rolling Stone. Hann gaf síðast út nýtt efni 1985 og sést mjög sjaldan opinberlega.



**WITHERS** Gaf síðast út nýtt efni árið 1985. NORDICPHOTOS/GETTY

### ÞEKKTUSTU LÖG BILL WITHERS:

Ain't No Sunshine
Just the Two of Us
Lean on Me
Lovely Day

### ➜ Vígð inn í Frægðarhöll rokksins 2015:

**Lou Reed**
Green Day
Stevie Ray Vaughan and Double Trouble
Joan Jett and the Blackhearts
Bill Withers
Paul Butterfield Blues Band
The 5 Royales
Ringo Starr







Edge 510
Reiðhjólatæki
GPS æfingatæki
Vatnshelt með snertiskjá
Settu inn leiðir og kepptu
Bluetooth tenging við síma
GARMINBÚÐIN
Ögurhvarfi 2, Kópavogi
s. 577-6000 | www.garmin.is
Opið mán. til fös. 10-18
Helgina 20. og 21. des 10-18




**FLOTTUR HÓPUR** Kvennakórinn Katla og Bartónar ásamt stjórnendum á tónleikunum í fyrra. MYND/GUÐMANN ÞÓR BJARGMUNDSSON

## Spreyja jólaanda yfir gestina

Kvennakórinn Katla og karlakórinn Bartónar halda árlega jóla-styrktartónleika í Austurbæ í kvöld.

„Þetta er í þriðja sinn sem þessir kórar leiða saman hesta sína í þágu góðs málefnis og spreyja jólaandanum yfir fólk," segir Lilja Dögg Gunnarsdóttir, annar kórstjóri kvennakórsins Kötlu, ásamt Hildigunni Einarsdóttur.

Þær ásamt karlakórnum Bartónum halda jólatónleika í kvöld til styrktar Hugarafli. Lilja segir kórana vera ofboðslega ólíka. „Kórarnir eru vanir að vinna hvor í sínu lagi, en blandast svona skemmtilega saman. Þegar tveir ólíkir menningarheimar koma saman þá verður til einhver fítonskraftur," segir hún.

Æfingar fyrir tónleikana hafa gengið mjög vel. „Venjulega syngja kórarnir allar fjórar raddirnar, en þarna þurfum við að syngja tvær og tvær raddir. Ætli þeir hafi ekki upplifað sig sem bakraddir hjá okkur til að byrja með," segir Lilja og hlær.

En er ekki einhver rígur á milli kóranna, eða hvað? „Ég myndi nú ekki segja það beint. Þeir reyndar tala miklu meira en við á æfingum, við erum svo fókuseraðar, þannig að það verður stundum smá Grýlu-Stuðmanna fílingur hjá okkur, en auðvitað er það allt á góðu nótunum. Hjá okkur er bara stuð og gaman," segir hún.

Tónleikarnir verða í Austurbæ í kvöld klukkan átta og rennur allur ágóði beint til Hugarafls. „Við styðjum mismunandi málefni ár hvert og reynum að hafa þau ólík milli ára. Oft veljum við líka málefni sem tengist kórfélögunum á einhvern hátt og það er mjög gefandi," segir Lilja.

adda@frettabladid.is

> **Þeir reyndar tala miklu meira en við á æfingum, við erum svo fókuseraðar, þannig að það verður stundum smá Grýlu-Stuðmanna fílingur hjá okkur.**


Dualit.

HARÐSNÚINN
• blandari •



Nýr öflugur 1000 vatta blandari frá Dualit sem hentar vel fyrir heimili sem og smærri fyrirtæki. Ný tækni, svokölluð VortecS tryggir að ekkert botnfall myndast og því blandast hráefnið betur saman. Dualit blandarinn er með sérstaka ísmulnings stillingu sem mylur jafnt ísmola sem og frosna ávexti.

- 2ja lítra harðplastkanna - sterk og höggþolin
- Auðvelt að losa könnu - létt og þægileg
- Má fara í uppþvottavél

Verð kr. 41.722,- m.vsk.

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is




**RIHANNA** Söngkonan hefur gert samning við Puma. NORDICPHOTOS/GETTY

## Sköpunarstjóri Puma

Söngkonan Rihanna hefur undirritað nýjan samning.

Rihanna hefur verið ráðin í stöðu sköpunarstjóra hjá íþróttamerkinu Puma. Orðrómur var uppi um að hin 26 ára söngkona væri að gera um 120 milljóna króna samning við þýska merkið í nóvember síðastliðnum. Núna hefur verið tilkynnt um ráðningu hennar.

„Rihanna mun starfa við hönnun og þróun á hinum sígilda stíl Puma auk þess að búa til nýjan stíl," sagði í yfirlýsingu frá fyrirtækinu.

Rihanna verður einnig alþjóðlegur sendiherra Puma og kemst þar í hóp með hlauparanum Usain Bolt og fótboltakappanum Mario Balotelli. Söngkonan mun taka þátt í herferð fyrirtækisins fyrir haust- og vetrarlínuna árið 2015.

Samkvæmt framkvæmdastjóra Puma, Bjørn Gulden, er Rihanna „eðlilegt val" og „fullkominn sendiherra" fyrir fyrirtækið, sem hefur lengi leitað að réttu manneskjunni til að koma æfingaklæðnaði kvenna á framfæri. „Að semja við Rihönnu var frábært skref fyrir Puma. Ferilskrá hennar, útgeislun, persónuleiki og metnaður gera hana að fullkomnum sendiherra fyrir merkið," sagði Gulden.

> ➜ Rihanna hefur áður hannað undirföt og gallabuxur fyrir Armani. Hún hefur einnig sent frá sér ilmvötn fyrir konur og karlmannsilminn Rouge Men.



Vipenna skyrta 6990



Villy skyrta 7990



Vipegonia jakki 8990



Visimpla jakki 12990



Mollie trefill 3990






Vitrista pils 6490



Vidat kjóll 5490



Vigunilla kjóll 8490



Visaturday skyrta 6490



Vilove buxur 9490



Vilain kjóll 7990



Vikamin leggings 9990

# VILA

**Kringlan / Smáralind**

Facebook.com/VILAclothesIS

Instagram @vilaclothes_iceland

# Skemmtilegar og öðruvísi jólahefðir

Hefðir eru stór hluti af jólunum. Innan fjölskyldna og vinahópa skapast oft persónulegar og skemmtilegar jólahefðir sem koma fólki í hið eina sanna jólaskap og verða jafn sjálfsagður og ómissandi hluti af jólahátíðinni og malt og appelsín eða vel skreytt jólatré.



**HÁTÍÐLEG** Kristín og eiginmaður hennar hafa þann sið að klæða sig upp í brúðkaupsfötin á aðfangadagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Í brúðarkjólnum á aðfangadag

Jólin ekki komin fyrr en Kristín er klædd í kjólinn.

Á jólunum hafa flestir þann vana að klæðast sínu fínasta pússi. Kristín Einarsdóttir tekur fínu fötin skrefinu lengra og klæðir sig upp í brúðarkjól.

Hún og eiginmaður hennar giftu sig í desember fyrir átján árum og hafa síðastliðin tíu ár klætt sig upp í brúðkaupsfötin á aðfangadag.

Kristínu fannst leiðinlegt að sjá brúðarkjólinn hanga inni í skáp og langaði að finna einhver not fyrir hann. Úr varð að hún ákvað að nota hann á jólunum. „Síðan hef ég bara farið í hann á hverju aðfangadagskvöldi og maðurinn minn í sín brúðgumaföt. Börnunum finnst ekki vera komin jól fyrr en við erum komin í fötin."

Kjóllinn er fremur fyrirferðarmikill með slöri og öllu tilheyrandi. „Ég fer í hann klukkan sex og græja allt í honum, það er mjög mikil pressa að komast í hann og vera í honum um jólin," segir Kristín hlæjandi.



**Það er mjög mikil pressa að komast í hann og vera í honum um jólin.**

## Heinz með hangikjötinu

Vilborg hvetur alla til að prófa.

Í fjölskyldu Vilborgar Þórðardóttur hefur tíðkast í þrjár kynslóðir að borða bakaðar baunir frá Heinz með hangikjötinu um jólin.

„Þetta er sem sagt hefð á mínu heimili, heimili foreldra minna og hjá ömmu og afa að hafa alltaf Heinz bakaðar baunir með hangikjöti um jólin," segir Vilborg en það hvarflaði ekki að henni fyrr en í seinni tíð að það væru ekki allir sem borðuðu bakaðar baunir með hangikjöti.

„Ég áttaði mig ekkert á því fyrr en ég var svona 25 ára að það væru ekki allir Íslendingar sem borðuðu bakaðar baunir með hangikjötinu. Það var í einhverju jólaboði sem einhver nefndi að það væri fyndið að við værum alltaf með bakaðar baunir með."

Siðinn segir Vilborg koma frá afa sínum, Sverri Valdimarssyni, sem stundaði nám í Bandaríkjunum og komst að því að bakaðar baunir frá Heinz passa vel með reyktu kjöti. „Þetta var svo haft á jólunum með hangikjötinu enda passar þetta mjög vel saman. Ég bara hvet fólk til þess að prufa þetta," segir Vilborg og hlær.




## Malt og appelsín út á jólagrautinn

Áslaug Helga hefur sett malt og appelsín út á jólagrautinn síðan hún var barn.

Malt og appelsín er klassískur drykkur á borðum landsmanna um jólin, flestir neyta drykkjarins úr glasi en Áslaug Helga Aðalsteinsdóttir ólst upp við að setja malt og appelsín út á jólagrautinn.

„Ég eiginlega man ekki hvenær þetta byrjaði. Þetta var bara gert þegar ég var barn og það hefur sjálfsagt bara einhver prufað þetta og svo bara bragðaðist þetta svo vel að við héldum þessu áfram," segir Áslaug.

Aðspurð segir hún ekki alla í fjölskyldunni setja malt og appelsín út á jólagrautinn. „Það eru ekki alveg allir, en þeir sem þora að prufa þetta prufa yfirleitt aftur."



**MALT OG APPELSÍN** Áslaug Helga ásamt eiginmanni sínum Jóhanni Gunnari. MYND/EINKASAFN






**FEÐGIN** Í fjölskylduboðum feðginanna hefur lengi tíðkast að leika bókatitla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Leika titlana úr Bókatíðindum

Þátttakendur klæðast búningum og finna leikmuni áður en titlarnir eru leiknir.

„Ég man eftir þessu frá því ég var lítil úr jólaboðum hjá ömmu og afa á jóladag. Þá var mikill spenningur hjá mér og frænda mínum að fá að velja í lið. Þá voru valin tvö lið og farið inn í herbergi með Bókatíðindi," segir Berglind Jónsdóttir en í fjölskyldu hennar tíðkast að leika bókartitla upp úr Bókatíðindum í jólaboðum fjölskyldunnar.

„Svo var valin bók, farið í búninga og leikmunir valdir. Svo var planað lauslega hvað maður ætlaði að gera og farið inn í stofu og leikið fyrir hina þar til þeir giskuðu á réttan titil."

Faðir Berglindar, Jón Þorsteinn Gunnarsson, man eftir leiknum frá því hann var ungur. „Ég hugsa að þetta sé komið frá fjölskyldu mömmu," segir Jón.

Miserfitt er að leika bókartitlana en Berglind segir að reynt sé að velja titla sem eru skemmtilegir og þátttakendur þekki. „Ég man alltaf þegar uppskriftabókin Hratt og bítandi kom út. Þá kom liðið fram, búið að ná í eldhúsáhöld og í búningum. Þau fóru saman í hring, löbbuðu hratt og bitu saman tönnunum eins og þau væru að bíta," segir Berglind hlæjandi.

# Góðar jólagjafir



ICEPEAK

Lúffur og hanskar
á börn og fullorðna,





Bergans

100% merine ullarfatnaður
á alla fjölskylduna

pinguin
OUTDOOR EQUIPMENT

Mikið úrval af
svefnpokum
frá PINGUIN
og ROBENS



salomon

ATOMIC

- Svigskíði
- Fjallaskíði
- Gönguskíði
- Snjóbretti

**Tökum notaðan skíða- og brettabúnað upp í nýjan**

Fjölbreytt úrval af
bakpokum frá SALOMON,
LOWE, ALPINE og PINGUIN

Lowe alpine



**20%**
**jólaafsláttur**
**af bakpokum**

MOUNTAIN
EQUIPMENT



Mikið úrval af húfum

poc





**jólatilboð 20% afsl.**

salomon

ATOMIC





ATOMIC

www.alparnir.is



✓ Góða gæði
✓ Betra verð

Íslensku
ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA
Faxafeni 8 // 108 Reykjavík
Sími 534 2727 // www.alparnir.is

# Ætla að flytja hinar umdeildu Jesúrímur

Megas og Sauðrekarnir koma saman á Kexi Hosteli á föstudag og flytja rímur í bland við jólalög.

Megas og Sauðrekarnir flytja Jesúrímur eftir Tryggva Magnússon, teiknara og myndlistarmann, ásamt Ágústu Evu Erlendsdóttur, á Kexi Hosteli á föstudaginn. „Megas samdi tónlistina við Jesúrímur árið 1973,“ segir Hörður Bragason organisti sem leiðir Sauðrekana. „Tryggvi skrifaði rímurnar upp á sínum tíma með gömlu bleki á gamlan pappír og þóttist hafa fundið þetta í fórum gamallar konu. Hann kom þessu til Þjóðminjasafnsins og reyndi að halda því fram að þetta væri fleiri hundruð ára gamalt. Þjóðminjavörður sá reyndar í gegnum þetta.“



**MEGAS** Samdi tónlist við rímurnar á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLIW

Hörður segir vísurnar hafa verið umdeildar á sínum tíma. „Sumum þykja þær enn þá pínulítið ófínar og allt að því dónalegar á köflum, en þetta er mjög skemmtilegur skáldskapur í gömlum rímnastíl,“ segir hann, en þær hafa aldrei verið gefnar út opinberlega. „Megas eignaði sér þær í ljósriti frá Helga Hóseassyni, sem hafði eignast þær einhvern veginn og dreift í takmörkuðu upplagi. Þetta var költ,“ segir Hörður en Megas samdi tónlist við rímurnar á áttunda áratugnum. Hann hefur flutt rímurnar með Sauðrekunum tvisvar áður en á föstudag verður fluttur sá hluti rímnanna sem fjallar um fæðingu frelsarans í bland við gömul og ný jólalög. - þij

**Megas eignaði sér þær í ljósriti frá Helga Hóseassyni, sem hafði eignast þær einhvern veginn og dreift í takmörkuðu upplagi. Þetta var költ.**

**HÖRÐUR BRAGASON ORGANISTI** Segir rímurnar þykja enn ófínar á köflum.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




# STEMNING Á X-MAS

X-Mas, hinir árlegu styrktartónleikar útvarpsstöðvarinnar Xið 977, voru haldnir í Gamla bíói í fyrrakvöld. Fjöldi hljómsveita og tónlistarmanna lagði málefninu lið og að þessu sinni rennur allur ágóði óskiptur til Unglingadeildar SÁÁ. Meðal þeirra sem komu fram voru Agent Fresco, Dimma, Jónas Sig, Kaleo og Valdimar.



HLJÓMSVEITIN KIRIYAMA FAMILY VAR Í JÓLASKAPI



ROKKSVEITIN STRIGASKÓR NR 42



PÉTUR OG BRYNDÍS



INGUNN OG KOLBRÚN



BRYNDÍS OG SÓLRÚN



MANFREÐ, DAGUR OG KRISTÓFER



HLJÓMSVEITIN VALDIMAR




# Lil B bannaður á Facebook

Rapparinn Lil B The Based God bölsótaðist á Facebook á sinn sérviskulega hátt.

Póstmóderníski rappgrallarinn Lil B The Based God segist hafa verið bannaður á Facebook í 30 daga fyrir það eitt að segja það sem honum lægi á hjarta. „Facebook hefur lokað á mig í 30 daga fyrir að tala tæpitungulaust án ills ásetnings,“ ritaði hann á Twitter-síðu sína.

Lil B, sem mætti kalla vinsælasta tónlistarmann veraldarvefsins, fór mikinn á Facebook-síðu sinni í vikunni á sinn sérviskulega hátt. „Ef þú fæddist á sjötta áratugnum eða fyrr og fjölskyldan þín barðist ekki gegn aðskilnaðarhyggju eða þrælahaldi, þá eru amma þín og afi aumingjar.“

Þá bölsótaðist hann einnig út í dýraníðinga. „Dýrum er nauðgað á hverjum degi og þau drepin af mönnum svo að þú getir borðað matinn,“ sagði hann og bætti við: „Flestum Bandaríkjamönnum finnst allt í lagi að nauðga dýrum og láta þau verða hina nýju raddlausu þræla Bandaríkjanna og heimsins, svona er auðvaldið.“

Facebook hefur ekki enn svarað fyrirspurnum fjölmiðla um hvaða ummæli hans urðu til þess að lokað var á hann.

**30** Lil B hefur verið bannaður á samskiptavefnum vinsæla í þrjátíu daga.



**LIL B** Hefur verið kallaður vinsælasti tónlistarmaður veraldarvefsins.

Starfsfólk bókaverslana
Bókmenntaverðlaun 2014

# TIL HAMINGJU, HÖFUNDAR!







FJÖRU VERÐLAUNIN

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning

1. SÆTI

ÍSLENSKAR BARNABÆKUR

ÍSLENSKAR UNGMENNABÆKUR

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning




2. sæti

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning




3.–4. sæti




3.–4. sæti

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN Tilnefning




2. sæti




3. sæti

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39



**KRÁS** Ólafur hefur litlar áhyggjur af veðrinu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Götumatur verður færður í jólabúning

## Matarmarkaðurinn Krás verður með jólasniði í Fógetagarðinum um helgina. Tólf staðir taka þátt.

Matarmarkaðurinn Krás var haldinn í Fógetagarðinum í sumar við góðar undirtektir, en á markaðnum er boðið upp á götumat frá ýmsum veitingastöðum. Um helgina verður hann með jólasniði og taka tólf veitingastaðir þátt.

„Það verður jólaþema. Kalt úti og hægt að fá jólaglögg og heitt súkkulaði,“ segir Ólafur Örn Ólafsson sem skipuleggur Krás ásamt Gerði Jónsdóttur.

Tjald verður sett upp í Fógetagarðinum og Ólafur segist engar áhyggjur hafa af veðrinu. „Veðurspáin er þannig að það er stilla, logn og frost sem er bara besta veður sem maður getur búist við í desember,“ segir hann glaður í bragði.

„Það er spennandi að sjá hvað fólk ætlar að gera. Það hefur einhvern jólaramma sem þarf að fylla inn í,“ Ólafur segir því margt spennandi verða á boðstólum en meðal annars verður boðið upp á indverskan og tyrkneskan mat í jólabúningi. Verðinu verður stillt í hóf og er hugmyndin sú að gestir hafi kost á að heimsækja nokkra bása. Matarmarkaðurinn Krás er haldinn í samstarfi við Reykjavíkurborg og verður í Fógetagarðinum á laugardag og sunnudag frá klukkan tvö. Meðal veitingastaða sem taka þátt eru Dill, Cocoos nest, Meze, Grillið á Hótel Sögu og Austurlandahraðlestin. **- gló**

> **Það verður jólaþema. Kalt úti og hægt að fá jólaglögg og heitt súkkulaði.**
>
> *Ólafur Örn Ólafsson.*

# Velkomin til tíunda áratugarins

TÓNLIST ★★★★☆

**Bitter & Resentful**
Sindri Eldon
**SMEKKLEYSA**

Sindri Eldon hefur verið viðloðandi tónlistarsenuna í Reykjavík í að minnsta kosti áratug. Ef út í það er farið var hann auðvitað kominn á svið þegar hann var enn í móðurkviði. Og ætli flestir beri ekki kennsl á hann einmitt vegna þess að hann er sonur Bjarkar Guðmundsdóttur. Má ekki viðurkenna það?

Undanfarin tvö ár hefur Sindri hins vegar einbeitt sér að eigin lagasmíðum og haldið úti hljómsveit án þess að það hafi farið allt of mikið fyrir henni. Hún virðist þó yfirleitt dúkka upp í kringum Airwaves-hátíðina ár hvert og svei mér þá ef hún hefur ekki alltaf fengið fína dóma fyrir frammistöðu sína á þeirri hátíð og það er auðvelt að ímynda sér hvers vegna.

Fyrsta breiðskífa Sindra heitir Bitter & Resentful. Í stuttu máli er flæðiþéttirinn (e. flux capacitor) settur á fullt og DeLorean-bifreiðin sett á fullt 20 ár aftur í tímann. Þessi diskur, og hér eftir verður rætt um „disk“ því svona músík á aðeins að heyrast á CD-formi, er einfaldlega þrælfínn. Þetta gengur upp. Um er að ræða tónlist sem gæti þess vegna komið frá Bandaríkjunum, „indí-americana“-áhrif alla leið – upp í hugann koma hljómsveitir eins og Weezer, Pavement og Green Day – jafnvel Pixies á köflum.



Lögin eru hröð með melódískum viðlögum, textum sem fjalla um angistina sem fylgir táningsárunum eða upphafsárum fullorðinsaldursins, sungið af temmilegu kæruleysi eins og þessi tónlistarstefna gerir ráð fyrir.

Diskurinn er sérstaklega á blússandi flugi um miðbikið, lög eins og „Almost Exactly,“ titillagið „Bitter & Resentful,“ „Honey Dew“ og „Doer“ hefðu öll náð beinustu leið á topp X-Dominos listans… árið 1995. En þetta gengur upp! Það liggur við að maður panti pizzu með nautahakki við hlustunina, gangi á ný í boxernærbuxum og hringi úr og í landlínusíma. Hressandi! **Björn Teitsson**

**NIÐURSTAÐA:** Tímaflakk til 10. áratugar síðustu aldar sem gengur upp. „Teenage angst“ eins og hún gerist best, nú, eða verst.



**SINDRI ELDON** Lögin á plötunni eru hröð með melódískum viðlögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Döðlur.
Jólatilboð
Boðskort fyrir tvo
í Bláa Lónið
Fram að jólum gefum við boðskort fyrir tvo í Bláa Lónið með húðvörupakkanum Einstakur Ljómi. Gjafaaskjan inniheldur þörungakrem, kornahreinsi og þörungamaska sem endurnæra húðina og færa henni aukinn ljóma.
Þetta tilboð fæst í eftirtöldum verslunum okkar:
Verslanir Blue Lagoon - Laugavegi 15 - Grindavík - Flugstöð,
Hreyfing & Blue Lagoon Spa, Sérvöruverslanir Hagkaups,
Lyfja - Smáralind - Smáratorgi - Lágmúla, Lyf og Heilsa Kringlunni,
Duty Free komuverslun - Leifsstöð
www.bluelagoon.is
Fegurðin kemur að innan

# Heiðra minningu rokkara í afmælisveislu

Hljómsveitin Stóns ætlar að rífa þakið af Gauknum í kvöld þegar hún heldur upp á afmæli gítarleikarans Keith Richards.

„Þetta verður bæði skemmtilegasta afmælisveisla ársins og líka fallegasta minningarathöfn ársins,“ segir Björn Stefánsson í gervi Micks Jagger.

Hann og hljómsveitin hans, Stóns, sem leikur lög Rolling Stones, heldur upp á 71 árs afmæli gítarleikarans Keith Richards í kvöld en að sama skapi ætla þeir félagar að heiðra minningu saxófónleikarans Bobbys Keys sem féll frá fyrir skömmu. „Bobby Keys átti sama afmælisdag og Keith, 18. desember, og á því vel við að heiðra minningu hans,“ segir Bjössi.

„Hann var fastur meðlimur í bandinu og spilaði inn á plötur og á tónleikum með þeim, eða þangað til að Keith Richards þurfti að láta hann fara úr bandinu, því Keys hafði þá fyllt baðkar af mjög dýru kampavíni og ekki mætt út á flugvöll í kjölfarið. Hann var bara með grúppíu í kampavínsbaði, sem hann hafði eytt öllum sínum launum í. Hann kom svo aftur inn í bandið en Keith segir að hann hafi verið sinn besti vinur,“ útskýrir Bjössi.

Jens Hansson bregður sér í líki Bobbys Keys á tónleikunum. „Ég sá Bobby „live“ árið 2005 á Parken og hann stóð sig eins og hetja. Hann hélt alltaf uppi heiðri rokksaxófónleikaranna, það er einmitt það sem ég hef reynt að gera hér á landi, að halda uppi heiðri rokksaxófónleikaranna, við eigum það sameiginlegt,“ segir Jens, sem er mjög spenntur fyrir tónleikunum.

Tónleikarnir verpa á Gauknum í kvöld klukkan 21.00.

**- glp**

➜ Haldið verður upp á 71 árs afmæli Keith Richards í kvöld.



**AFMÆLISPARTÍ** Jens Hansson bregður sér í líki Bobbys Keys á tónleikunum í kvöld. Jens sá Keys á tónleikum á Parken árið 2005. MYND/ PÉTUR GEIR ZERANICO

GÖTUSMIÐJAN
leitar eftir aðstoð þinni með landsátakið
JÓL Á GÖTUNNI

Að undanförnu hefur samfélagið misst allt of mörg ungmenni í blóma lífsins í kjölfar vímuefnaneyslu og fjöldi fjölskyldna glímir nú við harðan veruleika tengdum þessum heimi. Þörf á einföldum bráðaúræðum er aðkallandi!

Götusmiðjan svarar þörfinni með söfnun fyrir rekstri og uppbyggingu:

NEYÐARATHVARFS
ÚTIDEILDAR
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR

Fyrir ungmenni í vímuefnavanda.

Þú getur stutt okkur með því að:

1.500 kr. færast á næsta símareikning

Hringja í síma: 908 1133
Kaupa verndarengilinn
Greiða valgreiðslu í heimabanka

GÖTUSMIÐJAN
VIÐ ERUM HÉR EF ÞÚ ÞARFT Á OKKUR AÐ HALDA

Gjaldfrjáls neyðarsími Götusmiðjunnar:
800 1133
fyrir ungmenni á götunni - opinn 24/7.

Þjónustusími Götusmiðjunnar er opinn alla virka daga milli 10.00 og 17.00

BÓNUS
GLERBORG Gler, gluggar, glerslípun & speglagerð frá 1922
HAGKAUP Skemmtilegast að versla
LYFJA
LUXVERK
LYFJAVER
N1
TAL
Eðal Sól
JÓN & MARGEIR Grindavík
365
Vogue fyrir heimilið
Stafholthestar Grindavík
Apótekið – einfalt og ódýrt
Síminn
vodafone
olís



**COLLINS** Leikarinn er þekktastur fyrir að leika prestinn í sjónvarpsþáttunum 7th Heaven. NORDICPHOTOS/GETTY

## Collins játar barnaníð

Leikarinn Stephen Collins, sem er hvað þekktastur fyrir að leika prestinn í sjónvarpsþáttunum 7th Heaven, hefur nú játað opinberlega að hann hafi misnotað þrjár stúlkur undir lögaldri. Þetta segir hann í tilkynningu til tímaritsins People en hann segir að misnotkunin hafi átt sér stað á milli áranna 1973 og 1994. Þá segist hann sjá gríðarlega mikið eftir því og að hann hafi „ekki haft þörf til að hegða sér á þann hátt“ síðan þá.

Collins mun veita sjónvarpsviðtal við stöðina ABC, sem verður einnig streymt á Yahoo á föstudaginn.

Árið 2012 viðurkenndi Collins fyrir eiginkonu sinni að hafa misnotað stúlkur áður. Hún tók upp játninguna og lét slúðursíðunni TMZ hana í té.



**VINSÆL** Hljómsveitin Kasabian hlýtur flestar tilnefningar á NME-hátíðinni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Tilnefnd til átta verðlauna

Breska hljómsveitin Kasabian hlýtur flestar tilnefningar á NME-tónlistarhátíðinni sem fram fer þann 18. febrúar næstkomandi í London.

Sveitin hlýtur átta tilnefningar, meðal annars fyrir plötu ársins, sem besta tónleikasveitin og besta breska hljómsveitin. Meðlimir sveitarinnar eru hæstánægðir með tilnefningarnar.

Royal Blood and Jamie T fylgja fast á eftir með sjö tilnefningar hvor.

Taylor Swift, Harry Styles, Bono, Russell Brand, Nigel Farage og David Cameron berjast svo um þann vafasama titil illmenni ársins.

# GAMAN AÐ SPILA SAMAN

## HELDURÐU AÐ ÞÚ VITIR BETUR?

Vinsælasta spurningaspil Skandinavíu nú í íslenskri útgáfu!




## Bezzerwizzer

3000 spurningar samdar og staðfærðar fyrir íslenskan markað. Hver er mesti Bezzerwizzerinn?

Aldur: 15+ Leikmenn: 2+

vnr. 922076 **7.990**




## Party & Co

Aldur: 12+ Leikmenn: 4-20

vnr. 910922 **5.990**




## Ubongo

Aldur: 8+ Leikmenn: 2-4

vnr. 881439 **5.499**




## Orð af orði

Aldur: 7+ Leikmenn: 2-4

vnr. 904189 **3.999**




## King of Tokyo

Aldur: 8+ Leikmenn: 2-6

vnr. 917648 **6.490**




## Orðaleit

Aldur: 7+ Leikmenn: 2-4

vnr. 887716 **4.990**




## Sequence For Kids

Aldur: 3-6 Leikmenn: 2-4

vnr. 667011 **2.499**




## Ticket To Ride USA

Aldur: 8+ Leikmenn: 2-5

vnr. 769867 **6.990**




## Wasgij púsl

1000 bita

vnr. 754581 **2.689**

## Fyrir púslglaða Íslendinga nær og fjær

vnr. 919063 **2.490**




## ORÐALEIKUR SEM GERIR YKKUR BANANABRJÁLUÐ!




## Bananagrams

Aldur: 7+ Leikmenn: 2-8

vnr. 917401 **3.799**



EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Uppselt á klukkutíma

**Uppselt er orðið á tónleika áströlsku rokkhljómsveitarinnar AC/DC á Wembley-leikvanginum í sumar. 72.500 miðar seldust á innan við klukkutíma.**
**Tónleikarnir eru hluti af stuttu ferðalagi sveitarinnar, en hún kemur einnig fram í Glasgow og Dublin.**
**Sveitin gaf út plötuna Rock Or Bust fyrir skömmu og er að fylgja henni eftir.**
**Hún er jafnframt fyrsta platan sem Malcolm Young, einn af stofnendunum, leikur ekki inn á.**

# Fær innblástur úr þokunni á Djúpavogi

Grafíski hönnuðurinn Hildur Björk teiknar litríkar og dulrænar myndir. Hún vinnur að myndum um refinn.

„Ég hef alltaf verið svolítið hrifin af dulúðinni og því sem er ævintýralegt,“ segir Hildur Björk Þorsteinsdóttir, grafískur hönnuður og teiknari, sem flutti úr borginni fyrir rúmum fjórum árum í friðsældina austur á Djúpavogi.

Hún teiknar litríkar og ævintýralegar myndir undir nafninu Hildur Björk Art&Design. „Ég hef verið að teikna mjög lengi, en ég var í heilt ár að þróa þennan poppsúrrealíska stíl sem ég teikna í, en það eru ekki margir sem teikna í þessum stíl,“ segir Hildur, sem lærði grafíska hönnun í Listaháskóla Íslands.

Hún hefur mikinn áhuga á barnabókum og myndmáli í þeim en hún hefur sjálf myndskreytt barnabækur. „Það hefur alltaf heillað mig svolítið þetta barnslega og ævintýralega. Eftir að ég flutti hingað hefur náttúran veitt mér mikinn innblástur,“ segir Hildur og rifjar upp að fyrst þegar hún flutti hafi verið þykk þoka yfir öllu í mánuð. „Þetta allt veitti mér líka innblástur til þess að teikna meira íslenskt, eins og refinn okkar sem ég er að vinna með núna,“ segir hún.

**„Ég hef verið að teikna mjög lengi, en ég var í heilt ár að þróa þennan poppsúrrealíska stíl sem ég teikna í.**

Áhugasamir geta nálgast myndir Hildar á Facebook-síðunni Hildur Björk Art&Design. - asi


**BARNSLEGT OG ÆVINTÝRALEGT** Hildur Björk með myndirnar sem hún teiknar. MYND/ÓSKAR RAGNARSSON




# Gáfu vinnu til styrktar krabbameinsveikum

Klúbbur matreiðslumanna á Norðurlandi hélt hátíðarkvöldverð til styrktar Krabbameinsfélagi Akureyrar. Þetta var í þriðja sinn sem kvöldverðurinn var haldinn.

Klúbbur matreiðslumeistara á Norðurlandi hélt hátíðarkvöldverð á Hótel KEA fyrir skemmstu en tilgangur kvöldverðarins var að safna peningum fyrir Krabbameinsfélag Akureyrar. Allir sem að viðburðinum komu gáfu vinnu sína, hvort sem það voru kokkar, þjónar eða skemmtikraftar. Lögðu fjölmargir birgjar til hráefni og léði Hótel KEA afnot af sal og eldhúsi.

Júlía Skarphéðinsdóttir, formaður Klúbbs matreiðslumanna á Norðurlandi, segir kvöldið hafa heppnast einstaklega vel. „Það var alveg ótrúlegt hvað var auðvelt að safna fólki til að taka þátt og hvað allir voru tilbúnir til að gefa vinnu sína,“ segir Júlía en þetta er þriðja árið sem þau safna fyrir Krabbameinsfélagið á Akureyri. Söfnunin hefur aldrei verið jafn viðamikil.

Hugmyndin að henni kviknaði fyrir fjórum árum þegar félagið var stofnað. „Við heyrðum útundan okkur að félagið væri sjálfstætt starfandi og það sat eitthvað svo í okkur þannig að við völdum þau,“ segir Júlía. Í ár mættu um hundrað manns og segir hún þau ætla að gera enn betur að ári. „Þetta gekk svo vel. Að sjá metnaðinn í öllum sem að þessu komu og finna andann í salnum, þar sem allir vissu hvað þeir voru að styrkja, var ómetanlegt,“ segir hún.

Þorbjörg Ingvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Akureyrar, var að vonum ánægð og segist ekki geta þakkað þeim nógu oft fyrir stuðninginn. „Þetta er algjörlega ómetanlegt, ég veit ekki hvernig ég get þakkað fyrir þetta. Þetta skiptir okkur öllu máli. Þessi frábæri hópur hefur gert þetta af svo mikilli einlægni og ósérhlífni og það er svo mikilvægt fyrir okkur að finna þennan stuðning,“ segir Þorbjörg.

Vegna söfnunarinnar gat Krabbameinsfélagið hækkað styrki úr 50 prósentum í 75 prósent vegna dvalar sjúklinga í íbúðum fyrir sunnan. „Það er dýrt að greinast með þennan sjúkdóm og hvað þá að þurfa að fara í annan landshluta í jafnvel tíu vikur í meðferð er kostnaðarsamt. Þetta skiptir öllu fyrir okkur í því að létta undir með fólki,“ segir Þorbjörg. adda@frettabladid.is


**FULLUR SALUR** Hátt í hundrað manns mættu og styrktu gott málefni. MYND/KRISTINN FRÍMANN JAKOBSSON

**Það var alveg ótrúlegt hvað var auðvelt að safna fólki til að taka þátt.**
*Júlía Skarphéðinsdóttir*


**GIRNILEGT** Júlía Skarphéðinsdóttir matreiðslumaður ber fram rétti í hátíðarkvöldverðinum. MYND/KRISTINN FRÍMANN JAKOBSSON




# Sörf er stuðtónlist

Brim spilar á tvennum jólatónleikum í desember.

„Fólk verður í miklu stuði enda er sörftónlist svo mikil stuðtónlist. Það er um að gera að skella sér eftir jólasteikina og dansa aðeins af sér kílóin,“ segir Bibbi barti, meðlimur sörfsveitarinnar Brims sem spilar á jólaballi Húrra á öðrum í jólum. „Það er hrikalega góð stemning fyrir svona jólagiggum en við í Brimi byrjuðum aftur í sumar og slógum svona vel í gegn.“


**BRIM** Taka meðal annars Jólasveinar ganga um gólf. MYND/ÚR EINKASAFNI BRIM

Hljómsveitin mun svo hita upp fyrir jólaballið um helgina með því að spila á tónleikum á Kexi Hosteli á laugardaginn. Hljómsveitinni til halds og trausts verður hin síkáta Dj. flugvél & geimskip. „Við erum með eitthvað af nýjum lögum á prógramminu. Meðal annars Jólasveinar ganga um gólf í sörf-útsetningu,“ segir Bibbi en það lag tók Bibbi einmitt ásamt Heiðu í Unun á einu jólatónleikum sem Brim hefur spilað á áður – í jólapartí sjónvarpsþáttarins Ó-sins árið 1996. „Þá spilaði ég reyndar með gínum á sviðinu því hinir meðlimir hljómsveitarinnar voru fastir í prófum.“ - þij



ACID PEYSA 7990






DATE BUXUR 7990



COBY BOLUR 4990



DENVER SKYRTA 6990

# STRÁKARNIR VELJA JACK AND JONES



MARS PEYSA 7990



MAS SKYRTA 5990




PETE BOLUR 3490



PLAIN PEYSA 7990



SAMMO ÚLPA 14900



TERRY SKYRTA 7990



RANDOM BOLUR 2990



RAMOS PEYSA 6990

**JACK & JONES®**

**KRINGLUNNI OG SMÁRALIND**

FACEBOOK.COM/JACKANDJONESICELAND

INSTAGRAM @JACKANDJONESICELAND

SAMBÍÓIN
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR FROZEN
BIG HERO 6
★★★★½ HOLLYWOOD REPORTER
Jólamyndin 2014 L
Jólamyndin 2014
EXODUS
★★★★ EMPIRE 16
★★★★★ NEW YORK POST ★★★★★ EMPIRE 12
★★★★ EMPIRE ★★★★ ROLLING STONE BEGIN AGAIN 7

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ÍSLTAL | KL. 2D: 5:40 3D: 6:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| BEGIN AGAIN | KL. 8 - 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 | 12 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| INTERSTELLAR | KL. 9 | 12 |
| INTERSTELLAR VIP | KL. 5 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 | L |
| JOHN WICK | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 | L |
| EXODUS: GODS AND KINGS | KL. 2D: 5 3D: 8 - 10:20 | 16 |
| INTERSTELLAR | KL. 6:30 - 8 - 10 | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ÍSLTAL | KL. 2D: 6 3D: 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 10:10 | 12 |
| THE RAILWAY MAN | KL. 8 | 16 |
| INTERSTELLAR | KL. 8:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 | L |
| EXODUS: GODS AND KINGS 3D | KL. 10:30 | 16 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 10:10 | 12 |
| THE HUNGER GAMES | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 - 10:20 | L |
| BEGIN AGAIN | KL. 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
JÓLAMYNDIN Í ÁR 16
★★★★ - EMPIRE
EXODUS GODS AND KINGS
12 MOCKINGJAY PART 1

SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| EXODUS 3D | KL 4.30 – 8 – 11 | 16 |
| EXODUS 2D | KL 8 – 11 | 16 |
| EXODUS 3D LÚXUS | KL 4.30 – 8 – 11 | 16 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 8 – 10.45 | 12 |
| BIG HERO 6 3D | KL 3.15 – 5.30 | L |
| BIG HERO 6 2D | KL 3.15 – 5.30 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 3.15 | L |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 5.30 – 8 – 10.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| EXODUS 3D | KL 5.45 – 9 | 16 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 8 – 10.40 | 12 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 5.30 – 8 – 10.30 | 7 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 5.30 | L |
| NIGHTCRAWLER | KL 8 – 10.30 | 16 |
| ST. VINCENT | KL 5.30 | 12 |

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI
16 EXODUS
BIG HERO 6 L

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| EXODUS 3D | 7, 10 | 16 |
| BIG HERO 6 2D | 4:30 | L |
| BIG HERO 6 3D | 4:30 | L |
| HUNGER GAMES: MOCKINGJAY | 7 | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR 2D | 4 | L |



## Ný Beetlejuice-mynd í bígerð

Leikstjórinn Tim Burton staðfestir í viðtali við sjónvarpsstöðina MTV að framhaldsmynd hryllingsgrínmyndar hans Beetlejuice frá 1989 sé í bígerð. „Ó já, ó já, ó já!“ svaraði Burton, aðspurður um myndina en stjarnan úr fyrstu myndinni, Winona Ryder, verður með í þeirri nýju. Ekki liggur fyrir hvort hin stjarnan, leikarinn Michael Keaton, verði með en hann hefur lýst yfir áhuga sínum á því.

Burton rakst aftur á Ryder á dögunum þegar hann leikstýrði tónlistarmyndbandi fyrir hljómsveitina The Killers. „Ég hafði ekki séð hana í einhvern tíma og hún var svo frábær,“ sagði Burton. „Ég var svo ánægður að sjá hana.“

# Við ætlum að bjarga þessum spítala

**BAKÞANKAR**
Frosta Logasonar



Þakklæti hefur verið mér ofarlega í huga undanfarið. Ég hef verið minntur á það ítrekað að hér á Íslandi er að störfum margt vandað fagfólk á heilbrigðisstofnunum sem eru að hruni komnar vegna fjársveltis undanfarinna ára.

**SJÁLFUR** á ég þessu sama heilbrigðiskerfi líf mitt að launa. Ég man að vísu ekkert eftir því en tíu sentimetra langur skurður á framanverðum skrokknum á mér ber þess vitni að einhver fagmaðurinn opnaði mig á sínum tíma til þess að gera á mér aðgerð sem forðaði mér þá frá bráðum bana.

**ÉG** hef alltof oft tekið lífinu sem sjálfsögðum hlut og alltof sjaldan leitt hugann að þessum krítíska tíma í mínu lífi. Ég var á þeim tíma bara smábarn. Móðir mín hefur hins vegar talað um lækninn sem framkvæmdi aðgerðina sem lifandi dýrling í rúm þrjátíu ár.

**FYRIR** um það bil tveimur vikum horfði ég svo á magnaða umfjöllun Kastljóssins um hið frábæra fólk sem starfar á Landspítalanum í Reykjavík. Þar var sýnd upptaka af því þegar neyðarteymi spítalans tók á móti stórslösuðum manni sem hafði verið stunginn í brjóstkassann og hnífurinn farið alla leið inn í sjálft hjartað.

**SJÁLFUR** hefði ég haldið fyrirfram að manni með slíka áverka væri einfaldlega ekki hægt að bjarga. En alltaf lærir maður eitthvað nýtt í sjónvarpinu.

**„VIÐ** erum búin að finna gatið, við erum búin að koma hjartanu í gang og við ætlum að bjarga þessum manni,“ sagði læknirinn ákveðinn og framkvæmdi svo enn eina vel heppnuðu aðgerðina með þreyttu, illa launuðu starfsfólki og lélegum tækjabúnaði.

**ÞETTA** kvöld sá ég í sjónvarpinu mínu hvernig svokölluð kraftaverk gerast í raunveruleika lífsins. Þau gerast með sérþekkingu, reynslu og metnaði þeirra sem hafa kosið sér þá óeigingjörnu leið í lífinu að starfa í heilbrigðisgeiranum.

**ÞAÐ** vilja allir rétta forgangsröðun. Hér vantar fé inn í heilbrigðiskerfið og læknar þurfa leiðréttingu launa sinna. Við erum búin að finna gatið, setjum fjárlögin í gang og björgum þessu heilbrigðiskerfi.

# Brautryðjendur í gerð appa

Íslenskir piltar hafa stofnað fyrirtækið Appollo X sem ætlar að framleiða nýtt app á tveggja vikna fresti.

Íslenska fyrirtækið Appollo X ætlar sér að senda frá sér nýtt app á tveggja vikna fresti. Teymið sem stendur á bak við fyrirtækið skipa íslenskir strákar sem eru vel kunnir í tæknigeiranum en þeir sendu frá sér appið Blendin ekki alls fyrir löngu.

„Við tókum stefnubreytingu fyrir nokkrum mánuðum og endurskilgreindum okkur sem framleiðslufyrirtæki sem skapar öpp eftir eigin hugmyndum fyrir almennan markað,“ segir Davíð Örn Símonarson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Appollo X.

Fyrirtæki líkt og þetta hefur ekki verið til á Íslandi áður og má segja að piltarnir séu brautryðjendur á þessu sviði. „Þetta konsept er ekki til á Íslandi, fjárfestingarfyrirtæki sem er að fjárfesta í sínum eigin hugmyndum og sjá þær verða að veruleika. Teymið eyðir heilum degi í að hugsa og koma með nýjar hugmyndir, svo er keyrt á þá hugmynd sem verður fyrir valinu og eftir tvær vikur er hún gefin út.“

Móðurfélagið er staðsett í Bandaríkjunum en dótturfélagið, sem mun sjá um starfsemina, er á Íslandi. „Það er svo sem ekki mikil starfsemi í Bandaríkjunum sem stendur, hluti af lögfræðisviðinu og bókhaldinu en þróunin og starfsemin fer fram hérna heima,“ bætir Davíð Örn við.

> **Teymið eyðir heilum degi í að hugsa og koma með nýjar hugmyndir, svo er keyrt á þá hugmynd sem verður fyrir valinu.**
> *Davíð Örn Símonarson*

Þeir sjá þetta konsept teygja anga sína út um allan heim og vilja einnig í framtíðinni sækja í hugmyndir til hins almenna borgara. „Ef einhver manneskja, hvar sem er í heiminum, er með góða hugmynd að appi, getur hún komið til okkar og við hjálpumst við að koma út vörunni. Við tökum ákveðinn eignarhlut og báðir aðilar græða. Til að byrja með keyrum við einungis á okkar hugmyndum,“ útskýrir Davíð Örn. Fyrsta appið, Blinder, kemur út á næstunni. gunnarleo@frettabladid.is



**TEYMIÐ** Davíð Örn, Daníel Björn, Kristján Ingi og Ásgeir Vísir eru á bak við Appollo X. MYND/AÐSEND

## Hliðarverkefni Appollo X

Teymið er einnig með hliðarverkefni í gangi þessa dagana sem kallast Vaktin. „Vaktin, sem er viku gamall Snapchat Story-miðill, hefur tekið fram úr Skjánum í fjölda daglegra notenda en við erum með um 20.000 notendur daglega,“ segir Davíð Örn.

Snapchat er miðill sem leyfir notendum að senda hámark 10 sekúndna vídeó eða ljósmyndir beint á vini sína, sem hægt er að skoða einungis einu sinni, eða sett efnið sitt í svokallað Snapchat Story en þá getur hvaða vinur sem er séð efnið í 24 tíma. Til að fólk geti fengið snöppin sín birt á Vaktinni þurfa einstaklingar að adda Vaktinni á Snapchat. „Fólk sendir okkur svo snapp og við ritskoðum og setjum þau snöpp inn sem eiga við í Story.“ Þeir félagar fá send þrjátíu til fimmtíu snöpp á 4 mínútna fresti.

# Húðflúraður gospelkór syngur jólalög

Tveir þriðju kórmeðlima eru með húðflúr. Jólatónleikar kórsins haldnir í Fjölbrautaskóla Garðabæjar í kvöld.

„Einn morguninn þegar ég var að setja morgunmatinn á borðin sá ég að tveir þriðju kórmeðlima voru með húðflúr,“ segir Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur og verkefnastjóri Gospelkórs Jóns Vídalíns.

Gospelkórinn fór á dögunum í æfingabúðir og sá Jóna um matseld fyrir kórmeðlimi, þegar kórmeðlimir tíndust inn í morgunmat rak hún augun í að fjöldi þeirra skartaði litríkum húðflúrum. „Ég hef aldrei séð svona samansafn af fólki með jafn litríkar myndir á eigin skinni,“ segir hún hlæjandi. Í kjölfarið datt henni í hug að láta mynda húðflúr kórfélaga í stað hinnar hefðbundnu kórmyndar og nota til þess að auglýsa jólatónleika kórsins.

Gospelkórinn hefur verið starfræktur frá árinu 2006 og er aldursbil kórmeðlima frá 16-30 ára en Davíð Sigurgeirsson er kórstjóri. „Krakkarnir koma alls staðar að, og úr ýmsum mennta- og fjölbrautaskólum,“ segir Jóna, en hún segir gospeltónlist mikinn gleðigjafa. „Þetta er gleði og sálartónlist. Í henni er ákveðið frelsi og það er svo gaman þegar þau eru að syngja,“ segir Jóna, en lagavalið á jólatónleikunum verður fjölbreytt og meðal annars verður flutt jólalag með texta eftir tenórinn Sigurð Breiðfjörð Þorsteinsson sem er einn kórmeðlima.

Jólatónleikar gospelkórs Jóns Vídalíns verða haldnir í hátíðarsal Fjölbrautaskólans í Garðarbæ í kvöld klukkan átta. - gló



**GOSPELKÓR** Margir kórmeðlimir gospelkórsins skarta húðflúrum. MYND/FOLKOGFLUR.IS

BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Stuttmyndin Anna | 18.00 | Turist Eng Sub | 22.30 |
| Mommy | 17.30, 20.00 | White God | 22.15 |
| Borgríki 2 Eng sub | 18.00 | Clouds of Sils Maria | 22.00 |
| Whiplash | 20.00 | | |

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

# JÓLAGLAÐNINGURINN



*Hágæða saxari*

**KitchenAid**

**Kitchenaid 5KFC3515EER**
Saxari með 2 snúningshröðum: 2450-3450 snúninga. 830 ml plastskál. Hnífur er smelltur á og dettur ekki af þegar hellt er úr skálinni.

VERÐ **14.990**



**SEVERIN**

**Severin HM3810**
Handþeytari með skál.

VERÐ **6.990**



**SEVERIN**

**Severin SV2447**
SOUS VIDE vacumsuðupottur. Varðveitir betur næringarefni í mat. 800W. 6 lítra laus keramikpottur. Nákvæm hitastýring frá 40-99°C. LED skjár.

VERÐ **34.990**



*Fyrir kröfuharða - fjórir litir*

**KitchenAid**
FOR THE WAY IT´S MADE

*Hágæða töfraproti*

**Kitchenaid 5KHB2571EOB**
Töfrasproti með hnífum og þeytara, 5 hraðar: 6100-11000 snúninga. Stjörnuhnífur til að mylja. S hnífur til að mauka. Þeytiskífa fyrir mjólk og deig. Saxari í skál. Pískari. Blöndunarkanna. Taska fylgir.

VERÐ **29.990**



**KitchenAid**

*Þrjár plastskálar saman í pakka*

VERÐ **4.990**



**Kitchenaid 5KFP0925EER**
Matvinnsluvél með 2 snúningshröðum: 900-1750 snúninga. 2,1 lítra plastskál og 710 ml minni skál. Stór og lítill hnífur, deigblað, rifjárn, sneiðari fylgja. Skálarlok með þískiptum troðara.

*Hágæða matvinnsluvél*

VERÐ **37.990**

*Sjálfvirk kaffivél*

**Saeco**

**Saeco Xsmall**

- Sjálfvirk kaffivél
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramik
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 170 gr
- Vatnstankur: 1 líter
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött




VERÐ **64.990**

**KAUPAUKI**
*1kg af Kimbo baunum fylgir öllum SAECO kaffivélum til jóla*

caffè KIMBO

*Mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil!*



WILLIAM BOUNDS LTD. salt- og piparkvarnir í úrvali

**EF 50** 1964 - 2014

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## Helena heldur til Noregs á nýju ári



**FÓTBOLTI** Helena Ólafsdóttir hefur verið ráðin þjálfari norska B-deildarfélagsins FK Fortuna frá Álasundi. Helena tekur við liðinu eftir áramót en hún gerði tveggja ára samning við félagið með möguleika á eins árs framlengingu. Það verða því tvær íslenskar konur sem þjálfa á Norðurlöndunum en Elísabet Gunnarsdóttir er þjálfari Kristianstad í Svíþjóð.

Helena á langan feril að baki sem leikmaður og þjálfari og er bæði margfaldur Íslands- og bikarmeistari. Hún var síðast þjálfari Vals í Pepsi-deild kvenna en hefur einnig þjálfað KR, FH, Selfoss og íslenska landsliðið.

Fortuna hafnaði í fjórða sæti norsku B-deildarinnar í haust og verður það verkefni Helenu að koma liðinu upp í norsku úrvalsdeildina er nýtt tímabil hefst í apríl. - esá

## Reykjavíkurliðin verða á toppnum um jólin

Það verður nóg um að vera í efstu deildum karla í bæði handbolta og körfubolta en þá fara alls tíu leikir fram. Lokaumferðin í Olísdeild karla fer öll fram í kvöld en fyrstu fimm leikirnir í lokaumferð Domino's-deildar karla sem lýkur svo með viðureign Keflavíkur og Hauka annað kvöld.

Það er ljóst hvaða lið verða í fjórum efstu sætum Olísdeildar karla og spila því í deildabikarnum á milli jóla og nýárs. Valur, ÍR, Afturelding og FH eru örugg með sín sæti í keppninni sem fer fram í íþróttahúsinu í Strandgötu líkt og undanfarin ár.

Stórleikur kvöldsins verður viðureign Íslandsmeistara ÍBV og toppliðs Vals í Vestmannaeyjum en Eyjamenn hafa verið á fínni siglingu að undanförnu og unnið þrjá deildarleiki í röð. Valur er þó öruggur með toppsæti deildarinnar þó svo að ÍR eigi möguleika að ná honum að stigum í kvöld. Næstu deildarleikir fara svo ekki fram fyrr en um miðjan febrúar, eftir að HM í Katar lýkur.

KR er með fjögurra stiga forystu á toppi Domino's-deildarinnar enda hefur liðið unnið alla tíu leiki sína til þessa. Liðið mætir botnliði Fjölnis í kvöld og á því góða möguleika á að fara taplaust í jólafríið. - esá



**ÓSIGRAÐIR** Brynjar Þór Björnsson og félagar í KR hafa enn ekki tapað leik í deildinni í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÉG Á ÞENNAN BOLTA** Ragnheiður Benónísdóttir úr Val og Lilja Ósk Sigmarsdóttir úr Grindavík í baráttunni um boltann í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ÚRSLIT

### DOMINO'S-DEILD KVENNA

**KR - HAUKAR 58-72 (30-35)**
**Stigahæstar:** Simone Holmes 14, Bergþóra Holton Tómasdóttir 9, Björg Guðrún Einarsdóttir 9, Helga Einarsdóttir 7/11 fráköst - LeLe Hardy 34/25 fráköst, Sylvía Rún Hálfdanardóttir 11, María Lind Sigurðardóttir 8, Sólrún Inga Gísladóttir 8.

**SNÆFELL - BREIÐABLIK 79-45 (44-23)**
**Stigahæstar:** Kristen Denise McCarthy 22/9 fráköst/6 stolnir, Gunnhildur Gunnarsdóttir 14, María Björnsdóttir 12, Hildur Sigurðardóttir 10 - Arielle Wideman 11/8 fráköst, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 10/9 fráköst, Aníta Rún Árnadóttir 8.

**KEFLAVÍK - HAMAR 114-46 (58-22)**
**Stigahæstar:** Carmen Tyson-Thomas 36/11 fráköst/8 stoðsendingar/7 stolnir, Sara Rún Hinriksdóttir 21, Sandra Lind Þrastardóttir 12, Marín Laufey Davíðsdóttir 10/14 fráköst, Lovísa Falsdóttir 9 - Sydnei Moss 20/10 fráköst, Katrín Eik Össurardóttir 9, Þórunn Bjarnadóttir 8.

**VALUR - GRINDAVÍK 71-77 (32-31, 63-63)**
**Stigahæstar:** Ragnheiður Benónísdóttir 21/13 fráköst, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 16/11 fráköst, Kristrún Sigurjónsdóttir 9/6 fráköst/6 stoðsendingar - Pálína Gunnlaugsdóttir 22/10 fráköst, Petrúnella Skúladóttir 15, Rachel Tecca 13/11 fráköst, María Ben Erlingsdóttir 13.

**STAÐAN**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Snæfell | 14 | 13 | 1 | 1089-864 | 26 |
| Keflavík | 14 | 11 | 3 | 1216-901 | 22 |
| Haukar | 14 | 11 | 3 | 1002-905 | 22 |
| Grindavík | 14 | 8 | 6 | 1014-985 | 16 |
| Valur | 14 | 7 | 7 | 1047-1022 | 14 |
| KR | 14 | 3 | 11 | 847-1004 | 6 |
| Hamar | 14 | 2 | 12 | 738-1084 | 4 |
| Breiðablik | 14 | 1 | 13 | 852-1040 | 2 |

visir.is
Meira um leiki gærkvöldsins

# Áfram græða Stjörnumenn

Knattspyrnudeild Stjörnunnar gæti fengið tæplega 50 milljónir króna í janúar ef danski varnarmaðurinn Alexander Scholz verður seldur. Mikill áhugi á leikmanninum innan Belgíu, í Austurríki og í Katar.

**FÓTBOLTI** Knattspyrnudeild Stjörnunnar á von á myndarlegri búbót í byrjun árs, en nánast er öruggt að danski varnarmaðurinn Alexander Scholz, sem spilaði með Stjörnunni sumarið 2012, verði seldur frá Lokeren.

Þegar Stjarnan seldi miðvörðinn unga til belgíska félagsins samdi það um að fá tíu prósent af næstu sölu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, og það mun skila liðinu á endanum tæplega fimmtíu milljónum króna.

Scholz var einn albesti leikmaður Pepsi-deildarinnar sumarið 2012 þegar Stjarnan var hársbreidd frá Evrópukeppni og komst í úrslitaleik bikarkeppninnar, og Garðbæingar halda áfram að græða á Dananum. Þetta eru vafalítið ein bestu viðskipti sem félagið hefur gert.

### Fjögur lið berjast

Staðið hefur til í nokkurn tíma að Scholz verði seldur frá Lokeren, en í gær láku fréttir þess efnis frá félaginu til belgískra fjölmiðla. Haft er eftir forseta félagsins að tilboð upp á þrjár milljónir evra eða jafnvirði 466 milljóna króna hafi borist í Danann.

Belgísku stórliðin Club Brugge og Anderlecht, austurríska liðið Red Bull Salzburg og fjárfestingahópur frá Katar berjast um leikmanninn. Katar-hópurinn er talinn ætla fara svipaða leið og með Belgann unga Maxime Lestienne. Hann var keyptur til Katar en lánaður um leið til Genoa í Seríu A.

### Fá söluverðið tvöfalt aftur

Lokeren keypti Scholz af Stjörnunni á 150.000 evrur eða 23 milljónir króna, að því er fram kemur í frétt Voetball Belgie. Sem fyrr segir fá Garðbæingar svo tíu prósent af næstu sölu, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Verði Scholz því seldur fyrir þrjár milljónir evra eins og forsetinn býst við fær Stjarnan 300.000 evrur eða 46,6 milljónir króna.

Verði Scholz seldur út fyrir Belgíu myndi 0,5 prósent af heildarupphæð uppeldisbótanna renna til Stjörnunnar þar sem hann spilaði með liðinu í eitt ár þegar hann var tvítugur. Það gera 2,3 milljónir þannig í heildina fengi Stjarnan 48,9 milljónir fyrir næstu sölu Danans, ef miðað er við fréttir belgískra miðla í gær. Uppeldisfélag Scholz, Vejle, kæmi best út úr uppeldisbótunum en þrettán milljónir króna færu til þess og sjö milljónir til Lokeren.

Stjarnan græðir nú á tá og fingri vegna mikillar og glæsilegrar uppbyggingar félagsins og árangurs meistaraflokks karla.

Stjörnumenn fóru alla leið í umspil um sæti í Evrópudeildinni á síðustu leiktíð sem skilaði félaginu 83 milljónum króna.

### Slegið í gegn

Alexander Scholz varð 22 ára gamall í október, en hann endurræsti fótboltaferilinn hjá Stjörnunni 2012. Hann hafði þá tekið sér eins árs frí, en spilaði frábærlega fyrir Garðbæinga og er í miklum metum hjá Stjörnumönnum sem hann heldur enn góðu sambandi við.

Hjá Lokeren hefur hann slegið í gegn, en á fyrsta tímabili sínu var hann reglulega valinn í lið vikunnar og þá skoraði hann sigurmarkið í 1-0 sigri Lokeren gegn Ólafi Inga Skúlasyni og félögum hans í Zulte-Waregem í úrslitum belgísku bikarkeppninnar í vor.

Hann vann sér aftur inn sæti í U21-árs liði Danmerkur, en fram hjá honum hafði verið litið um nokkurt skeið. Honum var seint fyrirgefið að hafa tekið sér eins árs frí. Scholz byrjaði báða leikina með Dönum gegn Íslandi í umspili um sæti á EM U21-árs landsliða sem fram fer í Tékklandi á næsta ári og verður hann væntanlega í hópnum þegar að mótinu kemur. tomas@365.is



**DÝRMÆTUR** Alexander Scholz skilaði góðu starfi fyrir Stjörnuna og Garðbæingar halda áfram að græða á gæðum hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# 1.700 krónur fyrir að horfa á HM í handbolta?

Verkamenn í Katar fá reglulega borgað fyrir að mæta á íþróttakappleiki í landinu til að fylla vellina.

**ÁHORF** Íþróttayfirvöld í Katar hafa enn eina ferðina verið ásökuð um að borga innfluttum verkamönnum fyrir að mæta á kappleiki svo vellir og íþróttahallir virðist ekki vera tómir.

Í frétt Guardian segir að um 150 verkamenn hafi fengið borgað fyrir að mæta á opna katarska mótið í strandblaki í nóvember.

Á vefsíðu Alþjóðastrandblakssambandsins segir að mótið hafi fengið fólk til að mæta á völlinn, en í rauninni voru flestir áhorfendurnir verkamenn frá Gana, Kenía, Nepal og fleiri löndum.

Þeir vinna allir sem rútu- og leigubílstjórar fyrir ríkisfyrirtækið sem rekur almenningssamgöngur í landinu. Verkamennirnir segjast hafa mætt fyrir peninginn – ekki strandblakið.

Frönsku leikmennirnir Edouard Rowlandson og Youssef Krou voru að vinna leikinn um þriðja sætið þegar verkamennirnir mættu allt í einu og sætin fóru að fyllast. Þeir sögðu þetta hafa verið sérstakt, en betra en að spila fyrir framan tómt áhorfendasvæði.

Þetta er ekkert nýtt hjá Katarmönnum. Í skoðanakönnun sem birtist í janúar, gerð af skipulags- og tölfræðinefnd ríkisins, sagði meirihluti 1.079 manna úrtaksins að áhorfendur sem fá greitt fyrir að mæta fá alvöru stuðningsmenn til að vera heima.

Fram kom í könnuninni að tveir þriðju af íbúum Katar fara ekki á knattspyrnuleiki í deildarkeppninni þar í landi vegna þessara stuðningsmanna sem fá borgað fyrir að mæta.

Upphæðirnar eru ekki alltaf þær sömu. Þegar strandblakið var í gangi í síðasta mánuði fengu öryggisverðir og skrifstofudrengir frá Kenía 680 krónur fyrir að mæta.

Margir verkamenn segjast reglulega fá boð um að mæta á kappleiki til að fylla hallirnar. Þeir fá um 680 krónur fyrir að mæta á knattspyrnuleiki, en samkvæmt frétt Guardian sagðist einn verkamaður fá 1.700 krónur fyrir að mæta á handboltaleiki.

Heimsmeistaramótið í handbolta fer fram í Katar í janúar þar sem strákarnir okkar verða á meðal þátttökuþjóða.

Hallirnar þrjár sem keppt verður í taka frá 5.000-15.000 manns í sæti og er alls ekki ólíklegt að verkamönnum í landinu verði borgað fyrir að mæta og fylla hallirnar.

Meðan á strandblakmótinu stóð sáust verkamennirnir nýta frítt þráðlaust net á staðnum til hins ýtrasta og voru meira að skoða símann sinn en að fylgjast með því sem gerðist á sandinum. Þeir virtu vallarþulinn ekki viðlits þegar hann hvatti þá til að klappa í takt við lagið Get Lucky með Pharrell.

Þetta stemmir ekki alveg við orð Aphrodite Moschoudi, yfirmanns nefndarinnar hjá Katar sem sækist eftir því að halda heimsmeistaramótið í frjálsíþróttum árið 2019.

„Í Katar er mikil ástríða fyrir íþróttum. Það snýst allt um íþróttir í landinu," sagði hann, en Katar hefur tryggt sér mörg stór mót í mörgum greinum. - tom



**TÓMLEGT** Ekki óalgeng sjón á íþróttakappleik í Katar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Eirberg

LÍFSTÍLL



## Nuddsæti með gelhausum – bak HOM-SGM425H

Shiatsu og rúllandi nudd á bak með mjúkum gelhausum. Infrarauður hiti. Hægt að stoppa nuddhausana á ákveðnum punkti.
Fjarstýring með fjölda stillimöguleika.

35.950 kr.



## Nuddsæti með gelhausum - bak og herðar

HOM-SGM606H

Shiatsu og rúllandi nudd á bak og herðar. Mjúkir nuddhausar úr geli sem líkja eftir höndum. Infrarauður hiti. Hæðarstillanlegur axlarhluti. Fjarstýring með fjölda stillimöguleika.

49.750 kr.

## Nuddpúði með gelhausum HOM-SP1000

Mjúkir gelhausar sem laga sig að líkamanum.
Shiatsu nudd og titringur. Infrarauður hiti.
Fjarstýring með ýmsum stillimöguleikum.

19.750 kr.

Fjölbreytt úrval nuddpúða. Verð frá: 12.950

HOMEDICS



# Nudd og hiti hafa slakandi og endurnærandi áhrif á líkamann, örva blóðflæði, minnka vöðvaspennu, þreytu og verki.

## Shiatsu þrýstifótanudd HOM-FMSGAH

Mjúkir gelhausar og þrýstingur sem nudda þreytta og auma fætur. Infrarauður hiti.

22.950 kr.



## Blóðrásarörvun fyrir fætur HOM-CB200EU

Minnkar bjúg og bólgu, örvar blóðflæði, dregur úr verkjum og fótkulda.Tækið örvar blóðflæði með því að senda rafboð í gegnum ilina sem veldur vöðvasamdrætti í fótum og fótleggjum. Hentar vel fyrir einstaklinga með skert blóðflæði, bjúgsöfnun, minnkaða hreyfigetu, vöðva- og liðverki, sykursýki og fótapirring. Tækið býður einnig upp á TENS verkjameðferð sem nota má sér eða samtímis meðferð fyrir fætur.
Fjarstýring fylgir.

29.750 kr.





**ÞETTA LÍST MÉR VEL Á** Louis Van Gaal er örugglega ánægður með þá leikmenn sem Fréttablaðið stingur upp á að hann skoði í janúar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# SEX FRÁBÆRIR FYRIR MAN. UTD

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is



Louis van Gaal, stjóri Man. Utd, mætir líklega til leiks á leikmannamarkaðinn eftir áramót með troðfullt veskið. Á óskalistanum eru varnarmenn. Fréttablaðið skoðar hvaða leikmenn enska liðið mun líklegast bjóða ríflega í. Varnarleikur Man. Utd hefur verið mikið í sviðsljósinu það sem af er leiktíð í ensku úrvalsdeildinni. Of margir varnarmanna liðsins þykja ekki nógu góðir og tíð meiðsli varnarmannanna hafa ekki létt liðinu lífið. Kaup á varnarmönnum eru yfirvofandi á Old Trafford og hafa ýmsir varnarmenn verið nefndir til sögunnar. Það gæti reynst þrautin þyngri að ná í eitthvað af þessum mönnum en allt ku nú vera falt fyrir rétta upphæð.



## Mats Hummels
Dortmund

**Aldur** 26 ára
**Land** Þýskaland
**Hæð** 191 sm.

Hummels hefur verið sem klettur í vörn Borussia Dortmund undanfarin ár og frammistaða hans hefur verið þess eðlis að hann hefur verið orðaður við mörg bestu lið Evrópu.

Hann er líklega sá varnarmaður sem hefur verið hvað sterkast orðaður við Man. Utd.

Verðmiðinn á honum lækkaði ekki á HM síðasta sumar þar sem hann fór mikinn og skoraði meðal annars sigurmark Þjóðverja gegn Frökkum í átta liða úrslitum keppninnar. Hann var svo valinn einn af tíu bestu mönnum mótsins.



## Ezequiel Garay
Zenit

**Aldur** 28 ára
**Land** Argentína
**Hæð** 186 sm.

Garay var þráfaldlega orðaður við Man. Utd fyrr á árinu en að lokum fór svo að Benfica seldi hann til Zenit í Rússlandi á 12 milljónir punda. Margir segja það vera gjafverð fyrir þennan frábæra leikmann.

Er Garay var hjá Real Madrid átti hann ekki upp á pallborðið hjá Jose Mourinho og var því seldur árið 2011. Eftir það hefur leiðin legið rakleitt upp á við og hann spilaði mjög vel fyrir Argentínu á HM. Það er kreppa hjá rússneskum liðum og hann gæti losnað í janúar.



## Raphael Varane
Real Madrid

**Aldur** 21 árs
**Land** Frakkland
**Hæð** 191 sm.

Varane var kominn með annan fótinn til Man. Utd árið 2011 er Jose Mourinho „stal" honum til Real Madrid. Þar fékk hann mikil tækifæri og sýndi ótrúlega þroskaða og yfirvegaða spilamennsku er hann var enn ekki orðinn tvítugur.

Þó svo hann sé nýbúinn að skrifa undir langtímasamning við Real fær hann ekki sömu tækifæri hjá Carlo Ancelotti og hann fékk undir stjórn Mourinhos.

Mourinho er sjálfur mjög spenntur fyrir því að kaupa varnarmanninn og Man. Utd gæti því lent í kaupstríði við Chelsea.



## Gerard Pique
Barcelona

**Aldur** 27 ára
**Land** Spánn
**Hæð** 192 sm.

Uppalinn hjá Barcelona en var hjá Man. Utd frá 2004 til 2008. Þá fór hann aftur til Barcelona. Eftir farsæl síðustu ár hefur gefið á bátinn í vetur og hefur hann í kjölfarið verið orðaður á ný við sitt gamla félag á Englandi.

Pique er ekki sagður eiga skap saman við núverandi þjálfara Barcelona, Luis Enrique, og mátti sætta sig við bekkjarsetu framan af móti og var ekki ánægður með það.

Man. Utd myndi örugglega taka á móti honum með opinn faðminn en Chelsea er einnig sagt vera áhugasamt.



## Diego Godin
Atletico Madrid

**Aldur** 28 ára
**Land** Úrúgvæ
**Hæð** 186 sm.

Hefur verið sterklega orðaður við sölu til Man. Utd í janúar en þessi frábæri varnarmaður mun ekki fást á neinu tombóluverði. Það kostar 28,5 milljónir punda að losa hann undan samningi og það er sú upphæð sem Atletico ætlar að fá fyrir hann. Leikmaðurinn er algjörlega ómissandi fyrir liðið sem hefur haldið hreinu í fimm leikjum í röð í Meistaradeildinni.

Atletico ætlar ekki að hlusta á nein tilboð undir þessari upphæð. Leikmaðurinn er það verðmætur.



## Miranda
Atletico Madrid

**Aldur** 30 ára
**Land** Brasilía
**Hæð** 186 sm.

Man.Utd hefur áhuga á báðum miðvörðum Atletico og ætlar að landa Miranda eða Godin. Miranda er ódýrari enda eldri.

Þó svo hann hafi ekki komist í HM-hóp Brasilíu síðasta sumar þá hefur hann verið frábær hjá Atletico og löngu sannað sig í Evrópuboltanum. Hann hefur verið meiddur upp á síðkastið og hefur liðið leyst fjarveru hans vel. Atletico gæti því hugsað sér framtíð án hans.

Reynslumikill leikmaður sem gæti klárlega nýst liði Man. Utd vel.

# HÁTÍÐ Í BÆ

*Þú færð jólasteikina í Iceland*



**1898** KR. KG.
ICELAND ÚRBEINAÐ HANGILÆRI FRÁ ESJU GÆÐAFÆÐI

**1598** KR. KG.
ICELAND HAMBORGARHRYGGUR FRÁ ESJU GÆÐAFÆÐI

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

## OG ALLT HITT FYRIR GÓÐA MÁLTÍÐ



| Verð | Vara |
|---|---|
| 158 / 168 | Egils malt og appelsín, 33 cl |
| 298 | Súkkulaði frá Baileys, 80 g |
| 598 | Lakkrís frá Bassetts, 460 g |
| 698 | Grycan is og sorbet, 12 teg. 500 ml |
| 1298 | Chocolate Pavlova Mountain, 404 g |
| 1998 | Ömmubakstur laufabrauð, 15 stk. |

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# Auðveldasta jóladagskrá í sögu ensku úrvalsdeildarinnar?

Manchester City mætir fimm af sjö neðstu liðum deildarinnar í jólaleikjum sínum að þessu sinni. Liðið gæti nælt í 15 stig.

**FÓTBOLTI** Manuel Pellegrini, stjóri Man. City, þarf nú ekkert að fara á taugum þó svo hans lið verði án Argentínumannsins Sergio Aguero og fleiri góðra leikmanna í jólatörninni erfiðu sem fram undan er í ensku úrvalsdeildinni. Venjulega lenda stóru liðin í því að mæta öðrum liðum í toppbaráttunni um jólin en það er óhætt að segja að það sé langt síðan lið fékk eins auðvelda dagskrá og bíður Man. City um jólin. Tala menn um að þetta sé jafnvel auðveldasta jóladagskrá toppliðs í sögu úrvalsdeildarinnar.

Törnin byrjar um helgina og liðin fjögur sem bíða Man. City sitja í 14., 15., 16. og 17. sæti deildarinnar.

Það verður að teljast ótrúlega vel sloppið og sérstaklega þar sem City á þrjá af þessum leikjum á heimavelli. City er síðan nýbúið að spila við botnlið deildarinnar, Leicester, og hafði þar 0-1 sigur gegn botnliðinu.

Þrátt fyrir það sér Pellegrini ástæðu til þess að kvarta yfir leikjaálaginu en það hefur aðeins farið í taugarnar á honum að fyrir utan Aguero hafa þeir Stevan Jovetic og Edin Dzeko líka meiðst og verða eitthvað fjarverandi.

„Í fyrra spiluðum við níu leiki í desember og níu í janúar. Það er erfitt að halda dampi í slíku álagi. Ég skil að leikirnir á annan í jólum skipti fólkið hér máli en ég skil ekki af hverju það er spilað 28. desember og 1. janúar,“ sagði Pellegrini pirraður.

Hann verður kannski ekki eins pirraður ef hann fær tólf punkta úr næstu fjórum leikjum. - hbg



**LÉTTUR UM JÓLIN** Pellegrini ætti að geta brosað í byrjun nýs árs ef allt verður eðlilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### → Jóladagskráin

| | |
|---|---|
| 20. des. | Man. City - Crystal Palace |
| 26. des. | WBA - Man. City |
| 28. des. | Man. City - Burnley |
| 1. jan. | Man. City - Sunderland |

**„Í fyrra spiluðum við níu leiki í desember og níu í janúar. Það er erfitt að halda dampi.**

*Manuel Pellegrini*




# Fetar Toft í fótspor Gumma Steins?

Víkingar tefla fram Íslandsmeistaraframherja næsta sumar en Rolf Toft samdi við félagið í gær. Víkingar urðu meistarar þegar þeir fengu síðast slíkan liðstyrk.

**FÓTBOLTI** Víkingar náðu í gær samningum við danska framherjann Rolf Toft en hann skrifaði undir tveggja ára samning við Fossvogsliðið. Víkingar höfðu betur en Stjörnumenn sem vildu einnig semja aftur við þennan 22 ára framherja.

Rolf Toft átti mikinn þátt í fyrsta Íslandsmeistaratitli Stjörnunnar í sumar en hann skoraði 6 mörk í 11 leikjum í Pepsi-deildinni 2014, þar af fjögur mörk í síðustu fjórum leikjum liðsins. Toft skoraði þrennu í næstsíðustu umferðinni þegar Stjarnan tryggði sér úrslitaleik um titilinn á móti FH sem liðið síðan vann.

**Víkingur sýndi honum meiri áhuga**

„Ég vissi frá byrjun að þetta væri rétt ákvörðun og ég er ánægður með að þetta hafi gengið upp. Stjarnan var inni í myndinni, en Víkingur hafði meiri áhuga og sýndi þann áhuga í verki. Þess vegna valdi ég Víking. Ég var að leita mér að liði í stærri deild en það gekk ekki upp. Það verður gaman að koma aftur til Íslands þar sem ég á góðar minningar. Ég kem ekki sorgmæddur aftur til Íslands,“ sagði Rolf Toft í samtali við Tómas Þór Þórðarson á Vísi í gær.

Víkingur bölvuðu honum reyndar einu sinni í sumar. Það var nefnilega bara skorað eitt mark í tveimur leikjum Víkings og Stjörnunnar. Fyrri leikurinn endaði með markalausu jafntefli á gervigrasinu í Garðabænum en í þeim síðari skoraði einmitt umræddur Rolf Toft sigurmarkið strax á 9. mínútu.

„Það var gaman í Stjörnunni og ég lít til baka glaður á tímann sem ég dvaldi þar. En nú tekst ég á við nýtt verkefni,“ sagði framherjinn í fyrrnefndu viðtali á Vísi.

Það eru liðin 24 ár síðan Víkingar fengu síðast til sín framherja úr Íslandsmeistaraliði en það gerðist veturinn 1990 til 1991 þegar Guðmundur Steinsson, þá þrítugur, ákvað að skipta úr Fram. Guðmundur hafði unnið bronsskóinn árið á undan þar sem hann skoraði tíu mörk og varð markahæstur hjá Íslandsmeistaraliði Fram.

Víkingsliðið endaði í sjöunda sæti árið á undan en liðstyrkurinn í Guðmundi (og fleirum) hjálpaði til að gera sumarið 1991 að miklu ævintýri fyrir Víkinga.

**Viðburðaríkt tímabil hjá Guðmundi 1991**

Þetta var svo sannarlega viðburðaríkt tímabil fyrir Guðmund Steinsson sem varð bæði markakóngur deildarinnar og var kosinn leikmaður ársins. Í viðbót við það og að vinna Íslandsmeistaratitilinn, fyrsta titil Víkinga í níu ár, þá meiddist hann tvisvar þetta sumar. Guðmundur kinnbeinsbrotnaði fyrst á æfingu í júlíbyrjun (missti af þremur leikjum) og lék með grímu í nokkrum leikjum eftir það. Guðmundur var síðan borinn af velli í „úrslitaleiknum“ á móti Fram eftir að hafa fengið takka Birkis Kristinssonar í hnéð um leið og hann kom Víkingsliðinu yfir í 1-0. Víkingar unnu leikinn 2-0 og unnu að lokum titilinn á markatölu. Þau gerast því varla eftirminnilegri tímabilin en fyrsta leiktíð Guðmundar Steinssonar í Víkinni.

Íslandsmeistaralið hafa lifað það af að missa framherja sinn til annars íslensks liðs. Skagamenn misstu Mihajlo Bibercic, markakóng Íslandsmótsins 1994, yfir í KR en tókst engu að síður að vinna Íslandsmeistaratitilinn með sannfærandi hætti árið eftir.

KA-menn misstu Anthony Karl Gregory eftir að þeir unnu titil 1989 og voru í fallbaráttu sumarið eftir og FH-ingar vörðu ekki titilinn sumarið 2010 eftir að hafa unnið tvö ár í röð þar á undan með Tryggva Guðmundsson innanborðs.

Guðmundur Steinsson er líka langt frá því að vera eini leikmaðurinn sem hefur orðið Íslandsmeistari tvö ár í röð með tveimur félögum. Þorsteinn Þorsteinsson fylgdi honum til dæmis yfir í Víking fyrir þetta tímabil 1991 en Þorsteinn var ekki fastamaður í Framliðinu 1990 eins og Guðmundur.

Einn af þeim fyrstu sem náðu þessu var Kristinn Björnsson. Hann var reyndar ekki fastamaður með Val þegar liðið vann titilinn 1976 en tók engu að síður þátt í 13 af 16 leikjum liðsins. Kristinn fór yfir í ÍA fyrir 1977-tímabilið og fór þá á kostum ásamt þá 18 ára gömlum Pétri Péturssyni þegar Skagamenn tryggðu sér titilinn. Saman skoruðu þeir 22 mörk, Pétur skoraði 16 mörk og Kristinn var með 6 mörk í 18 leikjum.

Aðrir sem náðu því eins og Guðmundur að spila stórt hlutverk með mismunandi félögum á tveimur Íslandsmeistaratímabilum í röð eru Ormarr Örlygsson (Fram 1988 og KA 1989), Zoran Miljkovic (ÍA 1996 og ÍBV 1997) og Baldur Bett (FH 2006 og Valur 2007).

Hvort Rolf Toft bætist í hópinn næsta sumar verður að koma í ljós en líkt og Guðmundur var ekki eini liðsstyrkurinn sem Víkingar fengu fyrir sumarið 1991 þarf Fossvogsliðið að bæta við fleiri mönnum ætli liðið sér að berjast um efstu sætin í Pepsi-deildinni 2015.

ooj@frettabladid.is



**KLÁRAÐI VÍKINGA SÍÐASTA SUMAR** Rolf Toft fagnar hér sigurmarki sínu á Víkingsvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### FJÓRIR SÓKNARMENN SEM HAFA YFIRGEFIÐ MEISTARA FYRIR ANNAÐ ÍSLENSKT LIÐ

**ANTHONY KARL GREGORY**

| | |
|---|---|
| frá KA 1989 | Íslandsmeistari, 8 mörk í 18 leikjum |
| til Vals 1990 | 4. sæti, 8 mörk í 18 leikjum |

**GUÐMUNDUR STEINSSON**

| | |
|---|---|
| frá Fram 1990 | Íslandsmeistari, 10 mörk í 18 leikjum |
| til Víkings 1991 | Íslandsmeistari, 13 mörk í 15 leikjum |

**MIHAJLO BIBERDZIC**

| | |
|---|---|
| frá ÍA 1994 | Íslandsmeistari, 14 mörk í 18 leikjum |
| til KR 1995 | 2. sæti, bikarmeistari, 13 mörk í 17 leikjum |

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON**

| | |
|---|---|
| frá FH 2009 | Íslandsmeistari, 7 mörk í 20 leikjum |
| til ÍBV 2010 | 3. sæti, 9 mörk í 21 leik |

markhönnun ehf

# SPENNANDI BÓKAJÓL




**2.999 KR**

nettó
Kræsingar & kostakjör
bækur

**Tilboðin gilda 18. - 21. des. 2014**

**www.netto.is**

Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Höfn · Grindavík
Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Akureyri

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 20.20

**Eldhúsið hans Eyþórs**

Vandaður íslenskur sjónvarpsþáttur í umsjón Eyþórs Rúnarssonar matreiðslumeistara. Í hverjum þætti heimsækir hann sannkallaða sælkera sem allir eiga það sameiginlegt að elska mat og framreiðslu og töfraðir verða fram dýrindis réttir sem gleðja bæði augu og bragðlauka.



### Modern Family

**GULL KL. 19.45**

Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í drepfyndnum aðstæðum sem samt eru svo skelfilega nálægt því sem við sjálf þekkjum alltof vel.



### 2 Broke Girls

**GULL KL. 19.20**

Hressileg gamanþáttaröð sem fjallar um stöllurnar Max og Caroline sem kynnast við störf á veitingastað. Við fyrstu sýn virðast þær eiga fátt sameiginlegt.



### Fóstbræður

**STÖÐ 2 KL. 19.20**

Íslenskt gæðagrín eins og það gerist best, hér fara hinir goðsagnakenndu Fóstbræður á kostum með sprenghlægilegu og frumlegu gríni. Fóstbræður voru Sigurjón Kjartansson, Jón Gnarr, Helga Braga Jónsdóttir og fleiri framúrskarandi leikarar og grínarar.

### Bylgjan kl. 19.00

**90's þátturinn**

Þórunn Erna Clausen með allar perlurnar frá 90's-tímabilinu.








## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.00** Wonder Years
**08.25** Around the World in 80 Plates
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Don't Blame the Dog
**11.55** Harry's Law
**12.35** Nágrannar
**13.00** Anger Management
**14.50** Meet The Middletons
**15.40** Back in the Game
**16.05** The New Normal
**16.30** New Girl
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** The Simpsons
**18.10** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Fóstbræður
**19.55** Marry Me
**20.20** Eldhúsið hans Eyþórs
**20.50** NCIS
**21.40** Ice Seinni hluti framhaldsmyndar.
**23.15** Crimes That Shook Britain
**00.05** Hreinn Skjöldur
**00.35** Rizzoli & Isles
**01.25** Homeland
**02.20** Shameless
**03.15** Louie
**03.40** NCIS: New Orleans
**04.25** Black Forest

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Bournemouth - Liverpool
**08.40** Tottenham - Newcastle
**11.40** Besiktas - Tottenham
**13.30** Fuchse Berlin - RN Löwen
**14.55** Þýsku mörkin
**15.25** Spænsku mörkin 2014/2015
**15.55** Stjarnan - Njarðvík
**17.35** NBA Home Video - 2003 Spurs
**18.25** Tottenham - Newcastle
**20.05** League Cup Highlights
**20.35** Bournemouth - Liverpool
**22.15** Box - Lemieux vs Rosado
**00.45** League Cup Highlights

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.20** Ensku mörkin - úrvalsdeild
**13.15** Burnley - Southampton
**14.55** Messan
**16.10** Football League Show
**16.40** WBA - Aston Villa
**18.20** Chelsea - Hull
**20.00** Premier League World 2014
**20.30** Arsenal - Newcastle
**22.10** Leicester City - Manch. City
**23.50** Bolton Wanderers - Ipswich

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**17.50** Top 20 Funniest
**18.35** Community 3
**19.00** Last Man Standing
**19.25** Are You There, Chelsea?
**19.50** Wilfred
**20.15** X-factor UK
**21.55** Originals
**22.40** Supernatural
**23.25** Grimm
**00.10** Constantine
**00.50** Last Man Standing
**01.15** Are You There, Chelsea?
**01.40** Wilfred
**02.00** X-factor UK
**03.40** Originals
**04.25** Supernatural
**05.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Ljóti andarunginn og ég **07.25** Latibær **07.47** Tommi og Jenni **07.54** Tommi og Jenni **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Kalli á þakinu **10.47** Töfrahetjurnar **11.00** Ljóti andarunginn og ég **11.25** Latibær **11.47** Tommi og Jenni **11.53** Tommi og Jenni **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Kalli á þakinu **14.47** Töfrahetjurnar **15.00** Ljóti andarunginn og ég **15.25** Latibær **15.47** Tommi og Jenni **15.53** Tommi og Jenni **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.45** Elías **17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Kalli á þakinu **18.47** Töfrahetjurnar **19.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **19.10** The Croods **20.50** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.25** Strákarnir
**18.55** Friends
**19.20** 2 Broke Girls
**19.45** Modern Family
**20.10** Two and a Half Men
**20.35** Go On
**21.00** The Americans
**21.50** E.R.
**22.35** The Untold History USA
**23.35** Touch of Frost
**01.20** Go On
**01.45** The Americans
**02.30** E.R.
**03.15** The Untold History of USA
**04.15** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.10** Notting Hill
**13.15** Last Night
**14.45** The Jewel of the Nile
**16.30** Notting Hill
**18.35** Last Night
**20.10** The Jewel of the Nile
**22.00** Trespass
**23.30** The Burning Plain
**01.15** Straight A's
**02.40** Trespass

## RÚV

**16.30** Ástareldur
**17.20** Kóala bræður
**17.30** Jesús og Jósefína
**17.50** Turnverðirnir
**18.05** Jólasveinarnir Íslenskt jóladagatal.
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Dýraspítalinn Sænsk þáttaröð.
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Eldað með Ebbu
**20.35** Andri á Færeyjaflandri Edduverðlaunahafinn Andri Freyr siglir til Færeyja og kynnist náfrændum okkar og vinum, lífsháttum þeirra, viðhorfum, siðum og venjum.
**21.10** Geðveik jól 2014
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.25** Glæpahneigð Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna.
**23.10** Erfingjarnir
**00.05** Erfingjarnir
**01.05** Kastljós
**01.30** Fréttir
**01.45** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.05** The Voice
**15.35** The Voice
**16.20** The Biggest Loser
**17.05** The Biggest Loser
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.15** Gordon Ramsey's Christmas Cookalong
**21.45** How To Get Away With Murder *(3.15)*
**22.30** The Tonight Show
**23.15** Law & Order. SVU *(18.24)*
**00.00** The Affair *(2.10)*
**00.50** Hannibal *(12.13)*
**01.35** Gordon Ramsey's Christmas Cookalong
**03.05** How To Get Away With Murder
**03.50** The Tonight Show
**04.35** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** Golfing World 2014
**08.50** 2014 European Tour Review of the Year
**09.40** PGA Tour 2014 - Highlights
**10.35** Golfing World 2014
**11.25** US Open 2010
**17.05** Golfing World 2014
**17.55** The Open Championship
**23.05** The Open Championship Highlights

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 |
| **FM 89,5** Retro | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |

# A4 Jólagjafir

## Allt í og á jólapakkann



**Gefðu góðan ferðafélaga**
Samsonite ferðatöskur




**Gefðu góðan grip**
Umbra gjafavara

20% AFSLÁTTUR



**Gefðu spennu og kátínu**
Borðspil fyrir alla aldurshópa



**Gefðu gleðistundir**
Skemmtilegt úrval af leikföngum

30% AFSLÁTTUR



**Gefðu afþreyingu**
Púsluspil af öllum stærðum



30% AFSLÁTTUR

**Gefðu traustan skólafélaga**
Explore skólatöskur

20% AFSLÁTTUR*




**Gefðu fjör og fróðleik**
Jólabækurnar



**Og ef þú ert jólasveinn**
Þá erum við skóbúðin. Verð frá 49 kr.

**Á jólapakkann**
Þú færð líka **pappírinn, merkimiðana** og **pakkaskrautið** hjá okkur

*20% afsláttur af öllum jólabókum.
Tilboðin gilda 18.–21. desember 2014.

A4

www.a4.is / sími 580 0000 / panta@a4.is / A4 Skeifunni 17 / A4 Smáralind / A4 Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði / A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 14-2384

## JÓLALAGIÐ



**„Það er allan tímann lagið Þú komst með jólin til mín, það kemur mér alltaf í jólaskap. Það eru ekki jól fyrr en Bó og Ruth hafa ómað í útvarpstækinu á aðfangadag.“**

Orri Rafn Sigurðarson, rappari.

# Átta ára skartgripahönnuður

Ísabella Brekadóttir er átta ára og hefur hannað sína fyrstu skartgripalínu.

„Mér finnst skemmtilegast að fá hugmyndirnar, þær koma bara alls staðar frá,“ segir Ísabella Brekadóttir, því þrátt fyrir að vera aðeins átta ára er búin að hanna sína eigin hringalínu, en áhugann fékk hún frá pabba sínum, Breka Magnússyni gullsmið. „Ég held að mig langi að vera gullsmiður, eða svona „designer“ eins og mamma,“ bætir hún við. „Hún er búin að vera að dúlla sér með pabba sínum á verkstæðinu síðan hún var fjögurra ára. Það er fyrst núna sem hún gerir þetta af alvöru,“ segir Gúrý Finnbogadóttir, fatahönnuður og mamma Ísabellu.

Hringalína Ísabellu inniheldur ellefu hringa ýmist með hauskúpum eða trúðum. „Hún tekur grunninn frá pabba sínum, sem er úr vaxi en út frá því hannar hún sitt eigið alveg sjálf. Hún er alveg ótrúlega flink miðað við ungan aldur og það sem henni dettur í hug að gera er alveg magnað,“ segir hún og viðurkennir að oft veiti hún foreldrum sínum mikinn innblástur með hugmyndaflugi sínu og hæfileikum.

**11** hringa með hauskúpum eða trúðum er að finna í hringalínu Ísabellu.

Hringana hannar hún undir nafninu Brekadóttir og eru hringarnir allir úr silfri. „Hún er nú þegar búin að selja tvo af þessum ellefu, en þeir verða allir til sýnis og sölu á sölusýningu okkar í dag að Grandagarði 33 á milli 18 og 22,“ segir Gúrý. - asi



**Á FRAMTÍÐINA FYRIR SÉR** Þó Ísabella sé aðeins átta ára er hún ansi hæfileikarík. MYND/BREKI MAGNÚSSON

# Endurvekja virta hátíð

Ætla að sýna það besta í listrænni kvikmyndagerð.

Kvikmyndahátíðin Stockfish European Film Festival verður haldin í Bíói Paradís í febrúar en að hátíðinni standa fagfélög í kvikmyndagerð á Íslandi.



**FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON**

„Þetta verður alveg brilljant hátíð, það er verið að endurvekja gamla og virta hátíð sem datt niður fyrir nokkrum árum,“ segir Friðrik Þór Friðriksson, formaður stjórnar Stockfish-hátíðarinnar.

Markmið hátíðarinnar er að þjóna kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu í landinu með því að sýna það besta í listrænni kvikmyndagerð og bjóða erlendu fagfólki að miðla af þekkingu sinni. Þannig stefnir hátíðin að því að efla íslenskan kvikmyndaiðnað og tengsl hans við umheiminn.

„Við erum að reyna að heilla erlenda aðila í kvikmyndaheiminum og sýna þjóðinni hvað fólk er að bralla í stuttmyndageiranum.“

Stuttmyndirnar mega vera að hámarki þrjátíu mínútur og ekki meira en ársgamlar og aðeins íslenskar stuttmyndir koma til greina. - glp






# Skildi mikið eftir sig að fara til Úkraínu

Högni Egilsson er nýkominn úr tónleikaferðalagi um heiminn með GusGus. Hann samdi tónlistina við Sjálfstætt fólk og fékk mikinn innblástur í ferðinni.

„Það er gaman að vera á tónleikaferðalagi og þú drepur niður fæti á mismunandi jarðir og áttar þig á að það er sami þráður sem liggur í þessu, sama hvort það er í Mexíkó eða Síberíu. Ef þú kroppar af fyrstu himnuna þá er þetta tilfinningalega táknmál eitthvað sem við skiljum öll. Það er þessi heimskennd,“ segir Högni Egilsson.

Hann er nýkominn úr tónleikaferðalagi með GusGus. Á ferðalaginu heimsótti hljómsveitin fjölda landa og fór meðal annars frá Rússlandi og yfir til Úkraínu og segir Högni þá upplifun hafa haft áhrif á tónlistina sem hann samdi við leiksýninguna Sjálfstætt fólk í Þjóðleikhúsinu í samstarfi við Guðmund Óskar Guðmundsson. Sýningin verður frumsýnd á annan í jólum. „Þú ert ekkert nema margfeldi upplifana þinna og augnablika og það skildi mjög mikið eftir sig hjá mér að fara úr Rússlandi og inn í Úkraínu.“

Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness þekkja allir Íslendingar og Högni segir söguna fagra og mikla. „Sjálfstætt fólk er verk sem gengur út á þessa miklu umbreytingarsögu þessa karakters sem við þekkjum öll vel og samdi hefur verið ákveðinn forði fyrir samtöl okkar Íslendinga, Bjartur í Sumarhúsum,“ segir Högni.

„Það eru þessar lykilspurningar um stolt og elju. Að sama skapi er þetta ákveðin harmsaga, hún hefur ákveðinn harmrænan tón.“

Högni hefur áður samið tónlist fyrir leikhús og samdi meðal annars tónlistina fyrir sýninguna Engla alheimsins ásamt Hjaltalín. „Það er svo áhugavert við leikhús að þar er verið að kljást við stórar hugmyndir og nota tilfinningalegt táknmál til þess að lita einhverja reisu, einhverja sögu sem síðan áhorfandi eða lesandi tengir við,“ segir Högni. Hann bætir við að tónlistarleg aðkoma í leikhúsi sé ólík þeirri sem hann tekst á við með þeim hljómsveitum sem hann starfar með.

Högni segir tónlistina talsverða hugleiðingu um ósýnileikann og það að semja tónlist fyrir jafn þekkt verk og Sjálfstætt fólk áskorun. „Fyrir mér er mikil gjöf að fá að lita þessa sögu, taka þátt í þessari framleiðslu og búa til þessa heildrænu upplifun. Ef vel tekst til þá er þetta eitthvað sem gæti skilið fólk eftir snortið.“

gydaloa@frettabladid.is



**HÖGNI** Segir Sjálfstætt fólk mikla og fagra sögu. MYND/SAGASIG

**Það er svo áhugavert við leikhús að þar er verið að kljást við stórar hugmyndir og nota tilfinningalegt táknmál til þess að lita einhverja reisu.**

# Fátækir gefa ríkum heimilistæki

Bjarni Egill Ögmundsson háskólanemi stendur fyrir gjörningi á Þorláksmessu.

„Fyrir mér á Alþingi að vera virðulegt og það sem Vilhjálmur Bjarnason sagði, hvort sem það er í gríni eða alvöru, missti marks. Þetta er ekki staðurinn til þess að fara í pontu og segja svona,“ segir Bjarni Egill Ögmundsson háskólanemi.

Hann vitnar þar í orð Vilhjálms Bjarnasonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, sem sagði að það yrði öllum til hagsbóta ef hinir efnaminni gætu keypt heimilistæki af þeim efnameiri á hagstæðu verði, áður en breytingar á virðisaukaskatti gengju í gegn.

Egill stendur fyrir gjörningnum „Fátæka fólkið gefur ríka fólkinu heimilistæki“ sem haldinn verður á Þorláksmessu fyrir utan Alþingishúsið. „Ég var eitthvað latur að læra og ákvað að búa til þennan atburð. Þetta vatt svo upp á sig og er orðið nokkuð stórt.“

**Mér finnst samt vert að benda á að ef þetta er hugsunin hjá efnaðra fólki þá er eitthvað alvarlegt að.**

Hann vonar innilega að þetta hafi verið kaldhæðni hjá Vilhjálmi. „Það er alltaf hægt að nota kómík og grín, en mér finnst samt vert að benda á að ef þetta er hugsunin hjá efnaðra fólki þá er eitthvað alvarlegt að,“ segir Egill, sem hvetur alla til þess að mæta með notuð heimilistæki.

En hvernig ætlar hann að ganga frá því sem safnast upp? „Nú, ríka fólkið kemur auðvitað og tekur þetta,“ segir hann. - asi



**ÖLLU GRÍNI FYLGIR ALVARA** Egill segist vona að Vilhjálmur hafi verið að grínast. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



# Jólin koma til ÚTIVISTARFÓLKSINS

Jólagjöfin fæst í Ellingsen

**Velkomin í Ellingsen!** Hjá okkur færðu fatnað og útbúnað sem dugar vel til útivistar og ferðalaga um landið í hvaða veðri sem er. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum sem veita faglega og vandaða ráðgjöf og finna réttu vörurnar fyrir þig. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.



**DEVOLD DUO ACTIVE**
Svart og blátt, kk. Stærðir S–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD DUO ACTIVE**
Svart og blátt, kk. Stærðir S–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD POLAR BABY**
Blátt og bleikt, stærðir 74–98
**13.990 KR.**



**SILVA RANGER S**
ÁTTAVITI
**6.495 KR.**



**BERGANS BARNA-SVEFNPOKI**
**14.990 KR.**



**LIGHT MY FIRE MEALKIT 2.0**
Ferðamatarsett
**3.995 KR.**



**TATONKA SKILL 30**
BAKPOKI
**26.990 KR.**



**VARMA ÁTTABLAÐARÓS**
Stærðir S–XL
**19.990 KR.**



**VARMA DÚSKHÚFA**
Margir litir, ein stærð
**5.490 KR.**



**VARMA FLÉTTA HÚFA**
Rauð og blá, ein stærð
**3.490 KR.**



**PETZL HÖFUÐLJÓS**
**5.995 KR.**



**SNOWLINE**
KEÐJUBRODDAR
**8.990 KR.**



**EASTON GÖNGUSTAFIR**
**12.990 KR.**



**LEGGHLÍFAR**
GAITER 420 HD
**6.990 KR.**



**JETBOIL ZIP HITABOLLI**
**18.990 KR.**

*Afgreiðslutímar í desember*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fimmtudagur 18. des. | 10–22 | Sunnudagur 21. des. | 12–22 | Aðfangadagur 24. des. | 10–12 |
| Föstudagur 19. des. | 10–22 | Mánudagur 22. des. | 10–22 | Jóladagur 25. des. | Lokað |
| Laugardagur 20. des. | 10–22 | Þorláksmessa 23. des. | 10–23 | | |

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • ellingsen.is

Munið gjafabréfin!




Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 144159

# GLÆSIEG BORÐSTOFUHÚSGÖGN Í MIKLU ÚRVALI



**299.990**

FULLT VERÐ: 339.990

**PASADENA** Borðstofuborð úr hnotu.
Stærð: 100 x 200 H: 74 cm. Með innfelldri 100 cm stækkun.



**MORRISON** borðstofuborð.
B:100 L:200 H:73 cm.
Gegnheil sápu- eða olíuborin eik.

**MORRISSON** borðstofuborð er stækkanlegt í 358 cm með þremur stækkunum sem fylgja.
Hægt er að stækka í 512 cm.

**349.990**

FULLT VERÐ: 399.990

**VIVALDI** borðstofustólar. Leður og hvíttuð eik. Fullt verð kr. 69.990 **JÓLATILBOÐ KR. 55.990**



**MADISON** borðstofustólar.
Slitsterkt áklæði og eikarfætur.
Fullt verð: 44.990
**JÓLATILBOÐ KR. 34.990**



**NORDIC** borðstofuborð.
B:100 L:183 H:74 cm.
Stækkanlegt í 275
Gegnheil eik með hvítum toppi..

**199.990**

FULLT VERÐ: 299.990



**SYLVESTER** borðstofustólar.
Margir litir.

Fullt verð með krómlöppum kr. 13.990
**JÓLATILBOÐ KR. 11.990**

Fullt verð með svörtum löppum kr. 11.990.
**JÓLATILBOÐ KR. 9.990**



# SÓFAR OG STÓLAR FYRIR LIFANDI HEIMILI!



**LONDON** Hornsófi 2H3 / 3H2. Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 225 x 284 H: 86 cm.

**339.990**
FULLT VERÐ: 389.990

**VESTA** TUNGUSÓFI



Stærð: 295 x 160 cm. H: 80 cm.
Slitsterkt áklæði í mörgum litum.
Hátt bak. Dúnfylltur. Einnig til í leðri.

**349.990**
FULLT VERÐ: 399.990



**GHOST**
hægindastóll
Slitsterkt áklæði,
margir litir.
Fullt verð kr. 139.990
**JÓLATILBOÐ KR. 109.990**

**DC 3600** 3JA SÆTA SÓFI



Litir: Koníaksbrúnt, dökkbrúnt og svart.
Vandað ekta leður. Stærð: 3ja 202 x 80
H: 80 cm. 2ja sæta 143 x 80 H: 80 cm.

**299.990**
FULLT VERÐ: 329.990

**239.990**
FULLT VERÐ: 259.990



**MIA**
hægindastóll
Blátt slitsterkt
áklæði og eikar
fætur. Fullt verð
kr. 179.990
**JÓLATILBOÐ**
**KR. 149.990**

**OPNUNARTÍMI YFIR HÁTÍÐARNAR**

FIMMTUDAGUR 18. OG
FÖSTUDAGUR 19. DESEMBER **KL. 10⁰⁰–19⁰⁰**
LAUGARDAGUR 20. TIL ÞRIÐJUDAGS 23. DESEMBER KL. **10⁰⁰–22⁰⁰**
AÐFANGADAGUR 24. DES. KL. **10⁰⁰–13⁰⁰**
JÓLADAGUR, ANNAR Í JÓLUM, GAMLÁRSDAGUR OG NÝÁRSDAGUR LOKAÐ
AÐRA DAGA ER OPNUNARTÍMI HEFÐBUNDINN.

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
REYKJAVÍK | AKUREYRI

**EITT SÍMANÚMER 558 1100**

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tónleikaferð fram undan

Tónlistarkonan **Ólöf Arnalds** fer í stóra tónleikaferð um Evrópu og Norður-Ameríku á næsta ári til að kynna plötu sína Palme. Ferðin hefst á tónlistarhátíð í Sviss 7. febrúar og síðustu tónleikarnir sem hafa verið bókaðir eru í Los Angeles 29. apríl. Sænski tónlistarmaðurinn José González verður með henni í för meirihluta ferðalagsins, eða frá byrjun mars þegar þau spila í Berlín. González hefur nokkrum sinnum komið til Íslands og haldið tónleika. Á ferðalaginu með Ólöfu mun hann fylgja eftir sinni þriðju plötu, Vestiges & Claws, sem kemur út í febrúar.



- fb

### Fjölskyldan til aðstoðar

**Jóhanna Kristjónsdóttir** rithöfundur jafnar sig eftir skurðaðgerð sem hún fór í vegna krabbameins. Hún er þakklát fjölskyldu sinni sem hefur farið um víðan völl að lesa úr bók hennar, Svarthvítir dagar. „Hrafn, Vera og Illugi eru út um allar trissur að lesa úr Svarthvítum dögum og ekki skal Valgerði, systur minni, gleymt. Alls hefur tólf manna lið fjölskyldu, vina og kunningja tekið að sér lestur fyrir mig. Enn nokkrir eftir. Þetta er mikil greiðasemi sem þau sýna mér.“



- kbg

## Mest lesið VÍSIR

1 Veitingamaðurinn á Caruso læstur úti af húseigandanum
2 700 kr. fyrir að nota hraðbanka: „Viðkomandi ætti að sjálfsögðu að nota debetkort“
3 Fannst látinn
4 Móðir týnda Íslendingsins: „Þetta er svo yndislegur strákur“
5 Sumir á flautunni þegar björgunarsveitarfólk losaði bíla





